














# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Helgarútgáfa

**4. september 2010**
207. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000





**Skrautstofnanir burt**
*Guðbjartur Hannesson, nýr velferðarráðherra, segir óhjákvæmilegt að niðurskurður bitni á öllum.*
**stjórnmál 26**

**Alltaf hlýtt á Hlemmi**
*Saga samgöngumiðstöðvar við Hlemmtorg er löng.*
**reykjavík 32**

**Huliðsheimur**
*Torfajökulssvæðið er eitt mesta háhitasvæði heims.*
**náttúra 38**



**Lyfin á næstu grösum**
*Lækningajurtir er víða að finna í náttúru Íslands.*
**lækningar 42**

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Ferðalög | Allt | Allt atvinna







**SORGLEGT TAP** Ísland tapaði 1-2 fyrir Norðmönnum í undankeppni Evrópumótsins árið 2012 á Laugardalsvelli í gær. Gylfi Þór Sigurðsson var besti maður Íslands í leiknum. Ítarlegt viðtal við Gylfa má finna í Fréttablaðinu í dag. **Sjá síðu 32.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fæðubótarefni í fangelsum bönnuð vegna misnotkunar

**Forstjóri Fangelsismálastofnunar hefur tilkynnt bann við notkun fæðubótarefna í fangelsum landsins. Fangar mega eftir það einungis taka lýsi og vítamín. Sumir fangar hafa safnað óeðlilegum vöðvamassa.**

**FANGELSISMÁL** Notkun fæðubótarefna í fangelsum landsins verður bönnuð frá og með næstu mánaðamótum. Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir að mikil umræða hafi verið um notkun slíkra efna í fangelsum og að bent hafi verið á að ýmsir ókostir fylgi slíkri notkun.

„Ástæður bannsins eru meðal annars þær að efnin eru geymd í stórum dunkum þar sem auðvelt er að fela efni sem óheimilt er að hafa í fangelsum og gera leit fangavarða erfiðari,“ útskýrir Páll. „Þá hafa ílát fyrir efnin ítrekað verið notuð til að brugga áfengi. Viss hluti efnanna hefur þau áhrif að niðurstöður þvagprufna, sem tekin eru af föngum, mælast rangar. Framleiðendur fíkniefnaprófa hafa staðfest að svo geti verið. Loks metur Landlæknisembættið það svo að slík efni séu ónauðsynleg og geti verið skaðleg.“

Páll bætir við að í undantekningartilvikum hafi sumir fangar í gegnum tíðina orðið uppvísir að því að misnota fæðubótarefni með þeim afleiðingum að þeir hafi safnað óeðlilegum vöðvamassa og afli eftir því. Því hafi verið tekin sú ákvörðun að banna efnin að undanskildum lýsi og vítamínum. Bannið taki gildi 1. október. Þá verði bannað að selja efnin í fangelsum eða taka við þeim eftir 15. september.

Páll segir að starfsfólk fangelsanna hafi undantekningarlaust lýst yfir ánægju sinni með ákvörðunina. Þá hafi föngum verið tilkynnt bréflega um bannið.

„Sumir voru mjög ósáttir við þetta, en aðrir sýndu þessu skilning,“ segir hann. „Ég ber virðingu fyrir öllum sjónarmiðum en þetta verður hins vegar framkvæmt.“ **jss@frettabladid.is**










## SPURNING DAGSINS



*Fáið þið að dansa við stjörnurnar, Alma?*

„Það er draumurinn. Steinunn var í samkvæmisdönsum í mörg ár og það er markmið okkar að koma henni einhvern tímann saman við Derek Hough í þessari keppni.“

Alma Guðmundsdóttir er í hljómsveitinni The Charlies sem var fengin til að syngja titillag sjónvarpsþáttarins Dancing with the Stars.

Áhöfnin á línubátnum Sirrý ÍS skilaði áður óþekktum aflatölum á síðasta fiskveiðiári:

# Nýtt heimsmet á smábáti er 1.729 tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Áhöfnin á Sirrý ÍS-84 frá Bolungarvík, sem er fimmtán tonna línubátur, færði að landi 1.729 tonn af blönduðum afla á síðasta fiskveiðiári. Vilja menn fyrir vestan meina að um heimsmet sé að ræða í aflabrögðum báts í þessum stærðarflokki.

Gamla heimsmetið átti Guðmundur Einarsson ÍS sem er í eigu sama útgerðarfélags, Jakobs Valgeirs ehf.

Guðmundur Einarsson landaði 1.500 tonnum á fiskveiðiárinu 2005/2006 en bætti það met reyndar í ár og landaði tæpum 1.600 tonnum.

Sigurgeir S. Þórarinsson, skipstjóri á Sirrý, sem var á landleið þegar Fréttablaðið hafði samband um borð, segir að þrír sjómenn séu um tvær fastar stöður um borð.

„Við erum fjóra daga á sjó og eigum svo tvo daga í frí. Báturinn er hins vegar aldrei hvíldur.“ Sirrý ÍS fór í 297 róðra á fiskveiðiárinu.

Sigurgeir þakkar árangurinn góðu fólki, bæði til sjós og lands, en átta sjá um að beita fyrir Sirrý. Aflinn er að uppistöðu góðfiskur, þorskur og ýsa, sem unninn er í landvinnslu Jakobs Valgeirs.

Sigurgeir segir það ekki fyrir hvern sem er að færa vel á annað þúsund tonn að landi við þriðja mann. „Við erum góðir í bakinu, má segja.“

Um heimsmetið segir Sigurgeir að nú hafi aðrir smábátasjómenn verðugt verkefni. „Nú vita þessir karlar að hverju er að stefna. Ég slæ þetta met alla vega ekki sjálfur.“ **- shá**



**SIGURGEIR OG SONUR** Áhöfnin á Sirrý hefur veitt 1.729 tonn. MYND/JENNÝ

Íslenska lúsin rannsökuð:

## Orðin ónæm fyrir lúsalyfjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslenska höfuðlúsin virðist vera orðin ónæm fyrir lúsalyfjum og stendur nú til að rannsaka hana í fyrsta sinn. Ása Steinunn Atladóttir, hjúkrunarfræðingur á sóttvarnarsviði Landlæknisembættisins, segir í samtali við Vísi að embættið hafi fengið vitneskju um allt að 500 smit á einu ári. Langflestir sem smitast hafi engin einkenni og ef kláði fari að koma fram er líklegt að lúsin hafi verið þar í þónokkurn tíma. Sennilegt er að eina leiðin til að losna við íslensku lúsina sé að kemba hárið vandlega með lúsakambi. **- sv**



**HÖFUÐLÚS**

Ofbeldisalda í Pakistan:

## Tugir látnir eftir sprengjuárás

**PAKISTAN, AP Talibanar í Pakistan hafa lýst yfir ábyrgð á sjálfsmorðssprengjuárás sem kostaði að minnsta kosti 43 manns lífið í gær. Sprengjan sprakk í skrúðgöngu sjía-múslima í Suðvestur-Pakistan.**

**Í það minnsta 78 særðust í árásinni, þar af nokkrir lífshættulega. Einhverjir hinna látnu voru með skotsár, en hópur fólks í skrúðgöngunni hóf skothríð í óðagáti eftir sprengjuárásina.**

**Sannkölluð alda ofbeldis gekk yfir Pakistan í gær. Sjö fórust í loftskeytárásum sem talið er að hafi stafað frá ómönnuðum bandarískum flugvélum. Þá féllu tveir og mikill fjöldi særðist í tveimur sprengingum annars staðar í landinu. - bj**

# Lífsýni ekki tengd við þann grunaða

**Sakborningur í morðmálinu í Hafnarfirði var yfirheyrður hjá lögreglu í gær. Yfirheyrslum verður haldið áfram um helgina. Bráðabirgðaniðurstöður lífsýna sem tekin voru á vettvangi morðsins sýna ekki tengsl mannsins við ódæðið.**

**LÖGREGLUMÁL** Bráðabirgðaniðurstöður lífsýna sem bárust frá Svíþjóð í fyrrakvöld sýna ekki tengsl sakbornings í morðmálinu í Hafnarfirði við ódæðið, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Vonir standa til þess að fleiri niðurstöður berist frá Svíþjóð í næstu viku, sem kunni að varpa frekara ljósi á morðið á Hannesi Þór Helgasyni.

Sakborningur sætti yfirheyrslum í gær og verður yfirheyrður áfram um helgina, samkvæmt upplýsingum blaðsins.

Það var skömmu fyrir hádegi 15. ágúst síðastliðinn sem unnusta Hannesar heitins kom að honum þar sem hann lá á svefnherbergisgangi á heimili sínu við Háaberg í Hafnarfirði. Lögregla var þegar kvödd til. Hannes reyndist vera með mörg hnífstungusár, auk fleiri áverka sem drógu hann til dauða.

Lögregla hóf þegar yfirheyrslur yfir fólki sem kynni að geta varpað einhverju ljósi á morðið, auk þess sem tæknideild safnaði gögnum á vettvangi. Smám saman skýrðist í stórum dráttum hvernig Hannes heitinn hafði varið síðustu stundunum í lífi sínu. Á laugardagskvöld hafði hann sótt unnustu sína sem var í gleðskap á Suðurnesjum. Hann ók henni í miðborg Reykjavíkur þar sem hún skemmti sér fram eftir nóttu. Hannes fór aftur á móti heim.

Eftir því sem næst verður komist gisti unnusta Hannesar á heimili þess sem hefur nú stöðu grunaðs manns aðfaranótt sunnudagsins. Hann keyrði hana síðan að heimili Hannesar daginn eftir, þar sem hún kom að Hannesi látnum.

Maðurinn var yfirheyrður skömmu eftir morðið og þá látinn gista fangageymslur yfir nótt, en sleppt að því búnu. Tíu dögum síðar var hann svo handtekinn aftur og þá úrskurðaður í gæsluvarðhald til 24. september. Til grundvallar úrskurðinum lágu meðal annars gögn sem fundust á vettvangi morðsins og hjá manninum sjálfum. Um er að ræða blóð sem fannst á skó eða skóm mannsins. Tilraun hafði verið gerð til að þvo það af. Þá fannst skófar í blóði á heimili Hannesar sem talið er passa við skó mannsins. Vonir standa til að sýni sem voru tekin af skófarinu, svo og blóðinu á skóm mannsins veiti frekari upplýsingar um málið. **jss@frettabladid.is**



**SAKBORNINGURINN** Maðurinn sem nú hefur stöðu grunaðs manns í morðmálinu í Hafnarfirði var úrskurðaður í gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjaness. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Jarðskjálfti á Nýja-Sjálandi:

## Hús jöfnuð við jörðu í borginni

**NÝJA-SJÁLAND, AP Öflugur jarðskjálfti skók suðurhluta Nýja-Sjálands á fimmta tímanum í gær. Skjálftinn mældist 7,4 á Richter en þó var ekki gefin út flóðbylgjuviðvörun í kjölfarið.**

**Mestur var skjálftinn í borginni Christchurch og skemmdir á mannvirkjum urðu töluverðar. Um 400 þúsund manns búa í borginni en ekki hefur verið tilkynnt um nein slys á fólki eftir skjálftann. Vegir skemmdust mikið og þurfti lögregla að loka fleirum sökum mikils braks. Jarðskjálftinn átti upptök sín á 33 kílómetra dýpi í iðrum jarðar. - sv**

Kostnaðarsöm ráðherraskipti:

## Biðlaun rúmar 20 milljónir

**RÍKISSTJÓRN** Kostnaður vegna biðlauna við ráðherraskipti ríkisstjórnarinnar nemur rúmum 20 milljónum króna. Réttur ráðherra til biðlauna er annaðhvort þrír eða sex mánuðir og fer eftir því hvort þeir hafi gegnt starfinu í ár eða skemur.

Samanlögð biðlaun Rögnu Árnadóttur, Gylfa Magnússonar, Kristjáns Möller og Álfheiðar Ingadóttur eru rúmar 13 milljónir króna. Þá á eftir að taka saman biðlaun starfsmanna ráðuneytanna sem missa vinnuna við sameiningu þeirra. Kostnaðurinn við biðlaun aðstoðarmanna ráðherra er um átta milljónir. **- sv**

**FLATEYJARDALUR**

### Rostungur kom á land

Stór rostungur sótti Flateyjardal heim í gær. Stefán Guðmundsson hjá Gentle Giants á Húsavík varð fyrst var við skepnuna. Rostungurinn var hinn gæfasti og leyfði mönnum að skoða sig í krók og kima og mynda, áður en hann stakk sér aftur til sunds.




Alvarlegt umferðarslys í Hafnarfirði klukkan eitt aðfaranótt föstudagsins:

# Haldið sofandi í öndunarvél

**SLYS** Fimm ungmenni slösuðust, þar af tvö alvarlega, á mótum Hafnarfjarðarvegar og Nýbýlavegar í Kópavogi um klukkan eitt í fyrrinótt. Ökumaður bílsins var að taka fram úr bíl á miðakrein vegarins og missti stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að hann skall niður á milli akbrautanna og niður á Nýbýlaveginn, þar sem hann hafnaði á hvolfi.

Vitni að slysinu segir ökumanninn hafa tekið fram úr á mikilli ferð með þeim hætti að litlu munaði að bílarnir tveir rækjust saman. Hann rann því næst til hliðar og snerist 180 gráður með þeim afleiðingum að hann skall á vegriði og kastaðist við það um tíu metra upp í loftið.

Fjölmennt björgunarlið kom á staðinn og þurfti að beita klippum til að ná fólkinu út. Björgunarstarfið tók á aðra klukkustund og loka þurfti vegum umhverfis slysstaðinn meðan á því stóð.

Bílstjórinn og allir farþegar voru flutt á slysadeild Landsspítalans og þar af fóru tveir á gjörgæslu. Ökumaður bílsins gekkst undir aðgerð á höfði í gær og öðrum er enn haldið sofandi í öndunarvél. Engar upplýsingar fengust frá Landspítalanum um líðan hans. **- sv**



**FRÁ SLYSSTAÐ** Allir farþegar bílsins slösuðust, tveir alvarlega. MYND/FRIÐRIK ÞÓR


20-50%
afsláttur
AF ÖLLUM
POTTAPLÖNTUM
3 stk
Erikur
1199
ÚTSALA
Haustlaukar
...loforð um litríkt vor!
5 stk
Gladiólur
1990
Aðeins
í Skútuvogi
TULIPA
NARCISSUS
Haustlaukar
túlipanar 50stk
krókusar 50 stk
páskaliljur 20stk
1499
MIXED
MISCHUNG
blómaval
Í SKÚTUVOGI
ÍSLENSK UPPSKERA
GRÆNMETISMARKAÐUR
FRÁBÆRT VERÐ!
KRYDDJURTIR • RÓFUR
SPERGILKÁL • TÓMATAR
BLÓMKÁL • KARTÖFLUR
HVÍTKÁL • GULRÆTUR • HNÚÐKÁL
AGÚRKUR • TÓMATAR • SVEPPIR
KÍNAKÁL • HJARTA SALAT
JARÐARBERJAPLÖNTUR
OG FLEIRA
Orkideur
1399
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

## GENGIÐ 03.09.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 118,07 | 118,63 |
| Sterlingspund | 181,8 | 182,68 |
| Evra | 151,59 | 152,43 |
| Dönsk króna | 20,357 | 20,477 |
| Norsk króna | 19,229 | 19,343 |
| Sænsk króna | 16,29 | 16,386 |
| Japanskt jen | 1,397 | 1,4052 |
| SDR | 178,83 | 179,89 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,0635

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tölur Hagstofunnar sýna að þjóðarútgjöld hafa dregist saman og samdráttur hafi orðið í landsframleiðslu:

# 3,1 prósents samdráttur milli ársfjórðunga

**EFNAHAGSMÁL** Landsframleiðsla dróst saman um 3,1 prósent að raungildi milli fyrsta og annars ársfjórðungs, að því er fram kemur í áætlunum sem Hagstofa birti í gær. Á sama tíma drógust þjóðarútgjöld saman um 7,4 prósent, einkaneysla um 3,2 prósent og fjárfesting um 4,7 prósent. Samneysla jókst um 1 prósent. Útflutningur jókst um 2,8 prósent og innflutningur dróst saman um 5,1 prósent.

Greiningardeild Arionbanka telur þessar tölur gefa til kynna stýrivaxtalækkun upp á 1 prósent við næsta vaxtaákvörðunarsdag í lok mánaðar.

Þá kom einnig fram hjá Hagstofunni að landsframleiðsla dróst saman um 6,8 prósent árið 2009 samkvæmt endurskoðuðum tölum yfir þjóðhagsreikninga. Í tilkynningu frá Hagstofu segir að þetta sé mesti samdráttur sem mælst hafi frá því að gerð þjóðhagsreikninga hófst á Íslandi árið 1945.

Þetta boðar lok samfellds hagvaxtarskeiðs frá árinu 1993, en hagvöxtur ársins 2008 er talinn hafa numið einu prósenti.

Aftur á móti jókst útflutningur um 7,4 prósent á sama tíma og innflutningur dróst saman um 24,1 prósent. Það leiddi til 132 milljarða afgangs af vöru- og þjónustuviðskiptum á árinu, borið saman við 42 milljarða króna halla árið áður. Þessi mikli bati varð til þess að samdráttur landsframleiðslu varð mun minni en nam samdrætti þjóðarútgjalda. - þj



**SAMDRÁTTUR** Tölur Hagstofu sýna fram á neikvæðan hagvöxt milli ársfjórðunga. samdráttur ársins 2009 var sá mesti frá stríðslokum.



**SKÚRARNIR** Miklar deilur spunnust um skúrana á Vesturbæjarskólalóðinni.

SAMFOK um skúramálið:

## Fagnar framtaki foreldra

**SKÓLAMÁL Stjórn SAMFOK, samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, fagnar framtaki foreldra vegna skúramálsins í Vesturbæjarskóla. Þetta kemur fram í tilkynningu frá samtökunum.**

**Fræðsluyfirvöld mættu andstöðu vegna staðsetningar skúra á lóð skólans sem áttu að hýsa frístundastarf yngri bekkja, og Fréttablaðið sagði frá.**

**Lýsir stjórn samtakanna jafnframt yfir ánægju sinni með að foreldrar hafi með samstilltu átaki náð að hnekkja þeirri ákvörðun.** - þj

Vill fund með formanni BHM:

## Þarf að ræða gagnrýnina

**LÍFEYRISMÁL** Framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands óskaði á þriðjudag eftir fundi með formanni Bandalags háskólamanna (BHM) í kjölfar gagnrýni félagsins á fjárfestingar sjóðsins. Hann segir formann BHM ekki hafa fundið tíma til að funda í vikunni.

Miðstjórn BHM krafðist þess í ályktun að sjóðurinn sýni fram á með óyggjandi hætti að fjárfestingar hans fylgi tilgangi og skilmálum sjóðsins.

„Mér finnst nauðsynlegt að ræða málin og leiðrétta misskilning sem þarna virðist vera á ferðinni,“ segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins. - bj

# Neituðu að vinna með fíkniefnahring

**Yfir sjötíu manns, sem fíkniefnasmyglarar myrtu í Mexíkó fyrir tæpum tveimur vikum, höfðu neitað að vinna með glæpahringnum. Annar tveggja manna, sem lifðu af, sagði sögu sína í sjónvarpsviðtali á leið heim til Ekvador.**

**MEXÍKÓ, AP** „Þeir báðu okkur ekki um neitt, sögðu bara: Viljið þið vinna með okkur? Og enginn vildi vinna með þeim,“ sagði Luis Freddy Lala Pomavilla, átján ára piltur sem lifði af fjöldamorðin í Mexíkó fyrir tæpum tveimur vikum.

Þessi neitun varð til þess að fíkniefnasmyglararnir tóku upp byssur sínar og skutu á hópinn, yfir sjötíu manns, með þeim afleiðingum að nánast allir létust samstundis. Þeir höfðu rænt fólkinu, sem allt var komið til Mexíkó frá ríkjum Suður- og Mið-Ameríku í þeirri von að komast yfir landamærin til Bandaríkjanna.

Lala lá særður í hópnum smástund eftir að morðingjarnir voru farnir, stóð síðan upp og hélt gangandi af stað. Hann gekk alla nóttina, þar til hann loks rakst á hermenn sem komu honum til hjálpar. Áður hafði hann tvisvar rekist á fólk, sem vildi ekkert með hann hafa.

Lala lýsti reynslu sinni í viðtali á sjónvarpsstöðinni GamaTV, sem líklega var tekið síðastliðinn sunnudag í flugvél á leið heim til Ekvadors, en þaðan er Lala. Hann særðist á hálsi, var með hálskraga og umbúðir á andliti. Hann átti greinilega erfitt með að tala.

Hann sagðist vita um einn annan mann sem komst lífs af vegna þess að honum tókst að fela sig í trjágróðri.

Hópurinn kom til Mexíkó frá Gvatemala, en fólkið var upphaflega ýmist frá Ekvador, San Salvador, Hondúras, Gvatemala eða Brasilíu. Lala notaði viðtalið til þess að vara fólk við því að leggja upp í ferð til Mexíkó í því skyni að komast upp á von og óvon til Bandaríkjanna.

„Það er mikið af vondu fólki þarna sem hleypir manni ekki í gegn,“ sagði hann.

Hann segir fólkið hafa verið í haldi mannræningjanna í eina nótt, bundið saman fjögur og fjögur. Daginn eftir voru þau drepin.

„Þeir fleygðu okkur niður á grúfu og síðan heyrði ég skothljóðin,“ sagði Lala. „Ég heyrði þá skjóta vini mína og síðan varð ég fyrir skoti.“

Þeir sögðu ekkert til hvaða verka þeir ætluðu að fá fólkið, en stjórnvöld í Mexíkó telja að ætlunin hafi verið að fá fólkið til að smygla fíkniefnum til Bandaríkjanna.

Alls fundust 72 lík á búgarði í Tamaulipas-héraði, skammt frá landamærum Bandaríkjanna, þriðjudaginn 24. ágúst eftir að Lala hafði tekist að láta vita af því sem gerðist. Morðin hafa líklega átt sér stað sunnudagskvöldið þar á undan. Þegar hermenn komu á staðinn kom til skotbardaga og féllu þar þrír úr röðum mannræningjanna og einn hermaður.

Ofbeldi og átök tengd fíkniefnaglæpum í Mexíkó hafa kostað 28 þúsund manns lífið síðan Felipe Calderon, forseti landsins, ákvað árið 2006 að herða mjög baráttu stjórnvalda gegn fíkniefnahringjum.

gudsteinn@frettabladid.is



**LÍKKISTUR BÚNAR UNDIR FLUTNING** Líkin hafa verið flutt til heimalanda hinna myrtu, sem komu frá nokkrum löndum Mið- og Suður-Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bónusfjölskylda semur:

## Arion gengur ekki að Gaumi

**VIÐSKIPTI** Arion banki mun hvorki krefjast gjaldþrotaskipta né ganga að eignum Gaums, fjárfestingarfélags Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu hans. Bankinn hefur gert kyrrstöðusamning við eigendur Gaums þar sem þetta er staðfest, að því er fram kom í fréttum Sjónvarpsins í gær.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**

Gaumur var aðaleigandi Baugs, sem tekinn hefur verið til gjaldþrotaskipta. Gaumur skuldar Arion tugi milljarða króna, og hluti lánanna var á gjalddaga í haust. Í samningi eigenda Gaums við Arion felst einnig að vextir reiknast ekki af lánum Gaums. Á móti fær bankinn upplýsingar. Upplýst var í fréttum Sjónvarpsins að Arion hafi gert fjölda sambærilegra samninga. - bj

Staðfestar tölur frá Þjóðskrá:

## Tæplega 3.000 úrskráningar

**ÞJÓÐKIRKJAN Fækkun í þjóðkirkjunni er um 2.900 á tímabilinu 1. desember 2009 til loka ágústmánaðar 2010. Staðfestar tölur eru nú komnar frá Þjóðskrá Íslands um úrskráningar.**

**Færri konur sögðu sig úr þjóðkirkjunni heldur en karlar og flestir eru með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Fjölgað hefur um 550 í fríkirkjunum þremur og um 170 í öðrum skráðum trúfélögum. 2.170 manns eru skráðir utan trúfélaga. Bylgja úrsagna gekk yfir eftir að kynferðisbrot Ólafs Skúlasonar, fyrrum biskups, komu aftur í umræðuna í síðasta mánuði.** - sv





IMOGAZE® inniheldur simeticon sem hefur áhrif á yfirborðsspennu loftbólanna í meltingarveginum. Þetta veldur því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að hreyfast í gegnum þarmana.

IMOGAZE® (simeticon 240 mg) fæst án lyfseðils og er notað til meðferðar við einkennum uppþembu (vindgangs) hjá fullorðnum. Imogaze er ætlað til inntöku og skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru eitt hylki með glasi af vatni í lok hverrar meginmáltíðar (um það bil 3 sinnum á dag). Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára og skal meðferð ekki vara lengur en í 10 daga. Ef einkennin eru viðvarandi eða fara versnandi, eða ef um langvarandi hægðatregðu er að ræða, skal leita til læknis. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Hugsanlegar aukaverkanir: Ógleði, hægðatregða og ofnæmisviðbrögð. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SVIPAÐ VEÐUR ÁFRAM** Þvílík veðurblíða mun ríkja áfram um norðanvert landið og eflaust munu margir flykkjast þangað í frí þessa helgina. Rok og rigning mun einkenna veðrið sunnan- og vestanlands en það verður að minnsta kosti hlýtt í veðri.



**Á MORGUN**
Strekkingur suðvestast, annars mun hægari.

**MÁNUDAGUR**
Stíf austanátt allra syðst, annars 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 30° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 21° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 25° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 16° |
| París | 24° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


Boðskort - 60 ára afmæli Þjóðleikhússins
Þér er boðið í skemmtilegustu afmælisveislu ársins
á sunnudaginn kl. 14–16
Glæsileg skemmtidagskrá á Stóra sviðinu með Lilla klifurmús, Kasper og Jesper og Jónatan og Soffíu frænku, bakaradrengnum, Rauðhettu og úlfinum, Litla Kláusi og öllum hinum ævintýrahetjunum.
60 ára barnaleikhússaga Þjóðleikhússins á 30 mínútum!
Skemmtidagskrá á Stóra sviðinu kl. 14.15, 15.00 og 15.45
Leyndardómar leikhússins - skoðunarferðir baksviðs
Gómsæt afmæliskaka og grillaðar pylsur
Fíasól og Ingólfur Gaukur fara á kostum
Hestvagnaferðir fyrir framan leikhúsið
Andlitsmálun og búningamátun
Allir krakkar geta fengið mynd af sér með Prinsessunni á Bessastöðum
www.leikhusid.is / sími miðasölu 551 1200
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Nýtt leikár
Kortasalan
í fullum gangi!

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að ríkisstjórnin sé betri eftir breytingar sem gerðar voru í gær?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 22,4% |
| NEI | 77,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að leyfa hollenska hernaðarfyrirtækinu ECA að reka starfsemi sína hér á landi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Íslenskt fyrirtæki gerir þátt um eldvirkni á Íslandi fyrir National Geographic:

# Þyrla flytur krana upp á Þríhnúkagíg

**VÍSINDI** Íslenskt kvikmyndatökulið hyggst síga í risahellinn Þríhnúkagíg í Bláfjöllum og mynda hellinn fyrir sjónvarpsþátt um eldsumbrot á Íslandi. Þátturinn er framleiddur fyrir sjónvarpsstöðina National Geographic.

Ætlunin er að nota þyrlu til að flytja bómukrana að gígopinu og skjóta bómunni yfir opið. Neðan í hana verður síðan fest karfa sem mannskapurinn sígur niður í.

Þríhnúkagígur í Bláfjöllum er talinn hafa myndast fyrir um eitt þúsund árum. Hellirinn er í raun gosrás, hátt í tvö hundruð metra djúpur og jafnvel dýpsti hraunhellir í heimi. Sérstakt félag er um verndun og nýtingu Þríhnúkagígs. Félagsmenn sjá fyrir sér að opna almenningi sýn í undraveröldina í hvelfingu gígsins með sérstökum göngum sem opnast eiga inn í hellisvegginn.

Liðsmenn úr Þríhnúkafélaginu verða í forgrunni þegar hellirinn verður myndaður. Sjálfir munu þeir nota tækifærið og framkvæma ýmsar mælingar sem á skortir. Um þessar mundir er félagið enn að afla um 60 milljóna króna til að hugað sé að meta umhverfisáhrif og hagræna þætti við að gera hellinn aðgengilegan almenningi.

Íslenska kvikmyndafyrirtækið Profilm annast gerð þáttarins fyrir National Geographic. Anna Dís Ólafsdóttir framleiðslustjóri segir enn of snemmt að upplýsa nánar um verkefnið.

- gar




**KYNNINGAREFNI UM ÞRÍHNÚKAGÍG** Stórhuga áhugamenn, sem vilja opna almenningi sýn inn í risahvelfingu í Bláfjöllum, fá tækifæri til mælinga í tengslum við gerð sjónvarpsþáttar.





Haust
hjá Express ferðum



London
1.–4. október
Verð á mann í tvíbýli
79.600 kr.
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 3 nætur á Hotel Tavistock með morgunverði.



Kraká
9.–13. október
Fararstjóri: Óttar Guðmundsson
Verð á mann í tvíbýli
114.900 kr.
**Innifalið:** Flug með sköttum, 4 nætur á Hotel Ibis Centrum með morgunverði, rútuferðir til og frá flugvelli.



Berlín
15.–18. október
Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir
Verð á mann í tvíbýli
79.900 kr.
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hotel Park Inn í 3 nætur með morgunverði.



Dublin
19.–22. nóvember
Verð á mann í tvíbýli
79.900 kr.
**Innifalið:** Flug með sköttum, gisting á Hotel Grafton Capital Hotel í 3 nætur með morgunverði.

Fíton / SÍA

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Nánari upplýsingar á **expressferdir.is** eða í síma **5 900 100**

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express




**BOEING 787 DREAMLINER Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Gangi áætlanir eftir verður þessi þota afhent japanska flugfélaginu Air Nippon Airlines (ANA) á fyrri hluta næsta árs. Flugprófanir þotunnar sem Boeing segir byltingarkennda standa yfir þannig að færa megi sönnur á flughæfni hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

# Fengu ekki nægan vind í reynsluflugið

**Byltingarkennd ný þota, Boeing 787 Dreamliner, er í fyrsta sinn í reynsluflugi utan Bandaríkjanna. Meðal þess sem prófað er á Keflavíkurflugvelli er flugtak og lending í hliðarvindi. Afhenda á fyrstu vélarnar á fyrsta fjórðungi næsta árs.**

**SAMGÖNGUR** „Það er stórkostleg upplifun að fá að fljúga svona vél og taka þátt í prófunum á henni," segir Randy Neville, tilraunaflugmaður Boeing. Hann var fyrstur til að fljúga nýrri þotu félagsins, Boeing 787 Dreamliner, um miðjan desember síðastliðinn. Hann er nú staddur hér á landi í fyrstu prófunum á flugvélinni sem fram fara utan Bandaríkjanna.

„Á Keflavíkurflugvelli eru kjöraðstæður til þess að prófa vélina í hliðarvindi," segir hann, en snemma í gærmorgun voru meðal annars framkvæmdar lendingar í sterkum hliðarvindi, bæði með sjálfvirkum búnaði og þar sem flugmaður var við stjórnvölinn. Eftir hádegi þegar sýna átti fjölmiðlum flugið hafði vind lægt og ekkert var flogið.

Neville er hér kunnugur staðháttum. Hann hefur reynsluflogið vélum Boeing hér áður og var svo undir lok áttunda áratugarins í flugher Bandaríkjanna um árs skeið á Keflavíkurflugvelli.

Boeing Dreamliner er sögð marka tímamót í flugsögunni í því að líkjast meira geimskutlu í hönnun en hefðbundinni þotu. Hún er þó ekki mjög frábrugðin öðrum flugvélum að sjá, utan að gluggar eru stærri og vængir heldur lengri. Vélin á að verða öll hin nútímalegasta, með rafstýrðri skyggingu á gluggum og loftþrýstingi sem er nær því sem gerist á jörðu niðri. Flugþreyta á því að heyra sögunni til með tilkomu þessara véla.



**Í FLUGSTJÓRNARKLEFANUM** Rich Thomas, tæknimaður hjá Boeing, í flugmannssæti Boeing 787-þotunnar sem nú er í reynsluflugi á Keflavíkurflugvelli.



**ÞOTAN KYNNT** Lori Gunter, á almannatengslasviði Boeing, og Jeff Goehard, sérfræðingur á sviði prófana, spjölluðu við fjölmiðla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Fimm svona flugvélar eru í reynsluflugi um þessar mundir. Í tilkynningu Boeing kemur fram að vél númer tvö sé við prófanir á háflugi og flugi í ofsakulda í Keflavík. Randy Neville upplýsti á kynningarfundi félagsins í gær að í fyrradag hefði verið lagt upp héðan og hringsólað í þrjá tíma yfir Norðurpólnum.

Fram kom á kynningunni í gær að prófanafloti Dreamliner-þotnanna hafi nú lokið nærri 17 hundruð flugtímum af þeim nærri þrjú þúsund sem ætlaðir eru í tilraunaflug. „Við gerum ráð fyrir því að afhenda fyrstu vélarnar viðskiptavinum á fyrsta ársfjórðungi 2011," segir Jeff Goehard, sérfræðingur prófana í teymi Dreamliner hjá Boeing.

olikr@frettabladid.is

Ríkisendurskoðun gagnrýnir skort á eftirliti ráðuneytis með greiðslum til bænda:

# Þóknanir til BÍ án samninga

**LANDBÚNAÐUR** Bændasamtök Íslands (BÍ) hafa fengið þóknanir frá ríkinu fyrir umsýslu á niðurgreiðslum ríkisins til bænda þrátt fyrir að engir samningar hafi verið gerðir um greiðslurnar.

Ríkisendurskoðun átelur þetta, sem og verklag við búvörusamninga almennt, í nýrri skýrslu. Stofnunin segir áríðandi að ráðuneytið herði eftirlit með framkvæmd búvörusamninga, sem snúast meðal annars um greiðslur ríkisins til bænda.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að þegar sé búið að bæta úr hluta af því sem bent sé á í skýrslunni. Greiðslur til BÍ vegna umsýslu námu 10,7 milljónum króna í fyrra.

Í skýrslunni eru nefnd dæmi um hvernig tugir milljóna, allt að 150 milljónir, hafi verið rangt bókaðir. Til dæmis voru greiðslur til mjólkurbænda bókfærðar sem greiðslur til sauðfjárbænda, og greiðslur sem runnu til sauðfjárbænda bókfærðar til mjólkurbænda. Þessar rangfærslur leiddu til þess að rangfærslur voru í ríkisreikningi.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir að erfitt sé fyrir aðra en sérfróða að átta sig á því hvernig greiðslur vegna búvörusamninga séu samsettar. Ráðuneytið verði að tryggja aukið gagnsæi þannig að þingmenn, eftirlitsaðilar og almenningur geti áttað sig á þeim. - bj



**SAUÐFÉ** Ríkisendurskoðun krefst aukins gagnsæis í greiðslum vegna búvörusamninga svo þingmenn, eftirlitsaðilar og almenningur geti áttað sig á greiðslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


VERÐLÆKKUN
Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.
TILBOÐ 3.490.- Verð áður 4.490.-
Melissa
Samlokugrill, svart/stál
643193
TILBOÐ 4.490.- Verð áður 5.990.-
Melissa
Ketill, svartur/stál
645098
TILBOÐ 2.990.- Verð áður 4.490.-
Melissa
Brauðrist, svört/stál
643200
TILBOÐ 12.990.- Verð áður 14.990.-
UNITED
800w örbylgjuofn, stál
MWO9120
TILBOÐ 9.990.- Verð áður 11.990.-
UNITED
800w örbylgjuofn
MWO9100
TILBOÐ 1.990.- Verð áður 3.990.-
Melissa
Lítil hakkavél
646094
TILBOÐ 1.990.- Verð áður 2.990.-
Melissa
Sléttujárn 635134
TILBOÐ 1.990.- Verð áður 2.990.-
Melissa
Hárblásari 635133
TILBOÐ 8.990.- Verð áður 9.990.-
PHILIPS
Ferðatæki með CD
AZ102F
TILBOÐ 54.990.- Verð áður 69.990.-
UNITED
22" LCD sjónvarp með DVD spilara
22DD91HD
• Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
• 12v og 230v
• Upplausn: 1680x1050
• HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi
TILBOÐ 44.990.- Verð áður 54.990.-
UNITED
19" LCD sjónvarp með DVD spilara
19DD91HD
• Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
• 12v og 230v
• Upplausn: 1440x900
• HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi
TILBOÐ 12.990.- Verð áður 15.990.-
TOSHIBA
DVD með HDMI
SD591
Gildir til 10. september á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð





Lengsta dómsmáli Portúgals lauk með sakfellingu sex karla og einnar konu:

# Hópur barnaníðinga dæmdur

**PORTÚGAL, AP** Sex karlar og ein kona voru í gær dæmd sek um kynferðisleg brot gegn börnum í dómsmáli, sem staðið hefur yfir í sex ár.

Sannað þótti að þau hefðu starfrækt hring barnaníðinga í Lissabon á tíunda áratugnum, og á þeim tíma bæði nauðgað og brotið með öðrum hætti kynferðislega gegn börnum og unglingum.

Réttarhöldin hafa verið þau lengstu í sögu Portúgals og vöktu glæpir fólksins óhug landsmanna. Meira en 800 vitni og sérfræðingar voru kölluð til, þar á meðal 32 manns sem fólkið hafði níðst á.

Meðal hinna seku eru Carlos Ruiz, þekktur sjónvarpsmaður í Portúgal, og Jorge Ritter, fyrrverandi sendiherra landsins hjá UNESCO, en glæpirnir tengdust allir stofnuninni Casa Pia, sem í 230 ár hefur sinnt fátækum börnum og munaðarleysingjum.

Það var fyrrverandi bílstjóri á vegum stofnunarinnar, Carlos Silvino, sem játaði brotin og nafngreindi hina sakborningana. Þau hafa neitað ásökununum. - gb



**EINN SAKBORNINGANNA** Carlos Cruz, þekktur sjónvarpsmaður í Portúgal, mætir til réttarhalda í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Ferðafólk við Kötlu vissi ekki af fjallinu

**Rannsókn sýnir að ferðafólk veit ekki hvernig það á að bera sig að í tilfelli náttúruhamfara. Ferðamenn við rætur Kötlu vissu almennt ekki af nálægðinni við virkt eldfjall. Gera þarf átak í kynningarmálum, segir sérfræðingur.**

**ALMANNAVARNIR** Brýn þörf er að bæta miðlun upplýsinga á hættusvæðum eins og við Kötlu. Ferðamenn eru almennt óméðvitaðir um að þeir séu á hættusvæði og margir gera sér ekki grein fyrir því að þeir standi við rætur eldfjalls.

Deanne K. Bird kynnti í gær niðurstöður doktorsverkefnis um samfélagslegar hliðar eldfjallavár og viðbragðsáætlanir á Suðurlandi. Rannsókn hennar er sameiginlegt verkefni Háskóla Íslands og Macquarie háskólans í Ástralíu og snýr að Kötlu og áhrifasvæði hennar.

Rannsókn Deanne tekur ítarlega á hinum félagslega þætti og er hugsuð sem viðbót við umfangsmiklar jarð- og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir sem hafa verið gerðar á Kötlu. Beitt var fjölbreytilegum aðferðum. Í almannavarnaæfingunni Bergrisanum árið 2006 var beitt þátttökuathugun, tekin viðtöl við stjórnendur neyðar- og björgunarmála sem og íbúa og loks voru lagðar spurningar fyrir íbúa, ferðamenn og ferðaþjónustuaðila.

Það vakti athygli að viðtöl við á annað hundrað ferðamenn í Þórsmörk leiddu í ljós að enginn þekkti til viðbragðsáætlana ef Katla byrjaði að gjósa. „Yfirhöfuð voru menn óméðvitaðir um að eldfjall væri í næsta nágrenni við þá, hvað þá að þeir gætu átt von á hamfaraflóði innan skamms tíma frá upptökum goss,“ sagði Deanne.

Viðtöl við heimamenn leiddu í ljós að flestir íbúar myndu bregðast jákvætt við tilskipunum um rýmingu svæðisins en þó hafa margir samverkandi þættir áhrif á það hvort þeir sjái sér fært að fylgja ráðleggingum um varnarviðbrögð. Til að viðbragðsáætlun verði skilvirkari er því nauðsynlegt fyrir stjórnendur neyðar- og rýmingaráætlana að leita samvinnu við bændur, taka tillit til staðbundinnar þekkingar þeirra og hversu tengdir þeir eru búskapinn og staðinn sem þeir búa á.

Þá kom hún inn á það að mikið vatn hefði runnið til sjávar síðan hún hóf rannsókn sína 2006, ekki síst vegna Eyjafjallajökulsgossins.

Víðir Reynisson, deildarstjóri hjá Almannavörnum, segir nauðsynlegt að gera átak til að kynna betur þær hættur sem íslensk náttúra hefur að geyma. Hann viðurkennir að til slíks sé takmarkað fjármagn. Innlegg Deanne telur hann mikils virði en oft greini yfirvöld og ferðaþjónustuna á um hvernig þetta er best gert. „Það verður að koma upplýsingum á framfæri án þess að hræða fólk frá viðkomandi svæðum,“ segir Reynir. svavar@frettabladid.is



**DR. DEANNE K. BIRD** Vonast til að geta haldið rannsóknum sínum áfram á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




## Námskeið um vefjagigt og tengda sjúkdóma

Hjá Þraut ehf - miðstöð vefjagigtar verður haldið 4ra daga fræðslunámskeið fyrir fyrir fólk með vefjagigt og aðstandendur þeirra, í húsnæði Þrautar að Höfðabakka 9.

Fyrirlesarar: Arnór Víkingsson gigtarlæknir, Sigrún Baldursdóttir sjúkraþjálfari og lýðheilsufræðingur og Eggert S. Birgisson sálfræðingur.



Arnór Víkingsson

**Dagskrá:**

**Miðvikudagur 8. september 2010, kl. 16:30-18:30:** Vefjagigt og skyldir sjúkdómar; sjúkdómsmynd, greining, orsakir og meðferð.



Eggert S Birgisson

**Mánudagur 13. september 2010, kl. 16:30-18:30:** Fjölþætt meðferð, en einstaklingsmiðuð. Hvað hjálpar vefjagigtar-sjúklingum mest?

**Miðvikudagur 15. september 2010, kl. 16:30-18:30:** Andleg heilsa vefjagigtarsjúklinga.

**Mánudagur 20. september 2010, kl. 16:30-18:30:** Fyrir aðstandendur. Aðstandendur gegna mikilvægu hlutverki í lífi vefjagigtarsjúklinga mikilvægt er að þeir þekki hlutverk sitt.



Sigrún Baldursdóttir

Verð: kr. 23.900.- og innifalið er gjald fyrir einn aðstandenda og námsgögn. Skráning í síma 5557750.

**Vetrardagskrá Þrautar:**
Fjölbreyttir fræðslufyrirlestrar verða annan hvern miðvikudag hjá Þraut í vetur kl. 17:15 - 19:15.
Dagskrá vetrarins má finna á www.þraut.is.
Skráning á póstlista á thraut@thraut.is www.þraut.is


Öskufoks enn vart:

## Svifryk yfir heilsuverndarmörkum

**UMHVERFISMÁL** Magn svifryks í andrúmslofti á höfuðborgarsvæðinu fór yfir heilsuverndarmörk á tímabili í gær vegna öskufoks. Askan barst með hvassri suðaustlægri átt frá svæðinu í kringum Eyjafjallajökul.

Heilsuverndarmörk eru 50 míkrógrömm svifryks á rúmmetra andrúmslofts, en á hádegi í gær mældist svifryk við Grensásveg 110 míkrógrömm á rúmmetra. Við slíkar aðstæður beinir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þeim tilmælum til þeirra, sem eru til dæmis með viðkvæm öndunarfæri, lungnasjúkdóma eða astma, að vera innandyra. - þj

**LÖGREGLUMÁL**

### Stal pela og náttbuxum

Tvítug kona hefur verið ákærð fyrir að stela í febrúar síðastliðnum barnapela, átta barnasamfellum og tvennum dömunáttbuxum úr Krónunni á Selfossi. Andvirði þýfisins nam ríflega tíu þúsund krónum.




# ÚTSALA Í HÁTÆKNI

## Rýmum fyrir nýjum vörum! Allt að 80% afsláttur!

**42"** 42LD650N



LG full HD 1080P

**42" LG LCD Full HD 100Hz**

Glæsilegt 42" Full HD LCD sjónvarp. 100Hz tækni, 1920x1080pt. upplausn, 3x HDMI, LAN, 2x USB 2.0, WiFi, DLNA og DivX HD stuðningur.

80.000 afsláttur

Útsöluverð **179.995 kr.**

Verð áður 259.995 kr.

**50"** TX-P50S20E



Panasonic full HD 1080P

**Panasonic 50" Plasma FHD 600Hz**

50" Plasmasjónvarp með frábærum myndgæðum. 1920x1080pt. upplausn, 600Hz tækni og V-Real Pro 4 myndúrvinnslu.

110.000 afsláttur

Útsöluverð **249.995 kr.**

Verð áður 359.995 kr.



**Sony Ericsson W595**

Glæsilegur 3G sleðasími með 3,2Mpix myndavél, Bluetooth, Walkman tónlistarspilara, Track ID tónlistarforriti og FM-útvarpi með RDS.

40% afsláttur

Útsöluverð **19.995 kr.**

Verð áður 34.995 kr.

**Archos Clipper 2GB Black**

Skemmtilegur 2GB Mp3 spilari með stórum og góðum tökkum. Tilvalinn í ræktina.



80% afsláttur

Útsöluverð **1.995 kr.**

Verð áður 9.995 kr.

LG 42LD420



**42" LG LCD FHD 50Hz sjónvarp**

Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920x1080pt. upplausn. XD Engine myndvinnslubúnaður. 2x HDMI. USB 2.0. SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi.

40.000 afsláttur

Útsöluverð **139.995 kr.**

Verð áður 179.995 kr.

**Knopex Retro útvarp** 6000108

Flott FM/AM-útvarp með Aux in-tengi.



30% afsláttur

Útsöluverð **3.995 kr.**

Verð áður 5.995 kr.

LG 32LD320



**32" LG LCD**

HD Ready LCD sjónvarp frá LG með 1366x768pt. upplausn. XD Engine myndvinnslubúnaður. 2x HDMI. USB 2.0. SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi.

30.000 afsláttur

Útsöluverð **99.995 kr.**

Verð áður 129.995 kr.

LG 42PJ650N



**42" LG Plasma**

42" HD Ready Plasma sjónvarp með afar þunnum ramma. 1366x768pt. upplausn. 600Hz. Stafrænn móttakari, USB-tengi. DivX HD stuðningur. 2x HDMI.

90.000 afsláttur

Útsöluverð **159.995 kr.**

Verð áður 249.995kr.

NOKIA

**Nokia BH-104 Bluetooth höfuðtól**



55% afsláttur

Útsöluverð **2.995 kr.**

Verð áður 6.995 kr.

## 20% afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma.
## Mikið úrval af farsímum á allt að 50% afslætti.
## 10% afsláttur af nýjum símum.

25 ára Hátækni 1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17 | Sunnudaga 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 102158



**ÖRLÍTILL KÓRAN** Stækkunargler þarf til að geta lesið þennan litla Kóran, sem var handskrifaður í heild á 2,4 x 1,9 sentimetra stór blöð. Abed Rabbo í Beirút erfði bókina eftir ömmu sína. NORDICPHOTOS/AFP

Formaður SFR segir Samband sveitarfélaga vilja ganga á rétt félagsmanna:

# Gengur ekki í lýðræðisþjóðfélagi

**KJARAMÁL** Formaður stéttarfélagins SFR, Árni Stefán Jónsson, mótmælir þeirri kröfu Sambands íslenskra sveitarfélaga að starfsfólk svæðisskrifstofa málefna fatlaðra verði skyldað til að skipta um stéttarfélag.

Málaflokkurinn verður um áramót færður undir sveitarfélögin og starfsfólki, sem er í Félagi ráðgjafa og stuðningsfulltrúa, undirdeildar SFR, gert að ganga úr SFR og í starfsmannafélög sveitarfélaga gangi hugmyndir sambandsins eftir. Árni segir að sambandið vilji þvinga fólk til að skipta um stéttarfélög, þvert á fyrri yfirlýsingar.

Hann bætir við að fullyrðing formanns sambandsins í Fréttablaðinu í gær, um að SFR sé fyrir ríkisstarfsmenn og eigi ekki erindi á sveitarstjórnarstigi, sé ekki rétt. Það hafi samið við sjálfseignarstofnanir, hlutafélög á opinberum markaði og Reykjavíkurborg, auk samninga við ríki og þjóni því öðrum en ríkisstarfsmönnum.

„Að flytja 1.200 manns milli stéttarfélaga, gegn vilja þeirra, eru einfaldlega gamaldags vinnubrögð og ganga ekki upp í lýðræðisþjóðfélagi.“

Lögum hefur áður verið breytt til að tryggja réttindi starfsfólks við yfirfærslu málaflokka og segir Árni að nú þurfi aðra breytingu til að tryggja rétt félagsfólks.

„Það er pólitískur vilji til þess og sem betur fer fáir eftir, sem telja þá leið að flytja fólk nauðungarflutningi milli félaga ákjósanlega,“ segir Árni. - þj



**MÓTMÆLIR ÞVINGUNUM** Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, er ósáttur við kröfur um að starfsfólki málefna fatlaðra sé gert að skipta um stéttarfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA




Settu upp mjög stóra aðstöðu fyrir ræktun í útihúsi í Þykkvabæ:

# Þrír karlmenn ákærðir fyrir stórfellda kannabisræktun

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á Selfossi hefur ákært þrjá karlmenn á þrítugsaldri fyrir stórfellda kannabisræktun í Þykkvabæ.

Það var 23. mars sem lögreglan fann verksmiðjuna í útihúsi við Bala í Þykkvabæ. Þar höfðu mennirnir sett upp mjög stóra ræktunaraðstöðu og starfrækt í rúmlega hálft ár. Tveimur dögum síðar voru ræktendurnir handteknir. Mennirnir hafa allir komið við sögu lögreglu áður.

Ræktunin var vel falin í húsnæðinu en það hafði verið undir smásjánni hjá lögreglunni á Hvolsvelli og rannsóknardeildinni á Selfossi um nokkurt skeið. Þar reyndust vera tæplega fimm hundruð kannabisplöntur, sem vógu rúmlega 68 kíló. Þá fundust tæplega þrjú kíló af kannabislaufum og tæp ellefu grömm af hassi.

Allur tiltækur búnaður til ræktunar var á staðnum, hitalampar og sjálfvirkt vökvunarkerfi.

Mennirnir sem ákærðir hafa verið koma allir af höfuðborgarsvæðinu. -jss



**KANNABISRÆKTUN** Um fimm hundruð plöntur voru í húsnæðinu í Þykkvabæ.



Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is




Frumsýnum í dag nýjan og glæsilegan Kia Sorento. Nýr Sorento býr yfir fjölda eiginleika sem koma kröfuhörðustu ökumönnum skemmtilega á óvart. Hann er þægilegur og rúmgóður jeppi sem hægt er að fá bæði **5 og 7 manna**.

Ný **197 hestafla dísilvél** og **6 þrepa sjálfskipting** gera þennan öfluga jeppa sérstaklega skemmtilegan í akstri. Þrátt fyrir þetta mikla afl er Kia Sorento mjög sparneytinn og eyðir einungis **7,4 lítrum/100 km** í blönduðum akstri.

Nýjum Kia Sorento fylgir **7 ára ábyrgð** líkt og öllum nýjum Kia bílum.

**Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar á Akranesi, Akureyri og Selfossi og sjáðu frábæra hönnun Kia Sorento með eigin augum.**

Kia Sorento, sjálfskiptur, dísil 197 hö.
**Verð frá 6.990.000 kr.**

Kia Sorento, beinskiptur, dísil 150 hö.
**Verð frá 5.690.000 kr.**

KIA

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-1337



Wax on Wax off hvað, þú þarft ekki einu sinni jakka til að æfa Taekwondo!

SKEMMTILEG TÓNLISTARNÁMSKEIÐ



Nú er tekið á móti umsóknum á eftirfarandi byrjandanámskeið:
* Gítarnámskeið
* Trommunámskeið
* Forskólanámskeið fyrir 5-7 ára
* Ukulelenámskeið fyrir börn NÝTT

Námskeið fyrir fullorðna:
* Partýgítarnámskeið
* Gítarnámskeið fyrir leikskólastarfsfólk
* Ukulelenámskeið NÝTT



Munið frístundakort ÍTR og endurgreiðslu stéttarfélaga!

Upplýsingar og innritun á www.tonsalir.is

Næstu námskeið hefjast í september!

Tónsalir ...BARA GAMAN...

Tónsalir er ryþmískur tónlistarskóli þar sem leitast er við að viðhalda gleðinni í hljóðfæranáminu.

Bæjarlind 12. Sími 534-3700. www.tonsalir.is




**Í DÓMSAL** Þvagleggsmálið var tekið fyrir í Héraðsdómi Suðurlands.

# Forðast á að nota þvaglegg við rannsókn

**Dómsmálaráðuneytið fellst á sjónarmið umboðsmanns Alþingis að ekki hafi verið gætt að grundvallarreglu um meðalhóf í svokölluðu þvaglegsmáli.**

**STJÓRNSÝSLA** Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið fellst á það sjónarmið setts umboðsmanns Alþingis að ekki hafi verið gætt að grundvallarreglu um meðalhóf þegar þvagleggur var notaður í svonefndu þvagleggsmáli, sem upp kom hjá sýslumannsembættinu á Selfossi fyrir fáeinum árum. Þá telur ráðuneytið jafnframt að forðast eigi að nota þvaglegg til að taka þvagsýni í þágu rannsóknar sakamála.

Mál konunnar, sem grunuð var um ölvunarakstur vorið 2007, vakti mikla athygli þegar í ljós kom að lögreglan á Selfossi þurfti að beita valdi til að taka þvagsýni. Lögregla fékk lækni til að setja upp þvaglegg til að taka sýni gegn vilja konunnar. Héraðsdómur komst í framhaldinu að þeirri niðurstöðu að lögreglan hefði ekki farið út fyrir sínar valdheimildir með því að láta setja upp þvaglegginn.

Settur umboðsmaður Alþingis, Róbert R. Spanó, tók málið til athugunar að eigin frumkvæði, þar á meðal málsmeðferð lögreglu í tilefni af þvinguðum þvagsýnatökum og þá meðal annars hvort heimilt hefði verið að notast við þvaglegg. Umboðsmaður hófst handa með athugunina eftir frásagnir í fjölmiðlum af málinu. Konan hafði kvartað til ríkissaksóknara.

Í svörum dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins til setts umboðsmanns kom meðal annars fram að forðast ætti að nota þvaglegg til að taka þvagsýni í þágu rannsóknar sakamáls. Þá taldi ráðuneytið að fallast megi á að í umræddu máli konu, sem sætt hafði slíku úrræði, hefði ekki verið gætt að grundvallarreglunni um meðalhóf. Þá hefði verið réttara að þeir lögreglumenn sem aðstoðuðu við töku þvagsýnisins hefðu allir verið kvenkyns ef unnt hefði verið að koma slíku við og þá í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Þá kom fram að ráðuneytið hefði óskað eftir því við ríkislögmann að hann tæki mál umræddrar konu til meðferðar, kæmi fram rökstudd krafa um slíkt. Í ljósi svara ráðuneytisins, og að því virtu að settur umboðsmaður hafði haft málið athugunar að eigin frumkvæði, taldi hann ekki tilefni til að aðhafast frekar.

jss@frettabladid.is




# Veitingasala

## með fjölskylduvænum blæ

Reykjavíkurborg óskar eftir áhugasömum aðila til að taka að sér veitingarekstur í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.

Óskað er eftir útfærslu á rekstrarfyrirkomulagi veitingaþjónustunnar þar sem megináhersla er lögð á fjölskylduvæna starfsemi. Borgaryfirvöld eru opin fyrir „allskonar" hugmyndum um reksturinn.

Upplýsingar um verkefnið má nálgast á heimasíðu Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is** eða í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, Tjarnargötu 11 frá og með ***mánudeginum 6. september***.

hunang




**HJÓLREIÐAR** Endurbætur innan höfuðborgarinnar gefa hjólandi umferð aukið vægi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hjólreiðar fá aukið vægi:

## Hjólreiðafólk fagnar aðgerð

**UMFERÐ** Fyrirhuguðum breytingum á Suðurgötu og því aukna vægi sem hjólreiðum er gefið, er tekið fagnandi af Landssamtökum hjólreiðamanna (LHM). Mál sem þessi eru á meðal stefnumála samtakanna og hafa þau lýst yfir ánægju sinni með verkefnið.

Önnur mál sem LHM láta sig varða eru hjólabrautir meðfram helstu umferðaræðum milli sveitarfélaga og hverfa á höfuðborgarsvæðinu. Einnig benda samtökin meðal annars á að nauðsynlegt sé að lagfæra stýribúnað við umferðarstýrð ljós, sem víða skynja illa eða ekki hjólandi umferð.

- sv

Betri notaðir bílar

TOYOTA

# Skiptibílamarkaður

## Skólabókardæmi um betri bílakaup




**Gríptu tækifærið!** Fjöldi betri notaðra bíla á frábæru verði.
Komdu með bílinn þinn, við skoðum hann, metum hann og gerum
þér tilboð sem er skólabókardæmi um betri bílakaup.

**Við lengjum daginn!!**
**Erum í gírnum í dag laugardag frá kl. 10.00 til 17.00.**

**Allir fá kók og prins!**

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**

**Toyota Kletthálsi**
**Klettháls 2**
**Sími: 570-5220**

**www.toyotakopavogi.is**

Today
Tomorrow
Toyota

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Óbreytt stefna lægra vöruverð

145 KR.KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU *GULLAUGA/RAUÐAR*

298 KR. 2 LTR.
BÓNUS-ÍS 2 LTR.
Vanillu-súkkulaði-jarðarberja

398 KR. 2 LTR.

1258 KR. KG
BÓNUS FERSKT
LAMBALÆRI ÓKRYDDAÐ

259 KR.KG
NÝTT ÍSLENSKT BLÓMKÁL

259 KR.KG
NÝTT ÍSLENSKT SPERGILKÁL / BROCCOLI

198 KR.KG
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770G

279 KR. 12 stk.
STJÖRNU FERSK UNGAEGG 12 STK

40% AFSLÁTTUR
BÓNUS FROSIÐ KJÚKLINGAFILLET
**1198 KR.KG.** MERKT VERÐ 1998 KR.KG.

259 KR.PK
DANSKUR PRETTY COW
SMUROSTUR 140g

*MEÐ SULTU*
798 KR. 700g.
BÓNUS *SÚKKULAÐIKAKA* 700G
MEÐ KREMI OG SULTU

SEX GLÖS Á VERÐI ÞRIGGJA !
398 KR. 125g
COW&GATE APPLE-BANANAMAUK 125g

*VARA HÆTTIR*
39 KR. 250g
EUROSHOPPER
HEILL ASPARS

*VARA HÆTTIR Í BILI !*
98 KR. 2 LTR.

98 KR.1 LTR.

259 KR. 250ml
HALTA
ÞEYTIRJÓMI
250ML

195 KR.1 KG
EUROSHOPPER
SYKUR 1 KG

98 KR. STK
SULTUKRUKKUR
290ml

698 KR. 200g
ÍTALSKUR 200g
PARMIGIANO OSTUR

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# og sama verð um land allt

TILBOÐ
FERSKAR GRÍSAHNAKKA SNEIÐAR
898
KR.800g
FERSKAR ÚRBEINAÐAR
GRÍSAHNAKKASNEIÐAR

Ali Grísakjöt
898
KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

798
KR.KG
SPAGHETTI 169
KR.KG
ÍTALSKT SPAGHETTI BOLOGNESE
ÞESSI EINA SANNA ÍTALSKA UPPSKRIFT !
SMELLTU ÞÉR Á: WWW.BONUS.IS / UPPSKRIFTIR
EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG **169 KR.**
FERSKT BLANDAÐ NAUTA/GRÍSAHAKK **798 KR.KG.**

ÍSLANDS NAUT
30%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSNAUT FERSKT
UNGNAUTAPIPARSTEIK ÚR INNRALÆRI
**2098 KR.KG** MERKT VERÐ 2998 KR.KG

NONNI LITLI
BERNAISE
SÓSA 225 ml
**298 KR.**
FRÁBÆR SÓSA MEÐ NAUTASTEIKINNI

MS GOUDAOSTUR 26% RAUÐUR
Nú með *25% afslætti*
MERKT VERÐ 1296 KR.KG.
972
KR. KG

## Hollenskar frystar ungnautalundir
*komnar aftur í Bónus!*
2698 KR./KG.

ÍSLANDS NAUT
2698
KR. KG
ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAFILLET FULLMEYRNAÐ
***25% AFSLÁTTUR*** MERKT VERÐ 3598 KR.KG.

**Sérskorið** ferskt jurtakryddað lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
ÍSLANDS LAMB
30%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSLAMB FERSKT KRYDDAÐ LAMBLÆRI
**1398 KR.KG.** MERKT VERÐ 1998 KR.KG.

Trópí
159
KR. 3 fernur
TRÓPI 3 x 250 ml EPLA OG APPELSÍNU.

Bónus nýreyktur hamborgarhryggur
998 KR./KG.

Ali Bayonneskinka
nú með ***40% afslætti***
1198 KR./KG.
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.

Egils APPELSÍN
198
KR. 2 LTR.
EGILS APPELSÍN 2 LTR.
*MEÐ OG ÁN SYKURS*

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ekki er sama hver stöðugleikinn er.

## Veik króna áfram?

Íslenska krónan er veik, hvað sem líður smástyrkingu síðustu daga. Sumir myndu jafnvel ganga svo langt að segja að hún lægi banaleguna, eða væri í það minnsta á gjörgæsludeild. Og á meðan krónan er veik blæðir almenningi og fyrirtækjum, öðrum en þeim sem reiða sig á útflutning.

Forsenda þess að krónunni verði komið af gjörgæsludeildinni er að fyrir liggi sýn á framtíð hennar. Eftir stendur þá spurningin um hvort hún geti nokkurn tímann verið stöðug. Sérfræðingar efnahagsmála telja fæstir að svo geti orðið nema þá að gjaldeyrishöftum verði viðhaldið. Ef hins vegar stefnan er tekin á að skipta út krónunni fyrir evru með stuðningi Seðlabanka Evrópu og sýnt fram á hvernig það muni gert, er líklegt að krónan nái einhverri heilsu og fái jafnvel að verða aflögð með sæmd, í stað þess að þurfa að þola einhvern harmkvæladauðdaga.

SKOÐUN

Óli Kristján Ármansson
olikr@frettabladid.is

Forsætisráðherra benti á það á Alþingi í gær að hér hafi þróun efnahagsmála verið um margt betri en búist hafi verið við eftir hrun. Gylfi Zoëga hagfræðiprófessor, sem sæti á í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands, hafði líka orð á þessu í grein sem hann skrifaði nýverið í efnahagsritið Vísbendingu um hagstjórn og efnahagsbata í kjölfar fjármálakreppu. Gengi krónunnar sé stöðugra, vextir hafi lækkað og atvinnuleysi sé minna en búist hafi verið við.

Um leið bendir Gylfi þó á að þeir sem telji að leiðin út úr kreppunni felist í aukinni innlendri eftirspurn geri sér ekki grein fyrir áhrifum gjaldeyriskreppunnar og mikilvægi þess að fá aftur aðgang að erlendum fjármálamörkuðum og fjárfestingu. Hann segir markmið hagstjórnar til skamms tíma eiga að vera að „tryggja lágt en stöðugt“ gengi krónunnar þannig að afgangur sé í viðskiptum við útlönd og erlend skuldastaða fara batnandi, lága vexti, aðgengi að erlendu fjármagni og aðhald í ríkisrekstri. „Reynslan mun leiða í ljós hvaða atvinnugreinar munu eflast við þessar aðstæður,“ segir hann.

Ekki þarf hagfræðimenntun til að sjá að við lágt gengi krónu eflast útflutningsatvinnuvegir og um leið halda áfram vandræði þeirra sem skulda, bæði þeirra sem skulda í erlendri mynt og hinna sem búa við hækkandi afborganir í aukinni verðbólgu. Sterkara gengi krónu myndi til dæmis vinna hratt á skuldum Orkuveitu Reykjavíkur og fjölda sveitarfélaga og þar með draga úr þörfinni fyrir hækkandi álögur. Veik króna þýðir hærra verð á innfluttum vörum.

Staða gjaldmiðilsins eftir hrun frá því í ársbyrjun 2008 er óásættanleg þrátt fyrir smábata þann sem náðst hefur fram í gjaldeyrishöftum síðustu mánuði. Vonandi er skilningur stjórnvalda og þeirra sem ráða stefnunni í Seðlabankanum sá að lágt gengi krónu megi ekki vera nema mjög tímabundið ástand. Svara þarf spurningunni um hvernig eigi að efla gjaldmiðilinn og tryggja stöðugleika hans í gildi sem ekki rýrir öll lífskjör í landinu. Hvaða stöðugleiki er það sem stefnt er að? Vísast hugnast fáum að við stillum okkur upp með láglaunaþjóðum heims og fögnum stöðugum rýrum lífskjörum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Karlakórinn Stefnir
fagnar nýjum söngmönnum - í allar raddir.

**Þetta er áskorun!**

Láttu sjá þig í Krikaskóla í Mosfellsbæ,
**þriðjudaginn 7. september n.k. kl. 19:30.**
Upplýsingar í síma:
863 4104 Guðmundur og 696 5446 Valur Páll

**Karlakórinn Stefnir**
í Mosfellsbæ
Sími: 863 4104
E-mail: stefnir@stefnir.is
http://stefnir.is




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Vinstri vængurinn styrkist

Fyrr í sumar var því haldið fram á þessum vettvangi að ódýrara yrði fyrir þjóðina að fá Ögmund Jónasson í ríkisstjórn heldur en að láta lausbeislaðan vinstri væng VG þvinga fram þjóðnýtingu HS-orku. Nú er spurning hvort kenningin stenst.


ÞORSTEINN PÁLSSON

Svo virðist vera að forsætisráðherrann hafi ekki notað uppstokkunina á ríkisstjórninni til að styrkja málefnastöðuna sem vinstri vængur VG hefur smám saman verið að brjóta niður. Þvert á móti hefur vinstri vængurinn styrkt málefnastöðu sína. Samfylkingin hefur veikst að sama skapi.

Með öðrum orðum: Vinstri vængurinn sýnist hafa fengið stóraukin áhrif um leið og hann heldur að mestu óbreyttri þeirri málefnalegu klemmu sem gert hefur ríkisstjórnina óstarfhæfa. Fyrirfram var erfitt að sjá að forsætisráðherra myndi leika þannig af sér frá málefnalegum sjónarhóli.

Frá sjónarhóli valdanna getur tvennt leitt til þess að stjórnin styrkist í kjölfar þessara breytinga:

Annað er að vinstri vængur VG mun draga úr opinberum atlögum að formanni flokksins. Staða hans batnar að því leyti þó að málefnaleg forysta hans veikist. Ríkisstjórnin í heild mun hafa hag af minni óróleika á yfirborðinu. Hitt er að með komu Ögmundar Jónassonar verða fjórir af tíu ráðherrum með raunverulegt áhrifavald ráðherra í stað þriggja af tólf. Þetta gefur stjórninni sterkara yfirbragð.

Breytingin lengir líf stjórnarinnar. Þeir sem gert hafa sér vonir um stjórnarmyndun á grundvelli Heimssýnarbandalagsins sjá nú á eftir þeim möguleika. Þá ræður persónuleg afstaða miklu um að Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn geta ekki unnið saman. Málefnalega hefur þó sjaldan verið betra lag til að reka fleyg í stjórnarsamstarfið frá miðju stjórnmálanna.

## Samfylkingin veikist

Ögmundur Jónasson hafði forystu um að vinstri vængurinn gerði bandalag við Sjálfstæðisflokkinn, Framsóknarflokkinn og Hreyfinguna gegn samningi ríkisstjórnarinnar um Icesave. Ætla verður að hann hafi keypt ráðherradóminn með loforði um að rjúfa þetta bandalag.

Það merkir að ríkisstjórnin þarf að ljúka málinu með eigin þingstyrk og án aðstoðar stjórnarandstöðunnar. Ekkert mál hefur veikt stjórnina meir en þetta. Samt vék forsætisráðherra ekki einu orði að stöðu þess í tengslum við breytingarnar. Það er veikleikamerki.

Ef þetta er hins vegar ekki með í kaupunum eins og Ögmundur Jónasson lét í veðri vaka er breytingin út í hött fyrir formennina.

Stjórnarflokkarnir sammæltust í byrjun um að hrinda í framkvæmd þeim áformum í stjóriðjumálum sem sátt var um í fyrri ríkisstjórn og endurreisnaráætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gerir ráð fyrir. Samfylkingin hefur mátt þola að VG stöðvaði framgang þessara mála.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að vinstri vængur VG hefur fengið því framgengt að samið verður upp á nýtt um þessi markmið. Þetta sýnir verulega aukinn styrk vinstri vængsins í samstarfinu og veikari málefnastöðu Samfylkingarinnar.

Þá gaf fjármálaráðherra út yfirlýsingu um að frekari ráðstafanir yrðu ekki gerðar til að jafna ríkissjóðshallann 2012. Þetta er til marks um aukin áhrif vinstri vængsins og forystuleysi Samfylkingarinnar um hvað á að taka til þegar AGS fer að ári.

## Ríkari einangrunarhyggja

Á fyrstu klukkustundum í embætti á nýju verksviði innanríkisráðherra kom Ögmundur Jónasson með tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um NATO. Í þessu felast þau skilaboð að vinstri vængurinn ætlar að auka áhrif sín á sviði utanríkismála. Utanríkisráðherrann á að skilja að enginn er annars bróðir í leik.

Það sýnir veikleika Samfylkingarinnar að ekki er minnst á Evrópusambandsumsóknina í nýju stefnuyfirlýsingunni. Viðmælendurnir vita til hvers refirnir eru skornir. Samningsstaða Íslands veikist í samræmi við það. Eftir breytinguna er þó ólíklegra að tillaga um að afturkalla umsóknina verði samþykkt, jafnvel þó að henni verði breytt í ályktun um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hitt er að vinstri vængurinn hefur búið til það álit að ákvörðun Alþingis hafi alls ekki falið í sér heimild til að sækja um aðild heldur aðeins að kanna möguleika á tilboðum frá Evrópusambandinu. Hann hefur náð þeim tökum á flokknum að gamla forystan virðist taka undir þessa skilgreiningu.

Þetta þýðir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verður ekki einn um að vinna á vettvangi stjórnsýslunnar gegn því að umsóknarferlið gangi eðlilega fram. Möguleikarnir á því að þetta mikilvæga mál verði leitt til lykta á starfstíma þessarar stjórnar hafa því dvínað. Reynist það rétt mat eru ráðherrabreytingarnar niðurlæging fyrir Samfylkinguna.

Þó að þjóðin græði það á umskiptunum að fjármunir fara ekki frá velferðarþjónustunni til að þjóðnýta HS Orku munu þau ekki bæta stöðu þjóðarbúsins. Aukheldur stuðla þau að frekari einangrun Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Opið hús í dag hjá Sinfóníunni

Verið velkomin á opið hús hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á laugardag kl. 14-16. Auk þess að hlýða á fjölbreytta tónlist fyrir alla fjölskylduna verður hægt að kynna sér vetrardagskrá sveitarinnar og áskriftarleiðir yfir ljúffengum kaffiveitingum og lifandi tónlist.

**Allir eru velkomnir og ókeypis inn.**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

AÐALSTYRKTARAÐILAR

BORGUN VÍS Morgunblaðið



## Kl. 14:15

**Víkingur Heiðar**
Í stóra salnum leikur Víkingur einleik á píanó með hljómsveitinni undir stjórn Bernharðar Wilkinssonar.
Salnum er lokað þegar tónleikar hefjast.

**Tónlistarsmiðja barnanna**
Tónlistarstund með Hildi Guðnýju og Þórdísi Heiðu í hliðarsal. Börnin og ef til vill foreldrar eru virkir þátttakendur, nota líkama og rödd sem sitt hljóðfæri.



## Kl. 15:15

**Tobbi túba**
Í stóra salnum verður flutt sígilda ævintýrið um Tobba túbu með Tim Buzbee túbuleikara í aðalhlutverki. Sögumaður er trúðurinn Barbara.

**Spjallað við Víking**
Í anddyrinu spjallar Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarstjóri Sinfóníunnar, við Víking Heiðar um lífið og listina.

**Miðasala** » Sími 545 2500 » www.sinfonia.is » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17 og kl. 14-17 á opnu húsi

Tækniþróunarsjóður
Styrkir til nýsköpunar
Umsóknarfrestur er til 15. september 2010

- Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.
- Tækniþróunarsjóður fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs.
- Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.
- Sjóðurinn veitir framlög til nýsköpunarverkefna sem eru til þess fallin að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
- Forsenda fyrir aðkomu sjóðsins er að fyrir liggi vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning sem þróun viðkomandi verkefnis getur leitt til.
- Tækniþróunarsjóður hefur skilgreint þrjá verkefnisflokka og er umsækjendum bent á að kynna sér þá, ásamt reglum um viðurkenndan kostnað, á vefsíðu sjóðsins. Að þessu sinni gefst umsækjendum kostur á að senda inn myndband með umsókninni til að kynna verkefnið sitt. Sjá frekar í leiðbeiningum sjóðsins.
- Umsóknarfrestur er til kl. 17.00 þann 15. september næstkomandi.

**Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um Tækniþróunarsjóð eru á heimasíðu Rannís, www.rannis.is**

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnissjóðir s.s. Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Hvernig Alþingi?

Stjórnmál



Haukur Sigurðsson
sagnfræðingur


Nú beinist athygli okkar að Alþingi þegar það kemur aftur saman. Þingið er mikilvægasta stofnun samfélagsins og mikið undir því komið að þar sé vel starfað og skilað árangri. Virðing almennings fyrir löggjafarsamkundunni virðist í lágmarki þegar rúmlega einn af hverjum tíu eru ánægðir með vinnubrögðin samkvæmt skoðanakönnun. Stundum er hlutfallið hærra. Undarlegt má það heita að þingmenn virðast ekki hafa áhyggjur af þessu. Þingið getur aldrei orðið venjulegur vinnustaður. Eðli þingstarfa á sér enga hliðstæðu í fyrirtækjum eða stofnunum í þjóðfélaginu. Á engum vinnustað öðrum skiptast menn í tvo hópa þar sem annar ræður en hinn gagnrýnir þann sem ræður. Hjá þessu verður ekki komist, þarna skipa menn sér í meirihluta og minnihluta, ríkisstjórn og stjórnarandstöðu. Samt virðist greinilegur vilji á Alþingi að víkja frá þessum starfsháttum og mynda samstarfshópa þessara tveggja fylkinga um ákveðin mál. Ég tel að þjóðin myndi fagna því ef slík samstaða gæti náðst í stórum málum. Markmið beggja þessara fylkinga er að ljúka málum á farsælan hátt fyrir þjóðina, finna leiðir til þess sem ganga upp og þeir verða að taka gagnrýni með jákvæðu hugarfari.

## Starf í nefndum

Meginstarf þingsins er unnið í nefndum og er greinilegt að hlutverk þeirra hefur vaxið að undanförnu. Nokkrar þeirra eru sístarfandi, halda fundi yfir sumarið þegar hlé er á fundum þingsins. Nefndirnar kalla á sinn fund hagsmunaaðila sem frumvarpið snertir sem rætt er og mættu þær fá betri lögfræðiaðstoð við þá vinnu. Þessa fundi ætti að opna almenningi betur en gert hefur verið. Það vekur áhuga á starfi Alþingis og almenningur myndi átta sig betur á hve vandasamt starfið getur verið og vegur þingsins aukist. Á vissum fundum nefnda yrði orðið gefið laust áheyrendum sem gætu spurt og komið með athugasemdir. Taka mætti saman spurningar fyrir nefndafundi sem reynt yrði að svara á fundunum sem almenningur mætti sækja. Þessar spurningar eða atriði gæti fólk fengið fyrir fundi og komið þannig undirbúið á þingfund ætlaðan almenningi. Samstarf þings og þjóðar getur birst í smækkaðri mynd í þessu.

## Landið eitt kjördæmi

Landið hefur skipst í kjördæmi frá því Alþingi var endurreist á 19. öld. Þau hafa verið smá og önnur stór eftir staðháttum og tímabilum. Ísland er ekki lengur landbúnaðarsamfélag þar sem sú atvinnugrein einkennir þjóðfélagið. Hér er iðnaðar- og þjónustusamfélag. Fjarlægðir horfnar í reynd og löngu orðið eðlilegt að líta á þetta dvergríki okkar sem eitt kjördæmi. Þingmenn verða hvort sem er að hugsa heildstætt og lögin sem þeir setja gilda um allt land. Við myndum hætta að tala um landsbyggðarþingmenn og þingmenn þéttbýlis. Togstreitan milli þessara byggðaeinkenna myndi minnka. Frambjóðendur til Alþingis kæmu alls staðar að og flokkarnir gættu þess að jafnvægi þarna á milli væri á listum þeirra við kosningar. Gamli hugsunarhátturinn þarf að hverfa þegar menn segja að hneisa sé að samgönguráðherra sé ekki af landsbyggðinni heldur úr þéttbýli. Halda menn að ráðherra samgöngumála horfi ekki út fyrir þéttbýli ef hann er þaðan? Getur ekki verið að hugsunarháttur þingmanna geti breyst við þetta og verði stærri í sniðum og músarholusjónarmiðum fækki?

Alþingi ætti að geta risið sem fuglinn Fönix í nýjar hæðir og tekið greinilega forystu um þau málefni sem brenna á þjóðinni. Það yrði þó varla meðan ríkisstjórn situr á þingi og drottnar þar yfir skoðunum og atkvæðum. Verður nokkur endurreisn nema við víkjum frá þingræði? Það verður verkefni stjórnlagaþings að taka það til meðferðar.


Kíktu á Námuna á Facebook

150 fríar færslur á ári fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

**Það er leikur að læra með Námunni.**

Jón Benediktsson,
Námufélagi og nemi í stærðfræði




*Gildir í Laugarásbíói, Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói mán.-fim. sé greitt með Námukorti

Lausn: Printsala

NÁMAN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM43049    NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.


# Sókn á Suðurnesjum

Atvinnumál



Hannes Friðriksson
atvinnulaus íbúi í Reykjanesbæ


Á undanförnum mánuðum og árum hafa borist daprar fréttir af atvinnuástandi á Suðurnesjum. Tekist hefur verið á um uppbyggingu atvinnutækifæra tengdri stóriðju og virkjunum á sama tíma og sköpun smærri atvinnutækifæra lítið verið sinnt að því er séð verður. Menn hafa beðið eftir stóra vinningnum.

Nú virðast flest teikn á lofti um að stóri vinningurinn muni láta bíða eftir sér í nokkur ár að minnsta kosti. Nú þýðir ekki lengur að sitja með hendur í skauti og viðhalda deilum um hvar sakar er að leita. Nú þarf að leita nýrra kosta, og þar þurfa allir sem vettlingi geta valdið að koma að málum. Ríki, sveitarfélög ásamt samtökum launþega og atvinnurekenda þurfa að taka saman höndum um að skapa íbúum á Suðurnesjum möguleika á mannsæmandi framtíð.

Ljóst er að tilkoma mennta- og fræðasetursins Keilis á gamla varnarsvæðinu hefur lyft Grettistaki hvað framhaldsmenntun á svæðinu varðar, og margir þeir sem áður hafa horfið frá námi hafa tekið upp þráðinn á nýjan leik. En menntun er lítils virði ef ekki er möguleiki á að nýta þá menntun sem fengin er. Úr því þarf að bæta.

Mörg undanfarin ár hefur samstarf sveitarfélaganna verið að því er virðist máttlaust er komið hefur að sköpun nýrra og fjölbreyttra atvinnutækifæra sem nauðsynleg eru eigi blómlegt samfélag að ná að þróast á svæðinu. Atvinnumálaskrifstofa er hér til að mynda engin, og lítil sem engin áhersla verið lögð á atvinnuþróun með heildarhagsmuni svæðisins og íbúanna að leiðarljósi. Þessu þarf að breyta.

Reykjanesið sem heild býr yfir fjölmörgum ónýttum og fjölbreyttum möguleikum. En til þess að nýta þá möguleika og tækifæri þarf forystu. Og það er hlutverk sveitarfélaganna og ríkisins að taka þá forystu sameiginlega. Láta hlutina gerast í stað þess að bíða efir því að þeir gerist.

Nýsköpun og eftirfylgni eru þau orð sem við íbúar á Suðurnesjum eigum að gera að kjörorðum okkar. Kortleggja þau tækifæri sem innan seilingar eru, og ráða til okkar færustu sérfræðinga til þess að gera þau að veruleika. Fjölbreyttur efnaiðnaður sem byggir á hitanum úr iðrum jarðar, ásamt ferðaiðnaði og sjávarútvegsiðnaði, eru þeir möguleikar sem nú þegar liggja fyrir fótum okkar sé rétt á spilunum haldið. Hver veit hvaða önnur tækifæri eiga eftir að opnast fyrir okkur.

Ljóst er að slík hugmynd sem viðruð er hér kemur til með að kosta. En jafnframt ljóst að verði rétt að henni staðið og af metnaði mun hún skila árangri og bættum lífskilyrðum íbúanna í formi fjölbreyttra atvinnutækifæra. Í þessu efni megum við ekki láta pólitískar þrætur hversdagsins rugla okkur sýn, heldur standa saman öll sem eitt. Við eigum að blása til sóknar á Suðurnesjum.

fullar búðir af nýjum vörum!




herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242




B&S
KONUR

B&S | Kringlunni 553 4141

FÓKUS

# Til varnar lífbreytileika Íslands

Alaskalúpína



Snorri Baldursson
Þjóðgarðsvörður Vatnajökulsþjóðgarði

Ýmsir ræktunarmenn hafa verið að agnúast út í áform umhverfisráðherra um að takmarka útbreiðslu alaskalúpínu. Þann 26. ágúst sl. birti Vilhjálmur Lúðvíksson grein í Fréttablaðinu undir heitinu Til varnar líffjölbreytni á Íslandi, I, þar sem ofangreind áform eru gagnrýnd á þeim forsendum að um sé að ræða hugmyndafræðilega rangtúlkun á alþjóðlegum samningi og einhverskonar aumingjagæsku gagnvart örfoka landi. Í máli Vilhjálms og annarra fulltrúa sambærilegra viðhorfa er „mörgu snúið á hvolf“ svo ég noti orð hans sjálfs.

Líffræðileg fjölbreytni er opinber þýðing á enska hugtakinu „biological diversity“. Á ensku er styttingin „biodiversity“ mikið notuð en hér á landi hefur skort sambærilegt þjált hugtak. Vilhjálmur notar orðið líffjölbreytni en mér finnst þá eðlilegra að nota orðið lífbreytileiki ef hugtakið er stytt á annað borð.

Lífbreytileiki er breytileiki á öllum skipulagsstigum lífsins frá sameindum og erfðavísum, stofnum og tegundum til samfélaga og vistkerfa, náttúrulegra og manngerðra. Hann er summa allra birtingarforma og starfsemi lífs á tilteknum stað og tíma og einnig breytileiki meðal lífsamfélaga ólíkra svæða. Breytileiki er bæði forsenda og afleiðing aðlögunar og þróunar og hann tryggir heilbrigða starfsemi lífríkisins til langs tíma litið.

Lífbreytileiki er vísindalegt hugtak sem varð algengt í þjóðfélagsumræðu eftir að Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni var samþykktur í Rio De Janeiro árið 1992. Í hugtakinu kristallast áhyggjur manna af rýrnun breytileika af öllu tagi; stofnar flestra tegunda dragast saman, fáar ágengar tegundir breiðast hratt út, landbúnaðaryrkjum fækkar, ræktunaraðferðir verða einsleitari, náttúrulegum vistkerfum er umbylt í þágu mannsins, o.s.frv. Öll þessi þróun stefnir í eina átt, að minnka breytileikann í lífheiminum og auka einsleitnina.

Lífríki Íslands er um margt sérstætt eins og lífríki eylenda eru að jafnaði. Það er mótað af ungum aldri, hnattstöðu, einangrun, búskaparháttum og óvenjumikilli eldvirkni. Það er meðal annars sérstætt fyrir þá sök að tegundaauðgi háplantna, hryggdýra og smádýra er fremur lítil miðað við stærð landsins og hnattstöðu, tegundaauðgi lágplantna (mosa og fléttna) er hlutfallslega mikil, lykiltegundir eru fáar en útbreiddar, séríslenskar tegundir sárafáar og stór svæði eru berangursleg, m.a. vegna langvarandi búfjárbeitar.

Það er óumdeilt að lífríki Íslands hefur breyst gífurlega frá landnámi. Jafnframt hefur lífbreytileiki landsins mældur í lífmagni rýrnað mikið vegna samdráttar í útbreiðslu uppskerumikilla gróðurlenda og tegunda, sem Vilhjálmur bendir á. Á móti kemur að önnur gróðurlendi svo sem ræktarlönd og beitarlönd, holt og móar hafa breiðst út. Þrátt fyrir gróðureyðinguna hafa aðeins örfáar tegundir dáið út í landinu; mér koma helst í hug geirfugl og keldusvín. Þvert á móti hefur plöntum og dýrum fjölgað umtalsvert frá landnámi, ekki síst á 20. öldinni þegar gróðureyðing var mikil.

Ég er þó sammála Vilhjálmi í því að þegar á heildina er litið hefur lífbreytileiki landsins rýrnað verulega frá landnámi. Ég er algerlega ósammála honum að flestu öðru leyti og margt í grein hans tel ég vera rangfærslur. Ég get þó rúmsins vegna aðeins drepið á nokkur atriði.

Ráðherra hyggst ekki uppræta alaskalúpínu í landinu því not hennar til landgræðslu verða áfram heimil; herferðin beinist fyrst og fremst að hálendissvæðum ofan 400 m og að verndarsvæðum.

Það er ekki rangtúlkun að líffræðileg fjölbreytni „nái yfir tiltekna stöðu lífríkis á hverjum stað“ eða að hér á landi sé „sérstök líffræðileg fjölbreytni sem þarf að vernda fyrir ágengum tegundum.“ Lífríki Íslands er sérstakt, sbr. ofanskráð, og það ber að vernda eftir föngum, ekki bara gegn ofbeit sauðfjár, eins og Vilhjálmur telur sjálfsagt, heldur gegn öllum ágengum lífverum og öðrum ógnum.

„Og nú er farið að berjast gegn viðleitni til að endurheimta hina löngu glötuðu gróðursæld og líframleiðslu,“ segir Vilhjálmur. Enginn mér vitanlega berst gegn endurheimt fyrri gróðursældar landsins. Það er aðeins deilt um aðferðir. Upprunaleg gróðursæld landsins verður ekki endurheimt með stórfelldri útbreiðslu lúpínu, skógarkerfils og stafafuru; slíkar aðferðir endurskapa gjörólíka gróðursæld. Á síðasta áratug hefur hin náttúrulega og fjölskrúðuga gróðursæld landsins komið æ betur í ljós með hlýnandi loftslagi og minnkandi beit. Þar þarf ekki lúpínu til.

Áfram heldur Vilhjálmur: „Sannleikurinn er sá að í samhengi við Ríó-sáttmálann um verndun líffjölbreytni er engri innlendri tegund bráð hætta búin [af ágengum tegundum].“ Hið „gífurlega líffræðilega umhverfisslys“, eins og Viljhálmur kallar gróðureyðingu hér á landi, hefur heldur ekki valdið útdauða tegunda svo vitað sé. Er þá fásinna að berjast gegn henni og reyna að koma á sjálfbærri landnýtingu með vísan í Ríó-sáttmálann? Nei, auðvitað ekki vegna þess að hugtakið lífbreytileiki spannar ekki bara tegundaauðgi, ekki bara frjósemi, ekki bara ýmsa þjónustu vistkerfa, heldur allt þetta og meira til og ekki síst sérkenni lífríkis á hverjum stað og tíma.

Því miður bendir grein Vilhjálms til djúpstæðs misskilnings á víðtækri merkingu hugtaksins „líffræðileg fjölbreytni“ og hugmyndafræði þess. Eða endurspegla skrif hans ef til vill djúpstæða löngun til að breyta landinu eftir eigin höfði – verkfræðingur í glímu við Guð?

> Ráðherra hyggst ekki uppræta alaskalúpínu í landinu því not hennar til landgræðslu verða áfram heimil; herferðin beinist fyrst og fremst að hálendissvæðum ofan 400 m og að verndarsvæðum.

## AF NETINU

### Jóhanna treystir stöðu sína en Össur veikist



Guðbjartur Hannesson reyndist Jóhönnu betri en enginn sem forseti Alþingis frá því í byrjun febrúar 2009 til þingkosninga 25. apríl, 2009. [...] Mér þótti mikið til Guðbjarts koma á forsetastóli þingsins. Nú er talað um, að hann sé að fikra sig upp í formannsstól Samfylkingarinnar í skjóli Jóhönnu. Össuri mislíkar það um leið og hann saknar Kristjáns, vinar síns, úr ríkisstjórninni.

Valdahlutföll hafa breyst innan Samfylkingar vegna ráðherraskiptanna. Armur Jóhönnu hefur treyst stöðu sína gagnvart Össuri.

[...]

Hafi Jóhanna styrkt stöðu sína innan Samfylkingar með uppstokkun ráðherra, hefur staða Steingríms J. veikst innan eigin flokks vegna breytinga í ráðherraliði. Hann hafði alla VG-ráðherra nema Jón Bjarnason á sínu bandi nú standa þeir Ögmundur og Jón saman innan ríkisstjórnarinnar og gegn Steingrími J. ef svo ber undir.

bjorn.is

Björn Bjarnason

### Geisp!



Annars er það helst að frétta að gáfaðasti maður í heimi segir að guð sé ekki til og eitthvað er hætt að vera lið í ríkisstjórn og eitthvað annað lið er komið í staðinn – geisp.

this.is/drgunni/gerast.html

Dr. Gunni


# Bentu á þann ...



## Tilnefningar óskast!

Hvatningarverðlaun ÖBÍ verða veitt 3. desember nk. þeim sem hafa stuðlað að jafnrétti, sjálfstæðu lífi fatlaðra og einu samfélagi fyrir alla.

**Verðlaun eru veitt í flokki:**

1. Einstaklinga
2. Fyrirtækja/stofnana
3. Umfjöllunar/kynninga

**Þekkir þú einhvern sem er verðugur verðlaunahafi?**

Sendu okkur tilnefningu fyrir 15. september nk. á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á www.obi.is.

ÖBÍ *Undirbúningsnefnd Hvatningarverðlauna ÖBÍ 2010*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


# Börn með ADHD

ADHD



Ingibjörg Karlsdóttir
félagsráðgjafi og framkvæmdastjóri ADHD samtakanna

Vegna umfjöllunar um notkun lyfja við ofvirkni í fjölmiðlum undanfarið verða hér settar fram fleiri hliðar á málinu m.a. frá sjónarhóli foreldra barna með ADHD.

**Um börn með ADHD**

ADHD er alþjóðleg skammstöfun fyrir athyglisbrest og ofvirkni. Orsakir athyglisbrests og ofvirkni eru líffræðilegar, þ.e. truflun taugaboðefna í miðtaugakerfinu og í heilanum. Alþjóðlega viðurkennd tíðni ADHD er um 5%. Hérlendis hefur Íslensk erfðagreining nýlega rannsakað arfgengi þessarar taugaröskunar og sýna niðurstöður allt að 7,5% tíðni hjá börnum og unglingum. Samkvæmt rannsókninni skýra erfðir 75-95% einkenna athyglisbrests og ofvirkni. Miðað við 7,5% tíðni þá glíma um 5000 börn á Íslandi við einkenni ADHD. Áætla má að í hverjum bekk í grunnskóla séu að meðaltali um 2 börn með ADHD.

Ekki eru öll börn sem greinast með ADHD ofvirk eða með hegðunarerfiðleika. Helstu einkenni ADHD eru athyglisbrestur, mikil hvatvísi og hreyfiofvirkni. Einkenni fela m.a. í sér einbeitingarskort, skert vinnsluminni, skort á sjálfsstjórn, truflun á virkni til athafna og forgangsröðun verkefna, skipulagsleysi, frestunaráráttu og svefntruflanir virðast algengar. Hjá sumum er athyglisbresturinn ráðandi, jafnvel getur verið um að ræða vanvirkni og barnið virðist vera út á þekju. Ýmsir fylgikvillar fylgja ADHD svo sem námserfiðleikar, kvíði, árátta/þráhyggja og þunglyndi. Léleg sjálfsmynd er ekki óalgeng afleiðing þess að vera með ADHD. Einkennin hafa m.a. áhrif á námsgetu, samskiptafærni og getu til að lesa í aðstæður. Félagsleg einangrun og vanlíðan sem því fylgir er algeng meðal barna og unglinga með ADHD. Einkennin geta verið mjög mismunandi eða allt frá því að vera vægur námsvandi til þess að flokkast sem geðtruflun og allt þar í milli. Um 70% barnanna glíma áfram við ADHD á fullorðinsaldri.

Börn og unglingar með ADHD eða athyglisbrest með ofvirkni geta haft mjög truflandi áhrif á umhverfi sitt og því hefur athyglin beinst meira að þeim heldur en að þeim börnum sem greinast með ADD (athyglisbrestur ráðandi einkenni án ofvirkni). Vandi þeirra síðarnefndu er ekki minni þó svo hann sé ekki eins sýnilegur. Bent skal á að mörg börn með ADHD eða ADD uppfylla greiningarviðmið um kvíðaröskun. Þau hafa ekki sömu forsendur og önnur börn til að uppfylla væntingar og kröfur umhverfisins miðað við þroska og aldur og fá þar af leiðandi margfaldan skammt af neikvæðum skilaboðum frá umhverfinu bæði í skóla og á heimili. Sjálfsmynd barnsins getur því borið skaða af ef ekki er næg þekking á ADHD/ADD og orsökum og afleiðingum þess í nánasta umhverfi barnsins.

**Lyfjagjöf við ADHD**

Ein meðferðarleið við ADHD sem hefur skilað afgerandi bestum árangri samkvæmt niðurstöðum fjölda rannsókna er lyfjameðferð samkvæmt því sem fram kemur hjá helstu sérfræðingum í ADHD hérlendis á Barna- og unglingageðdeild og Þroska- og hegðunarstöð heilsugæslunnar. Ástæða er til að undirstrika að leggja þarf metnað í fagleg vinnubrögð við greiningu ADHD til að fyrirbyggja ofgreiningu og ennfremur mætti sjálfsagt draga úr lyfjanotkun við ADHD ef önnur meðferð og ráðgjöf vegna ADHD væri markvissari og aðgengilegri. Engu að síður verður alltaf stór hópur barna með ADHD sem ekki getur stundað nám eða nýtt sér aðra þjónustu og úrræði öðru vísi en með hjálp lyfja. Það er hverju foreldri ofviða að horfa uppá barnið sitt fara halloka bæði námslega og félagslega og því fer sem fer að foreldrar eru tilbúnir að fara að læknisráði og gefa barninu sínu lyf við líffræðilegri röskun á taugaboðefnum nefnt ADHD svo því geti liðið betur, tekið framförum í námi og eignast vini eins og önnur börn. Samkvæmt Ólafi Ó. Guðmundssyni yfirlækni á BUGL sýna rannsóknir með afgerandi hætti að börn með ADHD sem fá lyfjameðferð leiðast síður út í vímuefnamisnotkun þar sem þau standa betur að vígi námslega og félagslega. Grein eftir Ólaf um ADHD og lyfjanotkun birtist í fréttabréfi ADHD samtakanna 3. tbl. 2009 sem komið er á vefsíðu samtakanna www.adhd.is

**ADHD vitundarvika**

Framundan dagana 20.–24. september hefur verið boðað til ADHD vitundarviku hjá flestum stofnunum sem þjónusta börn og unglinga. Þá gefst öllum kjörið tækifæri til að auka umræðu og fræðslu um ADHD í leik og starfi og ekki síst í fjölmiðlum, með jákvæðum hætti að sjálfsögðu. Einn ágætur skólastjóri í Reykjavík heldur því fram að við séum öll með sérþarfir af mismunandi toga. Við þurfum að læra að viðurkenna sérþarfir barnanna af hvaða toga sem er hvort sem þær birtast í formi námserfiðleika, hegðunar, kvíða, langvarandi veikinda, þroskahömlunar eða líkamlegrar fötlunar. Börn með ADHD hafa verið kölluð óþekku börnin, óhreinu börnin hennar Evu og olnbogabörnin í íslensku samfélagi. Ljóst er að börnum með ADHD fer ekki fækkandi, þau eru komin til að vera og við þurfum að sjá þau fyrst og fremst sem börn með sömu þarfir og önnur börn fyrir viðurkenningu, ást og umhyggju.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is



# Alicante með VITA!

Flugsæti, verð frá

**63.900 kr.**

Vikulegt flug frá 14.apríl út sept. 2011.

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallaskattar.

## Beint flug með Icelandair

### Beint flug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 51384 09/10

AF NETINU

## Sérstaðan fundin



Í dag, á Útvarpi Sögu, heyrði ég formann Heimssýnar útskýra sérstöðu Íslands. Hann minntist á auðlindirnar og hann sagði að við værum rík þjóð. Ég sé ekki sérstöðuna í því, enda margar þjóðir ríkar og búa að meiri auðlindum en við. Svo nefndi hann legu landsins. Í henni er meðal annars sérstaða Íslands fólgin, segir heimssýnarfólk. Þetta er alveg rétt hjá þeim, enda eru engin tvö lönd á sama stað. Það myndi horfa til mikilla vandræða ef svo væri.

bjorgvin.eyjan.is

Björgvin Valur Guðmundsson

## Úlfar í sauðargæru



Það hefur mikið verið skrifað um öfgahægrimenn og nýfrjálshyggju í uppgjöri efnahagshruns heimsins. En minna hefur farið fyrir umræðum um þá sem mesta ábyrgð bera. Þeim sem gáfu sig út fyrir að vilja jöfnuð og félagslegt réttlæti, en gáfu öll prinsipp upp á bátinn í vinsældakapphlaupi þegar peningar flæddu um allt. [...]

Tveir flokkar á Íslandi verða að gjöra svo vel og gera upp sýna fortíð, þar sem þeir gáfu sig út fyrir að vera annað en þeir voru. Samfylking og Framsóknarflokkur. Sama hvað segja má um Sjálfstæðisflokkinn vissum við í það minnsta nokkurn veginn hvar við höfðum hann. Héðan í frá er mikilvægara en nokkuð annað í íslenskum stjórnmálum að menn gefi sig ekki út fyrir að vera öðruvísi en þeir eru.

pressan.is

Sölvi Tryggvason

# Hvers vegna sagði ég mig ekki úr þjóðkirkjunni?

Þjóðkirkjan



**Arnaldur Máni Finnsson**

í stjórn Fisksins, félags guðfræði- og trúarbragðafræðinema við Háskóla Íslands.

Nú eru hin ógurlegu mánaðamót liðin sem gera Hagstofunni kleift að taka saman fórnarkostnað þjóðkirkjunnar vegna úrsagna ágústmánaðar. Fórnarkostnað segi ég því hér er fyrst og fremst um mótmælaaðgerðir að ræða vegna þess hversu seint og klaufalega hún hefur tekið á þeim málum sem upp hafa komið. Sjálfur hef ég, óbreyttur guðfræðinemi, vitað af vitnisburði Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur um árabil, enda hefur hann ekki farið leynt sökum starfs hennar innan og í kynningu á Blátt áfram-samtökunum. Auk þess hafa vitnisburðir þeirra kvenna sem nú hafa stigið fram öðru sinni verið í hámæli og aðrar konur loksins þorað að stíga fram í fjölmiðlum. Þeim ber að þakka einlægni þeirra og trúnað.

Það er ekki hægt að segja annað um kirkjuna mína í dag en að svo hafi verið horft til himins að lappirnar sukku í svaðið. Prestar þjóðkirkjunnar tala sjálfir um „hrun“ og eru þá væntanlega að vísa til siðferðislega sviðsins og sjálfsmyndarinnar. Hagstofan mun mæla hið efnislega fall. Réttilega hefur verið bent á að fólk er auðvitað fyrst og fremst að segja sig úr sinni sókn og réttindin sem tapast eru engin önnur en þáttökuréttur í safnaðarstarfinu. En lýðræðisleg og heilbrigð þjóðkirkja þarf einmitt á fólki með réttlætiskennd og sannfæringu að halda til þess að lýðræðislegt safnaðarstarf geti þrifist í kirkjum landsins, rétt eins og heilbrigt þjóðfélag. Ef við gætum ekki lýst vanþóknun okkar á störfum Alþingis á annan hátt en þann að skrá okkur úr þjóðfélaginu, þá væri heldur en ekki brotalöm á. Í þessu samhengi má spyrja sig hvort þjóðkirkjan sé stofnun eins og þjóðfélagið? Eða er hún „bara trúfélag“? Fyrir mér er hún meira en biskupar hennar og kenningarlegur grundvöllur, eins og ég held flestum sem henni tilheyra. Menningarlegar rætur hennar og möguleikar hennar til að tilheyra fólkinu í landinu er það sem skiptir mig mestu þegar upplýsta ákvörðun á að taka um þátttökuna í henni.

Um leið og áföll dynja yfir stjórnsýslu kirkjunnar hafa talsmenn þess að ríki og kirkja verði aðskilin enn frekar sætt lagi og blása lífi í aðskilnaðarmálið. Það er hvorki óeðlilegt né hættulegt að upplýst umræða fari fram um þau mál, enda stjórnlagaþing á næsta leiti. En þá er líka hlutverk fjölmiðla að sjá til þess að umræðan sé upplýst.

Ríkisvaldið hér á landi ber ekki minni ábyrgð á því hvernig stofnun hún skilar af sér þegar af aðskilnaðinum verður heldur en það norska, þar sem þetta ferli er hafið að nokkru með umtalsverðum kostnaði sem felur í sér kirkjulegar lýðræðisumbætur. Þær fela meðal annars í sér umsvifamikla kosningu til kirkjuþings sem fer fram samhliða sveitarstjórnarkosningum. Það má spyrja sig hversu langt við getum gengið í þeim efnum, en núverandi kerfi er meingallað og felur í sér hættuna á áfallaflótta eins og við fáumst við í dag.

Þarf ekki þjóðkirkjan að taka af skarið og leyfa þjóðinni jafnvel bara að kjósa biskupinn sjálfan í almennri kosningu? Eða má kirkjan ekki vera pólitísk? Alls staðar þar sem ríki og kirkja eru aðskilin eru kristnir stjórnmálaflokkar stór þrýstihópur. Viljum við frekar þannig menningarlega kirkjupólitík?

Það sem ég á við er að sem þjóð getum við ekki afhent menningararf okkar „einhverju trúfélagi“ sem kemur okkur ekki við, öll þau merkilegu hús sem einkenna umhverfið, en ég tek sem dæmi Hallgrímskirkju, Akureyrarkirkju og Dómkirkjurnar Í Reykjavík, Skálholti og á Hólum. Ég spyr hvort eigi að afhenda helstu kennileiti hvers einasta bæjarfélags á landinu, þeim sem eru tilbúnir til að fara að braska með það á frjálsum markaði trúarlífsins? Nei, segi ég. Og nú hefur Alþingi komið saman á ný – en hafi ég ekki möguleikann á því að hafa áhrif í gegnum almennan kosningarétt minn til þess að sanngirni sé gætt í þessum málum, þá hlýt ég þó að mega krefjast þess af kjörnum fulltrúum á Alþingi að þeir komi fram með upplýsta orðræðu um hvernig sé réttlátast fyrir þá sem tilheyra trúfélaginu, að skilið sé frekar á milli ríkis og kirkju en þegar er orðið.

> Þarf ekki þjóðkirkjan að taka af skarið og leyfa þjóðinni jafnvel bara að kjósa biskupinn sjálfan í almennri kosningu? Eða má kirkjan ekki vera pólitísk?

Þeim sem tilheyra þjóðkirkjunni ekki þykir sérstaða hennar ósanngjörn og kalla eftir jöfnuði. Þeim er ég sammála, en jöfnuðurinn felst ekki í því einu að taka af þjóðkirkjunni fríðindi heldur á að auka framlög til lífskoðunarfélaga og jafna aðgang að sjóðum sem eru merktir tilveru trúarbragðanna í landinu. Mér blöskra vinnubrögð og tækifærismennska stjórnmálamanna eins og Árna Þórs Sigurðssonar í síðustu viku.

Að lokum vil ég þakka þeim konum sem hafa knúið á og krafið kirkjuna mína um endurskoða gildi sín. Fyrir hönd félags guðfræði- og trúarbragðafræðinema vil ég einnig þakka Rannsóknarstofu í kynjafræðum og Guðfræðistofnun fyrir þau skjótu viðbrögð sem sýnd hafa verið með hádegisfyrirlestraröð sinni. Nauðsynlegt er að háskólasamfélagið sé lifandi og gagnvirk stofnun sem tekur þátt í þjóðfélagsumræðunni. Og eins er með kirkjuna. Ég sagði mig ekki úr þjóðkirkjunni svo þar gæti ég starfað að því að hún sé lýðræðisleg og opin menningarstofnun í þjóðfélaginu miðju.



# Samninganefndirnar sitja beggja vegna borðsins

Kjaramál

Bjarki Steingrímsson
stjórnarmaður og fyrrverandi varaformaður VR



Í hvaða stöðu er almenningur kominn þegar samninganefndir launamanna, aðilar vinnumarkaðarins, eru ófærar að semja um betri kjör fyrir launþega vegna beinna tengsla við fyrirtækin í landinu?

Stjórnarmenn lífeyrissjóðanna sem skipta með sér stjórnarsætum í Framtakssjóði Íslands, fjárfestingarsjóði sem hafði það að markmiði að standa að fjárfestingum sem efla átti undirstöður þjóðfélagsins og sporna við avinnuleysi. Fjármagna mannhaldsfrek verkefni og taka þátt í endurreisn og uppbyggingu Íslands.

Lífeyrissjóðirnir lögðu sjóðnum til 30 milljarða króna svo hefjast mætti handa. Í dag hefur sjóðurinn fjárfest fyrir 22,5 milljarða króna. Þrír milljarðar króna fóru í að kaupa tæplega þriðjungshlut í Icelandair og 19,5 milljarðar fóru í kaup á Vestia fjárfestingarfélag (áður í eigu Landsbankans). En Vestia fer með eignarhald í ýmsum stórum félögum s.s: Icelandic group (áður nefnt Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna), Teymi (móðurfélagi Vodafone og EJS), Plastprents og Húsasmiðjunnar.

Áður en kom að stofnun Framtakssjóðs Íslands, skulduðu fyrirtækin í landinu lífeyrissjóðunum tugþúsundir milljóna króna vegna skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna í fyrirtækjum landsins.

**Annarleg staða fyrir launafólk**

Nú þegar styttist í gerð kjarasamninga, má búast við að staðan verði heldur annarleg við að etja hjá okkur launafólki. Samninganefndir Samtaka atvinnulífsins, ASÍ og verkalýðsfélaganna eins og VR eiga nú að komast að samkomulagi um kjör okkar í nánustu framtíð.

Er nema von að sett sé spurningarmerki við það, hvort aðilar vinnumarkaðarins séu raunverulega að fara að semja um raunverulegar kjarabætur okkur til handa þegar þeir sitja allir við sama borð?

Viðsemjendurnir, Samtök atvinnulífsins og verkalýðsfélögin, skipta með sér öllum sætum í stjórnum lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðirnir búa til Framtakssjóð Íslands og saman eiga þessir sjóðir sem eru í eigu okkar almennings mörg af stærstu fyrirtækjunum í landinu. Fyrirtækjum sem skulda okkur tugi þúsundir milljóna króna og ávaxta eiga kaupverð okkar í þeim með vöxtum svo mögulegt verði að greiða okkur ellilífeyri nú og um komandi áratugi.

Við hvern á að semja? Er Gylfi Arnbjörnsson að fara að semja við Vilhjálm Egilsson um að launakostnaður fyrirtækja sem eru í eigu lífeyrissjóðanna eigi að greiða okkur hærri laun á sama tíma og þau eiga að greiða okkur til baka skuldir sínar? Hvernig eiga þessir ágætu menn sem báðir sitja í stjórnum lífeyrissjóða, sem hafa fjárfest gífurlega í þessum fyrirtækjum sem um ræðir, að semja svo um betri kjör fyrir okkur, hinn almenna launþega? Hvernig geta þeir gert fyrirtækjum sem eru í okkar eigu að hækka kostnað svo greiða megi okkur hærri laun? Þeir geta það ekki. En fjölskyldur landsins geta ómögulega klofið allar þær miklu hækkanir sem hafa dunið á okkur undanförnum misserum.

**SA úr stjórnum lífeyrissjóðanna**

Þessi staða getur aldrei gengið upp. Samninganefndir okkar launafólks geta aldrei verið svo tengdar viðsemjanda sínum eins og nú blasir við. Hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá verða samninganefndir Samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar að hefjast handa nú þegar og semja um brotthvarf Samtaka atvinnulífsins úr stjórnum lífeyrissjóðanna. Stjórnendur lífeyrissjóðanna verða nú þegar að axla þá ábyrgð sem á þeim hvílir og taka hlutverk sitt alvarlega. Almenningur sem ekki er á sömu ofurkjörum og þeir sem fara með peningana okkar, verða að geta treyst því, að sjóðurinn okkar standi þegar fram líða stundir. Skertar greiðslur, hækkun aldurs lífeyristöku og eða skerðing á inngreiðslum okkar, líðum við ekki hjá þessum ágætu mönnum. Lífeyrissjóðirnir okkar eru ekki áhættufjárfestar.

Sömu aðilar geta ekki setið beggja megin við borðið. Því ber að við skiljum á milli nú þegar. Almenningur á rétt á því að samið sé um kjör launafólks af heilindum og sanngirni.

# Ákall til tveggja ráðherra

Tannheilsa

Elísabet Kjerúlf
formaður Félags íslenskra tannfræðinga



Heilbrigðisráðherra, Guðbjartur Hannesson. Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir:

Kæru ráðherrar

Félag íslenskra tannfræðinga hélt upp á 25 ára afmæli sitt í ágúst sl.

Upphaf tannfræðinganáms á Norðurlöndum má rekja til Danmerkur árið 1972, þegar Danir sögðu þeim bræðrum,Karíusi og Baktusi, stríð á hendur.

Miklar tannskemmdir voru hjá Dönum, börnum og fullorðnum. Tannholdssjúkdómar voru lítt meðhöndlaðir. Danir sáu að ekki var við unað. Þeir komu á fót námi fyrir nýja heilbrigðisstétt sem nefnist tannfræðingur. – Tandplejer.

En í hverju skyldu störf tannfræðinga vera fólgin? Tannfræðingar eru menntaðir í tannvernd. Þeir skoða tennur og tannhold og færa sjúkraskrá. Þeir taka röntgenmyndir og flúormeðhöndla tennur. Tannfræðingar sinna reglulegu eftirliti, hreinsa tennur, fjarlægja tannstein, meðhöndla tannholdsbólgur, gefa leiðbeiningar í réttri munnhirðu og ráðleggja um mataræði. Tannfræðingar semja kennsluefni og sjá um fræðslu í skólum, sjúkrastofnunum og dvalarheimilum.

Það kom fljótlega í ljós eftir að danskir tannfræðingar fóru að streyma út á vinnumarkaðinn, út í grunnskólana, á aðrar stofnanir og á stofur sjálfstætt starfandi tannlækna, að það hafði verið snilldarráð að stofna hina nýju heilbrigðisstétt. Markvisst fræðslustarf tannfræðinga í skólum, stofnunum og á tannlæknastofum leiddi til þess að tíðni tannskemmda minnkaði til muna og nú búa Danir við eina bestu tannheilsu þjóða auk Norðmanna, Svía og Finna, sem fetuðu fljótt í spor Dana.

Því miður tilheyra Íslendingar ekki þessum hópi. Það er ljóst að við erum eftirbátar grannþjóða okkar hvað varðar menntun tannfræðinga. Nám fyrir tannfræðinga þarf að hefjast sem fyrst á Íslandi og er undirbúningur hafinn.

Kæru ráðherrar. Ég veit að íslenska ríkið hefur ekki mikil fjárráð þessa dagana og sumum kann að finnast þetta hjal mitt smágárur í hinum mikla ólgusjó sem þjóðin siglir nú. En það er ekki nokkur vafi á því, að til lengri tíma litið, mun kostnaðurinn sem verður við stofnun tannfræðinganáms skila sér margfalt til baka í minni útgjöldum bæði ríkisins og einstaklinga. Bætt tannheilsa og vellíðan íslensku þjóðarinnar er markmiðið. Því er því ósk mín að þið sem æðstu yfirmenn heilbrigðis- og menntamála veitið þessu námi brautargengi.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 51232 09/10

***Nýr*** innlánsreikningur

***Skammtímabinding*** er óverðtryggður innlánsreikningur og spennandi nýjung fyrir þá sem vilja binda fé sitt í stuttan tíma.

- Binditími er ákveðinn við stofnun reiknings: 3, 6, 9 eða 12 mánuðir.
- Lágmarksinnlegg er 500 þúsund krónur og innstæðan er bundin út binditímann.
- *Nýjung:* Vextir eru **fastir** allan binditímann.
- Að loknum binditímanum greiðist höfuðstóllinn út ásamt vöxtum.

Viðskiptavinir sem opna *Skammtímabindingu* fyrir **21. september** fá **5,01%** vexti, hvort sem þeir velja 3, 6, 9, eða 12 mánaða binditíma.

Kynntu þér kosti **Skammtímabindingar** á **arionbanki.is**, hringdu í síma **444 7000** eða komdu við í næsta útibúi okkar og kynntu þér fjölbreytt úrval innlánsreikninga.

Arion banki


ÚTSALA
ALLT AÐ 70%
1.990,-
2.990,-
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
Sparaðu 1.000,-
Jotun Treolje 3 ltr.
7049123
ÖLL VIÐARVÖRN
ÖLL ÚTIMÁLNING
25%
AFSLÁTTUR
2.395,-
3.695,-
HÚSASMIÐJAN
ÚTI
MÁLNING
Útimálning 3ltr.
7207020
ÖLL LJÓS
20-50%
AFSLÁTTUR
SLÁTTUVÉLAR
30%
AFSLÁTTUR
BLACK& DECKER
Sláttuvél
Sláttuvél GR 3400
Black & Decker
5085134
20.990,-
29.989,-
SKJÓLGIRÐINGAR
TRÖPPUKJÁLKAR
& BLÓMAKASSAR
25%
AFSLÁTTUR
ÖLL WORX,
BLACK & DECKER
OG POWERLINE
VERKFÆRI
20%
AFSLÁTTUR
Borvél
14.4V Power Plus
5245309
Tvær rafhlöður
3.995,-
4.995,-
4.495,-
5.995,-
Áltrappa
4 þrep
5079090
1.599,-
2.499,-
Tangarsett
Toolux
4 stk
5052765
HANDVERKFÆRI
25-35%
AFSLÁTTUR
1.995,-
2.995,-
Innimálning
3 ltr. gljástig 10
7119960
INNI
MÁLNING
HÚSASMIÐJAN
1.-20. september 2010
ÚTSALA ÁRSINS!
ÖLL LJÓS 20-50% AFSLÁTTUR
4.990,-
1.695
Útsölublaðið er komið út!
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# ÁRSINS!

# AFSLÁTTUR

RAFTÆKI
15-50%
AFSLÁTTUR

64.900,-
~~84.900,-~~

197 ltr. orkunýting A+

5 ára ábyrgð

69.900,-
~~85.900,-~~

Frigor

**Frystiskápur**
Orkunýting A
142x58x55 cm
165 ltr.
6 skúffur
1805493

5 ára ábyrgð

## RÝMINGAR SALA FLÍSAR
aðeins 4 verð

**VERÐFLOKKUR 1**
**990** kr/m²
Veggflís
Negro Azarbache,
23,5x33 sm
8613060

**VERÐFLOKKUR 2**
**1.990** kr/m²
Veggflís
Berlin Beige,
33x60 sm
8613079

**VERÐFLOKKUR 3**
**2.990** kr/m²
Veggflís
Magma Blanco,
33x33 sm
8610356
frostþolnar á svalirnar

**VERÐFLOKKUR 4**
**3.990** kr/m²
Veggflís
Ethic Brown,
45x45 sm
8630025
frostþolnar, gegnheilar
hornréttar, hágæðaflísar

3.699,-
~~5.999,-~~

**Matarstell**
Fyrir 4, 20 hlutir.
2009241

ÖLL
BÚSÁHÖLD
20-50%
AFSLÁTTUR

1.999,-
~~5.999,-~~

**Flíspeysur dömu og herra**
Micro.
5863739/5863752

4.990,-
~~8.995,-~~

Handlaug
Cersanit Eco E40
8077605

7.900,-
~~10.999,-~~

Eldhúsvaskur
860x435mm
8032530

HÚSASMIÐJAN

# Skrautstofnanir góðærisins víki

**Guðbjarti Hannessyni** hefur verið hælt fyrir dugnað í störfum sínum sem formaður fjárlaganefndar. Skagamaðurinn hefur nú tekið við heilbrigðis-, félags- og tryggingamálum í því sem um áramót verður langstærsta ráðuneyti landsins – ráðuneyti velferðarmála. Fram undan er sársaukafullur niðurskurður. ***Stígur Helgason*** hitti Guðbjart í heilbrigðisráðuneytinu á öðrum starfsdegi.

*Sex manns hafa gegnt embætti heilbrigðisráðherra á tæpum fimm árum og sjö embætti félagsmálaráðherra. Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur mat það svo í fjölmiðlum að menn þyrftu minnst eitt til tvö ár til að öðlast almennilega yfirsýn yfir þessa málaflokka. Er ekki beinlínis verið að hamla því að árangur náist með svona örum breytingum?*

„Nei, ég held að ef þú nýtir það fólk sem er í ráðuneytunum, sem hefur gríðarlega fagþekkingu, þá sé hægt að gera heilmikið á stuttum tíma ef menn eru ekki í því sem ég kalla minnisvarðapólitík og ætla að reyna að umbylta öllu áður en þeir hætta. Ef þú hefur langtímamarkmið og vinnur eftir þeim þá á þetta ekki að vera ómögulegt. En ég held að það sé óhætt að mæla með því að menn séu lengur en örfáa mánuði í embætti, nema þeir hafi eitthvert mjög afmarkað verkefni. Þannig að svarið er í raun já og nei. Það er hægt að vinna ágætlega úr þessu en almennt séð er þetta ekki æskilegt.“

*Vonarðu sem sagt sjálfur að þú verðir lengur í þessu embætti en forverar þínir?*

„Nú ræð ég því ekki. Ég kem ekki inn í ráðuneytið til að umbylta öðru en því sem er búið að ákveða. Ég þekki verkefnin í sambandi við fjárlögin, af því að ég kem nú úr fjárlaganefndinni, og stóra verkefnið er auðvitað sameining þessara ráðuneyta, þannig að ég einbeiti mér að þeim brýnu langtímaverkefnum og nýti mér síðan að það er fullt af góðu fólki sem getur haldið daglegum hlutum í gangi.“

> ”
>
> Það þýðir ekki að segja að þjónustan verði að vera til staðar ef við ráðum ekki við að borga hana.

*Er ekki fyrirséð að starfsfólki í þessum tveimur ráðuneytum muni fækka eitthvað við sameininguna?*

„Það verður að koma í ljós. Fyrst þarf að fara vel yfir hvaða hlutverk þessi ráðuneyti hafa, hvar þau skarast, skoða stofnanir undir ráðuneytunum sem hugsanlega þurfa ekki að vera þar og hvernig við sinnum þessum meginmarkmiðum. Oft eru félagsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið að sinna sömu verkefnunum, bara út frá ólíkum sjónarmiðum, og þegar menn fara yfir þetta þá kemur í ljós hversu öflugan hóp við þurfum. En til lengri tíma verður auðvitað fækkun, það er alveg klárt.“

*Nú verður þetta sameinaða ráðuneytinu risavaxið. Þú munt í því hafa umsjón með um helmingi ríkisútgjalda að frátöldum vaxtagjöldum. Þú ert fyrrverandi skólastjóri, þú hefur stýrt sáttanefnd um fiskveiðistjórnunarkerfið, en hver er bakgrunnur Guðbjarts Hannessonar í heilbrigðis-, félags- og tryggingamálum sem gerir honum kleift að höndla þessi verkefni?*

„Af því að þú nefnir skólastjórnina þá var ég nú líka í bæjarpólitík í tólf ár og vann töluvert mikið með fötluðum á Vesturlandi þannig að ég þekki ágætlega til þess. Í gegnum fjárlaganefndina og í mínu heimaumhverfi hef ég líka unnið heilmikið með heilbrigðismál. Ég á bæði dóttur sem er læknir og konu sem er iðjuþjálfi, þannig að þar er mikið rætt um heilbrigðismál. En stjórnun byggist ekki endilega á því að hafa þekkingu á öllum málaflokkum, heldur meira að velja úr þekkingu annarra, leggja mat á hana og taka afstöðu og þar er ég orðinn býsna vanur.“

### Ekki flatur niðurskurður

*Það stefnir í að hið opinbera þurfi að skera niður um 30 milljarða eða svo á næsta ári og stór hluti af því mun væntanlega lenda á þér og þínum ráðuneytum. Er hægt að skera meira niður í þínum málaflokkum án þess að það bitni frekar en orðið er á þjónustu við þá sem síst mega við því?*

„Í fjárlaganefnd höfum við sett okkur markmið um að því fyrr sem við getum aðlagað okkur því fyrr getum við breytt vöxtum í velferð, eins og ég kalla það. Við erum að borga allt upp í hundrað milljarða í vexti á ári og það er gríðarlega sársaukafullt. Við verðum að ná þessu niður og það er markmiðið á næsta ári. Við höfum farið betur út úr þessu en við reiknuðum með og þurft að skera minna niður. En hérna hjá mér eru mjög sársaukafullir málaflokkar eins og málefni öryrkja og fatlaðra. Við erum líka með atvinnuleysismálin, sem eru miklir blóðpeningar. Svo eru sjúklingar og aðrir sem eiga undir högg að sækja í einhverju tilliti. Það hefur verið alveg klár forgangur að reyna að verja þessa hópa fremur öðrum en það munu allir finna fyrir þessu, því miður. Það er bara þannig. Ég hef fundið fyrir miklum skilningi í samfélaginu á því að við þurfum að fara í gegnum þetta. Traustið verður síðan að byggja á því að þetta gangi að einhverju leyti til baka þegar við erum búin að skipuleggja okkur að nýju.“

*En hvar sérðu tækifæri til niðurskurðar? Þú hlýtur að hafa ágæta mynd af því, hafandi verið formaður fjárlaganefndar í hálft annað ár.*

„Það er auðvitað búið að vinna að tillögum þar um. Það er of snemmt að segja nokkuð frá þeim en það er hins vegar ákveðið að annað árið í röð skuli þessum málaflokkum sem ég ræddi um áðan hlíft umfram aðra. Sjálft ráðuneytið og yfirstjórnin sætir svo aftur á móti níu prósenta skerðingu, á meðan heilbrigðismálin sjálf og félagsmálin verða aðeins skert um fimm prósent.“

*Nú þýðir til dæmis fimm prósenta niðurskurður tveggja milljarða skerðingu til viðbótar á Landspítalanum, ofan á 6,6 milljarða síðustu þrjú ár. Hæstráðendur á spítalanum eru sammála um að svo mikið verði ekki skorið niður án þess að leggja niður heilu deildirnar eða hætta að veita þjónustu sem hingað til hefur þótt sjálfsögð á Íslandi. Hvar finnst þér að það ætti að bera niður? Hvað er það í íslensku heilbrigðiskerfi sem má hreinlega fórna?*

„Ég ætla ekki að segja mikið um það akkúrat á þessu stigi. Mér finnst það vera of snemmt og fagfólkið getur frekar sagt mér það. En þessum niðurskurði verður ekki jafnt deilt á allar stofnanir. Þetta verður ekki flatur niðurskurður. Menn munu kannski reyna að leggja niður einhverja þjónustu, en það þarf ekki að vera heil deild á Landspítalanum. Það getur verið eitthvað annað. Aðalatriðið er að hafa skýra sýn til lengri tíma þannig að það sé ekki verið að skemma neitt sem á svo að endurreisa heldur að við viðurkennum hvað við ráðum við og hvað ekki. Það þýðir ekki að segja að þjónustan verði að vera til staðar ef við ráðum ekki við að borga hana.“

### Fólk geti ekki keypt sig fram fyrir

*Tölum aðeins um tannlæknaþjónustu. Hvaða rök finnst þér standa til þess að hún falli ekki undir almannatryggingakerfið? Er ekki svolítið sérstakt að munnhol fólks sé aðgreint frá öðrum hlutum líkamans með þessum hætti?*



**BITNAR Á ÖLLUM** „Það hefur verið alveg klár forgangur að reyna að verja þessa hópa fremur öðrum en það munu allir finna fyrir þessu, því miður.“
FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

„Ég hef nú tekið þátt í því í kosningum að fara fram með þá stefnu að hjá börnum og öðrum aldurshópum verði litið á þetta með sama hætti og hver önnur veikindi. Það þarf að fara vel yfir hverju við höfum efni á og hvaða möguleika við höfum í þessum efnum. Það ræðst líka af því hvernig umhverfið er í kringum þjónustuna, hversu dýr hún er og hvort sá möguleiki sé fyrir hendi að hún sé takmörkuð að einhverju leyti en lágmarksþjónustan tryggð þannig að allir fái umhirðu um tennur og eftirlit. Þetta er eitt af því sem ég þarf að skoða, þótt ég geti ekki lofað að það breytist akkúrat á næsta ári.“

*Hver er afstaða þín til einkarekinnar heilbrigðisþjónustu – til dæmis þeirrar sem byrjað er að undirbúa á Suðurnesjum?*

„Það er mjög mikilvægt að þjónusta sé ekki veitt á tveimur stöðum þannig að menn geti keypt sig fram fyrir í röðinni. Við þurfum að tryggja að hið opinbera beri ábyrgð á því að hér fái almenningur góða heilbrigðisþjónustu. Á Reykjanesi hefur hugmyndin verið að sinna aðeins þeim sem sérstaklega koma hingað og kaupa sér þjónustu. Það hefur réttilega verið bent á að þá þarf að vera á hreinu að hve miklu leyti íslenska heilbrigðiskerfið er þar á bak við ef einhver mistök verða. Fyrirfram hef ég enga fordóma gagnvart því að við nýtum okkur íslenska sérþekkingu til að þjónusta einhverja aðra, en það þarf að gera það af gætni og varkárni. En við skulum sjá hvað er í boði áður en ég fer að taka afstöðu.“

### Hefur mikla trú á umboðsmanni

*Embætti umboðsmanns skuldara heyrir núna undir þig. Það fór heldur brösuglega af stað. Hefurðu trú á að stofnun þess embættis dugi til að koma til móts við þá sem fóru hvað verst út úr bankahruninu?*

„Ég sat í félags- og tryggingamálanefnd þegar það var verið að fara yfir þessi frumvörp, breyta þeim og raunar endursemja þau að hluta og hef gríðarlega miklar væntingar til umboðsmannsembættisins. Ég veit að það er mikill hugur í fólki þar að láta þetta virka. Það er augljóst að það eru margir sem glíma við slíka erfiðleika að þeir verða með einhverjum hætti að byrja upp á nýtt. Það eru engin ný sannindi. Ég held þó að það verði hægt ná til mjög stórs hóps og hjálpa honum út úr þessu. Hingað til hefur því verið lofað – og ég held að menn standi við það – að ef það dugir ekki verði menn að gera meira.

Nú vitum við ekki hvað kemur út úr þessum gengistryggðu lánum og það er líka verið að fara af stað með dómsmál um verðtrygginguna þannig að það á heilmikið eftir að gerast sem gæti svarað því betur hversu stórt verkefnið verður. En það verður lagður mikill peningur og kraftur í að þetta virki. Það hefur komið mér að óvart að umsóknir eru ekki orðnar mjög margar enn. Það er eins og fólk haldi að sér höndum og sé að bíða. Ég veit að það er verið að vinna að kynningu á embættinu og því að koma þessu af krafti í gang.“

*Hversu miklu auknu fé á að verja til embættisins?*

„Það eru komnar tillögur um það en ég vil ekki nefna neinar upphæðir. Það er auðvitað háð fjárlögum á Alþingi en við höfum ekki dregið af okkur í sambandi við ýmsar rannsóknir og dómskerfið og eins verður þetta eitt af þeim málum

FRAMHALD Á SÍÐU 28

Sunnudagurinn
5. september

# Barnastarf kirkjunnar

## Sunnudagaskólinn alla sunnudaga í vetur!

### Fyrir börn á öllum aldri, mömmur og pabba – afa og ömmur!

## Reykjavík og Seltjarnarnes

**Árbæjarkirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.arbaejarkirkja.is

**Áskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.askirkja.is

**Breiðholtskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.breidholtskirkja.is

**Bústaðakirkja**
Alla sunnudaga kl. 11 *frá 12. september*
Nánar á www.kirkja.is

**Fella- og Hólakirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.fellaogholakirkja.is

**Dómkirkjan**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.domkirkjan.is

**Grafarvogskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11 í kirkjunni
Nánar á www.grafarvogskirkja.is

**Grensáskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11 *frá 12. september*
Nánar á www.kirkjan.is/grensaskirkja

**Guðríðarkirkja Grafarholti**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.grafarholt.is

**Hallgrímskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hallgrimskirkja.is

**Háteigskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hateigskirkja.is

**Langholtskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.langholtskirkja.is

**Laugarneskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.laugarneskirkja.is

**Neskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.neskirkja.is

**Óháði söfnuðurinn**
2. og 4. sunnudag hvers mánaðar kl. 14
*Frá 12. september*
Nánar á www.ohadisofnudurinn.is

**Seljakirkja**
Alla sunnudaga kl. 11 *frá 12. september*
Nánar á www.seljakirkja.is

**Seltjarnarneskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.seltjarnarneskirkja.is

## Kópavogur

**Hjallakirkja**
Alla sunnudaga kl. 13
Nánar á www.hjallakirkja.is

**Kópavogskirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
í nýja safnaðarheimilinu
Nánar á www.kopavogskirkja.is

**Lindakirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
einnig í Boðanum, Boðaþingi
*Frá 12. september*
Nánar á www.lindakirkja.is

## Álftanes, Garðabær og Hafnarfjörður

**Bessastaðakirkja**
Alla sunnudaga kl. 11 í safnaðarheimilinu Brekkuskógum 1, en 1. sunnudag í mánuði í Bessastaðakirkju
Nánar á www.bessastadasokn.is

**Vídalínskirkja Garðabæ**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.vidalinskirkja.is

**Ástjarnarkirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.astjarnarkirkja.is

**Fríkirkjan í Hafnarfirði**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.frikirkja.is

**Hafnarfjarðarkirkja**
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is

**Víðistaðakirkja**
Alla sunnudaga kl. 11 *frá 12. september*
Nánar á www.vidistadakirkja.is

## Mosfellsbær

**Mosfellsprestakall - Lágafellskirkja**
Alla sunnudaga kl. 13
í Lágafellskirkju
Nánar á www.lagafellskirkja.is



www.barnatru.is

FRAMHALD AF SÍÐU 26

sem menn munu tryggja að stoppi ekki af fjárhagslegum ástæðum. Þetta er að vísu borgað af fjármálastofnunum, eins og hefur komið fram, í hlutfalli við skuldir þeirra þannig að fjármálin ættu ekki að vera fyrirstaða.“

**Þurfum að hugsa ríkið upp á nýtt**

*Í landinu er við völd vinstri stjórn sem kennir sig við norræna velferð. Samt sem áður er þetta velferðarkerfi okkar ekki burðugra en svo að það fer nánast á hliðina þegar sjálfboðaliðar í tveimur eða þremur hjálparstofnunum fara í mánaðarfrí á sumrin. Gengur þetta ástand til lengdar?*

„Nei, og það er verið að undirbúa það inni í ráðuneytinu og hjá umboðsmanni skuldara að skilgreina svokallaðan framfærslugrunn. Þótt það sé ekki einfalt að finna einn grunn – við lifum jú mjög ólíku lífi – þá er mjög mikilvægt að við skilgreinum lágmarkið. Við gerðum það raunar með öryrkjana með því að setja 180 þúsund króna lágmark, sem er töluvert fyrir ofan atvinnuleysisbætur og lægstu laun. Með líkum hætti þurfum við að setja okkur markmið um að tryggja öllum lágmarksframfærslu og getum þannig eytt fátækt. Verkefnið er að tryggja að öll þjónusta við þetta fólk sé í lagi. Við þurfum að hvetja fólk til sjálfsbjargarviðleitni, að sækja vinnu og taka þátt í samfélaginu en að það treysti ekki bara á að fá bætur og félagslega þjónustu. Það er öryggisnet en ekki lífsmáti nema maður komist ekki hjá því. Því hugarfari þurfum við að breyta og það hefur mikilli orku verið eytt í starfsendurhæfingu.“

*Þú nefndir að það þyrfti að eyða fátækt. Er nokkur von til þess að það verði hægt á sama tíma og þið eruð blóðug upp að öxlum í niðurskurði ár eftir ár?*

„Ef við getum borgað niður þessi lán og eytt vaxtagreiðslunum þá erum við að tala um hundrað milljarða. Það er fimmtungur af fjárlögum í ár. Ef við getum bætt við tuttugu prósentum aftur innan fjögurra til fimm ára þá getum við sótt ansi mikið fram. Ef við forgangsröðum upp á nýtt getum við svo hætt að borga ýmislegt sem við eigum ekkert endilega að borga sem ríki heldur sem einstaklingar – það sem við getum kallað hálfgerðar skrautstofnanir sem hafa orðið til í góðærinu.“

*Til hvers ertu að vísa þar?*

„Við höfum verið dugleg að eyða og það er hægt að finna ýmsar stofnanir sem getur verið gaman að eiga en þarf að reka með eins hagkvæmum hætti og unnt er, eins og í menningarmálum og jafnvel í öllum geirum. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn því að það er viðkvæmt, en í rauninni þurfum við að hugsa upp á nýtt augu við alveg gríðarlega erfiðleika. Við misstum 40 prósent af tekjum ríkisins, annars vegar með vaxtagreiðslum og hins vegar vegna tekjumissis. Síðan er ríkissjóður gríðarlega skuldugur. Ég held því fram að hluti af því sem við vorum að eyða fyrir 2008 hafi verið þensla í samfélaginu sem var engin innistæða fyrir. Við tókum lán fyrir húsnæði upp á 700 milljarða og tvöfölduðum það sem Íbúðalánasjóður var með áður á örskömmum tíma, þannig að veltan sem var þá að skapa tekjur fyrir ríkissjóð var á lántöku. Við verðum að horfast í augu við það að samfélagið, jafnvel þótt það keyrði á fullum dampi, á ekki lengur fyrir því sem við áttum þá.

Áætlunin sem við förum í með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum árið 2008, og sá niðurskurður og tekjuaukning sem fylgdi, hefur skilað árangri, og hann er meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Atvinnuleysinu var spáð í tíu til tólf prósentum. Einstaklingar og stjórnarandstæðingar spáðu allt frá 15 til 20 prósentum. Það er engin ástæða til að mála myndina dekkri en hún er. Það þýðir ekki að við eigum ekki heilmikið eftir og við munum aldrei sætta okkur við 7,5 prósenta atvinnuleysi, það er ekki í okkar kúltúr. Það er alveg rétt að það er hægt að leika sér með þessar tölur, en það er líka hægt með tölur um hlutaatvinnuleysi og auk þess hafa menn verið teknir af skrá af ýmsum ástæðum, þannig að almennt held ég að þetta sé nokkuð rétt mynd af stöðunni.“

> Það þarf að vera mjög skýrt og klárt ferli í kringum svona ráðningar. Þær eiga ekki að vera pólitískar.

fyrir hvað ríkið á að standa. Hvað ætlum við að tryggja og hvað ekki? Þetta er ekkert auðvelt en þetta er aðalverkefnið. Við eigum nógan pening, við erum rík þjóð og eigum að geta haldið úti mjög góðri þjónustu, en það þýðir að við þurfum að skafa af henni það sem við þurfum ekki að bera ábyrgð á sem ríki.“

*Í yfirlýsingu formanna stjórnarflokkanna í tilefni af ráðherraskiptum stæra þeir sig af því að hér sé þrátt fyrir allt ekki nema 7,5 prósenta atvinnuleysi. Eru það ekki falskar tölur í ljósi þess að stór hópur fólks fékk vinnu í sumar við tímabundin atvinnuskapandi verkefni? Er ástandið í raun nokkuð til að gleðjast yfir?*

„Við höfum verið að horfast í

**Skýra þarf ráðningarmál**

*Ráðningarmál stjórnarinnar hafa sætt töluverðri gagnrýni, meðal annars ferlið í kringum stjórnendur tveggja stofnana á vegum félagsmálaráðuneytisins; umboðsmann skuldara og Íbúðalánasjóðs. Hvernig finnst þér hafa verið haldið á þeim málum?*

„Ég ætla ekkert að dæma um það, en aftur á móti er alveg ljóst – og ég hef verið talsmaður þess – að það þarf að vera mjög skýrt og klárt ferli í kringum svona ráðningar. Þær eiga ekki að vera pólitískar. Á sama tíma eigum við í erfiðleikum með það að leifar af hruninu hafa enn áhrif. Þetta er mjög viðkvæm staða. Þú getur haft hæfileika annars vegar en hins vegar eru einhverjir skuggar sem almenningi finnst fylgja þér. Við verðum að reyna að komast út úr þessu. Ég held að eina ráðið sé að stjórnarráðið verði með ráðningarskrifstofu sem ræður inn með formlegum, hefðbundnum hætti með valnefndum. Mér er sagt að það sé gert hér í heilbrigðisráðuneytinu en ég á eftir að skoða það betur. Það eru stórar ráðningar fram undan hér, meðal annars forstjóri Landspítalans. Það verður spennandi að fylgjast með því ferli.

En aðkoma ráðherra á aldrei að vera nema þá hugsanlega að blessa ráðninguna ef starfið heyrir beint undir hann. Það á líka að liggja fyrir fyrirfram hvaða ráðningar við, sem stjórnmálamenn, megum fara í varðandi aðstoðarmenn og það fólk á svo að fara með okkur. Hér í gamla daga voru menn stundum að ráða sér aðstoðarmenn og skilja þá eftir sem ráðuneytisstjóra. Það finnst mér ekki vera góð aðferð. Það á að vera á hreinu hverjir eru að vinna sem pólitískusar og hverjir sem fagmenn. En það á enginn að vera útilokaður. Það eru 80 þúsund manns í stjórnmálaflokkum og þeir eiga ekki að vera útilokaðir hvaðan sem þeir koma – en þeir eiga ekki heldur að njóta neinna forréttinda vegna ráðherrans.“

*Finnst þér aðkoma ráðherra að þessum tveimur dæmum sem ég nefndi hafa verið of mikil?*

„Ég get ekki dæmt um það. Í máli umboðsmanns skuldara voru öll gögn lögð fram þannig að þú ert jafnhæfur og ég til að meta það hvort valið hafi verið rétt. Sama er með Íbúðalánasjóð. Það er enn óklárað og við þurfum að skoða stöðuna. En ráðherra verður alltaf að muna það að það er sjálfstæð stjórn yfir Íbúðalánasjóði og hún hefur klárlega vald til að ráða fólk. Ráðherra á ekki að hlutast til um það nema það sé ósk stjórnarinnar. Þannig að ég ætla ekki að segja meira um það fyrr en ég er búinn að skoða málið betur.“

*Hvernig finnst þér þetta stjórnarsamstarf hafa gengið? Það liggur fyrir að margir þinna samflokksmanna eru orðnir nokkuð þreyttir á uppátækjum Jóns Bjarnasonar og svo kemur annar harður andstæðingur Evrópusambandsaðilar inn í stjórnina með Ögmundi Jónassyni. Heldurðu að þetta komi til með að ganga upp?*

„Já, þarna eru komnir flokkar sem í stofninum hafa mjög klár sameiginleg markmið og kúnstin er að nýta það sem sameinar okkur og keyra stjórnina á þeim málum. ESB-málið var alltaf í ágreiningi og menn vissu það. Það er ekkert óvænt í því í sjálfu sér, þótt mér finnist ótrúleg hugmynd að ætla að fara að taka það upp eftir hverja skoðanakönnun. Það er búið að afgreiða það í þinginu og mér finnst mjög mikil vanvirða við þá sem þar greiddu atkvæði að segja að þeir hafi gert það gegn sínum vilja. Þeir eiga sjálfir að svara fyrir það hvort þeir hafa virkilega gert það. Þá hafa þeir brotið stjórnarskrá, hafi þeir nauðugir greitt atkvæði gegn sínum vilja. Þeir hafa ekki stigið fram og viðurkennt að þeir hafi brotið stjórnarskrá með því að fylgja ekki sinni sannfæringu.“




## Kennari og skólastjóri nær alla tíð



Guðbjartur Hannesson fæddist á Akranesi 3. júní 1950 og er því sextugur. Kona hans er Sigrún Ásmundsdóttir iðjuþjálfi og eiga þau tvær dætur, 32 og 22 ára.

Guðbjartur lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands árið 1971, og hefur síðan aflað sér tómstundakennaraprófs í Danmörku, framhaldsgráðu í skólastjórn frá Kennaraháskóla Íslands og meistaragráðu frá kennaraskóla Lundúnaháskóla.

Hann starfaði nánast óslitið sem kennari á Akranesi og í Kaupmannahöfn frá 1971 til 1981 og tók þá við skólastjórastöðu Grundaskóla í bænum. Því starfi gegndi hann til 2007. Hann sat í bæjarstjórn á Akranesi frá 1986 til 1998 fyrir Alþýðubandalagið og gegndi þar ýmsum trúnaðarstörfum. Hann hélt áfram í bæjarmálunum fram til ársins 2002 með Akraneslistanum án þess að eiga sæti í bæjarstjórn. Hann átti sæti í bankaráði Landsbankans frá 1998 til 2003.

Guðbjartur var kjörinn á þing árið 2007 fyrir Samfylkinguna eftir að hafa sigrað prófkjör flokksins á Vesturlandi. Hann var forseti þingsins í þrjá mánuði í fyrra og hefur verið formaður fjárlaganefndar síðan í fyrravor.

### Ekki öllum slátrað í ráðuneytinu

*Þeir sem hafa gegnt embætti heilbrigðisráðherra undanfarinn áratug eða tvo eiga það flestir sammerkt að hafa eftir það ekki átt vísa sérstaklega glæsta framtíð í stjórnmálum, hvernig sem á því stendur. Er verið að rétta þér eitraðan kaleik með því að setja þig á þennan stað?*

„Þetta var nú einu sinni sagt um ágætan félaga minn og vinkonu á Akranesi, Ingibjörgu Pálmadóttur, en hún náði því að verða mjög lengi ráðherra eftir mjög erfiða byrjun, þannig að ég held að við getum ekki sagt að fólki sé öllu slátrað sem fer í þetta ráðuneyti. Ég hef ekkert verið að hugsa þetta svona. Ég er í pólitík í dag og eins lengi og tíminn endist. Ég hef engin framtíðaráform um annað en að gera gagn og vanda mig í þessari vinnu. Ef það gefur mér vond eftirmæli þá verður það auðvitað mjög sorglegt, en ég hef engar væntingar um að þetta leiði eitthvert annað. Ég hef engar ambisjónir um að vera eitthvað annað en ég er og það er ekki þannig að ég sé búinn að vera að láta mig dreyma um að verða ráðherra.“

*Það er byrjað að orða þig við stærri embætti innan þíns flokks. Eru slíkar hugleiðingar farnar að sækja á þig?*

„Nei nei, við erum með besta formann af öllum stjórnmálaflokkum á Íslandi þannig að ég held að aðrir flokkar ættu frekar að huga að formannsskiptum en við.“


FRÉTTABLAÐIÐ BYLGJAN 989

# TAKIÐ EFTIR!

HELGARGETRAUN FRÉTTABLAÐSINS OG BYLGJUNNAR

Skilaðu inn þínum svörum á *visir.is* fyrir miðnætti á mánudaginn!

**1.** Ný heimildamynd um Halldór Laxness er í bígerð. Í frétt af gerð myndarinnar var honum meðal annars líkt við Forrest Gump af því hann virtist hafa einstakt lag á því að vera viðstaddur heimssögulega viðburði. Hverjir skrifa handritið að heimildamyndinni?

**2.** Í dag, 4. september, er haldið upp á 100 ára afmæli Vífilsstaðaspítala. Fjallað var um afmælið í blaðinu í vikunni. Í upphafi var þar berklahæli en annars konar starfsemi tók við þegar fundist hafði lækning við berklum um miðja síðustu öld. Hvers konar starfsemi tók við og á vegum hvers?

**3.** Í vikunni afhenti sendiherra Íslands forseta Makedóníu trúnaðarbréf sitt. Við spyrjum: Hvað heitir sendiherrann og í hvaða borg hefur hann aðsetur? Einnig: Hvað heitir forseti Makedóníu og hver er höfuðborg landsins?

**4.** Lesendur fræddust um sultugerð hjá Auði Ögn í vikunni. Í viðtalinu við hana kom fram að hún notaði lavender (lofnarblóm) og setti í einnota tepoka. Hvar kaupir hún tepokana og þetta sérstaka bragðefni?

**5.** Tvö fyrirtæki hafa að undanförnu deilt um aðgang að svonefndum Nató-ljósleiðara sem liggur hringinn í kringum landið. Hvað heita þessi tvö fyrirtæki og hvað eru margir þræðir í ljósleiðaranum?

**Dregið verður úr innsendum lausnum í Reykjavík síðdegis í næstu viku og vinningshafi fær tvær ferðir frá Icelandair. Hringt verður í vinningshafann í beinni útsendingu og honum gefst færi á því að svara aukaspurningu og vinna þriðju ferðina með Icelandair!**

Fylgstu vel með Fréttablaðinu og Bylgjunni. Þú getur unnið 3 ferðir með Icelandair.

MUNDU: Leitin á *visir.is* vísar líka á efni í Fréttablaðinu

Maltesers Eymundsson ICELANDAIR



# Miklu hraðara Internet

Nú býður Síminn viðskiptavinum sínum upp á enn meiri hraða en áður á Internetinu.
Hraðinn í Grunnáskrift, Leið 1 og Leið 2 fer upp í allt að 12 Mb/s.
Núverandi viðskiptavinir fá sjálfvirka uppfærslu á næstu mánuðum.

Fáðu þér Internet Símans í síma 800 7000 eða á siminn.is.

Það er Síminn

Fólk hvatt til að fjarlægja allt sem ekki er naglfast



Þetta gerðist allt svo hratt



# Það er alltaf hlýtt á Hlemmi

Ef tillögur Strætó bs. ná fram að ganga tekur BSÍ innan tíðar við hlutverki Hlemms sem skipti- og endastöð strætó. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við sagnfræðinginn **Stefán Pálsson** og kynnti sér langa sögu samgöngumiðstöðvarinnar við Hlemmtorgið.

Í hugmyndum Strætó bs. er gert ráð fyrir að BSÍ taki við hlutverki Hlemms sem skipti- og endastöð. Einar Kristjánsson, sviðsstjóri þjónustusviðs Strætós, kynnti hugmyndir fyrirtækisins á fundi umhverfis- og samgönguráðs borgarinnar á þriðjudag ásamt fulltrúa VSÓ ráðgjafar, en verkfræðistofan kannaði hagkvæmni þess að færa starfsemi Strætós. Þá verður, samkvæmt hugmyndunum, akstri stórra strætisvagna um miðborg Reykjavíkur hætt og við taka tíðari ferðir minni vagna.

Samkvæmt Karli Sigurðssyni, borgarfulltrúa Besta flokksins og formanni umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur, hefur hugmyndunum verið mjög vel tekið innan ráðsins. Strætó bs. mun vinna áfram að málinu, meðal annars með þeim hætti að fara í kostnaðaráætlun og mögulegar samningaviðræður við Kynnisferðir sem eiga BSÍ.

**Umsvifin minnkað**

Stefán Pálsson sagnfræðingur, sem hefur kynnt sér sögu Hlemmssvæðisins rækilega, segir umsvifin í strætóhúsinu á Hlemmi hafa minnkað jafnt og þétt frá því húsið var formlega tekið í notkun 1. september árið 1978.



STEFÁN PÁLSSON

„Á tímabili voru þarna búðir og sjoppur og ýmiss konar rekstur, til dæmis ljósmyndastofa og annað slíkt, en núna síðustu árin er lítið eftir. Í seinni tíð hefur fólk jafnvel átt í erfiðleikum með að komast á klósettið þarna, sem helgast sennilega af því að ákveðið hefur verið að varna því að ógæfumenn hefðu þarna aðsetur. Á tímabili hýsti húsið líka hluta af sýningarkosti Náttúrugripasafnsins, sem hafði aðsetur í húsinu við hliðina á. Ísbjarnarhömum og fleira var komið út í glugga á Hlemmi,“ segir Stefán.

**Snemma samgöngumiðstöð**

Stefán rekur hlutverk Hlemmssvæðisins sem nokkurs konar samgöngumiðstöðvar allt til aldamótanna 1900 eða þar um bil.

„Þetta svæði markaði mjög lengi ákveðin endamörk bæjarins. Þegar fólk hélt upp á þjóðhátíðir eða tyllidaga á þeim tíma var gjarnan gengið í skrúðgöngum upp að Rauðará, sem þá var fyrir utan Reykjavík. Á ofanverðri nítjándu öld var svo settur brúarstubbur yfir Rauðarána, um það bil á núverandi gatnamótum Rauðarárstígs og Laugavegar. Vegna þess hversu klossuð brúin var var henni gefið þetta fremur óvirðulega heiti, Hlemmur, og af því dregur svæðið nafn sitt.“

Snemma á öldinni var komið fyrir vatnsþró til að brynna hestum á Hlemmi og hestagerði fylgdi fljótlega í kjölfarið. Reykvíkingar sem borguðu fyrir að hafa hesta sína á beit í Laugarnesinu gátu svo nálgast hestana sína á Hlemmi. „Segja má að Hlemmur verði upphaflega að samgöngumiðstöð í gegnum hestana. Þá töluðu menn jöfnum höndum um að fara inn að Hlemmi og inn að vatnsþró,“ segir Stefán. „Og vegna staðsetningarinnar sem hálfgerðra endimarka byggðar í Reykjavík þá verður Hlemmur endastöð á leið 1 strax þegar Strætisvagnar Reykjavíkur hf. taka til starfa árið 1931. Þá er svæðið orðið eins konar þjóðvegamiðstöð. Þarna ná menn í hestana sína og þarna stoppar strætó og svo vindur þetta upp á sig.“

**Mistök að loka Keisaranum**

Fyrir sléttri öld, árið 1910, var gamla gasstöðin við Hlemm, sem Megas söng um eins og frægt er orðið, tekin í notkun á þeim stað sem Lögreglustöðin stendur nú.

„Fólk tengir Hlemm snemma við útigangsmenn og róna, og ein skemmtileg tilgáta segir að það megi rekja til gasstöðvarinnar. Gasframleiðslan fór þannig fram að að gasið var unnið úr sérstökum kolum með því að hita þau upp í stórum ofnum. Þarna fékk útigangsfólkið að vera og njóta hitans frá ofnunum, auk þess að fá að nýta sturtur sem starfsfólk gasstöðvarinnar hafði til umráða og fleira í þeim dúr. Einnig spilar þar inn í að á þessum slóðum voru starfræktir barir sem þóttu ekki par fínir allt frá því í upphafi tuttugustu aldar. Sá þráður hélst í raun nokkuð óslitinn allt þar til menn álpuðust til að loka barnum Keisaranum undir lok aldarinnar. Svo urðu margir voðalega hissa þegar rónarnir dúkkuðu upp á Kaffi Austurstræti eftir lokun Keisarans,“ segir Stefán.




**SAMGÖNGUMIÐSTÖÐ** Svona var umhorfs á svæðinu í kringum Hlemm árið 1981. Gunnar Hansson arkitekt hannaði áningarstöð Strætisvagna Reykjavíkur og hlaut fyrir það verk menningarverðlaun DV árið 1979. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BEÐIÐ EFTIR STRÆTÓ** Hlemmur gærdagsins, skjól gegn veðri og vindum eins og svo oft áður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**AFDREP** Ungt fólk hefur löngum safnast saman á Hlemmi, eins og þessar snótir gerðu árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## „ÉG HEF BEÐIÐ HÉR Á HLEMMINUM EFTIR ÞÉR“



Hlemmur hefur lengi verið yrkisefni íslenskra listamanna og má segja að Megas hafi verið öðrum iðnari við að minnast á Hlemmtorgið í verkum sínum, enda ólst hann upp í nágrenni samgöngumiðstöðvarinnar. Gamla gasstöðin við Hlemm af plötunni Fram og aftur blindgötuna er ef til vill gleggsta dæmið, en auk þess getur Megas Hlemms meðal annars í lögum á borð við Lóa Lóa, Birta Birta, Plastpokablús og óbeint í einu vinsælasta lagi sínu, Reykjavíkurnætur.

Einnig söng Rúnar Þór Pétursson um Hlemm í samnefndu upphafslagi á plötu sinni Auga í vegg frá árinu 1985 og Vonbrigði söng um Hemma Hlemmmellu á endurkomuplötu sinni Eðli annarra árið 2004. Ekki má svo gleyma pönksveitinni Tony Blair sem gaf út lagið Alltaf hlýtt á Hlemmi og hljómsveitina Húskarla í óskilum sem sendi frá sér plötuna Hlemmur – Hlíðarendi árið 2008.

Gamla gasstöðin við Hlemm kemur einnig við sögu í Grafarþögn, skáldsögu Arnalds Indriðasonar og fleiri bókum, þar á meðal Beðið eftir strætó eftir Pál Kristinn Pálsson, Leið 12 Hlemmur – Fell eftir Hafliða Vilhelmsson og Hjartað býr enn í helli sínum eftir Guðberg Bergsson.

Þá gerði Ólafur Sveinsson heimildarmyndina Hlemmur árið 2001, en í henni er fylgt eftir ógæfufólki í Reykjavík sem eyðir drjúgum tíma dagsins á Hlemmi. Sigur Rós samdi tónlistina við myndina, sem hlaut góðar viðtökur.

## AÐSETUR BORGARSTJÓRA



**PÖNK** Jón Gnarr ásamt fleiri ungpönkurum á Hlemmi í kringum 1980.

Á árunum í kringum 1980 var Hlemmur vinsæll áfangastaður unglinga sem gjarnan leituðu skjóls undan veðrum og vindum í strætóhúsinu. Einn þeirra var Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, sem hefur í smíðum annað bindi æviminninga sinna, en í því hefur hann í hyggju að fjalla um árin á Hlemmi. Því mætti túlka það sem nokkurs konar föðurmorð í fræðunum ef Hlemmur hættir sem strætómiðstöð meðan Jón er á vakt, en í viðtali við Fréttablaðið þegar hann tók við embætti minntist hann þessara ára með talsverðri hlýju. Meðal annars tiltók Jón að hann vildi beita sér fyrir því að hannað yrði nokkurs konar minningahorn á Hlemmi, þar sem menning þessara ára yrði endursköpuð að einhverju leyti með ljósmyndum, veggjakroti og fleiru í þeim dúr. „Ég hef áhuga á því að gera svona alþýðumenningu hátt undir höfði, stöðum sem höfðu afgerandi áhrif á mótun okkar, því þeir eiga til að gleymast,“ sagði Jón Gnarr.

ILVA
einfaldlega betri kostur



IMAGE skermur
**9.995,-/stk.**

**IMAGE.** Skermur. Ø45 cm.
**Verð 9.995,-** *Ýmsar gerðir.*

© ILVA Ísland 2010

# NÝJAR VÖRUR



**ELEPHANT.** Snagi, málmur.
**Verð 3.495,-**
**DINO.** Snagi, málmur.
**Verð 3.495,-**



**BASKET.** Filtkarfa. 35x45 cm.
Ýmsir litir. **Verð 5.995,-**



**CLAUDIO.** Ferkantað box.
18x18x15 cm. **Verð 895,-**
**OLIVIA.** Kringlótt box.
H15, Ø20 cm. **Verð 795,-**
*Einnig til í fleiri stærðum*



**NATURAL.** Loftljós. Tágar.
H42, Ø40,5 cm. **Verð 12.995,-**



**SHOWCASE.** Svartur glerskápur.
124x48x210 cm. **Verð 129.900,-**



**HANGER.** Barnaherðatré.
**Verð 195,-/stk.** *Ýmsir litir.*



**FLORENCE.** Ljósakróna. Ø50 cm.
**Verð 39.995,-** *Einnig til svört.*



**KEY WEST.** Sófaborð. 90x90 cm.
Álmur/grátt. **Verð 89.900,-**



**INFORMAL.** Matarstell.
Matardiskur. Ø26 cm. **Verð 995,-** Eftirréttadiskur. Ø22,5 cm. **Verð 595,-**
Djúpur diskur. Ø24 cm. **Verð 695,-**



**MESA.** Barborð. 60x60x103 cm.
**Verð 29.900,-/stk.**



**CLAUDIO.** Flóðhestur. L12 cm.
**Verð 1.295,-**



**TODDLER.** Maracas túrkís m/
doppum eða röndum.
**Verð 995,-/stk.**



**DARLING.** Borðlampi m/skerm.
Málmur. **Verð 24.995,-**



**LINYEE.** Léreftsþrykk. Beauty.
60x60 cm. **Verð 4.995,-**



**FLIP.** Tvíbreiður svefnsófi m/pokafjöðrun. 200x94x68 cm.
**Verð 99.900,-**

ILVA kaffi
Tortilla m/osti og skinku
(borið fram með salati)
**690,-**



VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA
sendum um allt land

**ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500**
**laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30**
**www.ILVA.is**

# Aldrei bannað að vera með bolta

**Gylfi Þór Sigurðsson** hefur æft sig aukalega frá sex ára aldri undir dyggri handleiðslu bróður síns. Hann er nú atvinnumaður hjá einu sterkasta liði Þýskalands eftir að hafa slegið í gegn í Englandi. Bræðurnir úr Hafnarfirðinum stunduðu þrotlausar æfingar og borguðu sjálfir fyrir fyrstu skrefin á glæstum ferli Gylfa. *Hjalti Þór Hreinsson* hitti þá bræður að máli.

Gylfi Þór Sigurðsson fúlsaði við leikfangabílum og plastbókum, það var fótbolti sem var límdur við hann frá því hann fæddist. Landsliðsmaðurinn var ekki fyrr byrjaður að ganga en hann hóf að sparka í bolta. Síðan þá var ekki aftur snúið.

„Ég byrjaði að æfa um leið og ég gat og vildi alltaf vera frammi. Það var skemmtilegast að skora. Þegar ég varð eldri fór ég á miðjuna og hef verið þar síðan,“ segir Gylfi sem æfði einnig handbolta um stund með Haukum auk þess sem hann lék sér í golfi. „En fótboltinn var alltaf í forgangi. Þetta var það eina sem mig langaði til að gera.“

Fótboltaáhuginn kemur frá pabba hans og bróður en báðir hafa reynst honum vel í gegnum árin líkt og reyndar öll fjölskyldan.

Bróðir Gylfa er Ólafur Már Sigurðsson sem tók litla bróður upp á arma sína fljótlega. „Við feðgarnir höfum alltaf verið mikið í boltanum. Pabbi spilaði með FH og Haukum sem og í 2. deild í Svíþjóð. Ég æfði upp í þriðja flokk en sneri mér svo að golfinu,“ segir Ólafur.

„Við eigum pabba mikið að þakka. Ég æfði mig í golfi í tíu tíma á dag og svo æfði ég með Gylfa í einn eða tvo tíma á dag. Ég var með hann á aukaæfingum þar sem við fórum yfir boltatækni og slíkt. Við æfðum í einn til tvo tíma á dag alveg frá því hann var sex ára og þar til hann flutti út. Þetta var bara vinnan mín. Pabbi gaf okkur þetta tækifæri, í staðinn fyrir að vera í unglingavinnunni að læra að verða latur,“ segir eldri bróðirinn.

„Ég hef oft verið ansi þreyttur á honum,“ segir Gylfi og brosir til bróður síns. „En ég á honum gríðarlega mikið að þakka. Það var oft sem ég nennti alls ekkert að fara út og æfa mig meira. Ég er þar sem ég er í dag út af honum,“ segir Gylfi.

## FH - Breiðablik - England

Ólafur á því augljóslega mikið í uppeldi bróður síns. „Gylfi braut allt sem hann gat brotið heima þegar hann var lítill. En honum var aldrei bannað að vera með bolta,“ segir Ólafur kíminn. „Það er mikilvægt að þjálfa þessa stráka almennilega, og þjálfa þá rétt. Við vorum ekkert bara í einhverjum útiæfingum. Við vorum í tækniæfingum og þetta var alltaf skemmtilegt. Eftir að hann fór út hefur hann æft sig mikið aukalega, hann mætir alltaf fyrstur og fer síðastur af æfingasvæðinu. Maður græðir mikið á því.“

Gylfi fæddist inn í FH en fór þaðan til Breiðabliks þegar hann var þrettán ára. „Ég þurfti að færa mig frá FH vegna aðstöðunnar. Yfir veturinn æfðum við bara í snjó og gervigrasið við Kaplakrika var lélegt. Ég var alltaf að drepast í hnjánum. Í Breiðabliki gat ég æft inni. Þetta var bara eitthvað sem ég þurfti að gera,“ segir Gylfi.

> ” Við borguðum fyrir okkur sjálfir, flug og hótelgistingu. Eftir fyrstu æfingaferðina var ekki aftur snúið, Reading tók við að borga fyrir Gylfa.

Tveimur árum síðar, nokkru fyrir sextán ára afmælisdaginn, ákvað hann að semja við Reading á Englandi. Þá voru liðin fimm ár frá því að Gylfi ákvað að hann vildi verða atvinnumaður í knattspyrnu.

„Þegar ég var 10 ára vissi ég hvað ég vildi gera. Ég var byrjaður að æfa mig fyrir skólann á morgnana áður en ég var fjórtán ára. Þegar Reading kom inn í myndina gat ég ekki sagt nei og ég fór út eftir 10. bekkinn,“ segir Gylfi.

Það gekk þó ekki þrautalaust að finna félag úti. Sem betur fer hafði hann bróður sinn með sér.

## Stóri bróðir með myndavél

„Ég veit ekki hvað við pabbi tókum upp marga leiki á myndböndum með Gylfa,“ segir Ólafur. „Þeir eru mörg hundruð. Við fórum svo heim og sýndum honum þetta, sögðum hvað hann mætti laga og reyndum að auka leikskilning hans,“ segir Ólafur.

„Síðan fór þetta að snúast um að finna bestu tilþrifin og klippa þau saman. Við settum þetta á disk og Ólafur Garðarsson umboðsmaður kom þessu til Reading. Við fengum svo að fara út þar sem Gylfi æfði með liðinu. Við borguðum fyrir okkur sjálfir, flug og hótelgistingu. Eftir fyrstu æfingaferðina var ekki aftur snúið, Reading tók við að borga fyrir Gylfa og hann fór nokkrum sinnum út til liðsins áður en hann skrifaði undir samninginn. Hann fór líka til Everton og Preston og fór meðal annars í æfingaferðir með þeim liðum,“ segir Ólafur.



**LANDSLIÐSMAÐURINN OG ÞJÁLFARINN** Gylfi og Ólafur bregða á leik á hótelgangi, Gylfi sýndi kúnstir sínar en Ólafur gerði sitt besta í að halda yngri bróður sínum frá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ég vildi bara æfa, alltaf

Reading varð fyrir valinu og Gylfi sér ekki eftir því. „Ég hafði engan áhuga á að vera heima, fara í skóla og æfa mig seinnipartinn. Ég dreif mig bara út. Ég vildi bara æfa, alltaf,“ segir Gylfi.

„Mér fannst það fínt. Mamma og pabbi fluttu út með mér og við bjuggum nálægt æfingasvæðinu. Mamma sá um að elda og þvo af mér en pabbi skutlaði mér á æfingar og svona. Þetta var bara eins og að búa heima,“ segir Gylfi.

„Það er mjög mikilvægt að vera með fjölskylduna með sér til að verða ekki einmana eða fá heimþrá,“ segir Gylfi.

## Ævintýri í Þýskalandi

Næsti áfangastaður Gylfa er Þýskaland. Forríkur Þjóðverji hefur komið liðinu Hoffenheim upp um fimm deildir á tíu árum og það stefnir nú á að keppa um Evrópusæti. Gylfi var keyptur þangað í sumar fyrir sjö milljónir punda, tæplega 1.300 milljónir íslenskra króna.

„Ég verð á hóteli fyrst, svo útvegar félagið mér íbúð á meðan ég finn mér stað til að vera á til frambúðar,“ segir Gylfi sem á kærustu. „Ég þarf því ekkert alltaf að elda,“ segir hann glaðbeittur. „Ég fór mikið út að borða úti í Englandi af því ég var oft einfaldlega of þreyttur til að elda. Ég er þó nokkuð liðtækur í eldhúsinu,“ segir hann og brosir.

Áhugamál utan boltans eru einhver en þó gefst lítill tími til þeirra þegar sinna þarf fótbolta, kærustu, fjölskyldu og vinum. „Ég reyni stundum að fara í golf með strákunum,“ segir Gylfi.

Nýtt ævintýri bíður hans í Hoffenheim. „Deildin er gríðarlega sterk, sú þriðja sterkasta í heimi. Ég hlakka til að koma mér fyrir og ég held að þessi deild henti mér vel. Það er mikilvægt fyrir mig að fara þangað áður en ég fer eitthvað annað. Ég vona að ég hafi tekið rétta ákvörðun, en ég þurfti á nýrri áskorun að halda,“ segir Gylfi.

En hvað er svo næst? Enska úrvalsdeildin? „Eða sú spænska,“ segir Gylfi brosandi.



## Þýska 101 lærð og kennd



„Ég kláraði 10. bekk en þegar ég fór til Reading byrjaði ég að fara einu sinni í viku í skóla þarna úti. Það var bara tímaeyðsla og ég hætti. Ég fór í fjarnám í Verzlunarskóla Íslands og hef lokið nokkrum einingum þaðan. En ég hef því miður enga þýsku lært. Ég sé eftir því núna,“ segir Gylfi en bróðir hans kom færandi hendi þegar við hittumst og gaf honum kennslubók í þýsku til að æfa sig. „Þetta tekur bara nokkra mánuði hjá mér, svo verð ég orðinn góður,“ segir atvinnumaðurinn hjá Hoffenheim glaðbeittur.

## Óli þarf ekki að kenna mér neitt í golfinu

Ólafur er einn eigenda Pro Golf og skólastjóri golfskóla þess. Hann flutti til Spánar þegar hann var tvítugur og reyndi fyrir sér sem atvinnukylfingur. Hann lék í Evrópu í nokkur ár og kenndi Gylfa frá unga aldri að munda kylfurnar.

„Gylfi kom með okkur pabba á völlinn og byrjaði ungur. Hann er með um 10 í forgjöf og það er skömm að segja frá því að hann vann mig í vor þegar við spiluðum 9 holur á Grafarholtsvelli saman. Ég fór að æfa mig meira eftir það,“ sagði Ólafur léttur. Gylfi segist aldrei hafa spilað jafn vel og þá, hann spilaði á pari vallarins. „Óli þarf ekkert að kenna mér lengur, ég er orðinn svo góður,“ sagði Gylfi og bræðurnir brostu.

Ólafur heimsótti Gylfa oft í Englandi og spilaði meðal annars golf og það er stefnan í Þýskalandi líka. „Einn flottasti völlur Evrópu er þarna rétt hjá,“ sagði Ólafur og þá sagði Gylfi: „Þú veist að gaurinn sem á Hoffenheim á þennan golfvöll líka? Hann á allt þarna,“ og Ólafur gat ekki annað en glott við tönn.


Vertu í formi
með World Class
á 9 stöðum
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000
NÝ NÁMSKEIÐ HEFJAST 6. SEPTEMBER
TRX Combó
- Þjálfunarkerfi frá Navy Seals USA sem hefur slegið hressilega í gegn
JumpFit
- Sippubönd og brjáluð brennsla
Súperform
- Fyrir konur og karla sem vilja komast í alvöru form
Átak konur
- Frábær leið til betra lífs
Ropeyoga
- Endurnærandi og sameinar líkama og sál
Peak Pilates
- Steinliggur fyrir þá sem vilja styrkja kvið og bakvöðva
Mömmuleikfimi
- Frábært námskeið þar sem börnin eru með
Fitness box
- Fáðu útrás fyrir krafta þína
CrossFit
- Fyrir þá sem vilja meira en aðrir
- ÖLLUM námskeiðum okkar fylgja tvær 90 mínútna vinnustofur í Dale Carnegie
DALE CARNEGIE ÞJÁLFUN
YFIR 300 OPNIR TÍMAR Í BOÐI
Kviður og bak
- Betra bak og grennra mitti
Fimleikaþrek
- Kraftur, fimi og liðleiki - þorir þú?
Tabata
- Aukin afkastageta og vaxtarmótandi
Hot yoga
- Tímar sem hafa sannarlega slegið í gegn
Hot Vinyasa yoga
- Þessi tími á eftir að slá í gegn
Jóga fyrir hlaupara
- Styrkjandi og mýkjandi jóga fyrir hlaupara
Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík
Spönginni Grafarvogi - Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum Kópavogi
Lágafellslaug Mosfellsbæ - Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði
LAUGAR
World Class ICELAND



**EDDA ÓSKARSDÓTTIR** Verkið Foldar skart sem er í bakgrunni sækir innblástur í náttúru Íslands en Edda hefur ferðast mikið um Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## TÍMAMÓTAÁRATUGUR

Árið 1970 var Rauðsokkahreyfingin stofnuð og árið 1980 var Vigdís Finnbogadóttir kjörin forseti Íslands. Þessi tímamót ramma inn áratug sem var áratugur mikilla umbreytinga í íslenskri myndlist og þá einkum myndlist kvenna. Á sýningunni Með viljann að vopni sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum í dag er tímabilið skoðað í gegnum verk 27 kvenna sem störfuðu við myndlist á tímabilinu.

Hrafnhildur Schram er sýningastjóri sýningarinnar. „Það er áhugavert að skoða þetta tímabil, það er orðið það langt síðan því lauk að það er komin söguleg fjarlægð á það. Ég vildi kryfja tímabilið og velta fyrir mér hvaða áhrif femínisminn hafði á myndlistina, hvaða áhrif hugmyndalistin hafði og þar fram eftir götunum.“

Hrafnhildur segist hafa haft það í huga er hún valdi listakonurnar sem eiga verk á sýningunni að allar listgreinar ættu sinn fulltrúa. Fyrir utan málverk, hafi grafíkin til dæmis átt mjög upp á pallborðið hjá íslenskum myndlistarkonum. „Grafíkin varð kvennagrein og blómstraði mjög á tímabilinu. Svo má ekki gleyma hinum stórmerkilega nýja textíl sem var mjög áberandi listform á áttunda áratugnum. Þá varð textíllinn framsækinn, notast var við nýjan efnivið í textílverkum og hann varð þrívíðari.“

Barátta kvenna fyrir jafnrétti setti mikinn svip á áttunda áratuginn og pólitíkin rataði oft inn í listina, eins og verkin á sýningunni sýna glöggt. „Sumar konur sýndu sitt nærumhverfi í listinni, aðrar unnu með stéttabaráttuna, það voru ýmsar spurningar sem svifu í loftinu.“

# Þóttum ljótar og hrikalega frekar

Áttundi áratugurinn var umbrotatími í kvennapólitík. Á sýningunni Með viljann að vopni sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag er áratugurinn skoðaður í gegnum myndlist kvenna frá tímabilinu. **Edda Óskarsdóttir**, myndlistarkona og kennari, er í hópi þeirra sem eiga verk á sýningunni en hún var afar virk í réttindabaráttu kvenna. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við hana.

Þegar Edda Óskarsdóttir var í Kvennaskólanum á sjötta áratugnum voru fata- og útsaumur stór hluti námsefnisins. Eins og hún orðar það miðaðist kvennamenntun að því að ala upp fyrirmyndar húsfreyjur. Hennar leið varð hins vegar ekki sú troðna, heldur varð hún mikilvirk í kvennabaráttunni. „Á þessum tíma bárust hingað stefnur að utan, erlendis voru stúdentauppreisnir í algleymingi og kvennahreyfingar spruttu upp í kjölfarið.“

Edda fór á kaf í kvennapólitíkina og var í hópi þeirra 28 kvenna sem funduðu í Norræna húsinu í aprríllok 1970 og stofnuðu Rauðsokkahreyfinguna. „Við vorum allar þessar ungu konur búnar að reka okkur á ýmsa veggi. Við gátum ekki fengið gæslu fyrir börnin okkar til að stunda nám og vinnu, þau fáu dagheimilispláss sem voru til voru fyrir einstæðar mæður. Það þurfti ógurlegan bardaga til að koma börnunum í gæslu svo dæmi sé tekið.“

Rauðsokkahreyfingin vakti mikla athygli strax nokkrum dögum síðar þegar konur gengdu fylktu liði 1. maí, klæddar rauðum sokkum. „Þetta varð brátt ansi mikið starf. Við fórum fljótlega í að gera útvarpsþætti og stóðum fyrir alls konar uppákomum. Það var mikil mótstaða við okkur í fyrstu enda þóttum við ægilegar mussukerlingar, ljótar og hrikalega frekar.“

Rauðsokkur gáfu einnig út blaðið Forvitin rauð sem ber handbragði Eddu vitni því hún sá um að teikna í það myndir ásamt Hildi Hákonardóttur myndlistarkonu en þær og Vilborg Harðardóttir blaðamaður sáu um uppsetningu blaðanna fyrstu árin. Þá voru engar tölvur og allt teiknað, klippt og límt og pikkað á ritvél.

### Vildum enga valdapíramída

Margar konur vöknuðu til vitundar um kvennabaráttuna á kvennafrídaginn, 24. október 1975. Edda tók þátt í honum en var þá að draga sig út úr Rauðsokkunum.

„Rauðsokkahreyfingin hóf starfsemi sína í kjallara á Ásvallagötu 8, en hjónin Helga Ólafsdóttir og Stefán Karlsson voru svo elskuleg að láta okkur það í té. Svo óx starfsemin húsnæðinu yfir höfuð. Um skeið vorum við til húsa í Hamragörðum við Hofsvallagötu. Loks komum fengum við leiguhúsnæði á Skólavörðustíg 12. Við unnum hörðum höndum að því að koma því í gott horf og að því loknu jókst starfsemin mjög mikið.“

Ýmsir róttækir hópar tóku eftir velgengni Rauðsokkanna og fóru að sækja fundi þeirra. „Við höfðum aldrei verið með formlega stjórn. Við vildum ekki valdapíramída heldur áttu allir að vera aktífir og unnið í starfshópum. Mörgum fannst við ógurlega óskipulagðar og þurfa harðara skipulag. Og smám saman urðu fundirnir endalaust pólitískt þref þannig að margir drógu sig út, þar á meðal ég.“

### Vildum umbylta myndlistarkennslu

Edda sem hafði útskrifast úr námi árið 1968 vann fyrir sér sem myndmenntakennari. „Við nýútskrifaðir myndmenntakennarar vorum uppfull af því að umbylta þyrfti myndlistarkennslunni, okkur þótti kennslan íhaldssöm. Við vildum skapandi myndlist í skólastofum. Í framhaldinu gerðum við áhlaup á félag myndlistarkennara og þar var ég fljótlega komin í stjórn og var formaður félagsins 1978 til 1980.“

Á seinni hluta áttunda áratugarins fór Edda aftur í nám, þá í leirkerasmíði í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. „Ég prófaði ýmsa miðla á þessum árum, var að teikna, mála og vefa. Vefnaður og hnýtingar voru í tísku. Ég var reyndar svo óheppin að það var mölur í húsinu þar sem ég leigði annars ágæta vinnustofu á þessum tíma og þau teppi sem ég gerði eyðilögðust og enduðu á haugunum. En ég var aldrei mjög virk í myndlistinni, þegar maður er að kenna þá er svo mikið sem þarf að gera, það þarf að sinna undirbúningi og svo þarf auðvitað að sinna fjölskyldunni. Í stopulum stundum verður ekki mikill tími til að skapa.“

Í leirkerasmíðinni fann Edda sig og helgaði sig henni á sínum virkasta tíma sem myndlistarkona, níunda áratugnum. Verkin hennar á sýningunni Með viljann að vopni eru einmitt leirker sem hún vann að námi loknu. Allan þann tíma vann hún í Myndlista- og handíðaskólanum, kenndi, var skorarstjóri kennaradeildar og aðstoðarskólastjóri þótt formlega væri sá titill ekki til. Hún var virk í Galleríi Langbrók, sem rekið var af konum og starfrækt á Bernhöftstorfunni. Starfsferlinum lauk hún svo við kennslu á listabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

### Myndlistin var karlaheimur

Hún segir að þegar litið sé um öxl sé óhætt að fullyrða að íslensk myndlist hafi breyst mikið á áttunda áratugnum. „Það komu nýir miðlar og myndlistarmenn fóru að tjá sig með öðru efni en fyrr. Það var líka allt að opnast og menn fóru út í heim og sóttu sér áhrif alls staðar frá. Myndlistarheimurinn hafði verið mikill karlaheimur en það breyttist, og eins og staðan er í dag eru þrjár konur á móti hverjum karli í myndlistarnámi.“

Hin róttæka jafnréttisbarátta áttunda áratugarins skilaði miklum árangri. „Það hefur mikið áunnist. Ungar stúlkar geta varla ímyndað sér hvernig veröldin var. Við vorum aldar upp til þess að vera fyrirmyndar húsfreyjur,“ segir Edda en bætir við að enn sé barist fyrir launajafnrétti, sem virðist „endalaus bardagi“.

„Ég er ánægð með það sem áunnist hefur, þó alltaf megi gera betur. Við höfum átt kvenforseta sem hefði aldrei orðið nema vegna baráttunnar á áttunda áratugnum, forsætisráðherrann er kona og konur sitja í valdastöðum. Ekki það að það skipti öllu máli, en það er samt afar mikilvægt að konur sitji í ábyrgðarstöðum. Viðhorf kvenna eru önnur en karla.“



**INNBLÁSTUR Í ELDVIRKNI ÍSLANDS** Edda Óskarsdóttir rakst á hnattlaga hraunhnullunga sem urðu henni innblástur að jarðleirsskálum og Elísabet yfirfærir ennig á óhlutlægan hátt í verkum sínum ...“ segir í sýningarskrá en þar er þess einnig getið að víða á Vesturlöndum hafi konur yfirfært áhuga á líkama konunnar yfir á náttúrulandsins, dregið fram hið smágerða og gert að tákni hins mikilfenglega.



**KONUR OG MENN** Vangaveltur og spurningar um jafnrétti sem konur og karlar stóðu frammi fyrir fléttast saman í textílverki Sigrúnar Sverrisdóttur.



**ELDHÚS** Textílverk eftir Önnu Þóru Karlsdóttur þar sem hún „myndgerir gömlu Rafha eldavélina sem hún hefur hafið yfir hið hversdaglega notagildi og sýnir líkt og lítið altari í hjarta heimilisins, ásamt helgigripum á borð við bláu kaffikönnuna,“ segir í sýningarskrá.



**ÓNEFND** Grafík var ákjósanlegur miðill til að koma áleiðis pólitískum boðskap. Hér er verkið Ónefnd eftir Ragnheiði Jónsdóttur sem var mjög virk í grafíklist á tímabilinu.

# HÚSGAGNAHÖLLIN

# HAUSTVEISLA!

## GLÆSILEGAR HAUSTVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**229.990**
FULLT VERÐ: 299.980

**OREGON** hornsófi.
Vienna svart áklæði.
B:310x240 H:85 D:80/150 cm.
Fæst með vinstri eða hægri tungu.

NÝ VÖRULÍNA í smávörudeild SEM LÍFGAR UPP Á HEIMILIÐ



**690**
**SPIZY** borðtuskur
2 stk. í pakka.
Margir litir.



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**SKOVBY** skenkur.
Eik/sápuborin eik.
B:180 D:46,5 H:81 cm.

**159.990**
FULLT VERÐ: 239.980

NÚNA 35% AFSLÁTTUR

**159.990**
FULLT VERÐ: 259.990

**SKOVBY** borðstofuborð.
Eik og hvít borðplata.
B:100 L:183/275 H:74 cm.



**490**
**SPIZY** serviéttur.
20 stk. í pakka.

NÝTT FRÁ spizy DENMARK



**490**
**SPIZY** kaffibolli.



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY

**ASPEN** La-z-boy stóll. B:85 D:85 H:100 cm. Fæst með natur, rauðu eða brúnu áklæði.

**74.980**
FULLT VERÐ: 99.980



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY

**STANLEY** La-z-boy stóll. B:80 D:85 H:105 cm. Fæst með svörtu, dökkbrúnu eða vínrauðu leðri.

**109.990**
FULLT VERÐ: 159.980



**490**
**SPIZY** diska-mottur. Margir flottir litir.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.



**REYKIR OG REYKIR EKKI** Karli Th. Birgissyni þykir slæm hugmynd að fulltrúar Besta flokksins í borgarstjórn hafi tekið upp á því að hætta að reykja, allir á sama tíma. Hann stingur upp á því að þeir hætti við að hætta, í það minnsta fram yfir afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Fífa er á öðru máli. Hún vill að fólk vinni bara vinnuna sína og láti hvorki reyk né reykleysi trufla sig við hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nóg pláss fyrir besservissera

Það kveikir ekki í tilvonandi leikhúsmanninum **Karli Th. Birgissyni** að hefja beittan feminískan útvarpsþátt með **Auði Alfífu Ketilsdóttur**, nýjum ritstjóra Stúdentablaðsins. Fífa er hvort sem er ekki viss um að það væri gott framaskref fyrir hana að leggja lag sitt við mann sem er nýbúið að reka frá RÚV. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** átti fund með rökstólapari vikunnar í verbúð tvö niðri við höfn.

Haustið felur í sér talsverðar breytingar á högum rökstólapars vikunnar. Auður Alfífa, sem hefur verið að læra hagnýta menningarmiðlun við Háskóla Íslands, er sest í ritstjórastól Stúdentablaðsins og verður samhliða því í kennsluréttindanámi. Karl hins vegar rær á ný mið og fer úr útvarpinu í Borgarleikhúsið. Það liggur þá eiginlega beinast við að hefja umræðurnar á því hvort haustið leggist ekki glimrandi vel í parið?

**Fífa:** Ég væri svo sem alveg til í að bæta tveimur eða þremur vikum við sumarið. En september er svona „nú byrjar allt" mánuðurinn. Það er bara gaman. Það er alltaf fjör í september og gaman á veturna, finnst mér."

**Karl:** „Það væri kannski búandi á þessu landi ef við hefðum svona tvo mánuði í viðbót af sumri ..."

**Fífa:** „Í mínum vinahópi lifum við á þeirri möntru að það sé enn þá sumar, þótt það sé kominn september."

**Karl:** „Þetta kallast sjálfsblekking! Eins og að segja að veturnir séu svo skemmtilegir og þorrinn svo yndislegur. Þegar það er í raun og veru bara kalt og blautt."

**Fífa:** „Mér finnst þetta bara fínt. Veturinn bara er, það þýðir ekkert að vera að væla yfir því."

**Karl:** „Nei, það er ekki eins og við getum gert eitthvað í þessu. Við getum ekki mótmælt!"

**Slökkva ekki ljósin**

*Talandi um mótmæli. Ætlið þið að taka þátt í boðuðu rafmagnsverkfalli [spurt í gær]?*

**Karl:** „Nei, ég ætla ekki að taka þátt í því. Þegar fólk sameinast um einhver mótmæli finnst mér að það þurfi að vera eitthvert markmið með því. Hverju er fólk að reyna að ná fram með því að taka rafmagnið af í nokkrar mínútur?

**Auður:** „Eins mikið og ég þoli ekki þegar fólk sem ákveður að mótmæla er gagnrýnt, finnst mér eiginlega merkilegast að þetta skuli ekki vera miklu róttækara. Við þurfum ekki rafmagn alltaf. Af hverju notar fólk ekki bara rafmagn í 8 tíma á dag og slær það alveg út þess á milli? Það væri alvöru."

**Karl:** „Rafmagnið er eftir sem áður ódýrt hérna, miðað við víðast hvar annars staðar. Þetta voru bara nauðsynlegar aðgerðir. Hins vegar eru hliðaráhrifin af þessu slæm, til að mynda áhrifin á vísitöluna."

**Auður:** „Já, í sjálfu sér finnst mér ekkert agalegt að Orkuveitan hækki rafmagnsreikninginn. En mér finnst ástæðan fyrir því að það þarf að hækka hann agaleg."

**Besservisserar í leikhúsinu**

Útvarpsþáttur Karls, Orð skulu standa, verður ekki á dagskrá RÚV í vetur, aðdáendum þáttarins til gremju og aðstandendum þáttarins að óvörum. Stjórnendur Borgarleikhússins voru hins vegar ekki lengi að krækja í þáttinn, sem verður fluttur vikulega í vetur fyrir fullum sal fólks, gangi áætlanir og vonir eftir.

**Karl:** „Þetta verður í rauninni eins og útvarpsþátturinn, nema með alls kyns viðbótum sem leikhúsið hefur upp á að bjóða. Tónlist, uppákomur og þátttaka í sal. Þetta á fyrst og fremst að vera notaleg og skemmtileg samverustund."

**Auður Alfífa:** „Mér líst vel á þetta. Það eina sem mælir gegn því að mæta er að maður gæti ekki verið að tala við sjálfan sig. Ekki sagt upphátt: „Ég er löngu búin að fatta þetta! Ég er svo klár, djöfull eru þau lengi að fatta þetta ..."

**Karl:** „Það verður reyndar þannig að ef þau Hlín og Davíð Þór verða eitthvað að vandræðast, og það er augljóst að einhver úti í sal veit svarið, þá sný ég mér auðvitað að honum."

**Auður:** „Verður þá ekki allt fullt af besservisserum í salnum?"

**Karl:** „Jú ég geri ráð fyrir því. Það er nóg pláss fyrir þá."

**Bæði rekin frá NFS**

*Sástu einhvern tímann þáttinn Óþekkt á NFS, Karl?*

**Karl:** Eitthvað rámar mig í hann ... voru ekki einhverjir gargandi femínistar með hann?"

**Auður:** Jú, jú. Ég og Kristín Tómasdóttir. Ertu ekki í Facebook-grúppunni Látum Óþekkt lifa?"

**Karl:** Nei, ég tek ekki þátt í svona grúppum. Það vantar svoleiðis hjarðhegðun í mig."

**Auður:** „Mér finnst alveg dásamlegt að tilvist þessa þáttar sé rifjuð upp. En við vorum mjög með puttann á púlsinum. Vorum með feminísk viðtöl og flottar tónlistarkonur sem tróðu upp. Ég held alveg örugglega að Lay Low hafi til dæmis komið fyrst opinberlega fram hjá okkur."

**Karl:** „Já, það var synd að NFS skyldi deyja. Þetta var skemmtileg sjónvarpsstöð sem opnaði alls kyns möguleika."

**Auður:** „Annars vorum við vinkonurnar einhvern tímann með þá pælingu í gangi að það þyrfti fleiri feitar og ljótar konur í sjónvarpið. Í framhaldi af því komumst við að því að við værum alveg fullkomnar fyrir útvarp ..."

**Karl:** „Já, útvarpið hefur eitthvað sérstakt við sig. Það er eitthvert látleysi og hógværð í því sem er ekki í sjónvarpi."

**Auður:** „Já, enda ert þú útvarpsmaður og mjög hógvær!"

**Karl:** „Ég hef reyndar líka verið í sjónvarpi. Var með vikulega pistla á NFS en bað Róbert Marshall að reka mig, því mér leiddist þetta. Þetta var hálfasnalegt, að vera með útvarpspistla í sjónvarpi."

**Auður:** „Hann hefur líka rekið mig! Þá eigum við eitthvað sameiginlegt."

**Engin sátt um þátt**

*Ætli það sé ekki ýmislegt fleira sem þið eigið sameiginlegt? Gætuð þið ekki hugsað ykkur að vera saman með þátt einhvern tímann?*

**Auður Alfífa:** „Ég sé fyrir mér mjög feminískan og beittan útvarpsþátt."

**Karl:** „Hmm ..."

**Auður Alfífa:** „Við værum stingandi á kýlum alls staðar. Þú gætir verið svona útsendari sem kemur þér inn í alls konar kreðsur og þykist vera mikill pungur en ert síðan að taka allt saman upp. Ahaha!"

**Karl:** „Já, þú segir nokkuð. Þetta er samt ekki alveg að kveikja í mér."

**Auður Alfífa:** „Nú?!"

**Karl:** „Ég er ekki viss um að ég myndi vilja vera með útvarpsþátt með einhverjum öðrum ... með fullri virðingu fyrir þér. Ég er bara þannig gerður að ég hef allt af rétt fyrir mér."

**Auður Alfífa:** „Ég veit hvort sem er ekki hversu góður díll það væri fyrir mig og minn frama að byrja að vera með útvarpsþátt með manni sem er nýbúið að segja upp á Ríkisútvarpinu!"

**Tími til að skera á strenginn**

*Aldrei hafa fleiri snúið baki við þjóðkirkjunni og undanfarnar vikur. Hvað finnst ykkur um kirkjumálin?*

**Karl:** „Æ, mér finnst þetta bara sorglegt. En um leið þörf áminning um hvað er löngu orðið tímabært að skera á naflastrenginn milli ríkis og kirkju. Láta þetta trúfélag sjá um sig sjálft, eins og önnur trúfélög í landinu þurfa að gera."

**Auður:** „Mér finnst áhugavert að sjá hvernig samfélagið hefur breyst. Það þótti miklu fleirum þetta óþægileg umræða um biskupinn fyrir fimmtán árum. Ef maður vill vera jákvæður getur maður allavega glaðst yfir því hvað fræðsla hefur þó skilað miklu í þessum málaflokki. Fólk segir fyrirgefðu hægri vinstri og allir skammast sín í klessu. En svo er líka merkilegt að velta allri þessari samstöðu valdakarlanna fyrir sér."

**Karl:** „Áttu við „æ, lentir þú í þessu?" samstöðuna?"

**Auður:** „Nákvæmlega. Hún er náttúrlega algjörlega fríkuð. Og ég er ekki viss um að það hafi mikið breyst, þótt allir séu alfarið á móti ofbeldi í prinsippinu er svo oft reynt að afsaka sérstök tilvik með gamla góða klæðaburðar- og drykkjutalinu."

**Karl:** „Það hefur nú samt margt breyst í þeim efnum. Það ríkir miklu meira fjölræði núna en var á þessum tíma."

**Skítsama um reykingarnar**

*Úr einni valdastofnun samfélagsins yfir í aðra. Nú er stór hluti borgarstjórnar kominn í reykbindindi á sama tíma. Er það ekki stórhættulegt?*

**Auður:** „Mér er eiginlega skítsama hvort þetta fólk reykir eða ekki."

**Karl:** „Ekki mér. Það er ekki gott ef hluti borgarstjórnar er í einhverju ójafnvægi. Ég sting upp á að þau byrji aftur að reykja. Að lágmarki fram yfir afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Í alvöru talað. Það er alvarlegt mál að afgreiða fjárhagsáætlun."

**Auður:** „Ég nenni nú eiginlega ekki að gera ráð fyrir að eitthvert svona reykleysi eða ekki reykleysi hafi úrslitaáhrif á hvort fólk vinni vinnuna sína. Fólk er ráðið til að vinna. Reyklaust eða ekki. Það eru allir að díla við eitthvað."

# GÖNGUM SAMAN

Göngum saman

## SUNNUDAGINN 5. september

AKUREYRI HÓLAR
REYKJAVÍK PATRÓ
ÍSAFJÖRÐUR HÖFN
REYÐARFJÖRÐUR

Allar göngurnar hefjast kl. 11
Kynntu þér dagskrá og skipulag á hverjum stað á gongumsaman.is



### Eflum rannsóknir

Fullorðið göngufólk er beðið að greiða 3.000 kr. í styrktarsjóð Göngum saman. Frítt er fyrir börn. Söfnunarféð rennur til styrktar grunnrannsóknum á brjóstakrabbameini. Nánar á **gongumsaman.is**.




### Styrktu gott málefni

Göngum saman hefur látið útbúa margs konar gagnlegan varning sem tilvalinn er til gjafa eða til að gleðja sjálfa(n) sig um leið og verðugt málefni nýtur góðs af.

Við þökkum stuðninginn:

Deloitte. NOVARTIS Roche BYR GO-KART Frumherji actavis MJÓLKURSAMSALAN
vörður MANNVIT NÚÍ BROS NTC VERKÍS SAMTÖK STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
maður lifandi edal toppur VALITOR Arion banki gsk vistor AVON



**GERT KLÁRT FYRIR GÖNGU** Fimmtán sæta þýskur en afar hægfara Unimog var eina ökutækið sem dreif yfir ár og næsta ófæra sundurskorna og veðurbarða vegi á Torfajökulssvæðinu. Þegar göngumenn eru fleiri en bíllinn rúmar verða þeir að ganga sem treysta sér til þess í staðinn fyrir að hristast í tryllitækinu og njóta útsýnisins út um bílgluggann. Hér stendur fararstjórinn Ósk Vilhjálmsdóttir á öðrum degi ferðar við tryllitækið undir endimörkum Hrafntinnuskers. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN AÐALSTEINN

# Huliðsheimur á hálendi



Torfajökulssvæðið er ein af litríkari náttúruperlum íslenska hálendisins og eitt af mestu háhitasvæðum heims. *Jóni Aðalsteini Bergsveinssyni* var boðið að slást í þriggja daga gönguferð með **Ósk Vilhjálmsdóttur** í síðustu ferð Hálendisferða og Landverndar um svæðið sem fáir þekkja.

Fólk verður að dvelja í tvo til þrjá daga á Torfajökulssvæðinu, ganga um það og dýfa tánum í heita laug. Þá fær það tilfinningu fyrir landinu. Annars nær maður ekki að tengjast því,“ segir Ósk Vilhjálmsdóttir fararstjóri, sem farið hefur með nokkra hópa göngufólks um Torfajökulssvæðið, milli Landmannalauga og Veiðivatna, síðastliðin fimmtán ár. Meirihluti þeirra er Frakkar og er það þekkt í frönskum útivistartímaritum. Mun færri Íslendingar þekkja það.

Torfajökulssvæðið liggur í friðlandi að fjallabaki á milli Landmannalauga og Veiðivatna norðan Torfajökuls. Þetta er eitt mesta háhitasvæði landsins og rétt við alfaraleið Laugavegarins svokallaða á milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Þrátt fyrir að Laugavegurinn sé með vinsælli gönguleiðum landsins á hálendinu er sjaldgæfara að ferðafólk gangi út fyrir merktar leiðir. Hluta Torfajökulssvæðisins sem Ósk hefur gengið yfir má sjá sé gengið frá Höskuldsskála niður að íshellinum við Hrafntinnusker, sem nú er hruninn. Ofan af Jónsvörðu við Höskuldsskála má sömuleiðis sjá yfir á hverasvæðin. Þar eru leirhverir, leirugir vatnshverir, gufuhverir og soðpönnur. Þar á meðal er gufuhverinn Hvínandi, sem talinn er aflmesti hver landsins um þessar mundir. Gengið er yfir viðkvæm svæði, á stundum í spor þeirra sem áður hafa farið yfir þau og enn má merkja.

Ósk hefur í sjö ár kynnt ferðafólki nær óþekkt svæði, sem verið hafa í umræðunni í tengslum við virkjanaáform. Hún hefur meðal annars kynnt fólk fyrir perlum Eyjabakka og Kárahnjúka en hún stóð fyrir því að byggður var kláfur sem fólk notaði til að fara inn á Kringilsárrana áður en hann tók að hverfa undir Hálslón síðla árs 2006.

Torfajökulssvæðið er á rammaáætlun en samkvæmt fyrsta áfanga áætlunarinnar er gert ráð fyrir að jarðvarmavirkjun á svæðinu geti gefið af sér 17.360 gígavattsstundir á ári. Það jafngildir um fjórum Kárahnjúkavirkjunum. Gangi áætlanir um tilraunaboranir á svæðinu eftir mun það hafa í för með sér mikið jarðrask.

Ósk segir mikilvægt að kynna afskekkta staði fyrir fólki og bendir á að Skaftafell í Öræfasveit hafi verið með afskekktustu stöðum landsins og fáir þekkt svæðið þar til hringvegurinn var opnaður árið 1974. Allir vita nú af náttúrufegurð Skaftafells, sem er hluti af Vatnajökulsþjóðgarði.

„Ég hélt að Torfajökulssvæðið væri öruggt þar sem það er innan friðlands. En þegar þjóðin æpir á raforkuframleiðslu fyrir stóriðju gæti komið að því að virkja á þessu svæði líka. Það er ekkert óhult,“ segir hún.



**HVERASVÆÐIÐ MYNDAÐ** Mikið hverasvæði er þar sem heita Háuhverir austan undir Reykjafjöllum og í Kaldaklofi. Þá er mikið um svokallaðar brennisteinsþúfur. Varasamt getur verið að ganga um svæðið. Þeir sem ekki passa sig gætu átt á hættu að stíga ofan í bullandi hver og stórslasa sig. Sigmundur Einarsson, jarðfræðingur sem var með í för, ber enn ör eftir þrjátíu ára óhapp þegar hann steig ofan í hver.



**HEITAR LÆNUR Í LANDSLAGI** Fallega heita læki má sjá víða á Torfajökulssvæðinu. Engu er líkara en náttúran sjái sjálf um hitastillinguna enda lækirnir jafn misheitir og þeir eru margir. Í nokkrum pollum má baða sig.

## TINANDI SVART BERG Í HRAFNTINNUSKERI



Vegur var lagður inn á Torfajökulssvæðið skömmu eftir seinni heimsstyrjöld í þeim tilgangi að ná í hrafntinnu utan á ytra byrði Þjóðleikhússins, sem þá var í byggingu. Vegur var lagður upp á hrygg, sem ber nú heitið Pokahryggur. Menn deila um uppruna nafnsins. Sumir segja hrygginn nefndan eftir strigapokum sem hrafntinnan var borin í. Aðrir segja nafnið dregið af sandpokum sem notaðir voru til að púkka upp í rof og rásir í veginum. Hann er vart fær öðrum en breyttum bílum. Hrafntinnutaka hefur verið bönnuð ef frá er skilið sérstakt leyfi sem veitt var við viðgerðir á leikhúsinu árið 2007.

# Hvað ætlar þú að gera í vetur?

## Farartæki

### Bifreiðar - viðhald og viðgerðir
Þátttakendur öðlist innsýn og færni í að sjá um viðhald og minni viðgerðir á bifreið.
***Hefst 8. september***

## Hársnyrting

### Andlit og hár Nýtt!
Teiknikennsla auk fyrirlestrar um andlit og gullinsnið. Mismunandi blýantar kynntir og aðferðir til að ná fram tónum og skyggingu í andlits- og hárteikningu. ***Hefst 7. október***

### Herraklipping Nýtt! Að kljást við erfitt hár
Námskeið fyrir hársnyrtifólk sem vill læra ýmsa tækni til að kljást við sveipi, kollvik, skallabletti, strítt hár, erfiða hárlínu og höfuðlag karlmanna. ***Hefst 23. október***

### Undirbúningur fyrir sveinspróf í hársnyrtingu Nýtt!
Ætlað fólki sem hefur útskrifast úr hársnyrtiiðn og hefur hug á að taka sveinspróf.
***Hefst 9. nóvember***

### Pabbanámskeið Nýtt! - að binda í hárið á dætrunum
Fyrir feður sem eiga erfitt með að greiða og binda hárið á dætrum sínum.
***Hefst 9. október***

## Hönnun og handverk

### Prjónanámskeið fyrir byrjendur
Farið verður í prjónfestu og grunnatriði í prjóni eins og uppfitjun, slétt og brugðið prjón, úrtökur og útaukningar, affellingar o.fl. ***Hefst 2. nóvember***

### Höggvið í stein
Undirstöðuatriði í almennri steinsmíði og höggverki kennd ásamt því að þátttakendur hanna og smíða hlut úr steini.
***Hefst 25. október***

### Hönnun og gerð barnajakka Nýtt!
Notast er við eitt grunnsnið sem er breytt eftir efnum og aðferðum.
***Hefst 4. nóvember***

### Hugmynda- og minningabækur Nýtt!
Ódýrar aðferðir, til að halda hugmyndum og minningum saman í fallegri bók, kenndar.
***Hefst 16. september***

### Litafræði fyrir bútasaum
Farið verður í gegnum grunnþætti litafræðinnar og gerðar tilraunir með liti í einföldum geómetrískum mynstrum.
***Hefst 7. október***

### Smíðað úr innlendum við
Verkleg þjálfun í samráði við þátttakendur. Smíðaður verður t.d. bolli eða skál gerð í rennibekk. ***Hefst 19. október***

### Steinaslípun
Vinnustofa við steinaslípun; hugmyndavinna, mótun og sögun. ***Hefst 13. október***

### Útskurður
Kennd eru grunnatriði við útskurð í tré, kynnt efni og áhöld. ***Hefst 11. september***

### Silfursmíði
Þátttakendur smíða einfalda skartgripi. Námskeiðið hentar einnig lengra komnum.
***Hefst 2. nóvember***

### Grafis tölvusniðagerð Nýtt! - grunnnámskeið
Grunnsnið Grafis sniðagerðarforritsins skoðuð. ***Hefst í janúar 2011***

## Málmur og tré

### Húsgagnaviðgerðir
Fjallað er m.a. um orsakir og eðli skemmda á húsgögnum. Þátttakendur geta tekið með sér minni hluti til að gera við.
***Hefst 5. október***

### Málmsuða
Farið er í rafsuðu, s.s. pinnasuðu, Mig/Mag o.fl. ásamt logsuðu. Verkleg þjálfun.
***Hefst 4. október***

### Trésmíði fyrir konur Nýtt!
Námskeið sem eingöngu er ætlað konum þar sem kennd verða rétt vinnubrögð við trésmíðavélar og handverkfæri fyrir trésmíði. Smíðaður verður lítill eldhúskollur.
***Hefst 26. október***

## Raftækni

### CanOpen kerfið
Uppruni CAN netsins, uppbygging á CAN bus (stærðir, hraði, tengingar og kaplar) o.m.fl. ***Hefst 8. nóvember***

### Gítareffektar
Námskeiðið er ætlað tónlistar- og áhugafólki um gítarleik. ***Hefst 11. september***

### LCD skjáviðgerðir
Fjallað um uppbyggingu LCD skjáa, stærðarhlutföll, útsendingarhlutföll og upplausn. Farið er í uppbyggingu LCD tækja, blokkmynd og virkni eininga. ***Hefst 4. október***

### MultiSim rafrásahermir
Farið er í uppbyggingu Multisim og útskýrt hvernig forritið er byggt upp. Unnið verður með einfaldar rafeindarásir og helstu mælitæki tekin til skoðunar.
***Hefst 25. október***

### PIC stýriörgjörvar
Kynning á örtölvustýringum og þeim möguleikum sem bjóðast í hönnun og nýsköpun á tæknibúnaði. ***Hefst 4. október***

### Rafmagnið! Öryggi og frágangur Nýtt!
Rafmagnstafla útskýrð, greinar og tengimátar. Tengingar rafmagnstækja og helstu atriði varðandi brunahættu og frágang á snúrum og klóm. ***Hefst 22. nóvember***

### Rafeindatækni smíðakennara
Námskeiðinu er skipt niður í þrjá þætti, rafmagnsfræði og rafeindatækni, mælingar og handverk. ***Hefst 1. nóvember***

## Skipstjórn - vélstjórn

### ARPA - ratsjárnámskeið
Námskeiðið uppfyllir kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í töflum A-II/1 og II/2 í STCW-bálknum um þekkingu, skilning og færni í notkun ratsjár og ARPA.
***Hefst 29. september***

### ARPA - ratsjárnámskeið Endurnýjun
***Hefst 2. október***

### ECDIS - rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi
Notað er PL-10 kerfið frá Kongsberg. Gert er ráð fyrir að umsækjendur hafi lokið ARPA námskeiði. ***Hefst 24. nóvember***

### Endurnýjun skipstjórnarréttinda
Ætlað skipstjórnarmönnum sem hafa ekki siglt í nokkurn tíma og vilja endurnýja skipstjórnarréttindin og kynna sér nýjungar í skipstjórn. ***Hefst 6. október***

### Endurnýjun vélstjórnarréttinda
Ætlað vélstjórnarmönnum sem hafa ekki siglt í nokkurn tíma og vilja endurnýja vélstjórnarréttindin og kynna sér nýjungar í vélstjórn. ***Haust 2010***

### GMDSS-GOC/ROC
Námskeiðið er tvískipt. GMDSS-GOC og GMDSS-ROC sem er styttra námskeið og hentar þeim sem ætla að ná sér í 65 BT réttindi. ***Hefst 13. september***

### Hásetafræðsla
Markmið með námskeiðinu er að nemendur öðlist fræðslu og þjálfun til að uppfylla sett lágmarksskilyrði til útgáfu skírteinis til varðstöðu í brú á stoðsviði, sbr. staðall STCW-A, II/4. ***Hefst í desember***

### Meðferð og frágangur Nýtt! á ferskum fiski
Markmið með námskeiðinu er að efla þekkingu og skilning sjómanna og aðila sem meðhöndla fisk á nauðsyn góðrar meðferðar og frágangs á ferskum fiski og mikilvægi hreinlætis. ***Hefst 28. október***

### Smáskipanámskeið, 12 m og styttri - staðarnám
Smáskipanám kemur í stað þess sem áður var nefnt 30rl réttindanám (pungapróf). Réttindin miðast skv. því við skip 12 metrar og styttri að skráningarlengd.
***Hefst 18. október***

### Smáskipanámskeið, 12 m og styttri - fjarnám
***Hefst 18. október***

### Undirbúningur fyrir skemmtibátapróf
Kennd verða bókleg atriði til skemmtibátaprófs, í siglingafræði, siglingareglum og stöðugleika. Bóklegt og verklegt próf veitir réttindi á 24 m skemmtibáta.
***Hefst 9. október***

### Vélgæslunámskeið
Námskeiðið veitir réttindi til að vera vélavörður á skipi með 750 kW vél og minni og 12 m og styttra að skráningarlengd.
***Hefst 11. október***

### IMDG meðferð á hættulegum farmi
Kennt er skv. alþjóðasamþykkt STCW. Námskeiðið uppfyllir kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. ***Hefst 3. nóvember***

### IMDG - endurnýjun
Þátttakandi þarf að hafa lokið grunnnámskeiði IMDG. ***Hefst 1. nóvember***

## Tölvur og upplýsingatækni

### AutoCad
Á námskeiðinu verður farið í notkun á AutoCad. ***Hefst 13. september***

### Final Cut
Nemendur læra að nota Final Cut klippiforrit
***Hefst 16. október***

### MS Project Nýtt!
Verkefnaáætlunarforritið Microsoft Project er vinsælasta og algengasta forrit viðskiptalífsins til að gera kostnaðarmiðaðar verkáætlanir. ***Hefst 13. október***

### Revit þrívíddarforrit - grunnur
Á námskeiðinu er farið í notkun á Revit Architecture 2011. ***Hefst 5. október***

### Revit þrívíddarforrit Nýtt! - framhald
Á námskeiðinu er farið í notkun á Revit Architecture 2011 sem notað er til hlutbundinnar mannvirkjahönnunar og er það ætlað tæknimenntuðu fólki sem vinnur á því sviði. ***Hefst 11. október***

### SketchUp Nýtt! þrívíddarforrit
Þrívíddarforritið SketchUp kemur frá Google, forritið geta allir nálgast ókeypis á netinu.
***Hefst 4. október***

### Stafræn ljósmyndun
Farið verður yfir grunnatriði myndatöku, samspil ljósops, hraða, ISO og áhrif þess á myndir. Einnig í eftirvinnslu og leiðréttingar í myndvinnsluforritum. ***Hefst 19. október***

### Tölvunámskeið í fjarnámi
Námskeiðið er í samstarfi við NEMANDA-fjarnámsskóla og hefur fengið einstaklega góðar móttökur.
***Alla þriðjudaga frá 21. september***

### Vefhönnun og umsjón
Námskeið sem hentar einstaklingum og litlum fyrirtækjum sem vilja vera með eigin vef. ***Hefst 4. október***

## Tungumál - languages

### Enska í námi og starfi
Námskeiðið er sérsniðið að þörfum námsmanna og starfsmanna í tæknigeiranum og er einkum ætlað þeim sem vilja auka færni sína í ensku. ***Hefst 30. september***

### Icelandic language courses
ÍSA102 for absolute beginners, ÍSA202 for elementary, ÍSA302 and ÍSA402 for intermediate knowledge of Icelandic.
***Starts September 21st***

### Danska - Lad os snakke sammen
Námskeiðið hentar þeim sem vilja rifja upp dönskukunnáttuna og öðlast aukna færni í hlustun og talmáli. ***Hefst 2. október***

## Umhverfi og útivist

### GPS staðsetningartæki og rötun
Farið er yfir notkun á staðsetningartækjum og þátttakendur æfa sig í að finna punkta og setja inn í tækin og merkja út á korti. Námskeiðið er tvö kvöld inni og svo ein útiæfing. ***Hefst 13. september***

### Grjót- og torfhleðslur
Námskeiðið er opið öllum sem hafa áhuga á hleðslum með fornri aðferð. Þátttakendur fá leiðsögn um undirstöðuatriði við hleðslur og verklega þjálfun. ***Hefst 6. nóvember***

### Vatnajökulsþjóðgarður
Á námskeiðinu verður fjallað um helstu náttúruperlur í þjóðgarðinum og helstu ferðaleiðir. Myndun náttúrufyrirbæra verður útskýrð á einfaldan hátt. ***Hefst 16. október***

Nánari upplýsingar og skráning er á vefsíðu Tækniskólans **www.tskoli.is**, á **endurmenntun@tskoli.is** og í síma **514 9602**.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



**LEIÐANGURSMENN** Þór Hjaltalín fornleifafræðingur, Kevin McAleese fornleifafræðingur í St. Johns, Kristján Jónasson stærðfræðingur, Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur og Jónas Kristjánsson handritafræðingur.



**Í EINNI HREINDÝRAGRYFJUNNI** Bjarni F. í essinu sínu.



**LITAST UM Á VETTVANGI** Mikill skógur er í nágrenni Sop's Arm. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

# *Í leit að Vínlandi hinu góða*

**Jónas Kristjánsson,** fyrrverandi forstöðumaður Handritastofnunar, fann í sumar óræk merki um veru norrænna fornmanna í Sop's Arm á Nýfundnalandi. ***Gunnþóra Gunnarsdóttir*** heimsótti Jónas á Oddagötuna og fylgdi honum á kortinu vestur um haf.

Jónas er nýkominn úr áttunda rannsóknarleiðangri sínum til Vesturheims, áttatíu og sex ára gamall. Með óbilandi elju virðist honum vera að takast það ætlunarverk sitt að finna þar minjar um Þorfinn karlsefni og Guðríði Þorbjarnardóttur. Staðurinn sem líklegur er nefnist Sop's Arm og er á Nýfundnalandi. „Ég rek mig eftir sögunni," segir Jónas. „Reyni að feta slóð Þorfinns og Guðríðar en vantar herslumun ennþá til að geta bent á rústir af skála þeirra og geta sagt að hér sé staðurinn þar sem þau ætluðu að nema land."

Hann kveðst hafa verið vel liðaður í leiðangrinum í sumar og í raun ekkert hafa þurft að gera sjálfur nema fylgjast með. „Með mér voru fornleifafræðingarnir Bjarni F. Einarsson og Þór Hjaltalín sem hafa báðir farið með mér áður, hvor í sínu lagi. Svo var sonur minn Kristján, stærðfræðiprófessor við Háskóla Íslands nokkurskonar leiðangursstjóri, keyrði bílinn, pantaði hótel og sá um bókhaldið. Hann er að verða hálfgerður fornleifafræðingur líka, sökum áhuga síns á þessu verkefni og það er mér ómetanlegt. Auk þess var með okkur fornleifafræðingur frá Nýfundnalandi, safnvörður á þjóðminjasafninu í St. John's. Kevin McAleese heitir hann."

### Fékk Íslendingasögurnar sjö ára

Jónas er Þingeyingur í ættir fram. Ólst upp við sagnamenningu hjá afa sínum sem gaf honum Íslendingasögurnar í sjö ára afmælisgjöf. En hvað kom til að hann hellti sér í Vesturheimsrannsóknir?

„Upphafið var í þeim dúr að ég var að skrifa sögu Guðríðar Þorbjarnardóttur á síðasta tug síðustu aldar. Þá reyndi ég að fara á alla þá staði sem hún hafði verið á. Að sjálfsögðu studdist ég við ritaðar heimildir, meðal annars Grænlendingasögu og Eiríkssögu rauða. Þeim ber náttúrlega ekki saman. Ég tel Eiríkssögu betur treystandi enda segir hún meira frá Karlsefni og Guðríði. Höfundar þessara sagna eru ókunnir en talið er að þær séu skrifaðar á 13. öld," segir Jónas og tekur blaðamann í sögutíma.

„Í Eiríkssögu segir frá því að Þorfinnur karlsefni og Snorri Þorbrandsson, frændi hans og félagi, sem farið höfðu kaupferðir til Noregs, koma til Grænlands og hafa vetursetu í Brattahlíð hjá Eiríki rauða. Þar var einnig Guðríður Þorbjarnardóttir, ekkja eftir Þorstein son Eiríks. Ástir tókust með þeim Karlsefni og voru þau gefin saman í hjónaband um veturinn.

Leifur heppni Eiríksson hafði þá nýlega fundið land lengra í vestri sem hann nefndi Vínland. Var ákveðið að halda þangað frá Grænlandi næsta sumar og nema þar land. Farið var á þremur stórum skipum með fólk og fénað undir forystu þeirra Karlsefnis og Snorra. Siglt var með löndum til að forðast hafvillur, norður með vesturströnd Grænlands og yfir til Baffinslands, síðan suður með Labrador og áfram með austurströndu Nýfundnalands, sem þeir töldu vera Vínland. Leiðangurinn kemur þar í fjörð einn, það er eyja í fjarðarmynninu og straumur með eyjunni. Þeir kalla hana Straumey og fjörðinn Straumsfjörð. Þeir fara inn í þennan fjörð, búast þar um og byggja skála."

### Fundu merkar minjar

Það var fyrir tveimur árum sem Jónas kveðst hafa komið fyrst í Sop's Arm. „Mér fannst staðurinn eiga vel við lýsingu sögunnar, til dæmis eyjan. Ég hafði hvergi fundið svona eyju við mynni fjarðar á austurströndu Nýfundnalands. Við sigldum kringum hana og sannreyndum að þar er mikill straumur. Svo segir í sögunni: „Fjöll voru þar og fagurt var þar um að litast." Það passaði líka. Long Range Mountains liggja norður eftir landinu og þarna er yndisleg fallegt."

Jónas segir norska fræðimanninn Helge Ingstad hafa gefið gaum að kynlegum gryfjum við fjarðarbotninn í Sop's Arm er hann var þar á ferð árið 1961. Hann hafi þekkt slíkar gryfjur frá Noregi þar sem þær voru notaðar í gamla daga til að veiða í hreindýr. Þetta eru mikil mannvirki.

„Við Þór Hjaltalín fornleifafræðingur gátum bara rétt litið á þessar gryfjur fyrir tveimur árum en höfðum ekki leyfi til þess að róta neitt í þeim. En ég ákvað þá að fara vestur aftur og athuga þær betur. Það gerðum við nú í sumar, dvöldum í viku og teljum okkur hafa gert góða ferð. Við fundum sex gryfjur við fjarðarbotninn. Þær hafa verið grafnar þar sem hreindýrin fara um vor og haust. Það er mikil tilviljun að ekki skuli vera búið að eyðileggja þær. Nýlega hafa verið lagðar tvær háspennulínur þvert yfir svæðið. Gryfjurnar eru nokkrir metrar í þvermál og svona þrír á dýpt. Fornleifafræðingarnir grófu tvær þeirra alveg niður á botn, gerðu ýmsar rannsóknir og tóku nokkur sýni til aldursgreiningar. Þeir eru sannfærðir um að þetta séu norskar gildrur."

Síðan er eitt eftir sem mestu varðar, það er að finna rústirnar af skálum landnámsmanna að sögn Jónasar. „Mín kenning er sú að Karlsefni og fylgdarlið hafi siglt inn í fjarðarbotninn og byggt skála sína ekki langt frá mynni ár sem þar rennur til sjávar. Það var aðferð landnámsmanna á Íslandi, að sigla inn eftir fjörðum og upp í ármynni," segir hann.

Rigningarsuddi var einn daginn sem uppgröfturinn stóð yfir í sumar, og Jónas kveðst hafa stungið upp á að fara í bíltúr að skyggnast um eftir skálunum. „Rétt norðan við árósinn eru sæbrattar hlíðar, en svona 300 metrum norðar komum við að vík sem gengur inn úr firðinum, einkar hlýlegri, og okkur kom saman um að ef við hefðum verið í sporum Þorfinns og föruneytis hefðum við sett okkur þar niður. Við fundum meira að segja vatnsmikinn bæjarlæk, sjálfsagt fullan af laxi, sem féll niður í víkina. Í húsi einu þarna nálægt hittum við konu sem sagði að bróðir sinn ætti þetta land og hefði reist húsin sem þar standa, en hann væri sem stendur vestur í Alberta í Kanada að vinna fyrir fjölskylduna og yrði fram í október. „Hann fann nú eitthvað þegar hann var að grafa hérna og geymir það einhvernsstaðar," sagði hún og bætti við. „Svo held ég hann hafi fundið einhverja steinahleðslu líka.""

### Forvitinn að líta yfir

Sagan er orðin svo spennandi hjá Jónasi að hann er spurður hvort hann ætli ekki að drífa sig vestur aftur í haust að hitta bróðurinn. Hann hlær. „Ég hef verið að reyna að ná í farsímanúmerið hans en það hefur ekki gengið enn þá. En mínir menn verða að fara aftur næsta vor og fá leyfi til að skoða þennan stað nánar og finna út hvort þar eru mannvistarleifar. Svo þurfa þeir að fá leyfi til að grafa ef einhverjar líkur eru á slíku." Jónas efast um að hann fari með í næstu ferð. „En þegar fræðingarnir verða búnir að finna eitthvað þá verð ég forvitinn að líta yfir það," segir hann og brosir bjart. Hann er spurður hvort svona bras kosti ekki mikið. „Jú, það er auðvitað eins og hver annar óvitaskapur að eyða öllu sínu sparifé í þetta. En ég hef fengið góða styrki, þó það gangi auðvitað verr núna í kreppunni. Svo tel ég að rannsóknirnar muni verða samvinnuverkefni Kanada og Íslands þegar þær komast betur á skrið.

Kanadamenn hafa mikinn áhuga á ferðum norrænna manna á fyrri tíð og Kanada er auðugt land. Ef tilgátur okkar reynast réttar verður um mjög merkilegan fund að ræða því þá verður hægt að benda á rústir af skálanum og segja: Hér ól Guðríður Þorbjarnardóttir soninn Snorra Karlsefnisson, fyrsta Evrópumanninn sem fæddur er í Ameríku."



**JÓNAS KRISTJÁNSSON, FYRRVERANDI FORSTÖÐUMAÐUR HANDRITASTOFNUNAR** „Þegar fræðingarnir verða búnir að finna eitthvað verð ég forvitinn að líta yfir það." FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ➜ AF MUNNI JÓNASAR

Bróðir Leifs heppna hét Þorsteinn og var fyrri maður Guðríðar Þorbjarnardóttur. Hann ætlaði að skoða landið sem bróðir hans hafði fundið en villtist um haf innan eins og segir í sögunni og kom aftur til Grænlands. Talsvert síðar komu tveir kaupmenn til Grænlands, Þorfinnur Karlsefni úr Skagafirði og Snorri Þorfinnsson af Snæfellsnesi. Þetta er á 1. tug 11. aldar. Þeir hafa vetursetu hjá Eiríki rauða sem var höfðingi á Grænlandi og bjó í Brattahlíð. Þá er Þorsteinn sonur hans dáinn og Guðríður orðin ekkja en er í Brattahlíð hjá tengdaföður sínum. Þar kynnast hún og Þorfinnur og gifta sig um vorið, sennilega í Þjóðhildarkirkju. Þennan sama vetur kemur upp sú hugmynd hjá þeim og fleirum að fara til Vínlands og nema þar land. Þrjú skip fara með fólk og fénað. Sagan segir að leiðangurinn hafi farið norður með vesturströnd Grænlands og síðan til lands vestan við þar sem voru hellur miklar og þau kölluðu Helluland, nú kallað Baffinsland. Hann siglir suður með austurströndinni og kemur að skógivöxnu landi sem hann kallar Markland, sem sagt skógarland, það er talið hafa verið sunnarlega á Labrador.

Síðan skilur leiðir hjá söguskýrendum. Sumir láta þennan flokk fara austur með Nýfundnalandi en flestir láta hann sigla gegnum Strait of Belle Isle eða Fagureyjarsund. Langflestir telja hann hafa farið til New Brunswick og alla leið til Bandaríkjanna.

# ferðalög

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]

SEPTEMBER 2010




**Heillandi Heidelberg** Kastalinn er stolt borgarinnar, segir heimamaðurinn Þórdís Linda Þórarinsdóttir.

SÍÐA 6

**Smæsta landið** Íbúar Vatikansins eru aðeins tæplega þúsund og eru allir læsir.

SÍÐA 4





# HEIMSVELDI OG KLETTABORGIR

Menningarferð um Tyrkland er fyrirhuguð í október en þar mun ótal sögulegar minjar bera fyrir augu.

Hópur áhugafólks um Tyrkland er á leið í menningarferð til landsins um miðjan október með rithöfundinn og sálfræðinginn Jón Björnsson í broddi fylkingar. Hópurinn varð til á tveimur námskeiðum um Tyrkland sem Jón hélt í Endurmenntun Háskóla Íslands. „Það var í raun fólkið á námskeiðinu sem kallaði eftir ferðinni en það langaði til að heimsækja þá staði sem við fjölluðum um. Við settum okkur því í samband við starfsfólk ÍT-ferða sem tók að sér að skipuleggja ferðina.“

Jón segir sífellt fleiri Íslendinga leggja leið sína til Tyrklands en þá helst á suður- og vesturströndina. „Þar er ekki endilega að finna það sem er allra markverðast en Istanbul er til að mynda engu lík. Cappadocia-héraðið, þar sem menn hafa holað bústaði og kirkjur í stein, er svo ennþá fjarri því að vera nokkru öðru líkt.“

Jón hefur hingað til ekki farið fyrir hópi ferðafólks en hann fer sjálfur í eina hjólaferð á ári og hefur talsvert hjólað um Istanbul og Tyrkland. Hann hefur skrifað tvær ferðabækur. Hin síðari kom út árið 2006 og heitir Með skör járntjaldsins. Hún lýsir ferð hans meðfram gamla járntjaldinu frá Póllandi og suður til Istanbul. „Ég hef

FRAMHALD Á SÍÐU 6




HITAKÚTAR OG OFNAR MEÐ 15% AFSLÆTTI

Vönduð vara, gott úrval, áratuga reynsla.

SEPTEMBER TILBOÐ



OSO HOTWATER — Norskir ryðfríir hitakútar — Stærðir: 5-300 lítrar

WÖSAB — Olíufylltir rafmagnsofnar — Stærðir: 250W-2000W

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Ragnheiður Tryggvadóttir skrifar

# FERÐAFIÐRILDIN Í MAGANN

Ferðalög til fjarlægra landa hafa ekki alltaf verið einföld okkur Frónarbúum. Við liggjum afskekkt, úr alfaraleið og hingað átti enginn neitt erindi sérstaklega. Mér finnst alltaf svo merkilegt að lesa það í fornsögunum að Íslendingar hafi gert út skip milli Noregs og Íslands eftir behag og ruðst yfir Norður-Atlantshafið á opnum trébátum eins og það væri ekkert mál. Eftir þessa miklu höfðingjatíma lögðust reyndar skipaferðir mikið til af og við húktum í moldarkofunum okkar fram á 20. öldina, án sambands við umheiminn.

Nú getum við ferðast og héðan er hægt að fljúga út í hinn stóra heim. Það gæti þýtt að ferðalög til annarra landa séu orðin hversdagsleg. Sjálfsagt eru einhverjir sem „þurfa“ að ferðast mikið vegna vinnu sinnar og mæta í Leifsstöð með þreytu þess sem leiðist í augunum, veraldarvanir, en ekki ég.

Ég fæ fiðrildi í magann mörgum vikum áður en ég á að mæta á völlinn og raða í töskuna mína í huganum á kvöldin áður en ég fer að sofa. Og kvöldið fyrir brottför er spenningurinn næstum of mikill til að ég festi svefn, sérstaklega ef ég þarf að vakna um miðja nótt í morgunflug. Eins og sveitamaður get ég ekki dulið gleði mína þegar ég panta mér kaffibolla á flugteríunni. Langar helst til að gauka því að afgreiðslufólkinu hvert ég sé að fara. Í flugvélinni bíð ég spennt eftir að fá að borða, þó flugvélamaturinn sé sjaldnast geðslegur, það er bara svo mikið ævintýri að borða í háloftunum. Í útlöndum er allt svo öðruvísi og spennandi, önnur lykt, annað hitastig, annað tungumál. Mér hefur aldrei leiðst í útlöndum. Ég öfunda stundum þá veraldarvönu sem „þurfa“ að ferðast um allan heim og skil ekkert í þeim að barma sér yfir nýjum og nýjum áfangastað.

En kannski má ég vera fegin að vera ekki í þeirra hópi. Ég fæ allavega ennþá fiðrildi í magann fyrir ferðalög.



**ferðalög** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* Roald Viðar Eyvindsson *roald@frettabaldid.is*
**Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
**Forsíðumynd** Nordicphotos/getty
**Pennar** Emilía Örlygsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,
**Ljósmyndir** Fréttablaðið
**Auglýsingar** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*






**Skilti á íslensku** Heima-barinn í Sjanghæ.



**Bund-hverfið í Sjanghæ** Með útsýni yfir Pudong-viðskiptahverfið. Árið 1990 stóðu nokkrir kofar hrísgrjónaræktenda þar sem nú rís hver skýjakljúfurinn á fætur öðrum. Sá nýjasti, Shanghai Center, er í byggingu og verður hann 632 m á hæð og 127 hæða.

# HEIMASLÓÐIR Í SJANGHÆ

**Lilja Björk Stefánsdóttir býr í París ásamt manni og börnum og vinnur í íslenska sendiráðinu þar. Hún fékk veglega jólagjöf frá manninum sínum um síðustu jól sem var vikuferð til Sjanghæ sem þau fóru nú í ágúst. Þar rakst hún meðal annars á bar sem heitir Heima.**

Ég lauk BA-gráðu í frönsku árið 2001 og hóf í framhaldinu störf við franska sendiráðið í Reykjavík. Þegar ég frétti, fyrir fimm árum síðan, af lausri stöðu við íslenska sendiráðið í París ákvað ég að slá til og sækja um. Þangað var ég svo ráðin sem aðstoðarmaður sendiherra og hef ég verið búsett þar síðan ásamt frönskum eiginmanni og börnum,“ segir Lilja Björk Stefánsdóttir spurð um aðdraganda þess að hún hóf störf í íslenska sendiráðinu í París.

Um síðustu jól kom eiginmaður Lilju henni skemmtilega á óvart þegar hann gaf henni vikuferð til Sjanghæ. „Ég vissi svo sem lítið sem ekkert um Sjanghæ, en nafnið hljómaði exótískt og spennandi. Eitthvað gat ég lesið mér til um borgina því Heimssýningin 2010 var opnuð þar með pompi og prakt í maí og var töluverð umfjöllun um hana í frönsku pressunni. Tveimur dögum fyrir brottför, eftir ljúfa dvöl á heimaslóðum, kíkti ég á veðurspána: 35°c og glampandi sól, alla vikuna. Ekki alveg minn tebolli en of seint að hætta við! Þann 18. ágúst flugum við til Dubai og svo þaðan á áfangastað, alls rúmlega 14 tímar í háloftunum. Þrátt fyrir vott af



**Lilja** Heima hjá sér í París. MYND/ ÚR EINKASAFNI

flughræðslu var þetta langa ferðalag svo sannarlega þess virði. Sjanghæ er stórkostleg borg,“ segir Lilja.

Í Sjanghæ búa 20 milljónir manna og hefur uppbyggingin þar á síðustu árum verið gríðarlega hröð að sögn Lilju. „Skýjakljúfarnir skipta hundruðum, hver öðrum glæsilegri og ekkert lát virðist vera á framkvæmdagleðinni. Þarna úir og grúir af hátískubúðum og hágæða úraverslunum og Champs-Elysées blikknar í samanburði við Huaihuai-breiðgötuna. Lúxusinn er allsráðandi og ennþá dýrari en í París. Það er erfitt að skilja, þrátt fyrir alla 20 milljón íbúana, hvernig rekstur allra þessara lúxusverslana gengur upp, þegar meðallaunin í Sjanghæ eru 150-200 evrur á mánuði. Enda eru búðirnar og verslunarmiðstöðvarnar áberandi mannlausar.“

Síðasta deginum í Kína eyddu Lilja og maðurinn hennar í Zhujiajiao, sem er úthverfi í um klukkutíma fjarlægð frá miðborginni. „Zhujiajiao eru nokkurs konar Feneyjar Sjanghæ, þar sem ferðast er um á gondólum og bæjarlífið í Zhujiajiao virtist hafa verið óbreytt í hundruð ára. Þar keyptum við gersemar fyrir slikk og drukkum grænt te við skipaskurðinn. Hitamælirinn var kominn upp í 37°c og ekki fór mikið fyrir loftkælingu á þessum slóðum. Við héldum þó göngu okkar ótrauð áfram um þröngar götur bæjarins. Mig fór að gruna að einhverju hefði verið laumað í tevatnið mitt, þegar ég rak augun í skilti á íslensku! Jú, það var ekki um að villast, við höfðum rambað inn á Heima-barinn í Sjanghæ. Barinn er skreyttur íslenskum fánum og myndum úr norrænu goðafræðinni og á stórri töflu á veggnum má finna ýmsar fleygar setningar, eins og „Ísland, stórasta land í heimi.“ Kínverjarnir tóku okkur opnum örmum og buðu að sjálfsögðu upp á víkingadrykkinn „Ísland“. Sannarlega eftirminnileg endalok á ógleymanlegu ferðalagi.“ - eö

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

➔ flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

# RÓMANTÍSKUR FERÐAMÁTI

Þeir sem leggja leið sína til Parísar, nánar tiltekið í grennd við Eiffelturninn, eiga kost á því að prófa nokkuð ævintýralegan ferðamáta, hestakerru sem minnir á graskerið úr ævintýrinu um Öskubusku. Vagninn er skreyttur hjörtum og hvorki meira né minna en 500 kíló að þyngd en það þykir ekki koma að sök þar sem hann er dreginn áfram af heimsins stærsta dráttarklár, hinum sænskættaða Balthazar.



**Ævintýralegt** Vagninn nýtur vinsælda meðal nýgiftra hjóna. NORDICPHOTOS/AFP


ego dekor
TV skenkir fáanlegir í hvítu og svörtu háglans
-30%
Breidd: 200cm
Verð: 106.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
74.200,-
Breidd: 180cm
Verð: 98.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
68.600,-
-30%
-20%
-30%
Skenkur í eik
150cm
Verð: 129.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 103.920,-
Stækkanlegt eikarborð
160(248)X100cm
Verð: 139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 97.930,-
-20%
TV skenkur í eik
183cm
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 79.920,-
-30%
BORÐ
200X100
Svart gler/burstað stál
Verð: 98.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 68.600,-
-30%
Dökkt eikarborð
180X100cm
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 69.930,-
ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
20-50% AFSLÁTTUR
-20%
LUND tungusófi
295X165cm
Verð: 245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
196.000,-
-30%
CULP tungusófi
212X155cm
- færanleg tunga
Verð: 169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
118.930,-
-20%
GOTCHA
hornsófi
283X180cm
Verð: 258.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
206.400,-
-30%
BORGES
tungusófi
290X165cm
Verð: 225.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
157.500,-
-30%
CUBE
barstóll í leðri
Verð: 27.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
18.900,-
-20%
SARINA stóll
Verð: 14.800,-
ÚTSÖLUVERÐ:
11.840,-
-20%
MOSS
leðurstóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
13.520,-
-20%
SABINE
leðurstóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ
13.520,-
-30%
Púðar
Verð: 4.800,-
ÚTSÖLUVERÐ: 3.360,-
Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is





# STAÐREYNDIR UM … VATIKANIÐ

- Vatikanið er sjálfstætt ríki og varð fullvalda árið 1929.
- Í Vatikaninu er ekkert opinbert tungumál. Flest skjöl er skrifuð á ítölsku en íbúar tala latínu, ensku, frönsku, þýsku og spænsku.
- Vatikanið er það ríki sem hefur fæsta íbúa en tæplega þúsund manns búa í Vatikaninu.
- Vatikanið stendur á minnsta landflæmi allra landa en það stendur á 0,44 ferkílómetrum. Það er aðeins 0,7 sinnum stærra en verslunarmiðstöðin The Mall í Washington DC.
- Vatikanið rekur eigið pósthús og framleiðir eigin frímerki. Pósthúsið er furðanlega vinsælt enda telja margir



Rómarbúar að þjónustan sé hraðari og betri en sú ítalska.

- Lestarstöð Vatikansins var opnuð árið 1930.
- Vatikanið rekur útvarpsstöð sem sendir út á tuttugu tungumálum um allan heim.
- Læsi er hundrað prósent meðal íbúa Vatikansins.
- Löngu áður en kristni kom til var staðurinn sem Vatikanið stendur á talinn heilagur og fólk mátti ekki dvelja þar.
- Menn á borð við Michelangelo, Botticelli og Bernini dvöldu í lengri tíma í Vatikaninu og juku mjög á ríkulega menningu ríkisins. Í Vatikaninu eru mikil og merkileg listasöfn og bókasöfn.
- Í stað þess að borga alla sína skatta til ítalska ríkisins mega Ítalir gefa 8 prósent af skattgreiðslum sínum til Vatikansins.
- Þar sem ríkið er lítið og íbúar fáir er hlutfall glæpa mun hærra en á Ítalíu. Auk þess eru 90 prósent allra mála óupplýst.


FÖRÐUNARSKÓLINN
STOFNAÐUR 1997



Förðun: Svanhvít Valgeirsdóttir

**Nýjar áherslur og bylting í kennslu**

Allir kennarar eru með áralanga reynslu í faginu

**Nám í boði**

**Spennandi nám í förðun**
Kennsla í öllu sem viðkemur tísku, leikhúsi og líkamsförðun (bodypaint)

**Tísku- og ljósmyndaförðun í 14 vikur.**
Lokaverkefnið er unnið allan námstímann og endar með sýningu í lok náms

**Nánari upplýsingar:**
**S: 553 7900**
**skoli@snak.is**
**www.snak.is**

SNYRTI-AKADEMÍAN
SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTAAÐGERÐASKÓLI






Haustlitir í Svartaskógi
13. - 20. október

Vínakrar, kastalar og skógar er nokkuð sem við kynnumst í þessari skemmtilegu ferð til Þýskalands og Frakklands. Fljúgum til Frankfurt og ökum inn í Svartaskóg þar sem við gistum í 7 nætur. Förum í áhugaverðar skoðunarferðir og má þar nefna Freiburg, sem hefur að geyma eitt af meistaraverkum gotneska tímans, Strasbourg, þar sem hægt er að fara í siglingu á ánni Ill eða ganga um Litla Frakkland, eitt elsta hverfi borgarinnar og einnig til Colmar í Alsace héraðinu sem hefur að geyma Litlu-Feneyjar. Ökum „Vínslóðina" í Alsace þar sem við þræðum ótal falleg smáþorp s.s. Ingersheim, Sigolsheim, Ribeauvillé og Riquewihr, þar sem væri upplagt að fara í vínsmökkun. Síðan ökum við Klukkuveginn í Svartaskógi og komum við á verkstæði þar sem gauksklukkur eru búnar til. Ökum einnig fallega leið að stöðuvatninu Bodensee, sem tilheyrir Þýskalandi, Austurríki og Sviss, en vatnið er stærsta vatn Þýskalands og eitt þeirra stærstu í Mið–Evrópu. Endum svo ferðina á að heimsækja heilsubæinn Baden-Baden.

**Fararstjóri: Pavel Manásek**
**Verð:** 148.800 kr. á mann í tvíbýli. **Mikið innifalið!**
**Innifalið:** Flug, skattar, hótelgisting, allar skoðunarferðir með rútu, hálft fæði og íslensk fararstjórn.

Spör ehf.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR



Auglýsingasími
512 5401
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

**Klassíski Listdansskólinn** í Mjódd leggur áherslu á þjálfun nemenda í hinum sígilda þætti listdansins, jafnframt því að kynna aðra dansstíla og nýja þróun á sviði dansins. Hægt er að lesa um námskeið hans á ballet.is.





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447


# Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Áklæði að eigin vali

Rín hornsófi 2H2
Verð frá
285.900 kr



Borðstofustólar í úrvali
Verð frá
12.900 kr

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 - Laugard. frá 11 til 16


**Sayoko Iguchi sýnir og kennir Ikebana blómaskreytilist í Garðheimum um helgina.**

# Blómin hans *Búdda*

Ikebana blómaskreytilist á rætur að rekja til sjöttu aldar þegar Japanar færðu guðum sínum og Búdda gjafir í formi blóma, en síðar varð Ikebana að sérstakri listgrein.

;HELGIN | 4



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS





Kíktu í vefverslun Lín Design

og skoðaðu úrvalið heima í stofu.
Fjöldi vara á tilboði - aðeins í vefverslun.
www.lindesign.is

Lín DESIGN

OPIÐ LAUGARDAG & SUNNUDAG 10-17 ERUM Á MALARHÖFÐA 8 (BREKKUNNI FYRIR

**Sölubásar** eru til leigu í göngugötunni í Mjódd fyrir þá sem vilja koma einhverju í verð. Leiga í einn dag kostar 4.000 krónur. Nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 587 0230.








Hér mótar Halldór Þórhallsson matreiðslumeistari vel útilátin og girnileg hakkabuff í eldhúsi matsölu sinnar í Mjódd þar sem ljúffengur heimilismatur og heimilislegt viðmót ráða ríkjum. Í pottinum hrærir kokkurinn Björn Þór Jóhannsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Erum voða heimilislegir

**Notalegt andrúmsloft, skemmtilegur erill og heimilislega lokkandi matarilmur sameina aðdráttarafl og töfra matsölunnar hans Dóra sem dregið hefur svanga sælkeramaga í Mjóddina í hálfan áratug.**

„Ég held að lykill að vinsældum matsölunnar sé fyrst og fremst gott hráefni, góður matur og gott verð, en verðið skiptir verulegu máli, ekki síst nú í kreppunni. Þá eru margir hrifnir af góðu andsvari heimilismatar við hamborgara og pitsum, og mikið af fjölskyldufólki sem kemur til að kippa með sér gómsætum heimilismat að kvöldi dags," segir Halldór Þórhallsson matreiðslumeistari sem við góðan orðstír hefur rekið matsölustaðinn Hjá Dóra matsala síðustu fjórtán ár í horninu hjá Nettó.

„Ég starfaði áður sem kokkur í Perlunni en varð þreyttur á næturvinnunni sem því fylgdi og langaði í rólegra starf. Því veðjaði ég á búðarmat, sem reyndist svo ekkert rólegra heldur hefur stöðugt undið upp á sig og er búið að vera mjög gott allan tímann," segir Dóri og hlær yfir pottunum.

Á boðstólum er almennur heimilismatur, bæði í hvunndags- og helgarstíl. „Við bjóðum átta fasta rétti á hverjum degi, þar á meðal lambalæri, svínarifjasteik, kjúklinga, djúpsteikta ýsu og kjötbollur og tvo breytilega rétti sem þó eru fastir eftir dögum. Því gengur fólk að því vísu að sami matur sé í boði þessa föstu daga, en upphaflega ætlaði ég að leika mér með þessa tvo rétti. Það var fljótt flautað af því þá sagði fólk: „Þetta er ekki hægt, Dóri! Við sem erum komnir um langan veg í hakkabuffið!"

Dóri hefur opið í hádeginu og aftur á kvöldin frá 17 til 19.

„Stór hluti þeirra sem borða hér í hádeginu eru fastagestir sem koma í vinnuhléi sínu. Á kvöldin er svo fjölskyldufólk í meirihluta, og góður viðskiptahópur eru eldri borgarar sem búa í nágrenninu," segir Dóri sem selur matarskammta eftir vigt. „Þannig þarf gamla konan sem borðar lítið að borga lítið, meðan sá sem borðar meira borgar aðeins meira," segir Dóri sem líkir matsölunni oft við Bæjarins bestu.

„Það hefur skapast góð hefð fyrir þessum stað og hér gengur fólk að sama góða matnum vísum eins og pulsunum á Bæjarins bestu, þar sem engar líkur eru á kínarúllu einn daginn í staðinn." *thordis@frettabladid.is*







# Nýir brúðarkjólar

**Ný sending af brúðarkjólum er komin í Brúðarkjólaleigu Katrínar í Mjódd fyrir brúðkaup ársins 2010.**

Í Brúðarkjólaleigu Katrínar í Mjódd er mikið úrval fatnaðar fyrir öll tilefni og alla aldurshópa, bæði til sölu og leigu. Ný sending kom af brúðarkjólum fyrir árið 2010 og um að gera að kynna sér úrvalið.

Á síðunni brudhjon.is má sjá myndir af þeim samkvæmiskjólum, herrafatnaði, undirfötum, skóm og fylgihlutum sem til eru auk fjölda mynda af fallegum brúðarkjólum. *- eö*



Mikið úrval af alls konar brúðarkjólum er í Brúðarkjólaleigu Katrínar.




Þjónustumiðstöð Breiðholts er til húsa að Álfabakka 12. Þjónustumiðstöðin er alhliða upplýsingamiðlun um þjónustu borgarinnar og þar er hægt að sækja um ýmiss konar þjónustu svo sem leikskólapláss, fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur og heimaþjónustu. Í þjónustumiðstöðinni er veitt félagsleg ráðgjöf, sálfræði- og kennsluráðgjöf vegna leik- og grunnskólabarna, ýmis konar frítímaþjónusta og fleira.



www.reykjavik.is

# Þjónustugleðin við völd

**Gullsmiðurinn í Mjóddinni er rekinn af Ulrik Falkner gullsmiði, syni hans og tengdadóttur. Ulrik segir Mjóddina miðju Reykjavíkur og saknar miðbæjarins ekki neitt.**

„Þetta þótti nú brandari að ætla að reka skartgripaverslun uppi í Breiðholti, segir Ulrik Falkner, gullsmiður í Mjódd, og hlær. „En ég sló til og þetta hefur gengið glimrandi fínt.“

Ulrik rekur Gullsmiðinn í Mjóddinni í samvinnu við son sinn, Örn Falkner, og Guðrúnu Bjarnadóttur, eiginkonu hans. Ulrik keypti verkstæðið af Guðbjarti Þorleifssyni gullsmiði fyrir 16 árum en sjálfur opnaði hann sitt fyrsta verkstæði á Amtmannsstíg í miðbæ Reykjavíkur í desember árið 1959. Næstu árin flutti hann sig til í miðbænum, rak lengi verkstæði í Lækjargötu 2 áður en han flutti sig upp á Laugaveginn en Ulrik segir Austurstrætið hafa dáið á einum degi þegar því var lokað fyrir akandi umferð.

„Þar sem ekki er hægt að keyra þar þrífst enginn rekstur. Þarna sást ekki hræða allan daginn. Þá fór ég á Laugaveg 71 var þar í nokkur ár og var síðar með verkstæði í bakhúsi við Laugaveg 8 þegar mér bauðst þetta pláss í Mjóddinni. Ég segi nú að Austurstrætið hafi verið miðja Reykjavíkur í gamla daga en þetta er miðja Reykjavíkur í dag. Hér hefur aldrei verið skortur á því að hafa nóg að gera.“

Ulrik á stóran hóp fastra viðskiptavina sem hafa jafnvel fylgt honum úr miðbænum. Hann segir góða þjónustulund borga sig og af henni hafi hann nóg.

„Ég hef nú alltaf verið þjónustuglaður og nenni að gera við hluti fyrir fólk. Þegar mikið var að gera, þá töldu sumir gullsmiðir sig bara þurfa að selja og græða. En ég gat aldrei neitað viðgerðum,“ segir Ulrik hress. Hann rifjar upp að á árum áður hafi hver einasti gripur í versluninni verið smíðaður baka til. Nú láti hins vegar margir smíða í Asíu en eitthvað sé enn um sérsmíði.

„Ég hef alltaf sérsmíðað trúlofunarhringa sjálfur. Nú er ég til dæmis að laga hringapar sem ég smíðaði árið 1964 í Lækjargötunni. Ég er að grafa höfðaletrið upp í þeim svo þeir verða eins og nýir,“ segir Ulrik og viðurkennir að það sé gaman að handleika gamla smíði eftir hann sjálfan. „Þetta er eins og að hitta gamla vini.“



Ulrik Falkner gullsmiður milli Arnar, sonar síns, og Guðrúnar Bjarnadóttur, tengdadóttur sinnar, en þau reka fjölskyldufyrirtækið Gullsmiðinn í Mjóddinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gullsmiðurinn er fjölskyldufyrirtæki. Örn, sonur Ulriks, lærði gullsmíði hjá föður sínum og eiginkona hans, Guðrún, sér um verslunina. Ulrik segir gott að fjölskyldan vinni saman og er ekkert á förum úr Mjóddinni.

„Nei það myndi ekki hvarfla að mér að fara héðan.“

*heida@frettabladid.is*



Hægt er að dansa þjóðdansa og gömlu dansana hjá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur.

# Þjóðdansar í Mjóddinni

**Þjóðdansafélag Reykjavíkur hefur aðstöðu í Mjóddinni og heldur opið hús annan hvern miðvikudag.**

Þjóðdansafélag Reykjavíkur er til húsa að Álfabakka 14a í Mjóddinni. Félagar dansa hvert fimmtudagskvöld auk þess sem opið hús er haldið annan hvern miðvikudag þar sem fólk getur komið og dansað gömlu dansana.

Þá heldur félagið úti búningaleigu þar sem fólk getur fengið lánað búninga til notkunar við ýmis tækifæri, svo sem danssýningar, brúðkaup eða aðrar athafnir.

Þeim sem hafa áhuga á að nálgast frekari upplýsingar er bent á vefsíðuna www.isdans.is.



- sg



Göngugata Mjóddarinnar er opin frá 7.30 til 19.30 mánudaga til föstudaga. Á laugardögum er opið frá 9 til 18 og sunnudaga frá 10 til 18. Fjölda verslana er að finna í Mjóddinni, allt frá dýrabúð til fataverslunar. Þar er einnig hægt að sækja fjölbreytta þjónustu tannlækna, banka og augnlækna.

www.mjodd.is




KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN
HVATNING - METNAÐUR -ÁRANGUR WWW.BALLET.IS

**Prjónakaffi**

mánudagskvöldið 6. september frá kl. 19.00 til 21.30 í Garnbúðinni Gauju í Mjódd

Garnbúðin Gauja

***Margar nýjungar framundan***
***Persónuleg þjónusta í notalegu umhverfi***
***Mikið úrval af garni og prjónavörum.***

**Garnbúðin Gauja • Álfabakki 14a • Sími: 571-2288**



**Það eina sem þú þarft eru 30 mínútur!**

Brennsla, þol og styrktarþjálfun sérsniðin fyrir konur. Reglulegar mætingar, persónuleg og góð þjónusta. **Komdu og æfðu í þægilegu og góðu umhverfi.**

Curves

**ENDURHEIMTU HEILBRIGÐI HÁRSINS EFTIR SÓLRÍKT SUMAR!**

**2 FRÁBÆRAR LÍNUR Á 25% AFSLÆTTI TIL 20. SEPTEMBER**

HYDRE

PROFESSIONAL SEBASTIAN



Rakamikið gljáa sjampó, næring og djúpnæring. Hentar öllum sem þurfa raka.

SP





Repair línan gerir við skemmt hár af völdum kemískra efna, hita og sólar. Þessi frábæra lína inniheldur protein sem endurnýjar og gerir við innra byrði hársins.

crinis // hár

Þönglabakka 1 • 109 Reykjavík • Sími: 557 4600

**Opið hús** verður í Heilsudrekanum í Skeifunni í dag, þar sem börnum og fullorðnum gefst meðal annars færi á að kynna sér kung fu, hugræna teygjuleikfimi, tai chi og heilsumeðferð.




# bailine vaxtarmótun

Vaxtarmótun fyrir konur 18 ára og eldri.

5 ÁRA AFMÆLI
5 ÁRA GÖMUL VERÐ DAGANA 1. - 8.SEPT



**Við bjóðum þig velkomna í frían prufutíma ásamt vaxtargreiningu og fitumælingu**

bailine

Tímapantanir í síma 568 0510
bailine.island@hive.is
www.bailine.is

Vertu flottara eintak af sjálfri þér!
bailine · Hlíðarsmári 11, 201 Kópavogur · Sími 568 0510 · www.bailine.is





## Eru skólprörin farin að gefa sig?

**Það þarf ekki að brjóta gólf til að gera við skólprörin.**
**Við búum til nýtt rör innan í því gamla.** Við erum leiðandi fyrirtæki í heiminum í fóðrun skólpröra. Ríkið, sveitarfélög, húsfélög og hundruðir ánægðra íslenskra íbúða- og húseiganda segja sína sögu um ágæti okkar.

**Proline ehf. - www.proline.is**
**S: 571-0300**


Framhald af forsíðu

Íslendingurinn Ragnhildur Guðmundsdóttir kynntist Sayoko fyrir einskæra tilviljun á ferðalagi um Egyptaland fyrir fimmtán árum.

„Þá fannst Sayoko hún hafa himin höndum gripið að rekast loks á Íslending því frá barnæsku hafði hún haft brennandi áhuga á Íslandi og ávallt dreymt um að skoða norðurljós á íslenskum himni, eins og flestir Japanar sem eru heillaðir af norðurljósunum og koma hingað um langan veg til að sjá þau yfir vetrartímann,“ segir Ragnhildur í kærkomnum félagsskap Sayoko.

Sayoko er menntaður tannfræðingur en hefur nú unnið við Ikebana blómaskreytilist í 33 ár. Með sýningunni vill hún kynna Íslendingum undraheim Ikebana þar sem blómum er raðað eftir fastmótuðum hefðum og hver skreyting hefur sína merkingu sem túlka má eins og hvert annað listaverk. Nám í Ikebana blómaskreytingum tekur fimm ár en í raun er ekki hægt að verða fullnuma í listinni. Því fer Sayoko fjórum sinnum á ári í námsferðir til Kyoto, hinnar fornu höfuðborgar Japans og vöggu Ikebana-menningarinnar. Þess á milli sýnir hún list sína í Japan og kennir hana á ýmsum skólastigum.

„Ég var ekki viss hvort við mundum nokkurn tímann sjást aftur eftir Egyptaland því svo langt var á milli Japans og Íslands, en tveimur árum síðar kom Sayoko til mín og fór með okkur hringinn í kringum landið. Hún er vitaskuld spæld að sjá engin norðurljós yfir sumartímann, en er ekki síður hrifin af íslenskum fossum og fiskinum. Því fórum við að sjá Hraunfossa og Barnafoss í Borgarfirði í vikunni og á óskalistanum var að sjá friðarsúlu Yoko Ono í Viðey, sem hefur verið mikið umfjöllunarefni í Japan,“ segir Ragnhildur sem sjálf fór til Japans að heimsækja Sayoko 1999.

„Við erum afskaplega góðar vinkonur og eigum sameiginlegan mikinn ferðaáhuga. Sayoko er einstaklega góð og notaleg kona og Japanar auðvitað annálaðir fyrir kurteisi. Hún er evrópsk sál í asískum líkama því hún elskar fornar evrópskar borgir og kom hingað himinlifandi beint frá Prag. Ég er ævinlega þakklát forsjóninni fyrir að leggja götur okkar saman því í hennar samfylgd hef ég kynnst svo mörgu nýju og ógleymanlegt ævintýri að heimsækja hana í litla bæinn hennar utan við stórborgina Niigata á vesturströnd Japans og kynnast menningu Japana eins og maður gerir aðeins ef maður þekkir heimamann og býr inni á japönsku heimili.“

Sayoko sýnir í Garðheimum í dag og á morgun og verður með sýnikennslu milli klukkan 14 og 17.

*thordis@frettabladid.is*



Vinkonurnar Sayoko og Ragnhildur Guðmundsdóttir kynntust óvænt þegar báðar héldu á vit Egyptalands fyrir hálfum öðrum áratug.






fridaskart.is



„Slétt og brugðið“

fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR & GULLSMIÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði



HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

UNGBARNANUDD
*Námskeið 9. september nk.*

BAKNUDDNÁMSKEIÐ
*Námskeið 18.-19. september nk.*

ANDLITS- OG HÖFUÐNUDD
*Námskeið 11. september nk.*

Upplýsingar í síma 896-9653 og á www.heilsusetur.is.

Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is



## LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hverning standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
Stuðst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

**Helstu námsgreinar:**

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.
Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

**Umsögn:**
*„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni“.*



*Martha Jensdóttir kennari.*

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...





DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍKUR
(KUNG-FU)

Heilsurækt
Sjálfsvörn fyrir konur
Wu Shu Art
(Kung-Fu)
Tai Chi
Hugræn teygjuleikfimi
Qi Gong

HEILSUVÖRUR - HEILSUTE

# OPIÐ HÚS

LAUGARDAGINN 4. SEPTEMBER
Í HEILSUDREKANUM SKEIFUNNI 3J

Opnir tímar - Sýningar - Opið frá 9:00 til 16:00

Heilsumeðferð
Nálarstunga
Fjölbreytt nudd
Tækjameðferð
Snyrting
Dekur
Spa

HEILSU DREKINN
Kínversk heilsulind

Sími: 553 8282 | heilsudrekinn@heilsudrekinn.is | www.heilsudrekinn.is

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Bráðasvið Landspítala

Hlutverk bráðasviðs er að skapa umgjörð um bráðastarfsemina og tryggja örugga þjónustu við sjúklinga ásamt því að hlúa að menntun og vísindastarfi. Á bráðasviði starfar öflugt fagfólk.

Starfsemi bráðasviðs Landspítala hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár og hafa ný verkefni verið hvatning til framfara og nýrra námstækifæra.

Starfsnám á bráðadeild Landspítala er metið til allt að 2ja ára af sérfræðinámi í bráðalæknisfræði.

### Læknar í starfsnámi

Laus eru til umsóknar störf lækna í starfsnámi á bráðasviði.
Starfshlutfall er 100% og veitast störfin frá og með 1. janúar 2011, til eins eða tveggja ára.
Stöður til tveggja ára eru ætlaðar þeim sem hyggja á sérnám í bráðalækningum eða skyldum greinum.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Þjálfun í bráðalækningum með þátttöku í klínísku starfi
- Þátttaka í framhaldsmenntun og vísindastarfi
- Handleiðsla og kennsla kandídata og læknanema

#### Hæfnikröfur

- Almennt lækningaleyfi
- Góð færni í mannlegum samskiptum og öguð vinnubrögð
- Íslenskukunnátta

#### Nánari upplýsingar

- Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2010. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala www.landspitali.is
- Upplýsingar um störfin veitir yfirlæknir bráðalækninga, Elísabet Benedikz, sími 543 1000, netfang ebenedik@landspitali.is.
- Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til yfirlæknis bráðalækninga, G-2 Fossvogi.
- Með umsókn skal leggja fram skrá um nám og starfsferil ásamt gögnum um vísindavinnu og ritsmíðar. Jafnframt skal leggja fram afrit af prófskíteinum og starfsleyfi.
- Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is. Einnig má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, á mannauðssviði, Eiríksgötu 5 og á heimasíðu Landspítala. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

## STARFATORG.IS

### Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Hjúkrunarfræðingur á legudeild | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201009/089 |
| Hjúkrunarfræðingur í heimahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201009/088 |
| Sjúkraliði í heimahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Bolungavík | 201009/087 |
| Sálfr. á Þroska- og hegðunarstöð | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201009/086 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Miðbæ | Reykjavík | 201009/085 |
| Læknaritari | Heilbrigðisst. Sauðárkróki | Sauðárkrókur | 201009/084 |
| Deildarstjóri - yfirþroskaþjálfi | Sv.skrifst. málefna. fatl.í Rvk. | Reykjavík | 201009/083 |
| Stuðningsfulltrúi | Sv.skrifst. málefna. fatl.í Rvk. | Reykjavík | 201009/082 |
| Þroskaþjálfi | Sv.skrifst. málefna. fatl. íRvk. | Reykjavík | 201009/081 |
| Kerfisstjóri | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201009/080 |
| Skráningarfulltrúi NorType | Umferðarstofa | Reykjavík | 201009/079 |
| Forritari | Umferðarstofa | Reykjavík | 201009/078 |
| Stuðningsfulltrúi | Svæðisskrifst. málefna.fatl. | Reykjavík | 201009/077 |
| Læknar í starfsnámi á bráðasviði | LSH | Reykjavík | 201009/076 |
| Sérfræðingur | Geislavarnir ríkisins | Reykjavík | 201009/075 |
| Félagsráðgjafi | Barna- og kvennasvið LSH | Reykjavík | 201009/074 |
| Hjúkrunarfræðingar | Heilbrigðisstofnun Vestm.eyja. | Vestm.eyjar | 201008/073 |
| Sérfr.á sviði nýsköpunar og tækni | Rannís | Reykjavík | 201008/072 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**




# Spennandi tækifæri hjá Borgun

**Borgun er framsækið fjármálafyrirtæki sem hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár.**
Starfseminni má skipta í tvö meginsvið, Fyrirtækjaþjónustu sem býður fyrirtækjum heildarþjónustu í færsluhirðingu og Útgáfuþjónustu sem annast þjónustu og ráðgjöf við alla banka og sparisjóði landsins vegna útgáfu greiðslukorta.

## Sérfræðingur í endurkröfum

Endurkröfur annast úrlausn fyrirspurna og endurkrafna fyrir útgefendur, korthafa og seljendur vöru og þjónustu, ásamt vöktun svikamála.

**Helstu verkefni:**

- Fyrirspurnir og endurkröfur vegna greiðslukorta
- Samskipti við viðskiptavini
- Vöktun svikamála
- Eftirfylgni við úrlausn mála
- Frágangur skjala
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun og reynsla af greiðslumiðlun er kostur
- Mjög góð enskukunnátta
- Greiningarhæfni og áhugi á viðfangsefninu
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi

## Þjónustufulltrúi í þjónustuveri

Við leitum að jákvæðum, lífsglöðum og reglusömum einstaklingi. Vinnutími er milli kl. 9.00 og 17.00.

**Helstu verkefni:**

- Svörun fyrirspurna í síma
- Þjónusta og ráðgjöf við fyrirtæki og útgefendur
- Almenn samskipti og úrlausn mála fyrir viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf er skilyrði
- Reynsla af þjónustustörfum
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Ábyrgð og áreiðanleiki
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar um störfin veitir Anna Rut Þráinsdóttir starfsmannastjóri (art@borgun.is) í síma 560 1579.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu okkar **www.borgun.is**.
**Umsóknarfrestur er til og með 19. september næstkomandi.**

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

BORGUN

AVON er nafnið sem allir þekkja um allan heim. AVON er fyrirtækið sem hefur starfað í 125 ár og ávallt haft þarfir kvenna í fyrirrúmi. Að auki er AVON tryggur stuðningsaðili rannsókna á brjósta krabbameini hér á landi og um víða veröld og höfum verið í góðu samstarfi til margra ára við Göngum saman og Ljósið. Avon er með beina sölu víðs vegar um heiminn á snyrtivörum, húðvörum, ilmum og skarti til miljóna ánægðra viðskiptavina um víða veröld.

AVON
the company for women

Við viljum fá þig til liðs við okkur, við hjá AVON viljum bæta við okkur skemmtilegum sölufulltrúum til að selja snyrtivörurnar okkar á heimakynningum um allt land. Ef þú hefur áhuga á snyrtivörum og vilt vinna þér inn aukapening á auðveldan máta þá skaltu hafa samband við okkur.
Kynntu þér það sem við höfum uppá að bjóða.
**Minnum á glæsilega heimasíðu okkar www.avon.is**

**Með kveðju starfsfólk AVON**
**emilia@avon.is, katrin@avon.is**
**avon@avon.is**
**Sími 577 2150**

## Formtak óskar eftir framtíðarstarfsmanni/lagermanni í mótaleigu.

Starfið felst í því að halda utan um Doka mótaleigu, afgreiðslu af lager ásamt viðgerðum og viðhaldi leiguhluta og önnur tilfallandi verkefni.

Viðkomandi þarf að hafa lyftararéttindi, skipulagshæfileika og geta unnið sjálfstætt. Reynsla og þekking á steypumótum er kostur.

Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá á vidar@formtak.is eða hafi samband við Viðar í síma 897 1238.

FORMTAK
doka The Formwork Experts

Formtak ehf, Fossaleyni 8, 112 Reykjavík, s: 510-2050

Kópavogsbær

## Leikskólakennari

Laus er staða leikskólakennara í Heilsuleikskólanum Urðarhóli skólaárið 2010 – 2011. Við leitum eftir umsækjanda sem hefur áhuga á næringu, hreyfingu og listum. Viðkomandi þarf að vera fær í mannlegum samskiptum, hraustur og stundvís. Á Urðarhóli leggjum við upp með að starfa af fagmennsku og í góðu andrúmslofti. Áhugasamir skoði heimasíðu skólans www.urdarholl.kopavogur.is

Nánari upplýsingar veita stjórnendur skólans:
Sigrún H Jónsdóttir, leikskólastjóri sími 840 2686

# Starfsmaður í eftirlit

**565768**
**Strætó bs. óskar eftir að ráða til sín starfsmann í eftirlit.**

Í starfinu felst að ferðast með vögnum Strætó bs. og sinna því eftirliti sem til fellur, s.s. að athuga gildistíma korta hjá farþegum, ástand og þrif vagna ásamt skráningarvinnu, samskipti við fulltrúa frá akstursaðilum Strætó bs. og annað sem tilheyrir starfinu.

Leitað er að þjónustulunduðum einstaklingi með góða samskiptahæfni, góða tungumála- og tölvukunnáttu og reynslu af gagnavinnslu. Stúdentspróf er skilyrði og einungis reyklausir einstaklingar eldri en 30 ára koma til greina.

Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt viðeigandi kjarasamningi opinberra starfsmanna. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að framvísa sakavottorði.

Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW.VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

Capacent Ráðningar

# RÁÐUNEYTISSTJÓRI

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið fer með mál er varða efnahagsmál, viðskiptamál og málefni fjármálamarkaðar.

**Efnahags- og viðskiptaráðuneytið auglýsir embætti ráðuneytisstjóra laust til umsóknar. Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar í embættið til fimm ára.**

Um embættið gilda lög um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969, með síðari breytingum, og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Meistaragráða í hagfræði, viðskiptafræði, lögfræði eða sambærilegu námi
- Þekking og reynsla á verkefnasviði ráðuneytisins
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Leiðtogahæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Um er að ræða fullt starf sem skipað verður í hið fyrsta. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð nr. 47/2006, með síðari breytingum.

Með vísan til jafnréttislaga eru konur jafnt sem karlar hvattar til þess að sækja um embættið.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
**ATH. umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 27. september nk.** Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um embættið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að sinna embættinu.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent




Capacent Ráðningar

# SÉRFRÆÐINGAR Í EIGNASTÝRINGU

GILDI lífeyrissjóður

Gildi-lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins og nema eignir hans yfir 230 milljörðum króna. Á árinu 2009 greiddu yfir 4.000 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins fyrir um 40.000 sjóðfélaga. Samtals eiga um 178.000 einstaklingar réttindi hjá sjóðnum.

**Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir að ráða tvo sérfræðinga í eignastýringu sem munu heyra undir forstöðumann eignastýringar. Ráðningin er liður í endurskipulagningu og eflingu eignastýringar sjóðsins.**

**Ábyrgðar- og starfssvið**
- Greining markaða og fjárfestingarkosta
- Þátttaka í uppbyggingu verðbréfasafna
- Fjárfestingar innanlands og erlendis
- Áhættumat og áhættugreining
- Upplýsinga- og skýrslugjöf

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Verðbréfamiðlunarpróf er kostur
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði
- Frumkvæði, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# SVIÐSSTJÓRI Í HÖRPU

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

Rekstrarfélagið Ago ehf. mun sjá um rekstur Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík. Ago er dótturfélag Portus sem sér um byggingu hússins. Eignarhaldsfélagið er Austurhöfn-TR ehf. sem er í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar.

**Rekstrarfélagið Ago ehf. auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra í Hörpu: Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík. Leitað er að hugmyndaríkum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi.**

Sviðsstjórinn er yfirmaður sviðssins í aðalsal hússins og jafnframt uppstillinga og sviðsbúnaðar í Hörpu, þó ekki ljósa og hljóðs. Hann skipuleggur vinnu annarra tæknimanna sem vinna við sviðsbúnað, uppstillingar, sætauppsetningu, palla og breytingar á sölum í húsinu og vinnur með tónleika- og ráðstefnuhöldurum ásamt öðrum sem standa fyrir viðburðum í Hörpu. Hann stýrir jafnframt undirbúningi tónleika hjá SÍ og hefur yfirumsjón með pöllum og öðrum búnaði þeirra, bæði í aðalsal og æfingasal. Sviðsstjóri er jafnframt sýningarstjóri og yfirmaður allrar sýningarstjórnar í Hörpu. Viðkomandi þyrfti að hefja störf sem allra fyrst í hlutastarfi við undirbúning, m.a. með erlendum ráðgjöfum. Eftir opnun hússins er sviðsstjóri í fullu starfi og getur vinnutími þá verið mjög óreglulegur. Sviðsstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra félagsins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Samstarf við fasta notendur í Hörpu, SÍ, ÍÓ og aðra tónleika- og ráðstefnuhaldara
- Yfirumsjón með sviðsbúnaði og pöllum í sölum hússins og skipulag uppsetningar
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila, td.vegna ráðstefna og funda
- Skipulag vinnu sviðsmanna með SÍ, mat á mannafla á viðburðum
- Áætlanagerð, æfingaskrá og undirbúningur með tónleika- og ráðstefnuhöldurum í samráði við verkefnisstjóra
- Umsjón og eftirlit með sviðsbúnaði

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Umfangsmikil reynsla af sviðs- og sýningastjórnun menningarviðburða
- Góð þekking á sviðstækni og sviðsstjórn
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af samningagerð og rekstri
- Reynsla af mannahaldi, skipulagi og stjórnun
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

Reykjavík Finalist 2012 & 2013 European Green Capital

## Skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur

**Laust er til umsóknar starf skólastjóra Vinnuskóla Reykjavíkur. Vinnuskólinn starfar á skrifstofu Náttúru og útivistar og er skrifstofustjóri hennar næsti yfirmaður skólastjórans.**

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Stjórna starfi Vinnuskólans með ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlunum og starfsmannamálum.
- Stýra samstarfi Vinnuskólans við aðrar starfseiningar Reykjavíkurborgar.

**Menntunar- og hæfniskröfur, sem litið er til við val á umsækjendum**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagning í starfi.
- Samstarfshæfni, vera lipur í mannlegum samskiptum.
- Eiga auðvelt að tjá sig í töluðu og rituðu máli.

**Kostir**
- Að viðkomandi hafi reynslu af stjórnun.
- Að viðkomandi hafi reynslu af starfi vinnuskóla.
- Að viðkomandi hafi reynslu af starfi með ungu fólki

**Nánari upplýsingar veita** Þórólfur Jónsson, skrifstofustjóri Náttúru og útivistar, og Arnfinnur U. Jónsson, starfsmannastjóri, kl. 9:00 – 16:00 í síma 411 1111.

Launakjör fara eftir kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Við ráðningar í störf vilja borgaryfirvöld stuðla að því að þau flokkist ekki í sérstök kvenna- eða karlastörf.
Konur jafnt og karlar eru því hvött til að sækja um starfið.

Starf þetta er auglýst á vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is
Umsóknir á að fylla út á vefnum og senda rafrænt.
Ferilskrá og frekari upplýsingar er hægt að senda með sem viðhengi.

**Umsóknarfrestur er til 20. september 2010.**

Reykjavík, 4. september 2010
Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar

**Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar er eitt af fagsviðum borgarinnar og samanstendur af skrifstofum Samgöngumála, Náttúru og útivistar og Neyslu og úrgangs auk Staðardagskrár 21, Bílastæðasjóði og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.**




## FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVAR ÍTR

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN FROSTASKJÓL**
Undraland við Grandaskóla
Selið við Melaskóla
Skýjaborgir við Vesturbæjarskóla
Frostheimar í Vesturbæ

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN ÁRSEL**
Töfrasel við Árbæjarskóla
Skólasel við Ártúnsskóla
Víðisel við Selásskóla
Stjörnuland við Ingunnarskóla
Fjósið við Sæmundarskóla
Klapparholt við Norðlingaskóla

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN KRINGLUMÝRI**
Álftabær við Álftamýrarskóla
Sólbúar við Breiðagerðisskóla
Neðstaland við Fossvogsskóla
Krakkakot við Hvassaleitisskóla
Glaðheimar við Langholtsskóla
Laugarsel við Laugarnesskóla
Vogasel við Vogaskóla
Vesturhlíð við Öskjuhlíðaskóla

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN MIÐBERG**
Bakkasel við Breiðholtsskóla
Vinafell við Fellaskóla
Álfheimar við Hólabrekkuskóla
Vinasel við Seljaskóla
Vinaheimar við Ölduselsskóla

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN KAMPUR**
Draumaland við Austurbæjarskóla
Frístund við Háteigsskóla
Hlíðaskjól við Hlíðaskóla

**FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN GUFUNESBÆR**
Hvergiland við Borgaskóla
Brosbær við Engjaskóla
Regnbogaland við Foldaskóla
Simbað við Hamraskóla
Kastali við Húsaskóla
Ævintýraland við Korpuskóla
Tígrisbær við Rimaskóla
Vík við Víkurskóla

ÍTR

## ÞAR SEM ALLTAF ER GAMAN
### FRÍSTUNDAHEIMILI ÍTR ÓSKA EFTIR FÓLKI TIL STARFA

**ÍTR starfrækir frístundaheimili við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar. Þar er boðið upp á fjölbreytt tómstundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur.**

**HELSTU VERKEFNI**
- Skipulagning á faglegu frístundastarfi fyrir 6-9 ára börn
- Leiðbeina börnum í leik og starfi
- Samráð og samvinna við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra

**KRÖFUR Í STARFI**
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að starfa með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í samskiptum

**Í BOÐI ERU HLUTASTÖRF MEÐ SVEIGJANLEGUM VINNUTÍMA EFTIR HÁDEGI.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Símaver Reykjavíkurborgar gefur samband við þá starfsmenn sem veita upplýsingar um störfin í síma 411 11 11.

**HÆGT ER AÐ SÆKJA UM RAFRÆNT Á WWW.ITR.IS**

## Glymur smiðja

Óskar eftir húsasmiðum eða vönum mönnum við uppsetningu á stálhöldurum í tónlistarhúsið Hörpu. Upplýsingar gefur Benedikt í síma 893 1535, einnig hægt að senda póst á netfangið **svalir@svalir.is**

Sjá: **www.svalir.is**

# Skólaliðar

**Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, auglýsir eftir fólki til að bætast í hóp skólaliða skólans.**

Starfssvið skólaliða er fjölbreytt þjónusta við nemendur og starfsfólk skólans. Meðal verkefna er að hafa umsjón með viðhaldi og ræstingu, sem og að huga að öryggi nemenda og húsnæðis.

Tækniskólinn leitar að einstaklingum af báðum kynjum með ríka þjónustulund, dugnað og metnað sem geta styrkt góðan hóp við daglegan rekstur skólans. Boðið er upp 50-100 % starf með sveigjanlegan vinnutíma og samkeppnishæf laun á lifandi vinnustað.

Áhugasamir sendi inn umsókn ásamt ferilskrá á *gsi@tskoli.is* merkt „Skólaliði" fyrir 12. september nk.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Icelandic
Meteorological Office

Veðurstofa Íslands

Í janúar 2009 var stofnuð ný Veðurstofa Íslands með sameiningu eldri Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga. Þar starfa rúmlega 250 manns víðsvegar um landið. Auk þess að taka yfir verkefni eldri stofnana hefur Veðurstofa Íslands umfangsmeira hlutverk í vöktun og rannsóknum en forverar hennar, m.a. tengdum náttúruvá, loftslags- og vatnafarsrannsóknum.

# Sérfræðingur í mælarekstri

Vegna aukinnar áherslu á eftirlit með gosmekki og öskudreifingu auglýsir Veðurstofa Íslands eftir sérfræðingi til að hafa umsjón með uppbyggingu og rekstri ratsjáa, auk þátttöku í rekstri annarra mælakerfa stofnunarinnar. Viðkomandi kemur til starfa á Athugana- og tæknisviði, en þar starfa um 25 manns við rekstur mælikerfa á helstu eðlisþáttum jarðar, þ.e. lofti, vatni, snjó, jöklum, jörð og hafi. Í boði er spennandi, krefjandi og fjölbreytt framtíðarstarf.

Hæfniskröfur
- Háskóla- og framhaldsnám á sviði verk- eða tæknifræði
- Farsæl reynsla á sviði mælareksturs
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Góð færni í íslensku og ensku

Um er að ræða fullt starf og fara launin eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita:

Óðinn Þórarinsson
framkvæmdastjóri
Athugana- og tæknisviðs
odinn@vedur.is

Borgar Æ. Axelsson
mannauðsstjóri
borgar@vedur.is

Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí 2010

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast Borgari Æ. Axelssyni, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið borgar@vedur.is merkt „Sérfræðingur í mælarekstri".

www.vedur.is 522 60 00




# Hjá okkur er félagaskiptaglugginn ennþá opinn

## Við leitum að öflugum framherjum í eitt sterkasta lið landsins sem:

- Hafa brennandi áhuga á upplýsingatækni og metnað til að ná árangri í starfi
- Eru úrræðagóðir og vinna vel undir álagi
- Hafa tileinkað sér skipulögð, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Búa yfir framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Eru reiðubúnir að leggja allt í sölurnar fyrir liðið.

## CISCO SNILLINGUR

**Helstu verkefni:**
Ráðgjöf, innleiðing og þjónusta á Cisco net- og símkerfum.

**Hæfniskröfur:**
Minnst 5 ára reynsla af rekstri netkerfa og ip símkerfa í Cisco umhverfi. Cisco CCVP/CCNP gráða æskileg og haldgóð menntun sem nýtist í starfi.

## OPEN SOURCE OFURHETJA

**Helstu verkefni:**
Ráðgjöf, innleiðing og þjónusta í Open Source umhverfi.

**Hæfniskröfur:**
Minnst fimm ára reynsla af rekstri upplýsingakerfa.
Góð þekking á Linux og eftirlitshugbúnaði. RHCE gráða æskileg.

**Viltu vita meira?**
Ekki hika- sláðu á þráðinn og fáðu að vita um hvað málið snýst,
María svarar þér í síma 864-1088 og heitir þér fullum trúnaði!

## TÆKNISCHNILLINGA Á VERKSTÆÐI

**Helstu verkefni:**
Móttaka og bilanagreining tölvubúnaðar. Viðgerðir og upplýsingagjöf til viðskiptavina varðandi viðgerðarferlið. Notendaþjónusta í síma.

**Hæfniskröfur:**
Haldgóð reynsla af viðgerðum pc véla og fartölva. Hæfileiki til upplýsingaöflunar á ensku og vilji til að veita framúrskarandi þjónustu.

**Viltu vita meira?**
Ekki hika- sláðu á þráðinn og fáðu að vita um hvað málið snýst,
Hafsteinn svarar þér í síma 864-1080 og heitir þér fullum trúnaði!

## HUGBÚNAÐARSÉNÍ

**Helstu verkefni:**
Ráðgjöf og samþætting hugbúnaðarlausna og hugbúnaðargerð í Microsoft.net umhverfi. Hönnun, þróun og prófun hugbúnaðarlausna.

**Hæfniskröfur:**
Víðfem reynsla auk MCPD gráðu eða sambærilegri er æskileg. Reynsla af forritun í Microsoft.net umhverfi og þekking á Microsoft Sharepoint, CRM og SQL BI. Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði er kostur.

## MICROSOFT GÚRÚ

**Helstu verkefni:**
Ráðgjöf til viðskiptavina, þjónusta við rekstur á upplýsingakerfum, hönnun og innleiðing rekstrarlausna

**Hæfniskröfur:**
MCITP gráða eða sambærilegt. Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða sambærileg menntun er kostur. Minnst 5 ára reynsla af kerfisrekstri eða sambærilegum störfum. Reynsla af rekstri helstu Microsoft kerfislausna s.s. Active Directory, Exchange, Window Server, SQL, ISA, SharePoint og System Center lausna.

**Viltu vita meira?**
Ekki hika- sláðu á þráðinn og fáðu að vita um hvað málið snýst,
Árni Þór svarar þér í síma 864-1010 og heitir þér fullum trúnaði!

CISCO PARTNER Silver Certified

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

2009 Preferred Partner GOLD hp

Til að sækja um störfin sendirðu okkur ferilskrá á netfangið starfsumsokn@ok.is fyrir 12. september. Við tökum öllum fyrirspurnum og umsóknum fagnandi og förum með þær sem trúnaðarmál. Við svörum öllum umsóknum.

Skemmtum okkur
Opinn hugur
Eitt lið
Einföldum málið
Fögnum breytingum

OPIN KERFI

Opin kerfi / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.ok.is

Óvissan er ágæt
Heiðarleiki
Sigurvilji
Baráttuandi
Fögnum sigri

smárar

# Villt þú vera í tísku með okkur?

Ertu jákvæð, sjálfstæð með einstaka þjónustulund, góðan húmor og finnst gaman að vinna með öðrum? Hefurðu áhuga á tísku og útliti?

Ef þetta á við þig þá ertu rétta manneskjan til starfa í kvenfataverslun okkar í Smáralind. **Fullt starf og hlutastarf í boði.**

Vinsamlega sendu okkur tölvupóst með upplýsingum um þig á: **thorunn.smarar@gmail.com**

RADAR

# Reykjavíkurborg

Borgarlögmaður



## Lögfræðingur

**Borgarlögmaður óskar eftir að ráða lögfræðing**

**Helstu verkefni**
- Lögfræðilegar álitsgerðir og ráðgjöf til borgarstjórnar, borgarráðs, borgarstjóra, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar
- Undirbúningur dómsmála
- Meðferð stjórnsýslukæra
- Samningagerð
- Fyrirsvar vegna skaðabótakrafna sem beint er gegn Reykjavíkurborg
- Uppgjör slysabóta á grundvelli kjarasamninga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættispróf eða meistaragráða í lögfræði
- Færni til framsetningar máls í ræðu og riti
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Lipurð og færni í samskiptum

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Stéttarfélag lögfræðinga.

Nánari upplýsingar veitir Kristbjörg Stephensen, borgarlögmaður, í síma 411 4100 eða í gegnum tölvupóstfangið kristbjorg.stephensen@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til 17. september nk**. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknir ásamt fylgiskjölum skulu berast í gegnum vef Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is**.
Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.

Í boði er krefjandi og fjölbreytt starf í starfsumhverfi þar sem reynir á góða alhliða þekkingu á flestum réttarsviðum lögfræðinnar. Áhersla er lögð á símenntun og miðlun þekkingar milli starfsmanna. Embætti borgarlögmanns er í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar starfa sex lögmenn.

# LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is

## Atvinnutækifæri hjá Lyfju



ÍSLENSKA SIA.IS LYF 51371 09.2010

Við leitum að sjálfstæðu, skipulögðu og metnaðarfullu starfsfólki sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.

Vegna breytinga og vaxandi starfsemi getum við bætt **lyfjatæknum** og **sölu- og afgreiðslufólk** í okkar frábæra starfsmannahóp.

Um er að ræða **hlutastörf** í apótekum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Í boði eru líflegir vinnustaðir, gott vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og möguleiki á starfsþróun.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Störfin felast í ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum í verslun, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra.

### Hæfniskröfur:

Við leitum að drífandi starfsfólki með ríka þjónustulund, söluhæfileika, góða tölvukunnáttu og getu til að vinna undir álagi. Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.

**Nánari upplýsingar** um störfin má finna á heimasíðu okkar, **www.lyfja.is** og hjá starfsmannahaldi (hallur@lyfja.is) í síma **530 3800**.
Tekið er við umsóknum á vefslóðinni **www.lyfja.is**.

**Umsóknarfrestur er til 12. september 2010** og farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

*Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og vellíðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækkun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsubúðir víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmtun til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.*

# Bakarí á landsbyggðinni

Óskum eftir að ráða bakara, eða mann vanan bakstri sem getur unnið sjálfstætt.

Upplýsingar í síma 8983643 Jakob

# Fyrirtækjasvið - ráðgjafi

## Intrum óskar eftir að ráða ráðgjafa á Fyrirtækjasvið

Í starfinu felst ráðgefandi sala á þjónustulausnum Intrum, samskipti við viðskiptavini, greining og ráðgjöf varðandi meðferð viðskiptakrafna auk tilboðs- og samningagerða. Viðkomandi þarf að búa yfir söluhæfileikum, frumkvæði, jákvæðni og drifkrafti. Í starfinu reynir á sjálfstæð vinnubrögð og virka þátttöku í teymisvinnu. Krafa er gerð um reynslu af sambærilegum störfum. Viðskiptafræðimenntun eða sambærileg gráða er kostur en ekki skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir, ráðningarstjóri Intrum á Íslandi í síma 440 7122. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu www.intrum.is. Umsóknarfrestur er til 14. september. Ráðið verður í starfið sem fyrst.

intrum justitia

EKKI GERA EKKI NEITT

Intrum á Íslandi er hluti alþjóðlega innheimtufyrirtækisins Intrum Justitia, sem er leiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði markvissrar stýringar viðskiptakrafna (Credit Management Services). Um 3000 starfsmenn vinna hjá Intrum í 22 Evrópulöndum. Hjá Intrum á Íslandi starfa yfir 130 starfsmenn á 12 skrifstofum Intrum um land allt. Intrum býður fyrirtækjum og stofnunum upp á heildarlausnir á sviði innheimtumála.

**Leikskólinn Lækjarbrekka á Hólmavík auglýsir eftir leikskólastjóra.**

Í skólanum eru um 30 börn í tveimur deildum og þar dvelja börn frá 1 árs aldri. Einkunnarorð skólans eru: **Gleði – Virðing – Vinátta**.

# Leikskólastjóri á Hólmavík

**Meginhluverk leikskólastjóra er að:**

Veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi, fjármálum og rekstri skólans.
Bera ábyrgð á stefnumörkun skólans í samstarfi við sveitarstjórn.

**Menntunar- og færnikröfur:**
- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Menntun, hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á börnum og samskiptum við þau
- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfileikar, frumkvæði og metnaður í starfi

Hólmavík er í 234 km fjarlægð frá Reykjavík og tilheyrir sveitarfélaginu Strandabyggð sem rúmlega 500 manns búa í. Þar er góð þjónusta, öflugur grunn- og tónlistaskóli, fjölbreytt menningarstarf og góð íþrótta- og útivistaraðstaða í einstaklega fallegu umhverfi.

Nánar á **www.strandabyggd.is og www.123.is/laekjarbrekka.**

**Umsóknarfrestur er til 15. september næstkomandi.**

Umsóknir, ásamt ferilskrá og meðmælendum, berist á skrifstofu Strandabyggðar, Hafnarbraut 19, 510 Hólmavík, netfang: holmavik@holmavik.is, sem einnig gefur nánari upplýsingar, s. 451 3510.

**Staðan er laus frá og með 1. október 2010.**

Hólmavík, 31. ágúst 2010
Sveitarstjóri Strandabyggðar

Adecco Norge AS is a part of Adecco Group and a leader in providing HR solutions in Norway. We are represented by over 70 offices and departments all over Norway. Adecco Bygg & Industri is dedicated to offer employment within various sectors including construction, industry and engineering.

## New opportunities in Norway?

Adecco Bygg & Industri is looking for skilled and experienced **plumbers, bus and truck mechanics,** as well as **heavy machinery operators** for various jobs in Norway.

- Have you completed education in any of the above professions?
- Do you have at least 3 years experience in your profession?
- Do you have good command of English or Norwegian?
- Are you outgoing and willing to take up new challenges?

**Then do not hesitate and send your application now!**

For more information about our offer call our Recruitment Department at +47 23290007.

To apply send your CV to **bygg.industri@adecco.no** today!

Adecco Bygg & Industri
better work, better life
**adecco.no**

→ flugfelag.is




# Deildarstjóri þjónustuvers

Flugfélag Íslands óskar eftir að ráða til framtíðarstarfa deildarstjóra þjónustuvers. Deildin heyrir undir sölu- og markaðssvið og hefur með höndum símsvörun og sölu á þjónustu til viðskiptavina.

**Starfið:**

» Daglegur rekstur og umsjón með þjónustuveri
» Umsjón með starfsmannamálum deildarinnar
» Samskipti við innlenda og erlenda ferðaþjónustuaðila
» Upplýsingagjöf og sala á þjónustu til viðskiptavina
» Umsjón og eftirlit með símsvörun
» Gerð rekstraáætlunar í samvinnu við sölu- og markaðsstjóra

**Hæfniskröfur:**

» Þekking og reynsla af sölu- og markaðsmálum
» Menntun á háskólastigi æskileg
» Stjórnunarreynsla
» Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, dönskukunnátta æskileg
» Rík þjónustulund
» Frumkvæði og góðir skipulagshæfileikar
» Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

*Flugfélag Íslands er arðbært, markaðsdrifið þjónustufyrirtæki, leiðandi í farþega- og fraktflutningum, og þjónar flugrekendum og aðilum í ferðaiðnaði.*

*Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð á að skipa hæfum og liprum liðsmönnum sem sýna frumkvæði og hafa jákvætt viðhorf.*

*Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 230 manns sem allir gegna lykilhlutverki í starfsemi þess.*

**Umsóknir og umsóknarfrestur:**
Umsóknarfrestur er til 12. september 2010. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu félagsins **www.flugfelag.is**

ÍSLENSKA/SIA.IS FLU 51382 09/10

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Skinney · Þinganes hf

Skinney – Þinganes hf rekur margþætta starfsemi á Höfn í Hornafirði. Félagið rekur fiskiðjuver og fiskmjölsverksmiðju auk þess að gera út 7 fiskiskip. Fiskvinnslan samanstendur af frystingu uppsjávarfisks, humarvinnslu og saltfiskverkun auk hefðbundinnar bolfiskvinnslu. Velta félagsins er um sjö milljarðar króna. Starfsmenn félagsins eru um 200.

# Skinney – Þinganes óskar eftir að ráða í tvær stjórnunarstöður

## Tæknistjóri

**Undir tæknistjóra heyra allir starfsmenn viðhaldsdeilda, alls um 15 manns. Viðhaldsdeildir sinna viðhaldi skipa, fiskvinnslu, fiskmjölsverksmiðju og fasteigna og lóða. Tæknistjóri heyrir undir framkvæmdastjóra. Starfið er nýtt hjá félaginu.**

**Helstu verkefni:**
- Yfirumsjón með tækni- og viðhaldsverkefnum félagsins á öllum sviðum rekstrarins
- Stjórnun viðhaldsdeilda og samræming verkefna
- Innkaup og birgðahald rekstrarvara og varahluta
- Fyrirbyggjandi viðhald
- Áætlana- og tilboðsgerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tæknimenntun á vélasviði (verkfræðingur/tæknifræðingur)
- Vélfræðimenntun er mikill kostur og/eða önnur iðnmenntun
- Reynsla af störfum við sjávarútveg kæmi sér vel í þessu starfi
- Aðeins sjálfstæður einstaklingur með frumkvæði kemur til greina
- Stjórnunarreynsla æskileg

## Framleiðslustjóri fiskiðjuvers

**Undir framleiðslustjóra heyra verkstjórar fiskvinnslu og allir starfsmenn fiskvinnslu, alls um 100 manns. Framleiðslustjóri heyrir undir framkvæmdastjóra.**

**Helstu verkefni:**
- Yfirumsjón með framleiðslu fiskiðjuvers, birgðahaldi og afskipunum
- Áætlanagerð
- Starfsmannahald
- Innkaup hráefnis og rekstrarvara
- Vöruþróun
- Samskipti við sölumenn vegna sölu afurða félagsins
- Samræming veiða og vinnslu í samráði við útgerðarstjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði sjávarútvegsfræði, verkfræði, matvælafræði og/eða stjórnunar
- Reynsla af störfum við fiskvinnslu kæmi sér vel í þessu starfi
- Aðeins sjálfstæður einstaklingur með frumkvæði kemur til greina
- Stjórnunarreynsla æskileg

**Upplýsingar veita:**
Brynhildur Halldórsdóttir
brynhildur@hagvangur.is
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 8. september nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

**Laus störf hjá Héðni hf.**

# Véltæknifræðingur / Vélaverkfræðingur

**Starfssvið:** Hönnun, tilboðsgerð og verkefnastjórnun
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Véltæknifræði eða vélaverkfræðipróf. Reynsla eða þekking af þrívíddarhönnun í AutoCAD/Inventor, góð enskukunnátta og kunnátta í Norðurlandamáli, sjálfstæð og öguð vinnubrögð, góðir samskiptahæfileikar.
Nánari upplýsingar veitir **Rögnvaldur Einarsson** í síma 569-2111.

# Rennismiðir

**Starfssvið:** Fjölbreytt verkefni við vélbúnað, viðhald og nýsmíði.
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Sveinspróf í rennismíði eða sambærileg reynsla.
Nánari upplýsingar veitir **Sindri Sigurgeirsson** í síma 660-2131.

Vinsamlega sendið umsóknir til Héðins á netfangið **atvinna@hedinn.is** eða fyllið út umsókn á vefsíðu fyrirtækisins **www.hedinn.is**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Héðinn hf. er málmtæknifyrirtæki sem veitir sérhæfða þjónustu í málmiðnaði og annast viðgerðir á vélbúnaði fiskiskipa.

**HÉÐINN**

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100 • hedinn.is

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

## Slysavarnafélagið Landsbjörg

**óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi einstakling í fjölbreytt og skemmtilegt starf á björgunar- og slysavarnasviði. Starfshlutfall er 100%.**

**Starfssvið:**
- Vinna og skipulagning á verkefnum á björgunar- og slysavarnasviði
- Umsjón með Safetravel.is
- Erindrekstur
- Fyrirlestrahald
- Greinaskrif og upplýsingagjöf
- Gerð fræðsluefnis

**Menntunar - og hæfniskröfur:**
- Tölvukunnátta og þekking á Word og Exel
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti
- Hæfni til þess að koma fram
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð þekking á ferðamennsku á Íslandi
- Þekking á starfsemi Slysavarnafélagsins Landsbjargar er kostur

*(Umsóknum skal skilað á skrifstofu félagsins í Skógarhlíð 14 eða á netfangið gunnar@landsbjorg.is fyrir 20. september 2010.)*

# Apótekið
lægra verð

## Lyfjafræðingur Akureyri

**Apótekið leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi til starfa í Apótekið á Akureyri.**

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
**Lyfjafræðingur annast afgreiðslu lyfseðla auk þess sem hann veitir viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf.**

**Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og er um hlutastarf að ræða. Í boði er krefjandi starf á skemmtilegum vinnustað.**

**Hæfniskröfur:**
**Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi.**
**Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.**
**Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.**

**Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, sími 530 3800 - hallur@lyfja.is**

**Umsóknarfrestur er til 12. september 2010 og farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.**
**Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.**

**Apótekið Akureyri • Furuvöllum 17 • Sími 461 3920**
**Opið mánudaga - föstudaga kl. 10 -19**
**laugardaga kl. 10 -16 og sunnudaga kl. 12 -16**

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Skrifstofustjóri

**Laus er til umsóknar staða skrifstofustjóra á skrifstofu Velferðarsviðs.**

**Starfssvið**
- Stýra daglegum rekstri á skrifstofu sviðsstjóra
- Umsjón með upplýsingum og kynningarmálum sviðsins
- Innleiðing breytinga og nýrra verkefna
- Samræming og eftirlit með framkvæmd þjónustu
- Sérverkefni í umboði sviðsstjóra
- Þátttaka í yfirstjórn Velferðarsviðs

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking af stjórnun, sér í lagi breytingastjórnun
- Reynsla og þekking af opinberri stjórnsýslu
- Skipulags- og forystuhæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Um launamál fer samkvæmt ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veita Stella K. Víðisdóttir sviðsstjóri, sími: 411 1111, netfang: stella.kristin.vidisdottir@reykjavik.is og Lóa Birna Birgisdóttir starfsmannastjóri, sími 411 1111, netfang: loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is/storf** fyrir 18. september 2010.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.**

Auglýsingasími
512 5401




Allt sem þú þarft...

# VILT ÞÚ VERA HLUTI AF FRÁBÆRU SÖLUTEYMI?

**Íslensk Amerísk hf. leitar að tveimur öflugum sölumönnum í eftirtalin störf**

**Óskum eftir sölufulltrúa með menntun og/eða góða reynslu úr matvælaiðnaði. Viðkomandi mun sinna sölu á ýmsum umbúðum og hráefnum til fyrirtækja sem starfa í matvælaiðnaði og þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið**
- Sala á vörum fyrirtækisins
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila
- Þátttaka í vöruþróun
- Gerð sölu- og innkaupaáætlana

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun eða mikil reynsla úr matvælaiðnaði.
- Góðir sölu- og samskiptahæfileikar
- Góð tungumálakunnátta (enska nauðsynleg, danska kostur)
- Almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar

**Óskum eftir sölufulltrúa með matreiðslumenntun og/eða góða reynslu á því sviði. Viðkomandi mun sinna sölu á matvörum og rekstrarvörum fyrir stóreldhús og mötuneyti og þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið**
- Sala á vörum fyrirtækisins.
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda.
- Gerð sölu- og innkaupaáætlana.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun eða mikil reynsla í matreiðslu.
- Góðir sölu- og samskiptahæfileikar.
- Almenn tölvukunnátta.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar.

Íslensk Ameríska (ÍsAm) er eitt stærsta og öflugasta markaðs- og framleiðslufyrirtæki landsins á neytendamarkaði. ÍsAm á og rekur vörumerkin Mylluna, Ora, Frón og Kexsmiðjuna, auk þess sem fyrirtækið hefur umboð fyrir heimsþekkt vörumerki eins og Marlboro, Pampers, Ariel, Always, Gillette, Duracell, Head & Shoulders, Pringles, BKI, Campbells, Finn crisp, Oscar, Puratos, AVO, Jadico, Belcolade, Ping ofl. Hjá Íslensk Ameríska starfa nú um 350 manns. Stefna ÍsAm er að ráða fólk með rétta blöndu af hæfni, menntun, persónuleika og metnaði til að ná árangri.

Upplýsingar um starfið veitir Helga B. Helgadóttir starfsmannastjóri í síma 522 2700. Umsóknir skulu sendar á tölvupóstfangið helga@isam.is eða bréfleiðis til Íslensk Ameríska, Tunguhálsi 11, 110 Reykjavík merkt starfsmannastjóra í síðasta lagi 13. september 2010.

**Ánægt starfsfólk er okkar metnaður**

Íslensk Ameríska hf. • Tunguhálsi 11 110 Reykjavík • sími: 522 2700 • www.isam.is

# Við viljum bæta við Þekkingu!

Þekking hf. hefur í meira en áratug annast rekstur og hýsingu tölvukerfa ásamt tengdri þjónustu og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. Í boði eru spennandi verkefni í fjölbreytilegu starfsumhverfi.

Við leitum að drífandi fólki í eftirtalin störf:

## Sviðsstjóri rekstrarsviðs í Kópavogi

**Starfssvið:**
- Rekstur, verkstjórn og ábyrgð á rekstrarsviði félagsins í Kópavogi
- Mannauðsstýring; ábyrgð á frammistöðu, hvatningu og þjálfun starfsmanna
- Þátttaka í stefnumótun og tæknilegri uppbyggingu

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Microsoft-gráður og önnur viðeigandi próf eru æskileg
- Skipulagshæfileikar og öryggisvitund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og öguð vinnubrögð
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg

## Sérfræðingar / kerfisstjórar

**Starfssvið:**
- Uppsetning og viðhald búnaðar og kerfa viðskiptavina
- Aðstoð við viðskiptavini, tæknivinna og ráðgjöf
- Þátttaka í teymisvinnu stærri viðskiptavina

**Hæfniskröfur:**
- Þekking og reynsla af staðarnetsbúnaði og stýrikerfum
- Reynsla af vinnu með Microsoft lausnir
- Þekking á Cisco og Linux er æskileg
- Reynsla af uppsetningum og viðhaldi á vélbúnaði og stýrikerfum hjá fyrirtækjum
- Microsoft-próf og aðrar viðeigandi gráður æskilegar

Umsóknir og fyrirspurnir sendist í tölvupósti á atvinna@thekking.is. Haft verður samband við alla umsækjendur.
Umsóknarfrestur er til 20. september nk.

Þekking hf. er vottað samkvæmt ISO27001 öryggisstaðlinum. Það er metnaðarmál fyrirtækisins að vera ávallt í fremstu röð á sínu sviði. Á meðal viðskiptavina fyrirtækisins eru mörg af stærstu og öflugustu fyrirtækjum landsins. Hjá Þekkingu hf. starfa nú rúmlega 40 manns og starfsstöðvar eru á tveimur stöðum á landinu, í Kópavogi og á Akureyri. Öflug símenntunarhvatning ásamt fjölskylduvænu starfsumhverfi er hluti af starfsmannastefnu Þekkingar hf.

ÞEKKING
TÖLVUDEILDIN ÞÍN!

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Hafnarstræti 93-95 / 600 Akureyri / Hlíðasmára 11 / 201 Kópavogi / Sími 460 3100 / www.thekking.is

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**
**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

# LAUS STÖRF Í LEIKSKÓLUM HJÁ SKÓLUM EHF

## Heilsuleikskólinn Hamravellir í Hafnarfirði

- Deildastjóra 100% stöðu.
- Fagstjóri í hreyfingu 75% staða.
- Matráður 75% staða.

Í leikskólanum er unnið eftir heilsustefnunni með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun. Unnið er með jákvæð og gefandi samskipti og er góður andi ríkjandi í skólanum.

Hafir þú áhuga á að vinna í lifandi og metnaðarfullu starfsumhverfi með skemmtilegu fólki þá hafðu samband.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.



Nánari upplýsingar veita:
Ragnheiður Gunnarsdóttir
leikskólastjóri í síma 424-4640
Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á www.skolar.is

*Heilsuleikskólar Skóla: Hamravellir, Háaleiti, Kór, Krókur og Ungbarnaleikskólinn Ársól*

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Ertu að leita að krefjandi og skemmtilegu starfi í búsetu?

**Yfirþroskaþjálfi**
óskast til starfa að Víðihlíð. Um er að ræða 70-100% starf. Staðan er laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.
Hlutverk yfirþroskaþjálfa er fyrst og fremst fólgið í því að sjá um innra faglegt starf, leiðbeina og styðja íbúa í daglegu lífi og leiðbeina starfsmönnum.

**Hæfniskröfur:**
- Góð fagleg þekking
- Almenn tölvukunnátta
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Jákvætt hugarfar og færni í samskiptum og samvinnu
- Starfsreynsla

Boðið er upp á stuðning, starfsfélagahandleiðslu og regluleg starfsmannasamtöl, ásamt ágætri starfsaðstöðu.

Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu félagsins fyrir 10. september. Nánari upplýsingar veita Guðrún Guðmundsdóttir forstöðumaður í síma 568-0242 og Erna Einarsdóttir starfsmannastjóri í síma 414-0500 milli kl. 09.00-16.00 á virkum dögum.

Upplýsingar um styrktarfélagið má nálgast á heimsasíðu þess, www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Þroskaþjálfafélags Íslands og Áss styrktarfélags.

Íslandsbanki

# Viðskiptastjóri einstaklinga

## í útibú Íslandsbanka við Lækjargötu

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að starfa sem viðskiptastjóri einstaklinga í útibúi bankans í Lækjargötu. Viðskiptastjóri einstaklinga heyrir undir útibússtjóra og er hluti af stjórnendateymi útibúsins.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf mjög fljótlega.

### Helstu verkefni:

- Alhliða ráðgjöf og þjónusta við einstaklinga
- Skapa og styrkja góð tengsl við núverandi og verðandi viðskiptavini
- Starfsmannamál
- Ábyrgð á gæðaverkefnum
- Áætlanagerð í samráði við útibússtjóra
- Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi

### Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði viðskipta- eða rekstrarfræði eða sambærileg menntun
- Bankareynsla æskileg
- Talnaskilningur og skipulagshæfni
- Frumkvæði , þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Hannes Guðmundsson, útibússtjóri, í síma 440 3405, netfang: hannes.gudmundsson@islandsbanki.is, sími 440 3405.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar inn ásamt ferilskrá. Umsóknarfrestur er til 12. september nk. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Úttektir á leik- og grunnskólum

Mennta- og menningarmálamálaráðuneyti hyggst láta gera stofnanaúttektir á þremur leikskólum og þremur grunnskólum á haustmisseri 2010, sbr. lög nr. 90/2008 um leikskóla og lög nr. 91/2008 um grunnskóla, gildandi reglugerðir um mat og eftirlit og þriggja ára áætlanir ráðuneytisins um úttektir á þessum skólastigum. Hér með er auglýst eftir sveitarfélögum sem hafa áhuga á því að fram fari úttekt á starfi leik- og/eða grunnskóla innan þeirra, bæði þeirra sem reknir eru af sveitarfélaginu og öðrum aðilum. Afstaða skólastjóra viðkomandi skóla til úttektarinnar þarf að koma fram í umsókninni.

Í úttektinni felst að utanaðkomandi aðili leggur mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Verður það m.a. gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum úttektaraðila og viðtölum við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra. Vakin er athygli á að einnig getur sveitarfélag óskað eftir því að úttektinni verði jafnframt beint að tilteknum þáttum í skólastarfinu eins og þróunar- og/eða tilraunaverkefnum. Kostnaður vegna úttektarinnar greiðist af ráðuneytinu.

Umsóknir skulu berast mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá sveitarstjórnum fyrir 23. september 2010. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu ráðuneytisins http://menntamalaraduneyti.is/sjodir-og-eydublod/. Nánari upplýsingar gefa Margrét Harðardóttir og Védís Grönvold á mats- og greiningarsviði ráðuneytisins.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
1. september 2010.
menntamálaráðuneyti.is

# NOREGUR KALLAR

## Trésmiðir – trésmiðir- trésmiðir.

Enn á ný köllum við eftir trésmiðum til starfa í Noregi.

- Óskum eftir 4-5 manna trésmiða flokk í innréttingu á atvinnu og íbúðarhúsnæði sem allra fyrst.
- Óskum eftir trésmiðum í móta og steypuvinnu. Gjarnan 2 samhentir.
- Óskum eftir trésmiðum í alhliða verkefni. Meistara bréf og löng reynsla kostur.
- Óskum eftir byggingastjórum.
- Óskum eftir byggingaverkfræðingum og tæknifræðingum.
- Aðrir iðnaðarmenn einnig velkomnir.

***Áhugasamir sendi starfsferilskrá á netfangið tynes@simnet .is***
**Upplýsingar á íslensku í síma 8980085**

AM Direct A.s

# Íþróttafréttamaður óskast

## til afleysinga hjá Ríkisútvarpinu

Íþróttadeild leitar að íþróttafréttamanni í afleysingar í 3 mánuði.
Nánari upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur á www.ruv.is/um-ruv/storf.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. sept.**

Umsóknir sendist til Ríkisútvarpsins ohf., Efstaleiti 1, Reykjavík eða á starfsumsoknir@ruv.is merktar „Umsókn um starf íþróttafréttamanns“.
Nánari upplýsingar veitir Kristín H. Hálfdánardóttir, íþróttastjóri RÚV í síma 515-3706 eða með tölvupósti á kristinh@ruv.is.

RÚV RÁS



# Garri ehf. heildverslun

sérsvið sala og þjónusta á gæðamatvöru og matvælaumbúðum, auglýsir eftir starfsmanni á lager.

Garri ehf. heildverslun óskar eftir að ráða sem fyrst starfsmann á lager. Í starfinu felast almenn lagerstörf og tiltekt pantana.

Við leitum að traustum og vinnusömum starfsmanni sem er tilbúinn að vinna með okkur í öflugu fyrirtæki á stækkandi fyrirtækjamarkaði.

Skilyrði er að umsækjendur hafi gott vald á íslenskri tungu.
Garri er reyklaus vinnustaður.

Áhugasamir sendi umsóknir með tölvupósti á netfangið magnus@garri.is fyrir 9. september.

Garri

*Gerðu þér mat úr Garra*

# Lyfjatæknir

Lyfjatæknir óskast til starfa hjá nýju apóteki í Reykjavík sem mun opna fljótlega í Grafarholti. Mjög góð staðsetning í huggulegu umhverfi.

**Helstu verkefni:**
- Afgreiðsla og móttaka pantana
- Skráning reikninga
- Samskipti við viðskiptavini
- Önnur fjölbreytt störf

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun í lyfjatækni er skilyrði
- Gott viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki
- Nákvæm og öguð vinnubrögð

Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst. Vinnutími getur verið sveigjanlegur eða eftir nánara samkomulagi.

**Upplýsingar veitir:**
Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

www.skra.is

# Kerfisstjóri

Þjóðskrá Íslands auglýsir eftir kerfisstjóra til starfa í tíu manna tölvudeild sem staðsett er í Reykjavík. Starfsemin er vottuð samkvæmt öryggisstaðlinum ISO27001:2005.

**Starfssvið er eftirfarandi:**
- Almennur rekstur á tölvukerfum og netkerfum
- Uppsetning á tölvu-, net- og hugbúnaði
- Þjónusta og samskipti við notendur
- Þátttaka í tilfallandi verkefnum

**Hæfniskröfur:**
- Starfsreynsla og góð þekking á tölvurekstri
- Þekking á helstu stýrikerfum, tölvunetum og hugbúnaði
- Háskólapróf eða kerfisfræðimenntun æskileg
- Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna. **Umsóknarfrestur er til og með 19. september 2010. Umsóknum skal skila til Þjóðskrár Íslands, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða til skra@skra.is.**

Umsóknir gilda í sex mánuði frá birtingu auglýsingar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. **Nánari upplýsingar veitir Sigurjón Friðjónsson í síma 515 5300 eða í tölvupósti sf@skra.is.**

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND




TOYOTA

# Toyota í Kópavogi

## óskar að ráða bifvélavirkja á almennt verkstæði

### Hæfniskröfur

- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikil þjónustulund

Vinnutími er frá kl. 8.00 - 17.00 mánudaga til fimmtudaga og 8.00 - 15.30 föstudaga.

Leitað er að drífandi starfskrafti með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsækinu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@toyota.is, merkt „Bifvélavirki á almennt verkstæði“.

Nánari upplýsingar veitir Metta K. Friðriksdóttir á netfanginu metta@toyota.is

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

Toyota Kópavogi er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og náin samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota Kópavogi. Hverri áskorun er tekið fagnandi hendi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem við kemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.

Today Tomorrow Toyota

Íslandsbanki

# Sérfræðingur
## í innri endurskoðun Íslandsbanka

Innri endurskoðun Íslandsbanka hf. annast innri endurskoðun hjá Íslandsbanka og dótturfélögum í umboði stjórnar og er starfsemin óháð öðrum rekstrareiningum.

Við leitum að öflugum einstaklingi til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.

### Helstu verkefni:
- Innri endurskoðun á bankanum og dótturfélögum
- Athugun á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnunaraðferða
- Eftirfylgni með lögum og reglum
- Skýrslugerð á íslensku og ensku

### Hæfniskröfur:
- Samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku
- Góð kunnátta í Excel og færni í notkun fyrirspurnartóla
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, endurskoðunar, raunvísinda eða sambærileg menntun
- Reynsla af innri endurskoðun og/eða þekking á bankastarfsemi er kostur
- Þekking á áhættumati og áhættustýringu er kostur
- Próf í innri endurskoðun „Certified Internal Auditor, CIA" og/eða tölvuendurskoðun „Certified Information Systems Auditor, CISA" er kostur

Nánari upplýsingar veitir Ágúst Hrafnkelsson, netfang: agust.hrafnkelsson@islandsbanki.is, sími 440 4713.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá. Umsóknarfrestur er til 16. september næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is.

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

KÓPAVOGSBÆR

## Sólhvörf

### Börnin á Sólhvörfum þurfa að fjölga í kennarahópnum sínum.

Um er að ræða tvær lausar stöður:
- **Deildastjórastaða á Jötunheimum.** Þar eru 23 skemmtileg og klár börn á aldrinum 3-5 ára
- **75% leikskólakennarastaða** við hreyfikennslu og umsjón með útikennslu sem elstu börnin ætla að gera tilraunir með næsta skólaár.

Umsóknarfrestur er til 15. september 2010.
Nánari upplýsingar og umsókn um stöðuna er að finna á heimasíðu Kópavogsbæjar *www. kopavogur.is*

Sólhvörf

*www.kopavogur.is*

mast
Matvælastofnun

### Sérfræðingur á sviði inn- og útflutnings

**Matvælastofnun óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf á inn- og útflutningsskrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík.**

**Helstu verkefni:**
- Eftirlit með matvælum við inn- og útflutning
- Eftirlit við löndun úr erlendum fiskiskipum
- Eftirlit á landamærastöðvum
- Samskipti við inn- og útflytjendur, tollayfirvöld, flutningsaðila, löndunarþjónustur o.fl.
- Upplýsinga- og gagnaöflun ásamt skýrslugerð
- Ýmis önnur verkefni sem til falla í tengslum við skrifstofu inn- og útflutnings

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun eða önnur framhaldsmenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla á sviði eftirlits með matvælum innan EES samningsins æskileg.
- Þekking á lögum og reglumEES er kostur.
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Þorvaldur H. Þórðarson (tht@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og í síma 530 4800. Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum **„Sérfræðingur/Inn- og útflutningur"** eða með tölvupósti á mast@mast.is en umsóknarfrestur er til og með 15. september 2010. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar um stofnunina er hægt að nálgast á vefsíðu hennar, **www.mast.is.**

# Forstöðumaður Salarins

Salurinn

*Salurinn er fyrsti sérhannaði tónleikasalur landsins og stendur á Borgarholtinu í nágrenni Kópavogskirkju. Markmið Salarins er að efla menningu- og listalíf á Íslandi.*

Starf forstöðumanns Salarins, tónlistarhúss Kópavogs er laust til umsóknar. Forstöðumaður sér um rekstur Salarins, ber ábyrgð á og hefur umsjón með kynningar- og markaðsmálum með það að markmiði að bæta tengsl og þjónustu við viðskiptavini og endurspegla sérstöðu Salarins. Forstöðumaður sér um að kynna Salinn fyrir tónlistarmönnum, tónlistarunnendum, fyrirtækjum, fjölmiðlum og ferðamönnum. Við leitum að einstaklingi sem er fær í mannlegum samskiptum, metnaðarfullur, hugmyndríkur, skapandi og með ríka þjónustulund.

*Kröfur um menntun og hæfni:*
- Háskólapróf í greinum sem nýtast í starfinu
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af kynningar- og markaðsstarfi
- Góð tök á íslensku máli og ensku
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og lipurð í samskiptum og samstarfi

*Helstu verkefni:*
- Yfirumsjón með rekstri Salarins og nýtingu hans
- Starfsmannahald og launamál
- Umsjón með kynningar- og markaðsmálum
- Tengsl við önnur tónlistarhús og menningarstofnanir í landinu
- Samskipti við fjölmiðla
- Önnur verkefni sem stjórn Salarins felur honum

KÓPAVOGSBÆR

Upplýsingar gefur Þorsteinn Einarsson starfsmannastjóri í síma 5701500 kl. 10.00-12.00 þriðjudag til föstudags.

Konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

Sækja þarf um starfið á umsóknarvef á heimasíðu bæjarins *www. kopavogur.is*

Umsóknarfrestur er til og með 17. September 2010.

*www.kopavogur.is*

NORDPLUS
Nordiske Sprog og Kultur

# Auglýst eftir umsóknum í Norrænu tungumála- og menningaráætlun Nordplus (Nordplus Nordiske Sprog- og Kulturprogrammet) fyrir aukaumsóknarfrest

## • Styrkir til samvinnu á sviði tungumála

Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að Tungumála- og menningaráætlun Nordplus verði mótuð og komið á fót utan Menntaáætlunar Nordplus sem sérstakur vettvangur helgaður norrænum tungumálum.

Fyrir aukaumsóknarfrest 15. október 2010 hefur Tungumála- og menningaráætlun Nordplus til umráða **411.950 EVRUR**.

Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð standa að Tungumála- og menningaráætlun Nordplus 2008-2011. Einnig eiga sjálfsstjórnarsvæðin Færeyjar, Grænland og Álandseyjar ásamt samíska málsvæðinu aðild að verkefninu.

**Meginmarkmið Tungumála- og menningaráætlunar Nordplus á árunum 2008-2011 eru:**
- Að styrkja málskilning og þá sérstaklega skilning á grannmálunum (dönsku, norsku og sænsku).
- Að auka áhuga, þekkingu og skilning á norrænni menningu, málum og lífsháttum.

Umsóknarfresturinn 15. október 2010 er aðeins fyrir þann hluta áætlunarinnar sem er helgaður norrænum málum. Veittir verða styrkir til verkefna og samstarfsneta.

**Áherslur 2010**
- Verkefni sem efla málskilning barna og ungmenna (á dönsku, norsku, sænsku).
- Verkefni sem innihalda leiðbeiningar um hvernig best sé að kenna dönsku, norsku og sænsku í Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og samísku svæðunum.
- Verkefni sem innleiða verkefnið 'sprogpiloterne' í kennslu ungmenna (14-19 ára)*
- Verkefni sem styrkja stöðu málskilnings í kennaramenntun og styrkja samvinnu um stefnumótun á sviði norræna mála í kennaramenntun á Norðurlöndunum.
- Verkefni sem innihalda hugleiðingar um val háskóla á tungumálum sem kennt er á.
- Samstarfs- og þróunarverkefni á sviði tungutækni
- Verkefni sem stuðla að því að markmið norrænu tungumálaherferðarinnar (Nordisk Sprogkampagne) náist*

***Upplýsingar:**
- um Nordisk Sprogkampagne, sjá www.nordisksprogkampagne.org
- um 'sprogpiloterne', sjá: www.sprogpiloter.dk

Öllum umsóknum verður að skila rafrænt gegnum umsóknarkerfið ARS á slóðinni: http://ars.norden.org

**Umsóknarfrestur er 15. október 2010**

Nánari upplýsingar á heimasíðu Landskrifstofu Nordplus: **www.nordplus.is**

Upplýsingar á norrænum málum á aðalsíðu Nordplus: **www.nordplusonline.org/sca/sprog_kultur**


Auglýsingasími
512 5401


Allt sem þú þarft...





**Vegna vaxandi verkefna og stórra samninga erlendis leitar Handpoint eftir öflugum starfsmanni í hugbúnaðargerð við spennandi verkefni á sviði handtölva og snjallsíma (iPhone og Android).**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða verkfræði er skilyrði
- Reynsla af .NET umhverfi (web services og C#) er skilyrði
- Reynsla og þekking á C++ er skilyrði
- Reynsla af Java og Python er kostur
- Reynsla af forritun greiðslukerfa er kostur
- Þekking á Objective C og iPhone þróun er kostur
- Meðmælendur úr starfi



Handpoint ehf. er ört vaxandi hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir handtölvur og snjallsíma (smartphones), með sérstaka áherslu á gerð greiðslukerfa til að taka við kortagreiðslum. Hugbúnaður félagsins er seldur víða um heim og meðal viðskiptavina félagsins má nefna Manchester United, British Airways, easyJET, Ryan Air og Adidas. Handpoint er með skrifstofur í Kópavogi og Cambridge í Bretlandi. Starfsmaður í þróunardeild yrði staðsettur í Hlíðasmára í Kópavogi.

**Umsóknir sendist á info@handpoint.com ásamt nákvæmri ferilskrá.**
**Umsóknarfrestur er til 20. september 2010.**

handPoint

# INNHEIMTUSTJÓRI

Tal leitar að öflugum innheimtustjóra á fjármálasvið.

**Helstu verkþættir:**
- Umsjón með innheimtum Tals
- Samskipti við innheimtuaðila
- Tölfræðileg úrvinnsla gagna
- Dagleg stjórnun innheimtudeildar

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun æskileg, eða haldgóð reynsla af sambærilegu starfi
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á Navision innheimtukerfi
- Nákvæm vinnubrögð
- Samviskusemi og áreiðanleiki
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar veitir Rut Hreinsdóttir (ruth@tal.is).**

# SÖLUSTJÓRI FYRIRTÆKJASÖLU

Um er að ræða nýtt starf og getur því viðkomandi haft mótandi áhrif á starfið.

**Helstu verkþættir:**
- Áætlana- og tilboðsgerð
- Samskipti við fyrirtæki
- Greining á rekstri og efnahag fyrirtækja
- Dagleg stjórnun fyrirtækjasölu

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun æskileg
- Reynsla af fyrirtækjaráðgjöf og fjarskiptamarkaði er mikill kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og frumkvæði
- Greiningarhæfni og nákvæmni

**Nánari upplýsingar veitir Haraldur Ragnarsson (hdr@tal.is).**

Talsmenn eru þjónustulundaðir og jákvæðir. Þeir sýna frumkvæði og metnað og hugsa í lausnum. Þeir hafa áhuga á tækni og nýjungum; eru snyrtilegir og stundvísir.

Hjá Tali er lögð mikil áhersla á góðan starfsanda, öfluga liðsheild ásamt hvetjandi og skemmtilegu starfsumhverfi. Gildi Tals eru einfaldleiki, traust og þor.

Tal, IP fjarskipti ehf, er þriðja stærsta fjarskiptafélagið á Íslandi og fer ört vaxandi. Tal hefur frá upphafi haft frumkvæði að því að bjóða nýjar þjónustuleiðir á lægra verði á interneti, heimasíma og farsímaþjónustu og þannig stuðlað að aukinni samkeppni á fjarskiptamarkaði.

TAL

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast í tölvupósti á **atvinna@tal.is** fyrir **10. september 2010. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.**

## Textagerð á ensku

Marel óskar eftir samstarfi við aðila í tímabundið ráðgjafaverkefni á sviði textagerðar á ensku.

Viðkomandi þarf að hafa fullkomið vald á enskri tungu, jafnt í rituðu og töluðu máli, og reynslu af skrifum á markaðsefni fyrir vef- og prentmiðla.

Áhugasamir aðilar hafi samband við Jón Inga Herbertsson, jon.herbertsson@marel.com, fyrir 14. september.

Jón Ingi veitir jafnframt nánari upplýsingar um starfið í síma 563 8451.

www.marel.com marel

Adakris UAB útibú á Íslandi óskar eftir að ráða öflugan einstakling

## starfsmaður í móttöku



**Starfssvið:**

- Símasvörun og móttaka gesta
- Aðstoð v. ýmis verkefni, s.s bókun reikninga & launaútreikninga
- Ýmis aðstoð s.s. ljósritun, bréfaskriftir, yfirlestur samninga ofl.

**Hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf er skilyrði, frekari menntun er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg
- Góð almenn tölvukunnátta (excel og word)
- Sjálfstæð vinnubrögð & frumkvæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á DK viðskiptahugbúnaði

Áhugasamir sendi póst á **thorsteinn@adakris.is**

ADAKRIS

Skútuvogi 1G | 104 Reykjavík | s. 5 100 300

## HEILBRIGÐISSTOFNUNIN VESTMANNAEYJUM

**Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa, nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.**

**Lausar eru eftirtaldar stöður hjúkrunarfræðinga við stofnunina:**

**Hjúkrunarfræðingur á heilsugæslu**
Á heilsugæslu er laus afleysingastaða til eins árs. Starfið fellst aðallega í móttöku og ráðgjöf á heilsugæslu, heimahjúkrun og einnig gæti starf við göngudeild sykursýkismóttöku komið til greina. Starfshlutfall er 70 – 90% dagvinna.

**Hjúkrunarfræðinga á sjúkradeild**:
Tvær stöður hjúkrunarfræðinga eru lausar á sjúkradeild til eins árs. Starfs- og ábyrgðarsvið er samkvæmt starfslýsingum hjúkrunarfræðinga við stofnunina. Starfshlutfall er 80 til 100 % vaktavinna.

Laun eru samkvæmt gildandi samningi BHM og fjármálaráðherra, einnig stofnanasamningi BHM og HSV.

**Störfin eru laust nú þegar** eða eftir nánara samkomulagi. Með umsóknum skal fylgja afrit af prófskírteini, hjúkrunarleyfi og náms- og starfsferilsskrá.

Kynnið ykkur launakjör, starfsemina og húsnæðismál.

Umsóknir berist til Steinunnar Jónatansdóttur, deildarstjóra sjúkradeildar, rafrænn póstur: sjhv@eyjar.is eða Guðnýjar Bogadóttur hjúkrunarstjóra heilsugæslu, rafrænn póstur: gbhiv@eyjar.is sem jafnframt veita nánari upplýsingar um stöðurnar.

## Geislavarnir ríkisins

## Sérfræðingur

**Geislavarnir ríkisins óska eftir að ráða sérfræðing til starfa við stofnunina.**

Starfið felur einkum í sér verkefni vegna læknisfræðilegrar notkunar jónandi geislunar svo sem vinnu við öflun og tölfræðilega úrvinnslu gagna, eftirlit, leyfisveitingar, mælifræði, gæðamál, fræðslu og erlent samstarf.

Starfið býður upp á góða möguleika til starfsþróunar.

**Menntunarkröfur:** Háskólamenntun í eðlisfræði, verkfræði eða sambærilegt nám. Framhaldsmenntun er æskileg.

Góð íslensku- og enskukunnátta auk Norðurlandamáls nauðsynleg.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðlaugur Einarsson, eftirlitsstjóri, sími 552 8200.

Umsóknir um starfið skulu sendar Geislavörnum ríkisins, Rauðarárstíg 10, 150 Reykjavík eða í póstfangið gr@gr.is, eigi síðar en 24. september 2010.

Geislavarnir ríkisins eru með vottað gæðakerfi samkvæmt ISO 9001:2008 staðlinum og bjóða upp á góða starfsaðstöðu og hvetjandi starfsumhverfi.

Sjá nánari upplýsingar um Geislavarnir ríkisins á www.geislavarnir.is

## Stofnun ársins leitar eftir forritara

**Umferðarstofa var bæði árið 2009 og 2010 valin stofnun ársins í könnun sem gerð var á meðal félagsmanna SFR –stéttarfélag í almannaþjónustu. Hjá stofnuninni starfa um 50 starfsmenn. Lögð er áhersla á þjónustu, árangur, áreiðanleika og jákvæðni. Tilgangur Umferðarstofu er að auka lífsgæði með því að auka öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðað árangursmat og er því mikið lagt upp úr mælanlegum árangri.**

### *Starfið*

***Umferðarstofa leitar að forritara í vinnu við nýsköpun og brautryðjandi hugbúnaðarlausnir. Í boði er fyrirmyndar vinnustaður, góður félagsskapur, vel búið starfsumhverfi, spennandi verkefni og tillitssemi gagnvart því að forritarar geti líka átt sér líf utan vinnu.***

### *Hæfniskröfur*

- *Java-kunnátta á heimsmælikvarða*
- *Brennandi áhugi á hlutbundinni forritun og aðferðafræði*
- *Góð reynsla og stórkostlegir hæfileikar*
- *Grunnþekking í JavaScript, HTML, CSS, SQL og PL/SQL kostur*
- *Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða kerfisfræði æskileg*

***Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:***

- *á vefsvæði Umferðarstofu á síðunni http://www.us.is/page/atvinnuumsokn*
- *með því að senda umsókn (CV/ferilskrá) á framkvæmdastjóra mannauðs- og gæðasviðs, olof@us.is*
- *senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang: Umferðarstofa, b.t. Ólafar Friðriksdóttur, Borgartúni 30, 105 Reykjavík*

*Umsóknarfrestur er til 20. september.*

**Nánari upplýsingar veitir Gunnar Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs í síma 580-2000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu http://us.is.**

Umferðarstofa
www.us.is
Borgartúni 30 – 105 Reykjavík
Sími: 580-2000 – Fax: 580-2001

UMFERÐARSTOFA

HVITA HÚSIÐ / SÍA

Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

www.uwestfjords.is



## Fagstjóri/Master's Programme Director

Háskólasetur Vestfjarða vill bæta við sig þekkingu á sviðum sem tengjast málefnum hafsins og jafnframt fjölga nemendum. Háskólasetrið óskar því eftir kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf fagstjóra á sviði Marine Innovation.

Háskólasetur býður nú þegar upp á alþjóðlegt, þverfaglegt meistaranám í samvinnu við Háskólann á Akureyri með 45 virkum nemendum.

Fagstjóri vinnur í litlu en framsæknu háskóla- og rannsóknarumhverfi á Ísafirði og hefur rík tækifæri til að sýna frumkvæði með það að markmiði að skapa framúrskarandi náms- og vinnuumhverfi fyrir alþjóðlegan nemendahóp. Fagstjóri er leiðandi í samstarfi Háskólaseturs og atvinnulífs á sínu sviði, hann skipuleggur kennslu, heldur sambandi við gestakennara á sínu sviði og leiðbeinir nemendum við val á meistaraverkefnum. Starfið krefst mikillar skipulagshæfni, faglegra vinnubragða og vilja til að veita frábæra þjónustu. Til greina kemur að fagstjóri taki að sér kennslu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Þverfræðileg menntun í umhverfis- og auðlindastjórnun eða tengdum fögum æskileg
- Meistarapróf eða doktorspróf
- Reynsla af öflun fjármuna með umsóknum í samkeppnissjóði æskileg
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti. Kunnátta í íslensku er mjög æskileg

Æskilegt er að fagstjóri geti hafið störf 01.01.2011.
Upplýsingar um starfið veitir Peter Weiss, forstöðumaður, í síma 450 3045 eða weiss@UWestfjords.is

Umsóknir með ritaskrá og skrá yfir kennslureynslu sendist bæði í pósti á Háskólasetur Vestfjarða og í tölvupósti á weiss@UWestfjords.is

Umsóknarfrestur er til og með 24.09.2010

## Styrkir

# NORA styrkir samstarf

Styrkir til samstarfsverkefna
á Norður-Atlantssvæðinu
Umsóknarfrestur 4. október 2010

NORA Norræna Atlantssamstarfið | Byggðastofnun

Nánari upplýsingar á: www.nora.fo og www.byggdastofnun.is

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Styrkir til atvinnuleikhópa 2011**

Auglýst er eftir umsóknum um styrki á árinu 2011 til starfsemi atvinnuleikhópa er ekki hafa sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum.
Umsóknir geta miðast við einstök verkefni eða samfellt starf til lengri tíma, sbr. 16. gr. leiklistarlaga nr. 138/1998, og verður afstaða tekin til skiptingar fjárins eftir eðli umsóknanna og eftir því sem fé á fjárlögum 2011 í þessu skyni kann að segja til um.
Umsóknir skulu berast til mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 16:00 föstudaginn 1. október 2010, á eyðublöðum sem þar fást. Eyðublöðin og úthlutunarreglur er einnig að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is.

Umsóknarfrestur er til 1. október 2010 kl. 16:00.



## Menningarstarf í Kópavogi

Lista- og menningarráð Kópavogs auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna/viðburða á sviði menningar og lista í Kópavogi. Einstaklingar, félagasamtök og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Styrkþegum ber að skila greinargerð um nýtingu styrks eigi síðar en 6 mánuðum eftir úthlutun.

MWO9120
TILBOÐ 9.990.- Verð áður 11.990.-
UNITED
800w örbylgjuofn
MWO9100
TILBOÐ 1.990.- Verð áður 3.990.-
Melissa
Lítil hakkavél
646094
TILBOÐ 1.990.- Verð áður 2.990.-
Melissa
Sléttujárn 635134
TILBOÐ 1.990.- Verð áður 2.990.-
Melissa
Hárblásari 635133
TILBOÐ 8.990.- Verð áður 9.990.-
PHILIPS
Ferðatæki með CD
AZ102F
TILBOÐ 54.990.- Verð áður 69.990.-
UNITED
22" LCD sjónvarp með DVD spilara
22DD91HD
• Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
• 12v og 230v
• Upplausn: 1680x1050
• HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi
TILBOÐ 44.990.- Verð áður 54.990.-
UNITED
19" LCD sjónvarp með DVD spilara
19DD91HD
• Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
• 12v og 230v
• Upplausn: 1440x900
• HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi
TILBOÐ 12.990.- Verð áður 15.990.-
TOSHIBA
DVD með HDMI
SD591
Gildir til 10. september á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð






# Andinn auðgaður alveg ókeypis

Það er hægt að njóta lista og menningar af ýmsu tagi víða á höfuðborgarsvæðinu án þess að draga upp veskið. *Fréttablaðið* bendir hér á nokkur dæmi um menningu sem kostar engan pening að upplifa.

## 1. LISTASÖFNIN

**Verk meistaranna**

Ókeypis aðgangur er á stærstu listasöfnin í Reykjavík. Í Listasafni Íslands er ætíð sýning á verkum íslenskra meistara auk sýninga sem standa yfir í styttri tíma. Þau þrjú söfn sem eru undir hatti Listasafns Reykjavíkur leggja öll áherslu á einn merkan listamann, Kjarval er til sýnis á Kjarvalsstöðum, Erró í Hafnarhúsinu og Ásmundarsafn er helgað verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Þar fyrir utan eru reglulega nýjar sýningar í tveimur fyrrnefndu söfnunum.

## 2. HÖGGMYNDIR

**Garður Einars Jónssonar**

Úti um allan bær eru höggmyndir eftir okkar helstu myndlistarmenn. Á venjulegum degi tökum við hvorki eftir útilegumanninum eftir Einar Jónsson við Hringbrautina né virðum fyrir okkur Ingólf Arnarson á Arnarhóli eftir sama listamann. Höggmyndir er að finna víða um höfuðborgarsvæðið og að sjálfsögðu alveg ókeypis að virða þær fyrir sér. En vakni áhugi á að skoða fleiri en eina er óhætt að mæla með ferð í Höggmyndagarð Einars Jónssonar, sem stendur við Freyjugötu, bak við Listasafn Einars Jónsonar. Garðurinn er alltaf opinn og aðgangurinn ókeypis.

## 3. ÞJÓÐMENNING OG ÞJÓÐMINJAR

**Ókeypis á miðvikudögum**

Miðvikudagar eru menningardagar. Tvö söfn í Reykjavík, Þjóðminjasafnið og Þjóðmenningarhúsið eiga það sammerkt að rukka ekki aðgangseyri á miðvikudögum. Þeir sem áhuga hafa á að kynnast betur grunnstoðum íslenskrar menningar gætu gert margt vitlausara en að heimsækja þessi tvö söfn, skoðað handrit í Þjóðmenningarhúsinu og valda muni með menningarsögulegt gildi í Þjóðminjasafninu, auk annarra sýninga.



## 4. GERÐARSAFN OG HAFNARBORG

**Kópavogur og Hafnarfjörður**

Tvö söfn í nágrannabæjum Reykjavíkur státa af góðum listasöfnum sem ekkert kostar að skoða, Gerðarsafn í Kópavogi og Hafnarborg í Hafnarfirði. Sýningardagskrá er fjölbreytileg á báðum stöðum en einmitt núna stendur yfir í Gerðarsafni samsýning níu ungra listamanna. Í Hafnarborg er hins vegar húmorinn í hávegum hafður á sýningunni að elta fólk og drekka mjólk sem er sýning á verkum listamanna sem notað hafa húmor á einn eða annan hátt.

## 5. KENNILEITI REYKJAVÍKUR

**Þrjár kirkjur í hjarta Reykjavíkur**

Kirkjur eru táknmyndir margra borga og þó ekki sé að finna ævagamla glæsibyggingar hér á landi er göngutúr frá Kristskirkju á Landakotshæð að Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti góð leið til að skoða Reykjavík. Báðar kirkjurnar eru teiknaðar af Guðjóni Samúelssyni, sý fyrri í í nýgotneskum stíl en sú síðari með þjóðlegri blæ, vísunum í stuðlaberg, fjöll og jökla. Til mótvægis við steinsteypuklassíkina er svo hægt að skoða hina danskættuðu Dómkirkju við Austurvöll.

## 6. BORGARSÖFNIN

**Vörugeymsla í nýju hlutverki**

Þó að vissulega kosti að fá bækur lánaðar á Borgarbókasafninu kostar ekkert að vera þar og glugga í hin ýmsu blöð og bækur. Útibúin eru nokkur en aðalsafnið í Tryggvagötu 15 þeirra stærst. Nóg er af skotum til að sitja og lesa og mikið við að vera fyrir börn. Í sama húsi, sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni og hýsti upphaflega vörugeymslur, er svo einnig Borgarskjalasafn Reykjavíkur og Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Það fyrrnefnda er líklegt til að höfða aðallega til grúskara og fræðimanna en það síðarnefnda til allra sem áhuga hafa á ljósmyndum.

## 7. HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Fróðleikur og fagrar listir**

Á veggjum bygginga Háskóla Íslands er víða að finna merk listaverk sem eru í eigu Listasafns Háskólans. Þar fyrir utan er ýmislegt áhugavert og ókeypis í boði fyrir áhugafólk um menningu, fyrirlestrar um margvísleg efni sem eru öllum opnir.

## 8. LAUGARDALUR

**Söguminjar og grös**

Þvottalaugarnar í Laugardalnum sem voru endurgerðar fyrir nokkrum árum eru meðal þess sem má skoða í göngutúr um hinn fallega Laugardal í miðri Reykjavík. Grasagarðurinn er sömuleiðis heimsóknarinnar virði en þar er að finna 5.000 tegundir plantna í níu safndeildum.

## 9. SKUGGAHVERFIÐ

**Arkitektúr og upplifun**

Áhugafólk um menningu getur slegið margar flugur í einu höggi í göngutúr frá Hverfisgötu niður á Skúlagötu. Við Hverfisgötu standa mörg áhugaverð hús frá sjónarhóli reykvískrar byggingarlistar, Þjóðleikhúsið og Þjóðmenningarhúsið svo tvö dæmi séu tekin. Við sömu götu má skoða myndlist í gallerí Kling og Bang. Síðan er tilvalið að ganga um Skuggahverfið neðan Hverfisgötu, skoða nýuppgerð hús við Lindargötu og nýbyggða og turna og hálfköruð háhýsi. Enda svo túrinn á Nýlistasafninu við Skúlagötu.



## 10. HÖNNUN

**Alveg ókeypis að skoða**

Mikil gróska hefur verið í íslenskri hönnun undanfarin ár. Gott úrval nytjahluta er að finna í verslunum Kraum til að mynda í Aðalstræti og þar má rétt eins gera sér ferð til að skoða eins og að kaupa. Epal í Skeifunni býður sömuleiðis upp á fjölbreytt úrval íslenskrar hönnunar. Áhugafólk um tísku getur svo skoðað íslenska fatahönnun í mörgum búðum við Bankastræti, Laugaveg og Skólavörðustíg.




### ■ ÞETTA ER LÍKA ÓKEYPIS

- ➜ Að virða mannlífið fyrir sér
- ➜ Að sitja í skrúðgörðum
- ➜ Að fara í sjósund
- ➜ Að fara í fjöruferð, til dæmis í Gróttu
- ➜ Að fara í Kolaportið

# Nýtt!

## Nicorette® Whitemint

### Dregið getur úr mislitun tanna þegar reykingum er hætt






**Nicorette® Whitemint, mjúkt með mintubragði**

nicorette whitemint nicotin

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.



1 Dagurinn byrjar á stöðufundi með framkvæmdaráði Ljósanætur þar sem farið er yfir lausa enda. Það er stór hópur sem vinnur að undirbúningi svona hátíðar og mikið í húfi að allir tali saman. Með mér við borðið sitja Þórey I. Guðmundsdóttir fjármálastjóri, Guðlaugur H. Sigurjónsson, framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Stefán Bjarkason, framkvæmdastjóri íþrótta- og tómstundasviðs og Björk Þorsteinsdóttir formaður menningarráðs.



2 Hefðbundin setning Ljósanætur fer fram með þeim hætti að öll grunnskólabörn bæjarins og elstu árgangar leikskóla koma í litskrúðugum skrúðgöngum hver frá sínum skóla. Síminn hringir stanslaust og truflar mig einmitt þegar börnin sleppa blöðrunum í lok dagskrárinnar.



3 Verið var að leggja síðustu hönd á ýmsar sýningar sem voru opnaðar á fimmtudag og fimmtudagskvöld. Bjössi rafvirki og Böddi, umsjónarmaður húseigna, sjá til þess að ljósin séu virk í HF húsinu og á fleiri stöðum.

# Frábær dagur, frábær bær!

Fimmtudagurinn var viðburðaríkur hjá **Valgerði Guðmundsdóttur**, framkvæmdastjóra menningarsviðs Reykjanesbæjar. Þá var Ljósanótt sett með pompi og prakt, sem markaði upphafið að glæsilegri menningarhátíð sem stendur yfir alla helgina.

**MYNDBROT ÚR DEGI | Fimmtudagurinn 2. september | Myndir teknar á Canon EOS 20D**



4 Mínir menn í Duushúsum, Bjössi og Ingi, að gera klárt fyrir beina útsendingu Stöðvar tvö um kvöldið. Ég sé að þar er allt í góðum málum og skýst því aftur á skrifstofuna til að svara nokkrum tölvupóstum.



5 Mætt á fyrstu opnunina í Kjarna og á Flughóteli. Þar er fjöldi sýninga í gangi; saga, ljósmyndir, hönnun og málverk. Ég held vel á spöðunum og næ þremur opnunum til kl. 19.00. Formaður menningarráðs, Björk Þorsteinsdóttir, ávarpar gesti.



6 Í Hf húsinu og Svarta pakkhúsinu. Salsasveit í portinu, harmonikkutónlist í HF. Læt mig dreyma um flotta hönnun hjá Magdalenu Sirrý og Geggu. Mikil stemning í bænum. Frábær dagur, frábær bær!


JAFNRÉTTI Á 21. ÖLDINNI

Afmælisráðstefna Jafnréttisstofu 10. september

„Horft um öxl og fram á við"

Jafnréttisstofa á afmæli í september. Af því tilefni verður efnt til afmælisráðstefnu í Ketilhúsinu á Akureyri.

**Dagskrá afmælisráðstefnunnar**

13:15 **Tónlist:** Kristjana Arngrímsdóttir og Kristján Hjartarson

13:25 **Ávarp ráðherra**

13:35 **Horft um öxl og fram á við:** Valgerður Bjarnadóttir, fyrsta framkvæmdastýra Jafnréttisstofu

13:45 **Ýmist „aftur á bak ellegar nokkuð á leið":** Þórhildur Þorleifsdóttir, leikstjóri og formaður Jafnréttisráðs

14:05 **Horft um öxl og fram á við:** Margrét María Sigurðardóttir, önnur framkvæmdastýra Jafnréttisstofu

14:15 **Jafnrétti – er það eitthvað sem við viljum?:** Brynhildur Flóvenz, dósent í lögfræði við Háskóla Íslands

14:35 **Dagbók útlagans – Á karl sem gerist femínisti ekkert föðurland?:** Björn Þorláksson, rithöfundur og bæjarlistamaður Akureyrar

14:55 **Maður skyldi halda að það væri bara sjálfsagt að menn mundu hlýða lögum:** Kynjaður vinnumarkaður og -menning: Gyða Margrét Pétursdóttir kynjafræðingur

15:15 **Kaffi og tónlist**

15:30 **Horft um öxl og fram á við:** Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu

15:40 **Pallborðsumræður:** Þátttakendur verða ráðherra, Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, Þorbjörg Inga Jónsdóttir, varaformaður fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar og fyrrverandi formaður KRFÍ, Katrín Anna Guðmundsdóttir, verkefnisstýra og jafnréttishönnuður, Birkir Jón Jónsson alþingismaður og Hörður Vilberg frá Samtökum atvinnulífsins.

16:30 **Ráðstefnulok**

17.00 – 18.00 **Móttaka í Hofi**, menningarhúsinu á Akureyri

**Ráðstefnustjóri:** Sigmundur Ernir Rúnarsson
**Stjórnandi pallborðsumræðna:** Andrea Hjálmsdóttir

Jafnréttisstofa

**Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis en þátttakendur eru beðnir að skrá sig á:** ***jafnretti@jafnretti.is***

ARGH!

# Valur - Iuventa í beinni á SportTV



Míla er einn helsti styrktaraðili íslenska kvennalandsliðsins í handknattleik. Sunnudaginn, 5. september, býður Míla ásamt SportTV upp á beina útsendingu frá leik Íslandsmeistara Vals í handknattleik kvenna við Iuventa frá Slóvakíu, í fyrstu umferð EHF bikarkeppninnar. Kynntu þér dagskrána framundan á www.sporttv.is

míla
Lífæð samskipta

*Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.*

*www.mila.is*

ENNEMM / SÍA / NM41855

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**STEVE IRWIN** ævintýramaður lést þennan dag árið 2006.

*„Ekki skiptir máli hvar þú ert eða hvert þú ferð í Bandaríkjunum, ef þú kveikir á sjónvarpinu mætir þér ofbeldi.“*

**ÞETTA GERÐIST:** 4. SEPTEMBER 1969

## *Björgvin kosinn poppstjarna ársins*



Á þessum degi árið 1969 var Björgvin Halldórsson, 18 ára, kosinn poppstjarna ársins á popphátíð í Laugardalshöll í Reykjavík.

Björgvin hóf tónlistarferilinn í hljómsveitinni Bendix með vinum sínum í Flensborg. Þaðan fór hann yfir í Flowers þar sem hann tók við af Jónasi R. Jónssyni sem söngvari. Eftir það stofnaði hann hljómsveitina Ævintýri árið 1968 ásamt félögum sínum Sigurjóni Sighvatssyni og Arnari Sigurbjörnssyni.

Hljómsveitin spilaði á popphátíðinni í Laugardalshöllinni 1969 fyrir fimm þúsund manns. Lögin sem þeir spiluðu voru flest rokklög, mörg úr smiðju Rolling Stones og féllu vel í kramið. Á þeirri hátíð var Björgvin kosinn poppstjarna ársins og Ævintýri vinsælasta hljómsveitin.

KVÆÐAMANNAFÉLAGIÐ IÐUNN: AFHJÚPAR MINNISVARÐA UM GUÐMUND BERGÞÓRSSON SKÁLD

# Dugnaðarforkur og gott skáld

Minnisvarði um Guðmund Bergþórsson rímnaskáld (1657-1705) verður afhjúpaður að Stöpum á Vatnsnesi í dag en hann er talinn fæddur á þeim bæ. Athöfnin er hluti af árlegri haustferð Kvæðamannafélagsins Iðunnar, sem er ætíð farin fyrsta laugardaginn í septembermánuði. Af því tilefni mun Þórarinn Eldjárn rithöfundur minnast Guðmundar með nokkrum orðum en hann ritaði sögulega skáldsögu um Guðmund undir titlinum Kyrr kjör. Bókin kom út árið 1983 og er jafnframt fyrsta skáldsaga Þórarins sem kveðst hafa heillast af hæfileikum og dugnaði skáldsins.

„Satt best að segja varð ég fyrst var við Guðmund fyrir hálfgerða tilviljun, þegar ég rakst á bækur um íslenskar rímur á háskólabókasafninu í Stokkhólmi þar sem ég sat löngum við skriftir. Fram að því hafði ég aldrei rekist á hann í íslenska skólakerfinu og fannst stórmerkilegt að uppgötva að þessi maður skyldi ná svona langt þrátt fyrir mikla fötlun, sem lýsti sér í því að hann var frá fjögurra ára aldri lamaður að mestu leyti neðan við háls og mjög krepptur. Engu að síður orti hann fjölda rímna, þar á meðal þær lengstu sem vitað er um, Olgeirs rímur danska, sem Rímnafélagið gaf út í tveimur þykkum bindum árið 1947.“

Þessir andans sigrar urðu kveikjan að ritun fyrrnefndu skáldsögunnar Kyrra kjara, þar sem Þórarinn studdist við fjölda heimilda, meðal annars ýmsa sagnaþætti og þjóðsögur sem til eru um Guðmund. „Til dæmis eru til þjóðsögur sem sýna að Guðmundur var ekki bara gáfaður heldur kænn. Þannig spilaði hann inn á trúgirni manna og nýtti sér þá staðreynd að af honum fóru þær sögur að hann væri kraftaskáld auk þess sem varasamt væri að styggja hann þar sem hann gæti unnið mönnum mein með galdrabrögðum. Á þeim tíma hefur sjálfsagt komið sér vel fyrir fatlaðan einstakling að hafa slíkt orðspor,“ segir Þórarinn og bætir við að hefði Guðmundur verið heilbrigður hefði hann sjálfsagt lent í erfiðisvinnu eins og aðrir alþýðumenn og því hugsanlega aldrei orðið skáld, að minnsta kosti ekki eins afkastamikið og raun ber vitni.

Þau ógrynni rímna sem eftir Guðmund liggja þykja Þórarni tvímælalaust hafa aukið menningarverðmæti þjóðarinnar. „Guðmundur var klárlega okkar albesta og mikilvirkasta rímnaskáld eins og rímurnar eru til vitnis um, en þær sýna að hann var fróður og vel að sér í kveðskaparlistinni, verseraður í kenningum og skáldskaparfræðum. Til frekari marks um gæðin má svo benda á að í mansöngvum rímna Guðmundar bregður fyrir persónulegum tón sem oft er nú ekki til staðar hjá rímnaskáldum.“

Þórarinn bendir á að sjálfsagt sé Guðmundur eins lítt þekktur og raun ber vitni þar sem rímur séu formsins vegna almennt langar og því „ekki við hæfi allra nútímamanna. „Sum kvæða hans eru þó mjög þekkt meðal landsmanna, svo sem Fuglskvæðið sem hefst á línunni Einsetumaður einu sinni, sem oft má heyra flutt meðal annars af Þursaflokknum,“ tekur Þórarinn sem dæmi og getur þess að þannig hafi listamenn í seinni tíð haldið nafni Guðmundar á lofti. Minnisvarðinn um Guðmund er reistur af þremur kvæðamannafélögum, Gefjunni á Akureyri, Iðunni í Reykjavík og Vatnsnesingi á Vatnsnesi og með honum er minnst þeirra alþýðuskálda sem með rímnakveðskap sínum studdu drjúgt að áhuga almennings á skáldskap og fróðleik. Páll Guðmundsson á Húsafelli hjó í steininn, sem tekinn er úr fjörunni fyrir neðan Stapa. Þjóðhátíðarsjóður, Menningarráð Norðurlands vestra og Öryrkjabandalag Íslands styrkja verkið. Lagt verður af stað í ferðina frá BSÍ klukkan 8 í dag og er áætlað að koma að Stöpum um klukkan 17 eftir hringferð um Vatnsnesið. **roald@frettabladid.is**




**MIKILVIRKT RÍMNASKÁLD** Þórarinn Eldjárn með söguna Kyrr kjör sem hann skrifaði um alþýðuskáldið Guðmund Bergþórsson. Minnisvarði um Guðmund verður afhjúpaður að Stöpum á Vatnsnesi í dag og af því tilefni ætlar Þórarinn að minnast skáldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



†

*Bróðir okkar*

**Jónas Þórhallsson**

bóndi Stóra Hamri Eyjafjarðarsveit,

verður jarðsunginn frá Munkaþverárkirkju þriðjudaginn 7. september kl. 14.00.

**Fyrir hönd vandamanna,**
**systkinin.**

---

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,*

**Sigríðar Jónu Kristinsdóttur**

Kirkjuvegi 59, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja fyrir góða umönnun.

**Kristinn Agnar Hermansen** — **Guðfinna Edda Eggertsdóttir**
**Jóhanna Hermansen** — **Ágúst Birgisson**
**Gísli Kristinsson**
**Guðni Agnar Kristinsson** — **Sólveig Lára Sigurðardóttir**
**Jóna Guðrún Kristinsdóttir**
**Elva Björk Ágústsdóttir** — **Ágúst Ingi Arason**
**Ari Birgir Ágústsson**
**Guðni Agnar Ágústsson**
**Sigríður Margrét Ágústsdóttir**
**Brynjar Ingi Ágústsson**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Gunnlaugur Jóhannesson**

Grænlandsleið 37,

lést 1. september.
Jarðsungið verður frá Guðríðarkirkju miðvikudaginn 8. september kl. 13.00.

**Sigríður Ólafsdóttir**
**Hanna K. Daníelsdóttir** — **Valur Gunnarsson**
**Gunnar Gunnlaugsson** — **Styrgerður H. Jóhannesdóttir**
**Ólafur Á. Gunnlaugsson** — **Benedikta Theodórs**
**Arnbjörg Gunnlaugsdóttir**
**Reynir Gunnlaugsson** — **Kristín G. Guðbrandsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---





**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


---


GRAND
erfidrykkjur

Hlýlegt og gott viðmót
á Grand hótel.

Fjölbreyttar veitingar
lagaðar á staðnum.

Næg bílastæði
og gott aðgengi.



Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Rvk.
Sími: 514 8000
www.grand.is
erfidrykkjur@grand.is

*Verið velkomin á Grand hótel*

Grand HÓTEL REYKJAVÍK


---



†

*Elskulegur frændi minn, bróðursonur, systursonur og mágur,*

**Gylfi Þröstur Friðriksson**

frá Ísafirði, Skúlagötu 76, Reykjavík,

er látinn. Útför hans fer fram frá Neskirkju við Hagatorg fimmtudaginn 9. september kl. 15.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Örn Bárður Jónsson**
**Salóme Guðmundsdóttir**
**Magnúsína Ólafsdóttir**
**Eiríkur Þóroddsson**

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, tengdasonar og afa,*

**Ævars Heiðars Jónssonar**

múrarameistara, Lönguhlíð 14, Akureyri.

**Helga Jóhannsdóttir**
**Jóhann Valur Ævarsson** — **Jóna Ragúels Gunnarsdóttir**
**Halla Sif Ævarsdóttir** — **Sverrir Guðmundsson**
**Valrós Árnadóttir**
**Helga, Atli Fannar, Elva Hrund, Arnar, Sindri og Sölvi.**



**LISTAMAÐUR** Teddi heldur sína tíundu einkasýningu í Perlunni.

# Teddi í Perlunni

Listamaðurinn Teddi heldur sína tíundu einkasýningu í Perlunni um þessar mundir en hún stendur fram á sunnudag.

Þar sýnir hann verk sem hann hefur unnið einkum í krossvið, tekk og mahóní en einnig kopar. Teddi hefur valið tré sem sinn efnivið, lífsins tré úr öllum áttum sem hafa sögu, en einnig ólíka áferð, lit og lögun, allt frá rekaviði, sem fáir sjá notagildi í, til úrvals harðviðar. Viðurinn kemur frá öllum heimshornum og flytur okkur skilaboð þaðan.

Teddi er listamannsnafn Magnúsar Th. Magnússonar sem er einn af þekktari myndlistarmönnum landsins. Verk hans er að finna á mörgum heimilum, stofnunum og myndlistarsöfnum hér heima og erlendis.

Sýning Tedda í Perlunni er opin á opnunartíma Perlunnar frá klukkan 10 til 21 og er aðgangur ókeypis.

# Helgi skoðar heiminn í háloftunum

Barnabókin Helgi skoðar heiminn, með teikningum Halldórs Péturssonar og texta Njarðar P. Njarðvík, kom fyrst út árið 1976. Helgi skoðar heiminn hafði mikil áhrif á gerð myndabóka fyrir börn hérlendis og er sagan ekki síður elskuð af börnum og foreldrum í dag en þegar hún kom út. Icelandair hefur látið útbúa sérstakt barnaefni með myndum úr sögunni Helgi skoðar heiminnn en um er að ræða sérstakt barnabox utan um mat og drykk fyrir börn í flugi, myndum sem hægt er að lita og texta á íslensku og ensku. Einnig fylgja með sérprentuð póstkort sem krakkar geta sent úr flugvélinni til sinna nánustu. Þessa dagana er verið að endurútgefa bókina á íslensku og ensku og verður hún til sölu í vélum Icelandair. - jma



**SÍVINSÆL BARNABÓK** Helgi skoðar heiminn hefur notið vinsælda um langt skeið.

# Menningarminjadagur haldinn

Menningarminjadagur Evrópu verður haldinn hátíðlegur hér á landi á morgun. Þema dagsins að þessu sinni er sjávar- og strandminjar og má finna fjölbreytta dagskrá víðs vegar um landið.

Á Suðurlandi má til dæmis finna dagskrá í Reynisfjöru þar sem Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands, mun leiða gesti um fjöruna og Bæjarhelli. Á Reykjanesi verða starfsmenn Fornleifaverndar, þeir Kristinn Magnússon og Gunnar Bollason, með leiðsögn um hinar fornu verbúðir á Selatöngum og minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson, heldur fyrirlestur í Ráðhúsinu í Stykkishólmi um neðansjávarfornleifafræði og strandminjar. Á Vestfjörðum verður svo Dr. Ragnar Edvardsson, minjavörður Vestfjarða, með kynningu á Strákatanga við Hveravík í Steingrímsfirði. Þór Hjaltalín, minjavörður Norðurlands vestra, kynnir gamla verslunarstaðinn Grafarós, sunnan við Hofsós og Sigurður Bergsteinsson, minjavörður Norðurlands eystra, mun leiða gesti um hinn forna verslunarstað Gásir við Eyjafjörð.

Tilgangur menningarminjadagsins er að vekja athygli almennings á gildi menningararfsins og skapa vettvang til þess að almenningur geti kynnst sögulegu umhverfi sínu.

Dagskrá menningarminjadagsins má finna í heild á heimasíðu Fornleifaverndar ríkisins www.fornleifavernd.is. - jbá



**SUÐURLAND** Farið verður yfir sögu útræðis frá Reynisfjöru og Bæjarhellir skoðaður.

---



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Sigurlaug Ísabella Árnadóttir**

Bleiksárhlíð 17, Eskifirði,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 24. ágúst síðastliðinn. Minningarathöfn fer fram frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 4. september kl. 14.00.

**Vilhjálmur Árni Ragnarsson**
**og Kristrún Lilja Ragnarsdóttir.**

---



†

*Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Ingvarsson,**

fyrrverandi yfirborgardómari og lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, lést 28. ágúst að Hrafnistu í Hafnarfirði. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 7. september kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**Þorsteinn Björnsson** **Anna Heiðdal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilega þökkum við auðsýnda samúð vegna andláts og jarðarfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Ólafsdóttur**

á Kirkjubæjarklaustri.

**Lárus Valdimarsson** **Sólrún Ólafsdóttir**
**Einar Ólafur Valdimarsson** **Jóhanna Sigurðardóttir**
**Elín Anna Valdimarsdóttir**
**Haukur Valdimarsson** **Hrefna Sigurðardóttir**
**Trausti Valdimarsson** **Gréta Fr. Guttormsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær sambýlismaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Björn Guðmundsson**

frá Ólafsfirði,

lést þann 31. ágúst. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 10. september kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Rannveig Axfjörð**
**Margrét Björnsdóttir** **Guðmundur Björnsson**
**Birnir Freyr Björnsson** **Elísa Björnsdóttir**
**Brynhildur Einarsdóttir**
**Konráð Antonsson.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu, móður, ömmu og systur,*

**Vilborgar Jónsdóttur**

Þrastarlundi 4, Garðabæ.

**Ágúst Ingólfsson**
**Agnar Jón Ágústsson**
**Ari Daníel Agnarsson**
**og systkini hinnar látnu.**

---



†

*Faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Sigurjónsson**

Hvammi, Vestur-Eyjafjöllum,

lést á Lundi, Hellu miðvikudaginn 1. september.

**Börn, tengdabörn og barnabörn.**

---



†

*Elsku eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Halldór Bergsteinsson**

leigubílstjóri, Engjaseli 11, Reykjavík,

lést á heimili sínu að morgni sunnudagsins 29. ágúst. Útförin fer fram frá Kristskirkju Landakoti mánudaginn 6. september kl. 13.00.

**Ófelía B. Bergsteinsdóttir**
**Rúnar G. Halldórsson** **Marcy C. Estioco**
**Guðrún Ásta Halldórsdóttir**
**Bjarni Á. Halldórsson** **Sigurbjörg Dís Konráðsdóttir**
**John Joe Halldórsson** **Lea Balana**
**Kristófer Fermin Halldórsson**
**Kristinn Guðberg Halldórsson**
**afadætur.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Angantýs Vilhjálmssonar**

bakarameistara, Lómasölum 6.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Droplaugarstaða og heimahjúkrunar í Kópavogi fyrir umhyggju og hlýju.

**Guðrún Ása P. Björnsdóttir**
**Kristín Birna Angantýsdóttir** **Kristleifur Gauti Torfason**
**Arngrímur V. Angantýsson** **María Jóhannsdóttir**
**Björn Páll Angantýsson** **Elísabet Anna Hjartardóttir**
**Aðalbjörg Ósk Angantýsdóttir**
**Björk Berglind Angantýsdóttir** **Kristján Karlsson**
**Gunnar Örn Angantýsson**
**Jón Örn Angantýsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýnt hafa okkur einstakan hlýhug og stuðning vegna andláts og útfarar okkar elskulega eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Viðars Benediktssonar**

skipstjóra, Vesturbergi 117, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til Karítas hjúkrunarþjónustu, starfsfólks líknardeildar LSH í Kópavogi og allra þeirra sem önnuðust hann af alúð í veikindum hans.

**Brynja Guðbjörg Valgeirsdóttir**
**Berglind Viðarsdóttir** **Björn Þórir Sigurðsson**
**Kristjana Viðarsdóttir** **Daníel Traustason**
**Benedikt Viðarsson** **Hólmfríður Sylvía Traustadóttir**
**og afabörn.**

**Kreppan er farin.**
**Brimborg frumsýnir**
**Ford Fiesta.**
**Komdu í dag.**



# nýttu

Kreppan er farin

Sóknin er hafin

## 2 nýjar gjafir frá Ford

Kíktu á tvær nýjar gjafir frá Ford. Kauptu eina í dag. Nýtt verð! Komdu á stórfrumsýningar Ford og fáðu kaffi og kleinur. Ford Fiesta, Ford Kuga og aðrir nýir bílar frá Ford, Ford Ka, Ford Focus og Ford Mondeo verða einnig til sýnis í Ford salnum Bíldshöfða 6 á milli kl. 12 og 16. Komdu.

brimborg



# 2 frumsýningar hjá Brimborg í dag

## Komdu í kaffi og kleinur

### 2% sérpöntunarafsláttur

Sérpantaðu nýjan bíl og fáðu 2% afslátt.
Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford.

### þjónustutilboð 30-50%

**Nýttu þér frábær þjónustutilboð í tilefni uppsveiflunnar**

Rúðuvökvi 2,5L **50% afsláttur**. Verð nú 298 kr.
SONAX hreinsivörupakki **30% afsláttur**. Verð nú 2.793 kr.
Þurrkublaðasett **30% afsláttur**. Verðdæmi: 3.811 kr. fyrir Fiesta.
Aðalljósapera **30% afsláttur**. Verðdæmi: 779 kr. fyrir H7 peru.
Spyrðu um þjónusturáðgjafann á staðnum.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ford.is

## Skoðaðu einnig Ka, Focus, Mondeo á uppsveifluverði

# Nýtt verð - uppsveifluverð!



| Ford Ka Trend Plus | Ford Fiesta Trend | Ford Focus Trend Collection | Ford Mondeo Trend | Ford Kuga Trend AWD |
|---|---|---|---|---|
| 1,2i bensín 69hö 102Nm | 1,25i bensín 60hö 109Nm | 1,6i bensín 100hö 150Nm | 2,0i bensín 145hö 185Nm | 2,0TDCi dísil 140hö 340Nm |
| 3 dyra 5 gíra beinskiptur | 5 dyra 5 gíra beinskiptur | 5 dyra 5 gíra beinskiptur | 5 dyra 5 gíra beinskiptur | 5 dyra sjálfskiptur |
| Uppsveifluverð: | Uppsveifluverð: | Uppsveifluverð: | Uppsveifluverð: | Uppsveifluverð: |
| 1.980.000 kr. | 2.390.000 kr. | 3.390.000 kr. | 3.950.000 kr. | 5.990.000 kr. |

Ford

Kreppan er farin
Sóknin er hafin

# Upphaf!



**Sóknin er hafin.**
**Brimborg frumsýnir**
**Ford Kuga AWD.**
**Komdu í dag.**

# Opið: 12-16 í dag

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

*Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni*

## Ferjuvað 7, Norðlingaholti í Reykjavík

**Til sölu búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er rúmlega 90m2 að stærð auk stæðis í bílakjallara.**

Íbúðin er á jarðhæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi með lyftu. Yfirbyggt garðrými. Ásett verð 5,6 millj. og mánaðargjöld eru um 130.000.-. Í mánaðargjaldinu er allt innifalið nema rafmagn samkvæmt mæli.



Sjá nánar myndir með skýringum á vefslóð
**http://www.flickr.com/photos/ferjuvad7**
Nánari upplýsingar veitir Ágúst Þór Gestsson,
GSM **820 9456**

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955

TIL SÖLU EINSTÖK EIGN VIÐ EYJAFJÖRÐ.



**Til sölu glæsilegt tvílyft einbýlishús á einstökum stað við Eyjafjörð.**
**Einungis 10 min.**
**Fjarlægð frá Akureyri.**

Húsið er samtals 167 fm. að stærð og er einkar vandað í alla staði.
Lóð er eignar lóð og samtals 3,3 ha. að stærð og nær niður að sjó.
**Útsýni er stórfenglegt.**
**Sjón er sögu ríkari.**
**Tilbð óskast**

## Við Elliðavatn í Norðlingaholti



**GLÆSILEG OG FRÁBÆRLEGA STAÐSETT 250 FM PARHÚS Á EINSTÖKUM ÚTSÝNISSTAÐ VIÐ ELLIÐAVATN Í NORÐLINGAHOLTI.**

Húsin verða afhent fullbúin að utan og fokheld að innan með gróf jafnaðri lóð. Gert er ráð fyrir 4 svefnherbergjum. Möguleiki er að fá húsin lengra komin.
**Verð 42 millj.**

HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. Ásmundur Skeggjason lögg. fast.




# Skriftir lútherskra

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Í umfjöllun undanfarinna daga um trúnaðarskyldu presta hefur sá misskilningur komið fram í ræðu og riti að lútherskir menn skrifti ekki. Þetta byggir á því að Lúther leit ekki á skriftir sem sakramenti. Það þýðir þó ekki að hann hafi afnumið þær. Lúther var reyndar ákaflega hlynntur skriftum. Í riti sínu um Babýlónarherleiðingu kirkjunnar byrjar hann á að flokka þær með sakramentum, en talar sig síðan frá því þar sem hið ytra tákn skorti. Lúther viðurkenndi því aðeins tvö sakramenti, skírn og kvöldmáltíð. Þar eru hin ytri tákn til staðar, annars vegar vatnið og hins vegar vínið og brauðið.

**LÚTHERSKAR** kirkjur hafa aftur á móti svipt tjaldi tortryggninnar frá skriftunum, þær fara fram án leyndar í trúnaðarsamtali skjólstæðings og sálusorgara. Presturinn mætir skriftabarninu augliti til auglitis sem jafningja, en er ekki settur í þá stöðu að geta ekki horft í augun á því og í kjölfarið að vita ekki einu sinni við hvern hann talar ef það játar á sig glæpi, sem presti ber samkvæmt landslögum að tilkynna, því annað jafngildi yfirhylmingu eða jafnvel meðsekt. Sömuleiðis þykkja lútherskir menn ekki bænamál og kirkjurækni sem yfirbótaverk. Guðsþjónusta er ekki verk sem menn vinna sér og öðrum til réttlætingar heldur lofgjörð og þakkargjörð fyrir náð Guðs. Yfirbótaverk felast í því að bæta fyrir brot sín, ekki því að þylja einhverjar romsur í einrúmi.

**Í ÞESSARI** umræðu orðaði einhver það svo að prestar væru „eins konar sálfræðingar“. Að mínu mati væri nær að líkja presti við sjóntækjafræðing. Fyrir nokkru stóð styr um það hvort sjóntækjafræðingar mættu stunda sjónmælingar á fólki. Niðurstaðan var sú að það var leyft. Staðreyndin er nefnilega sú að sá sem þarf gleraugu þarf ekki alltaf á augnlækni að halda. Tímar hjá augnlæknum eru rándýrir og löng bið eftir þeim. Aftur á móti ríður á að sjóntækjafræðingurinn geri sér grein fyrir takmörkum sínum og vísi þeim, sem hann getur ekki hjálpað, á viðeigandi sérfræðing.

**EINS** þurfa þeir, sem líður illa, ekki alltaf á sálfræðingi að halda. Tímar hjá sálfræðingum eru rándýrir og löng bið eftir þeim. Aftur á móti er presturinn ókeypis og ávallt til þjónustu reiðubúinn. En þá ríður líka á að presturinn geri sér grein fyrir takmörkum sínum og vísi þeim, sem hann hefur ekki þekkingu til að veita viðeigandi þjónustu, á sérfræðing.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



MIÐLUNARSPILARAR • MÚSAMOTTUR • AUKAHLUTIR • FARTÖLVUTÖSKUR • MINNISKORT • VEFMYNDAV
SKRIFARAR • VINNSLUMINNI • ÓTRÚLEGUR AFSL. • HLJÓÐKORT • HÝSINGAR • TÖLVULEIKIR • TAKMA
SPILARAR • PRENTARAR • SKJÁKORT • LYKLABO • FLAKI • KAPLAR • GEISLADISKAR • VIFTUR • HARÐIR

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR



Logitech

**FARTÖLVUMÚS**

Logitech V100

Optical fartölvumús með USB. Fyrir Windows og Mac.

**2.990**

FULLT VERÐ KR. 3.990



Logitech

**LYKLABORÐ**

Logitech UltraX Premium

OEM lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum.

**2.990**

FULLT VERÐ KR. 4.990




720P
HDMI
CARD

**UNITED MEDIASPILARI**

United HD MMP 9530

3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

**10.990**

FULLT VERÐ KR. 14.990

**FARTÖLVA**




Toshiba Satellite PRO S300L-10E

2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WideScreen WXGA skjár • Intel Graphics MA 4500MHD skjákort • Windows Vista Business ásamt XP Pro möguleika

**79.990**

FULLT VERÐ KR. 119.990

**FARTÖLVA**




Samsung R730-JS04SE

2.2GHz Intel Pentium Dual-Core T4400 - Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 500GB SATA harðdiskur • DVD og CD skrifari • 17.3" WXGA LED skjár • Intel Graphics MA 4500 skjákort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium

**129.990**

FULLT VERÐ KR. 159.990

NOKKUR DÆMI UM GÓÐ TÆKIFÆRI

**Vírusvarnir frá 2.990 krónum**
**Allt prentarablek með 10% afslætti**
**Allur prentpappír með 15% afslætti**
**Mýs og lyklaborð á frábæru verði**

**Allt að 40% afsláttur af heyrnartólum**
**Þráðlaus netbúnaður frá 2.490 krónum**
**Tölvuíhlutir á fáránlegu verði, skjákort, harðdiskar ofl.**
**Síðustu eintök af fjölda fartölva á algjöru rýmingarverði**
**....og margt, margt fleira – sjón er sögu ríkari**

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

**Kl. 17 á morgun**
*Einn fremsti blandaði kór Bæjaralands, Heinrich Schütz Ensemble, heldur tónleika í Hallgrímskirkju á morgun klukkan 17.*
*Kórinn hefur hlotið mikið lof og ýmis verðlaun, til dæmis aðalverðlaun alþjóðlegu kórahátíðarinnar í Cork á Írlandi í maí síðastliðnum. Tónleikarnir marka upphaf vetrarstarfs Listvinafélags Hallgrímskirkju. Miðaverð er 2.500 krónur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sigfúsar minnst í Salnum

Bergþór Pálsson og Diddú syngja lög Sigfúsar Halldórssonar tónskálds við undirleik Jónasar Ingimundarsonar í Salnum í Kópavogi í dag og á þriðjudag. Sigfús hefði orðið níræður 7. september næstkomandi.

Á tónleikunum verður flett fram og aftur í nótnasafni tónskáldsins og fjöldi laga hans fluttur.

Í tilefni afmælisins hefur einnig verið ráðist í heildarútgáfu á tónverkum Sigfúsar á nótum en þær hafa verið ófáanlegar um árabil. Fyrsti hluti útgáfunnar, um 100 einsöngslög í tveimur heftum, kemur út á afmælisdag Sigfúsar en fyrirhugað er að sérstök innbundin viðhafnarútgáfa komi út í 750 tölusettum eintökum í október.

Auk nóta með einsöngslögum mun æviágrip Sigfúsar prýða viðhafnarútgáfuna ásamt tveimur geisladiskum. Á fyrri disknum eru upptökur með söng Sigfúsar en á þeim seinni syngja auk Sigfúsar ýmsir listamenn lögin hans sem eiga fastan sess í hjörtum flestra Íslendinga.



**> Ekki missa af …**

Jón Laxdal Halldórsson opnar sýninguna Viðbrögð í Gerðubergi klukkan 14 í dag. Á sýningunni gefur að líta myndaröð sem unnin er úr gömlum vikublöðum – Fálkanum. Listamaðurinn raðar saman formum, textum og myndum í heillandi myndverk, eins konar klippimyndir.


**Styrkur Tónlistarsjóðs Rótarý**

Tónlistarsjóður Rótarý á Íslandi auglýsir eftir styrkumsóknum. Sjóðurinn veitir ungu tónlistarfólki sem skarað hefur fram úr á einhverju sviði tónlistar viðurkenningu í formi fjárstyrks til frekara náms. Styrkurinn að upphæð kr. 750.000 verður veittur í janúar 2011.

**Umsóknarfrestur er til 1. október næstkomandi.**

**Umsóknum skal skilað til skrifstofu Rótarýumdæmisins, Suðurlandsbraut 54, 108Reykjavík. Netfang: rotary@simnet.is.**

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2010



Laugardagur 4. september kl. 14
**Viðbrögð – Verið velkomin á opnunina.**
**Jón Laxdal Halldórsson** sýnir myndaröð úr gömlum vikublöðum. Við opnun flytur Guðbrandur Siglaugsson frumort kvæði.



**Hugarflug – Aðalbjörg Þórðardóttir / Abba** sýnir olíumálverk. Svanir sem sagnaminni, náttúrufyrirbrigði og táknmyndir sálarinnar.



**Ísland í ramma – Gísli Hjálmar Svendsen** sýnir ljósmyndir í kaffihúsi.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16

Gerðubergi 3-5 • 111 Reykjavík • Sími 575 7700
gerduberg@reykjavik.is • www.gerduberg.is

512 54 01 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...


# Augljóslega kominn tími fyrir nýja bókmenntasögu

**Öldin öfgafulla – bókmenntasaga tuttugustu aldarinnar heitir ný bók eftir Dagnýju Kristjánsdóttur prófessor. Tuttugasta öldin var tímabil mikilla öfga, umbrota og átaka sem bókmenntir tímabilsins endurspegla og túlka.**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR** Segir öll tímabil bókmenntasögu 20. aldar hafa sinn sjarma en heldur mest upp á eftirstríðsárin, þegar Ísland opnaðist fyrir umheiminum.

Öldin öfgafulla er ætluð framhaldsskólanemum en nýtist líka þeim sem hafa áhuga á bókmenntum. Það var bókaútgáfan Bjartur sem leitaði til þeirra hjóna, Dagnýjar og Kristján Jóhanns Jónssonar, um að rita bókmenntasögu 19. og 20. aldar. „Þetta er eins konar pakki, þar sem Kristján skrifar um 19. öldina en ég þá 20. en við ritstýrum bókum hvor annars,“ segir Dagný. „Það kom í minn hlut að byrja ballið.“

**Löngu tímabært rit**

Dagný segir það hafa verið löngu tímabært að rita nýja kennslubók um bókmenntasögu 20. aldar; bók Heimis Pálssonar, Straumar og stefnur, kom út á áttunda áratugnum og réði markaðnum í áratugi.

„Síðastliðin 30 ár eða svo gerðist lítið í bókmenntasöguritun fyrir framhaldsskóla en síðustu þrjú árin hafa komið tvær nýjar bækur, Öldin öfgafulla er sú síðari. Það var augljóslega kominn tími til að rita bókmenntasögu 20. aldar á ný.“

**Að velja og hafna**

Þegar yfirlitsrit um bókmenntir koma út snýst umræðan gjarnan um hvað er ekki í þeim, frekar en það sem þar er að finna. Hvernig skal ákveða hvað mætir afgangi?

„Þetta er erfiðasta spurning í heimi,“ segir Dagný. „Það segir sig sjálft að mun meiru er sleppt en tekið er með. Og það eru ekki bara þeir óverðugu sem komast ekki að, heldur líka margir verðugir og þannig séð er þetta ómögulegt val.

Allar bókmenntasögur eru skammaðar mest fyrir það sem er ekki í þeim og spurt hvers vegna þetta og hitt sé þar ekki en þá má kannski snúa spurningunni við og spyrja: Er eitthvað í bókinni sem verðskuldar ekki að vera þar? Hefði eitthvað átt að fara út svo annað kæmist inn?“

Bókmenntasöguritun er að mati Dagnýjar list málamiðlana og það hafði hún í huga við ritun bókarinnar.

„Ég reyndi að velja bókmenntir sem eru athyglisverðastar á hverju tímabili, nýjar og gamlar, og sýna samhengið sem þær spretta úr; umræðuna um bókmenntir og listir og það sem er að gerast á öðrum sviðum menningarinnar svo að úr verður dálítið bland í poka. Myndvinnslan á bókinni skiptir líka feykilegu máli og í hana var lögð mikil vinna og metnaður af Olgu Holowniu og Önnu Cynthiu Leplar.“

**Eftirstríðsárin í uppáhaldi**

Titill bókarinnar skírskotar til bókar breska sagnfræðingsins Eric Hobsbawm, Öld öfganna, sem fjallar um 20. öldina. Dagný segir öldinni ekki verða lýst betur en þetta.

„Við förum úr einum öfgunum í aðra, eins og má sjá á forsíðu bókarinnar; Síldarplan á Siglufirði og Höfðatorg – tvö ólík dæmi um gullæði sem greip sig. Og bókmenntirnar túlka bæði risið og fallið.“

Bókinni er skipt upp í ellefu kafla eftir áratugum og í lok hvers kafla er æviferill helstu höfunda rakinn. Sjálf heldur Dagný mikið upp á eftirstríðsárin. „Það var svo margt að gerast og tímabilið svo mikil deigla; stefnumót austurs og vesturs, hámenningar og fjöldamenningar. Ísland var að opnast fyrir umheiminum og nútíminn, módernisminn, að koma inn. Þetta var mikill ólgu- og átakatími og afskaplega frjótt tímabil en hvert tímabil hefur auðvitað líka sinn sjarma.“

bergsteinn@frettabladid.is


Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

**Listmunauppboð í Galleríi Fold**

fer fram mánudaginn og þriðjudaginn
6. og 7. september, kl. 18 báða dagana
í Galleríi Fold, við Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka,
meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna



Tolli

Verkin verða sýnd:
í dag laugard. 11–17, sunnud. 12–17, mánud. 10–17 (öll verk)
þriðjud. kl. 10–17 (verkin sem ekki eru boðin upp á mánudag)

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is



Síðasta sýningarhelgi

**Hjalti Parelius**

Listamannaspjall
í dag 14–16

Allir velkomnir

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

SONY




# Blu-Ray Háskerputilboð!

**Með 40" Sony HX700 200Hz hágæða LCD sjónvarpi fylgir Blu-Ray háskerpuspilari og 20 Blu-Ray myndir í kaupbæti!**

**KDL40HX700 - fyrir hönnun og gæði**

BRAVIA Internet Video
Deep black panel
MotionFlow 200hz
"Monolithic" hönnun
1920 x 1080 Full HD
4 x HDMI tengi
VGA tengi
USB Media Player
Picture Frame Mode
XrossMediaBar
Bravia Engine 3
DLNA Ethernet




BDP-S373 og 20 Blu-ray myndir
- áætlað verðmæti 100.000,-

**Tilboðsverð 349.900,-**

## Sony Center

Kringlunni • Reykjavík • S: 5887669 • SonyCenter.is

# Oksanen til Íslands


SOFI OKSANEN

Sofi Oksanen, handhafi Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs í ár, veitir verðlaununum viðtöku á Íslandi í byrjun nóvember.

Oksanen er finnsk-eistnesk og hlýtur verðlaunin fyrir skáldsögu sína Hreinsun. Bókin sló í gegn í heimalandinu þegar hún kom út árið 2007 og hefur hlotið ýmis verðlaun auk verðlauna Norðurlandaráðs. Hún var til dæmis fyrsta bókin til að hljóta bæði „stóru“ bókmenntaverðlaunin í Finnlandi, Finnsku bókmenntaverðlaunin og Runeberg-verðlaunin, og á dögunum hlaut hún frönsku FNAC-verðlaunin.

Hreinsun gerist í Eistlandi á tveimur tímaskeiðum, um 1940 og 1990, og segir sögu tveggja kvenna af ólíkum kynslóðum. Báðar hafa þurft að búa við mikið ofbeldi og óblítt hlutskipti.

Oksanen varði æskusumrum sínum í Eistlandi og kynntist þar „þeirri hlið landsins sem Vesturlandabúar fá ekki að sjá,“ eins og hún komst að orði í blaðaviðtali. Þeirri hlið vildi hún lýsa í bókinni.

Oksanen er leikhúsfræðingur að mennt og var Hreinsun upphaflega skrifuð sem leikrit. Þjóðleikhúsið hefur tryggt sér sýningarréttinn á leikritinu en bókin kemur út í íslenskri þýðingu Sigurðar Karlssonar í haust.

# Vökvar dönsku ræturnar

***Þetta er lífið ... og om lidt er kaffen klar*, nefnist sýning dönsku leikkonunnar Charlotte Bøving, sem frumsýnd verður í Iðnó í kvöld. Charlotte segir sögur, pælir í tilverunni og syngur dönsk sönglög.**


**CHARLOTTE OG PÁLMI** Leikkonan segir sögur og syngur en Pálmi Sigurhjartarson leikur undir.

„Ég kalla þessa sýningu óð til lífsins,“ segir Charlotte. „Þetta eru mínar eigin hugleiðingar um lífið og tilveruna, auk persónulegra frásagna, sem ég brýt upp með því að syngja nokkur lög á dönsku.“

Charlotte segir að með sýningunni vilji hún bæði vökva dönsku ræturnar og kynna íslenska áhorfendur fyrir lögum og ljóðum danskra skálda á borð við Benny Andersen, Piet Hein, Tove Ditlevsen og Halfdan Rasmussen.

„Þessi lög hafa fylgt mér lengi,“ segir hún. „Ég var 32 ára þegar ég kom fyrst til Íslands, fullorðin kona, og átti að baki langan feril í dönsku leikhúsi. Ég lærði hins vegar íslensku, hef leikstýrt á íslensku og meira að segja unnið Grímuverðlaun fyrir að leika á íslensku. Mér finnst ég hafa gefið svo mikið af mér á íslensku og kominn tími til að leiða hugann að því sem ég kom með með mér.“

Charlotte segist spennt fyrir formi sýningarinnar. „Það hentar mér vel að vera ég sjálf á sviðinu og í beinu sambandi við áhorfendur. Þótt sögurnar séu persónulegar, set ég þær í stærra samhengi sem áhorfendur geti vonandi speglað sig í.“

Pálmi Sigurhjartarson leikur undir á píanó. Sýningunni fylgir ljóðaskrá, svo hægt sé að fylgjast með á meðan ljóðin eru sungin.

**bergsteinn@frettabladid.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 05. september 2010**

### ➜ Tónleikar

**15.00** Í Strandarkirkju í Selvogi verða **Björg Þórhallsdóttir** og **Elísabet Waage** hörpuleikari með tónleika og flytja íslensk þjóðlög, þekktar sönglagaperlur og bænir. Aðgangur ókeypis á meðan húsrúm leyfir.

**20.00** Haust-tónleikaröð að **Merkigili** á **Eyrarbakka** hefst í kvöld kl. 20.00. Fram koma Uni og Jón Tryggva, Svavar Knútur, Myrra Rós og Jona Byron. Frítt inn.

### ➜ Fræðsla

**13.00** Hver var þessi Kolgrímur? er yfirskrift fræðslugöngu sem farin verður í dag kl. 13, frá **Úthlíð** að Kolgrímshóli sem liggur inni í miðju Úthlíðarhrauni. Ráðgert er að gangan taki 30-40 mínútur hvora leið. Verð 1500 kr. með kaffi í **Réttinni** að lokinni göngu.

### ➜ Síðustu forvöð

**12.00** Í dag lýkur sýningu Þrándar Þórarinssonar, **Duttlungar**, að Laugavegi 26. Opið frá 12-18.

**15.00** Í dag lýkur sýningu Hönnunarsafns Íslands, Garðatorgi 1 í Garðabæ, **Úr hafi til hönnunar**. Kl. 15.00 verður Harpa Þórdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, með leiðsögn um sýninguna. Allir velkomnir.

### ➜ Félagsstarf

**11.00** Styrktarfélagið **Göngum saman** stendur fyrir árlegri fjáröflunargöngu í dag frá kl. 11.00. Nánari upplýsingar má finna á www.gongumsaman.is

### ➜ Upplestur

**20.00** Ljóðskáldin **Sigurður Pálsson**, **Vilborg Dagbjartsdóttir**, Þórarinn Eldjárn, Anton Helgi Jónsson og **Bergur Ebbi Benediktsson** lesa úr verkum sínum í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi í kvöld. Upplestur hefst kl. 20.00.

### ➜ Dansleikir

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður að Stangarhyl 4, í kvöld frá kl. 20.00- 23.00. **Danshljómsveitin Klassík** leikur danslög við allra hæfi.

### ➜ Leiðsögn

**14.00** Innsetning **Ráðhildar Ingadóttur**, Svefnljós, stendur yfir í dag í Kúlunni í Ásmundarsafni. Kl. 14.00 mun Ráðhildur ræða verk sitt. Aðgangur er ókeypis.




www.RAWiceland.com | Opið í dag frá 11 - 17 | Laugavegi 86

♪ Tónskóli Guðmundar

Seljahverfi - Breiðholti

Píanó
Harmonikka
Þverflauta
Gítar m.a.
Partýgítar
Rock´n Roll ramagnsgítar

Skemmtilegt og fjölbreytt námsefni fyrir alla aldurshópa, byrjendur og hina. Klassík, popp og sönglög. Rokk og ról. Einkatímar.

**Kennsla hefst mánudaginn 8. september.**
Innritun í síma 5678 150 og 822 0715
Netfang: ghaukur@internet.is • Heimasíða: tonskolinn.is
**Tónskóli Guðmundar Hagaseli 15 109 Reykjavík.**

Listvinafélag Hallgrímskirkju
28. starfsár
Sunnudaginn 5. September 2010 kl. 17:00
Kórtónleikar
Friede auf Erden/Friður á jörðu



Heinrich-Schütz-Ensemble Vornbach

Einn fremsti blandaði kór Bæjaralands. Handhafi aðalverðlauna alþjóðlegu kórahátíðarinnar í Cork á Írlandi 2010.

Stjórnandi: Martin Steidler, prófessor í kórstjórn við Tónlistarháskólann í München.

Tónverk eftir: Josquin, Schütz, Jennefelt, Tormis, Schönberg

Aðgangseyrir 2.500. Miðar til sölu í Hallgrímskirkju

*Hafðu samband*
sími 444 7000 ⁕ arionbanki.is

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 51394 09/10

Arion banki *býður* vildarviðskiptavinum leikhúsmiða *fyrir* lægra verð.

Tilboðið gildir til og með *6. september.*

Arion banki býður viðskiptavinum í vildarþjónustu bankans að kaupa leikhúskort að sýningum Þjóðleikhússins. Þar er að hefjast fjölskrúðugt leikár og geta áhorfendur á öllum aldri fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hægt er að velja um *tvær gerðir* leikhúskorta á aðeins **7.900 kr.**

- Áskriftarkort gildir á fjórar sýningar á Stóra sviðinu þar sem þú gengur alltaf að þínu sæti vísu í salnum.
- Opið kort gildir á fjórar sýningar Þjóðleikhússins að eigin vali auk þess sem hægt er að nýta það til að bjóða öðrum með.

Greiða þarf með **debet- eða kreditkorti** frá **Arion banka**. Einnig er hægt að hringja í miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551 1200 og greina frá tilboði Arion banka.




Arion banki

# KOMDU ÞÉR AF STAÐ!

Haustið er yndislegur tími. Tíminn til að koma sér af stað eða halda áfram að æfa. Nýir æfingaskór og æfingaföt virka alltaf hvetjandi til þess að standa sig betur. Þess vegna höfum valið bestu haustvörurnar og bjóðum þær nú á frábæru verði. Verið velkomin!



4.990
(fullt verð 6.990)

**ADIDAS RSP DS 1/2 ZIP**
Síðerma æfingabolur úr Clima-Cool öndunarefni. Rauður og myntugrænn.

15.990

**ADIDAS VIGO**
Stöðugir hlaupaskór með adiPRENE dempun undir hæl og tábergi. Dömustærðir: Hvítir með rauðu. Herrastærðir: Hvítir með bláu.



2 BOLIR FYRIR
4.490

2.990

**PRO TOUCH NATALIA**
Stuttermabolur úr DRY PLUS efni með góðri öndun. Litir í dömustærðum: Fjólublár, turkisblár. Litir í herrastærðum: Svartur, hvítur, rauður.



10.990

**NIKE MICROFIBER JACKET**
Góður hlaupajakki fyrir haustið. Heldur jöfnum hita á líkamanum. Litir: Bleikur, svartur. Dömustærðir.



4.990

**ETIREL HANNA PANTS**
Æfingabuxur úr 95% bómull og 5% elastan. Dömustærðir.



8.990

**NIKE BE STRONG DF COTTON PANT**
Æfingabuxur úr teygjanlegri DRI-FIT bómull með góðri öndun. Dömustærðir.



7.990

**NIKE DRI-FIT FILAMENT TIGHT**
Hlaupabuxur úr DRI-FIT efni með góðri öndun. Dömu- og herrastærðir.

4.690
(fullt verð 5.990)



**PRO TOUCH TEAM BAG**
Íþróttataska. Stærð M. Litir: Svört með rauðu, svört með bláu eða svört með hvítu.

16.990
(fullt verð 20.990)



**NIKE ZOOM FLY QUICK SITER+**
Íþróttaskór með loftpúðum. Góðir í ræktina og léttari hlaup. Litir: Gráir, svartir. Dömustærðir. Fást á Bíldshöfða, Lindum og Smáralind.

5.990



**NIKE LEGACY VENTILATED Y BACK**
Íþróttatoppur. Dömustærðir.

INTERSPORT

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI SÍMI 856 4610** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18



Hallu
KRAFTMESTA
INNLENDA
DAGSKRÁRGERÐIN
SJÓNVARP ALLAN
ÞRJÁR
SJÓNVARPSSTÖÐVAR
229 KR. Á DAG
Við bjóðum frábæra skemmtun fyrir alla fjölskylduna í vetur, allan sólarhringinn, á þremur sjónvarpsstöðvum. Þú færð meira fjör, meira grín og meira fyrir peninginn ef þú ert í áskrift.
ÞAÐ ER
ÓDÝ
AÐ SKEMMT
Fíton/SÍA




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# stíll

utlit@frettabladid.is

## > HLÝIR FÆTUR Í VETUR

Nú má fara að huga að skókaupum fyrir veturinn. Það er fátt verra en að ganga í gegnum veturinn með kalda og blauta fætur. Ný vetrarlína frá Kron by Kron Kron er komin í sölu auk þess sem nóg er til af góðum kuldaskóm í skóbúðum borgarinnar.





Drapplitaðir skór verða vinsælir í vetur. Þessir eru frá Mentor merkinu og fást í GS Skóm.



Skemmtilegt og handhægt sett úr Demin & Rose línu Bobbi Brown. Passar fullkomlega í handtöskuna!

## OKKUR LANGAR Í …




At first sight naglalakkið frá Mac, klassískt og smekklegt.




Hárgloss frá Toni&Guy, með lækkandi hitastigi þarf að fara vel með hárið og þetta mýkir hárið og gefur því gljáa.



Skemmtilega ökklaskó með fylltum hæl frá verslunninni Einstökum Ostakökum við Laugaveg.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

SARA MCMAHON

# Lítið eða mikið, það er efinn



Í allt sumar hef ég orðið fyrir því óláni að klæða mig of vel þegar ég fer út úr húsi. Ég fer til að mynda alltaf í jakka þrátt fyrir að nóg hefði verið að fara út á peysunni og þegar út er komið þarf ég að byrja á því að fækka aftur klæðum þar sem jakkanum var ofaukið.

Þrátt fyrir þennan vandræðagang minn lenti ég í því um helgina að vera of lítið klædd í kaldri norðanáttinni, aldrei þessu vant. Ég æmti og óaði á meðan ég var alveg að krókna úti í íslensku sumri og óskaði þess að hafa klætt mig eilítið betur. Lukkulega þurfti ég þó ekki að hanga lengi úti í kuldanum og þegar inn kom gat ég gleymt norðanáttinni og kuldabola og einbeitt mér þess í stað að gleði og glaum.

Haustið kemur von bráðar og kannski var bara ágætt að ég hafi verið svona rækilega minnt á að veður getur verið kalt hér á Fróni. Þá held ég kannski áfram fyrri iðju; að klæða mig of vel. Því eins og hann faðir minn sagði alltaf, þá er betra að vera of mikið klæddur heldur en of lítið, því það er alltaf hægt að klæða sig úr verði hitinn of mikill.

Ég er líka svo heppin því persónulega hef ég meira gaman af hausttísku heldur en sumartísku. Ég er mjög hrifin af peysum í öllum stærðum og gerðum og minna hrifin af stuttbuxum og öðrum léttum klæðnaði þannig ég ætti að geta haldið á mér hita í haust og vetur án frekari vandkvæða. Ég hef lært mína lexíu.



**TÍSKULEG SAMSUÐA** Gaultier sótti innblástur sinn víða um heim, meðal annars til Tyrklands, Grikklands og Tógó.

NORDICPHOTOS/GETTY





**HLÝLEGT VESTI** Þjóðlegt og fallegt vesti frá franska hönnuðinum Jean-Paul Gaultier.

## TÍSKAN LEITAR AFTUR Á NÁÐIR FORTÍÐARINNAR Í HAUST:

# ÞJÓÐLEGT OG LITRÍKT

**Hausttískan er litrík, þjóðleg og stelpuleg í ár. Mikið er um mynstraðar sokkabuxur við þjóðlega kjóla sem minna svolítið á hippana forðum daga. Kjólarnir eru margir úr léttum efnum sem flæða fallega en jakkarnir flestir þykkir og hlýlegir.**

**FLOTT OG FRJÁLSLEG** Skemmtilegt „cape", mynstraðar sokkabuxur og hippalegur kjóll munu gleðja lífið lit í haust.



**RÓMANTÍK OG KVENLEIKI** Flaksandi kjólar og pífur í anda 19. aldarinnar. Nútímalegar hefðarfrúr frá Christian Dior.



**HIPPAPRINSESSA** Fyrirsætan Agyness Deyn klæðist hippalegri skyrtu frá Anna Sui og skokk yfir.

FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:

2 skemmtilegri



VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU

EÐA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. Tryggðu þér áskrift í dag!

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Hugsaðu Bata þegar þig vantar skó









15% Afsláttur Af Herra vörum















Herradagar um helgina í Bata Smáralind

Afslátturinn gildir laugardag og sunnudag gegn framvísun þessarar auglýsingar

Bata Skóverslun Smáralind

smárar

# Nýjar vörur.



Kjóll
8.990 kr.

Carolina

Leggings
2.790 kr.

Fyrsta sending af nýrri línu Carolina
komin, ótrúlega flott og klæðileg
snið og flott efni, á ótrúlegu verði...

Opið frá 11-18 í Smáralind

3 Smárar Smáralind 578 0851

## > LOKSINS SKILIN

Það eru ekki bara Tiger Woods og Elin Nordegren sem eru formlega skilin því dómstóll í Bretlandi hefur ógilt hjónaband Ashley Cole og **Cheryl Cole**. Upp úr slitnaði hjá þeim eftir að breskir fjölmiðlar greindu frá framhjáhaldi knattspyrnukappans.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Ásdísi þykir fúlt að flytja frá Búlgaríu

Einstök lofgrein um Ásdísi Rán birtist í gær á vefsíðunni sofiaecho.com en það er ensk vefsíða með fréttum og fróðleik frá Búlgaríu. En Ásdís kveður senn landið og heldur til Bæjaralands í Þýskalandi þar sem eiginmaður hennar, knattspyrnukappinn Garðar Gunnlaugsson, mun leika með þýska 3. deildar liðinu SpVgg Unterhaching næstu tvö árin. Blaðamaður vefsíðunnar segir það nánast hafa verið óhjákvæmilegt að taka eftir Ásdísi undanfarin ár, hún hafi verið áberandi í búlgörskum fjölmiðlum, andlit hennar hafi verið stanslaust á forsíðum blaðanna, nú síðast í búlgörsku útgáfunni af Playboy.

Ásdís er kölluð hin aríska ísdrottning og sagt að Búlgaría tapi mikið á því að missa hana yfir til Þýskalands sem að sama skapi græði mikið með nærveru hennar. Í stuttu spjalli við Ásdísi kemur jafnframt fram að hún og börnin séu enn ekki flutt yfir til Bæjaralands, þau séu enn að bíða eftir réttu íbúðinni og leikskólaplássi. „Mér finnst leiðinlegt að þurfa að kveðja Búlgaríu, mér hafði tekist að koma undir mig fótunum. Það er pínulítið ógnandi að flytja til nýs land þar sem maður þekkir ekki neinn og verður að byrja allt upp á nýtt, það er eiginlega ömurlegt. En vonandi mun Þýskaland bjóða upp á einhver spennandi tækifæri sem ég get nýtt mér.“ **- fgg**



**Á EFTIR AÐ SAKNA BÚLGARÍU** Ásdís segir í viðtali við Sofia Echo að henni hafi liðið vel í Búlgaríu og finnist ömurlegt að þurfa að byrja upp á nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vill aðstoða Pakistan

Góðgerðastjarnan Angelina Jolie heldur áfram að biðla til heimsbyggðarinnar og vill að hún bregðist skjótt við vegna hamfaranna í Pakistan. Jolie hefur birt tilkynningu á heimasvæði sínu þar sem hún hvetur aðdáendur sína til að láta fé af hendi rakna svo hægt verði að koma íbúum hamfarasvæðanna til hjálpar.

Talið er að yfir fimmtán hundruð manns hafi látist í þessum miklu flóðum en yfir 20 milljónir manna eru án heimilis. Jolie hefur þegar gefið yfir 100 þúsund dollara til hjálparstarfa í Pakistan. „Því fleiri sem leggjast á eitt þeim mun fleiri tjöldum, mat og lyfjum getum við komið til fórnarlambanna,“ segir Jolie í tilkynningunni.



**BIÐLAR TIL HEIMSBYGGÐARINNAR** Angelina Jolie vill meiri aðstoð til Pakistans. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Stjörnurnar velja íslenskt

**Íslensk hönnun hefur verið að sækja í sig veðrið síðustu ár og hafa stórstjörnur meðal annars heillast af íslenskri framleiðslu.**





## EMAMI

Brúðarmeyjar Anitu Briem klæddust allar sérsaumuðum silkikjólum frá Emami. Leikkonan Jennifer Morrison var á meðal brúðarmeyja Anitu og heillaðist hún mikið af kjólnum og lýsti yfir áhuga sínum á að eignast einn slíkan.

## VERA ÞÓRÐARDÓTTIR

Íslenski fatahönnuðurinn eignaðist óvæntan aðdáanda þegar bandaríska söngkonan Lady Gaga pantaði föt frá henni. Vera hefur verið starfandi í Bretlandi en Gaga er eitt helsta tískutákn 21. aldarinnar auk þess að vera ein stærsta poppstjarna heims um þessar mundir.









## ANDERSEN & LAUTH

Tískudrottningin og söngkonan Gwen Stefani sást klæðast flík sem Andersen & Lauth hannaði fyrir hið vinsæla tískumerki Urban Outfitters.





## E-LABEL

Hin heimsfræga söngkona Beyoncé festi kaup á Heavy-metal leggings frá tískumerkinu E-label í fyrrahaust. Hún sótti svo innblástur til E-label þegar hún hannaði leggings fyrir eigin fatalínu sem kom út í lok sumars.





## GYÐJA COLLECTION

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir er stofnandi Gyðju Collection. Hótelerfinginn Paris Hilton og söngkonan Kylie Minogue hafa báðar klæðst skóm frá fyrirtækinu.


Nýtt byrjendanámskeið á morgnana

Nýtt byrjendanámskeið hefst mánudaginn 6. september.

JÓGA Stúdíó



kennt verður mánudags og miðvikudagsmorgna kl. 7.30 - 8.30

Nánari upplýsingar og skráning í símum 772 1025 og 695 8464 og á heimasíðunni **jogastudio.is**

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@jogastudio.is



Kynntu þér rótsterkt og ilmandi leikár

Skoðaðu nýja Borgarleikhúsblaðið á **borgarleikhus.is** eða pantaðu eintak á **dreifing@posthusid.is.**

Skelltu þér á áskriftarkort!

Borgarleikhúsið



30 DAGA
HREINSUN Á MATARÆÐI

með **Davíð Kristinssyni** næringar- og lífsstílsþjálfara. Innifalið í námskeiði er uppfærð handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðli.
**Staður og stund:** Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl.19:30 - 21:30

Fimmtudaginn. 09. september

Fimmtudaginn. 16. september

*Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.*
*Námskeiðsgjald kr. 6.900 kr.*

Davíð tekur einnig að sér einstaklingsráðgjöf, mælingar og aðhald á fimmtudögum.

www.heilsuhusid.is

heilsuhúsið

KRAFTAVERK

# Stórfyrirtæki í stórsókn

## Skýrr óskar eftir nýjum nördum í Microsoft liðið

## Landsliðsmaður!

### Microsoft-rekstur

Skýrr leitar að öflugum starfskrafti með mjög mikla reynslu af rekstri tölvukerfa í Microsoft-umhverfi. Við sækjumst eftir orkumiklum og hressum einstaklingi, sem vill axla ábyrgð og er tilbúinn að takast á við spennandi verkefni hjá stórfyrirtæki í stórsókn.

### Starfssvið og hæfniskröfur

- Kerfishönnun og högun upplýsingakerfa (system architecture)
- Uppsetning og rekstur á tölvukerfum viðskiptavina
- Verkefnastjórnun í rekstri tölvukerfa
- Æskilegt er að viðkomandi hafi Microsoft-prófgráðu(r)
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Fótboltaáhugi stór kostur

## Traustur leikmaður!

### Microsoft-rekstur

Skýrr leitar að traustum liðsmanni með reynslu af rekstri tölvukerfa í Microsoft-umhverfi. Við sækjumst eftir jákvæðri manneskju, sem þykir gaman að tækla krefjandi verkefni og vinnur af fagmennsku undir álagi.

### Starfssvið og hæfniskröfur

- Uppsetning og rekstur á tölvukerfum viðskiptavina
- Rekstur og þjónusta við kerfisleiguumhverfi (ASP)
- Tilfallandi önnur verkefni í rekstrarþjónustu
- Haldbær reynsla og/eða þekking á Microsoft-umhverfi
- Hæfni til að vinna bæði í hóp og sjálfstætt
- Leikni í ballskák (pool) er plús
- Þægilegt viðmót og þjónustulund

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Óðinsdóttir mannauðsstjóri Skýrr í 569 5100 eða ingibjorg.odinsdottir@skyrr.is. Umsóknarfrestur er til og með 13. september næstkomandi. Fullum trúnaði heitið. Öllum umsóknum svarað.






**Ennisblað**
Umsækjandi þarf að búa yfir mikilli framkvæmdafærni, vera með góða rökhugsun og eiga auðvelt með að skipuleggja sig, tjá sig og leysa vandamál viðskiptavina.

**Hvirfilblað**
Umsækjandi þarf að vera vinnuglaður og eiga auðvelt með að skynja og bregðast við áreiti, hvort sem það er frá viðskiptavinum eða samstarfsfólki.

**Hnakkablað**
Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með að skilja og lesa skriflegar óskir jafnt samstarfsfólks sem viðskiptavina.

**Gagnaugablað**
Umsækjandi þarf að hafa gott minni til að viðhalda góðu sambandi við viðskiptavini og hafa yfirsýn yfir fjölmörg krefjandi verkefni.

### Skýrr í hnotskurn

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Starfsfólk fyrirtækisins er yfir 340 talsins og viðskiptavinir eru um 3.000.

Skýrr býður atvinnulífinu samþættar heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, rekstrar og fjölbreyttrar ráðgjafar. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru við Ármúla í Reykjavík.

Starfsfólkið er helsta auðlind Skýrr. Fyrirtækið er fjölskylduvænt, jafnréttissinnað og tekur tillit til persónulegra aðstæðna fólks. Starfsfólkið er samhentur hópur sérfræðinga með jákvætt viðmót og liðsandann í öndvegi. Sveigjanlegur vinnutími er í boði og vinnuaðstaðan er nútímaleg, opin og þægileg.

Skýrr rekur frábært mötuneyti, með bæði heilsufæði og heimilismat. Fyrsta flokks kaffivélar með sérmöluðum eðalbaunum og sódavatn þykja sjálfsögð lífsgæði.

Félagslíf innan Skýrr er kraftmikið og líflegt. Óvæntar uppákomur eru tíðar. Aðstaða fyrir börn er góð. Pool-borð, pílukast og tölvuleikjahorn eru til staðar.

Gildi Skýrr eru ástríða, snerpa og hæfni.

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
Velkomin

# Shia skilar hagnaði

Samkvæmt tímaritinu Forbes er leikarinn Shia LaBeouf sá leikari sem skilar mestum peningum í kassann til kvikmyndaframleiðenda. Fyrir hvern dollara sem framleiðslufyrirtækin eyða í LaBeouf fá þau 81 dollara aftur í kassann og þykir hinn ungi leikari því vera góð fjárfesting um þessar mundir. Í öðru sæti er leikkonan Anna Hathaway, en fyrir hvern dollara sem hún fær greiddan skilar hún 64 dollurum aftur í hagnaði fyrir framleiðendur.

Aðrir sem komust á listann eru Daniel Radcliffe, Robert Downey Jr., Cate Blanchett, Meryl Streep og Jennifer Aniston. Athygli vekur að hvorki Angelina Jolie né Brad Pitt komust á listann og ekki heldur neinn leikaranna úr Twilight kvikmyndaröðinni sem er ein sú vinsælasta í dag.


DANIEL RADCLIFFE


**SHIA LABEOUF** Skilar mestum peningum inn til kvikmyndaframleiðenda í dag.

LJÓSHEIMASKÓLINN
VEGUR TIL ANDLEGS ÞROSKA OG ÞEKKINGAR
Kynning á opnu húsi í Ljósheimum, Borgartúni 3 á morgun sunnudag kl 14-17
Skólinn er fyrir alla þá sem vilja vinna með sjálfa sig,kynnast fleiru en því efnislega og öðlast víðari sýn á heiminn.
Námið er byggt upp á fyrirlestrum, umræðu, hugleiðslu og ýmsum æfingum.
Byggðu þig upp í vetur með öðru góðu fólki!
Kennsla hefst 14. september
Upplýsingar á www.ljosheimar.is og í síma 862-4546

FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:
VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU
EÐA
FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag.
Tryggðu þér áskrift í dag!


**UNDIRBÝR STÓRTÓNLEIKA** Páll Óskar Hjálmtýsson undirbýr stórtónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem verða haldnir í byrjun nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# VEGAS-STÍLL HJÁ PALLA OG SINFÓ

**Miðar seldust upp á tvenna tónleika Páls Óskars og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nokkrum klukkustundum. Tvennir aukatónleikar verða haldnir til að anna eftirspurn.**

„Ég er í skýjunum yfir þessum móttökum. Nú borgar sig bara að fara og gera gott „show“,“ segir Páll Óskar.

Miðar á tvenna tónleika hans með Sinfóníuhljómsveit Íslands 4. og 5. nóvember seldust upp á nokkrum klukkustundum á miðvikudag og lá símkerfi Sinfóníunnar niðri um stund vegna of mikils álags. Ákveðið hefur verið að bæta við tvennum aukatónleikum 3. og 6. nóvember.

Á tónleikunum mun Páll Óskar líta yfir feril sinn og syngja mörg af sínum vinsælustu lögum, þar á meðal Allt fyrir ástina, Þú komst við hjartað í mér, Ég er eins og ég er, TF-Stuð og nýja lagið, Það geta ekki allir verið Gordjöss.

Þessa stundina liggja Páll Óskar, Þórir Baldursson, Samúel J. Samúelsson og tónskáldið Haraldur Sveinbjörnsson yfir útsetningum laganna. „Þetta er farið að hljóma mjög skemmtilega. Við erum að búa til Las Vegas-útgáfur af þessum lögum. Það stefnir í að þetta verði 70% diskó og 30% ballöður. Þetta verða mjög grand lög sem hæfa Sinfóníuhljómsveit Íslands mjög vel,“ segir Palli.

„Þetta er stærsta verkefni sem ég hef nokkurn tímann komið nálægt. Þess vegna ákvað ég að velja lög sem maður hefur sungið mikið en líka nota tækifærið og taka lög sem ég hef ekki fengið tækifæri til að syngja eins mikið. Það er til dæmis mjög langt síðan ég hef sungið Anyone Who Had a Heart og Góða nótt,“ segir hann og bætir við að hörpuleikarinn Monika verði gestur á tónleikunum.

Eins og áður sagði verður Las Vegas-stíllinn í hávegum hafður á tónleikunum. „Það kallar á mikil búningaskipti og við ætlum líka að nota öll leikhúsmeðulin sem eru til í bókinni. Við ætlum að nota videóskjái líka,“ útskýrir Palli. Aftur á móti er óvíst hvort tónleikarnir verða teknir upp með útgáfu í huga, enda er kostnaðurinn við það töluverður.

„Ég er bara ofsa ánægður. Úr því að viðbrögðin eru svona sterk get ég lofað ykkur því að þetta verður mjög skemmtilegt „show“. Ég ætla virkilega að gera mitt besta.“

freyr@frettabladid.is




GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS
Gítarnámskeið
12 einkatímar fyrir alla aldurshópa
Hefst 22. september
innritun er hafin í síma 581 1281
www.gitarskoli.is
gitarskoli@gitarskoli.is


FATA MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
LAUGARDALSHÖLLIN
Glænýjar vörur beint frá London
ódýrt
Kápa st. 38-42 verð 7990
Dömubuxur st. 36-42 verð 4999
Dömu jogging st.s/m-m/l verð 2499
Stelpu jogging st. 4-12ára Verð 2499
Föt fyrir alla fjölskylduna í miklu úrvali
Army buxur st.4-14ára Verð 2499
Hattur verð 1999 Herragallabuxur st 30-38 Verð 5999
Stelpugallabuxur s.1-6ára verð 1499
Stráka jogging st.4-12ára Verð 2499
Nýjar vörur komar
Stráka jogging st 4-12ára verð 1999
Hettupeysa st 4-12ára verð 2999
Dömu hlýri st.8-16 verð aðeins 1499
Herra skyrta st.s-xl verð 3999
Derhúfur verð 1999
Opið alla helgina
Birt með fyrirvara um prentvillur
FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI
OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19 - ALLA DAGA VIKUNNAR

# 350 þátttakendur

Um sjötíu erlendir gestir hafa verið staðfestir á tónlistarráðstefnuna You Are in Control sem verður haldin í fjórða sinn dagana 1. og 2. október. Blaðamenn eru væntanlegir frá Bretlandi, Danmörku og Bandaríkjunum. 250 manns komu á ráðstefnuna í fyrra en í ár er búist við um 300 til 350 manns, enda hefur aðsóknin aukist töluvert á milli ára.



**ÓLÖF ARNALDS** Ólöf Arnalds spilaði á ráðstefnunni You Are in Control í fyrra.

Ráðstefnan fer fram á Hilton Nordica-hótelinu. Forsala miða hefur gengið vel en frá og með 5. september hækkar miðaverðið og mun það haldast óbreytt á meðan miðar eru til. Skráning fer fram á heimasíðu ráðstefnunnar www.youareincontrol.is.


Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Stofnsett 1958

Hlíðasmára 17 · 201 Kópavogi · Sími: 550 3000 · Fax: 550 3001

fmeignir@fmeignir.is • www.fmeignir.is



LUNDUR Í KOLLAFIRÐI

Til sölumeðferðar u.þ.b. 2,5 ha skógivaxið eignarland með eldra húsi nefnt Lundur í Kollafirði Reykjavík. Nú er tækifæri fyrir þá sem kjósa að búa nálægt borginni og vilja jafnframt njóta kyrrðar náttúrunnar, að eignast land við Esjurætur. Mögulegur byggingaréttur fyrir 2 hús. TILBOÐ ÓSKAST.

Nánari uppl á skrifst FM / Fasteignamidstodin.is. 110452

fmeignir@fmeignir.is • www.fmeignir.is



Vellíðan án lyfja

með verkfærum sálfræðinnar





Fjögurra vikna árangursmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluaðferðir jafnframt kenndar.

Kennsludagar:
Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 16 klst.

KMS

Kennarar: Oddi Erlingsson og Sigurbjörg Jóna Ludvigsdóttir, sálfræðingar
Verð aðeins kr. 49.000.
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
Næsta námskeið hefst mánudaginn 20. september 2010

Skráning og fyrirspurnir í símum 822 0043 og 562 4444, oddier@simnet.is og kms@kms.is

Nánari upplýsingar : www.kms.is


# Íslendingar keppa í fullnægingu

Fimmtán myndir keppa í flokknum Fyrir opnu hafi á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, sem hefst 23. september. Ein myndanna er spænsk og nefnist Fake Orgasm og fjallar öðrum þræði um gervifullnægingar kvenna en í raun fjallar hún um kynjafræði og þróun sjálfsmyndar okkar.

Í tengslum við sýningu myndarinnar verður efnt til keppni í gervifullnægingum á Næsta bar þar sem strákar og stúlkur munu etja kappi í þessari sérstöku íþróttagrein. „Það er búið að tala við eitthvert fólk. Þetta verða bæði karlar og konur," segir Hrönn Marinósdóttir hjá RIFF. Hún segir að myndin Fake Orgasm hafi fallið misvel í kramið hjá fólki. „Margir hreinlega ganga út en aðrir fíla hana í botn." Aðrar myndir í flokknum Fyrir opnu hafi fjalla um kynskiptinga, samfélagslegt hrun, undarlega finnska fjölskyldu, lífið í harðsvíruðu dönsku fangelsi og ýmislegt fleira.



**DRIFTING** Spænska myndin Drifting er ein þeirra sem keppa í flokknum Fyrir opnu hafi.

# Veikindi Hollywood-stjarna

**Krabbamein er skaðvaldur sem mannfólkið óttast meira en flest annað. Stjörnurnar í Hollywood fá jafnmikið að finna fyrir sjúkdómnum og aðrir, rétt eins og leikarinn Michael Douglas komst að á dögunum. Þrátt fyrir að búa við mikinn lúxus og lifa sannkölluðu draumalífi eru stjörnurnar í Hollywood fjarri því að sleppa við þá sjúkdóma sem herja á venjulegt fólk. Af og til fellur fólk í valinn af völdum krabbameins í kvikmyndaborginni, rétt eins og annars staðar, á meðan aðrir hafa verið svo heppnir að losna við meinið eftir að hafa gengist undir vel heppnaða lyfjameðferð. Fréttablaðið tók saman lista yfir þær Hollywood-stjörnur sem hafa glímt við krabbamein undanfarin ár. Eins og gefur að skilja hefur glíman gengið misvel og sumar stjörnurnar eru þegar farnar yfir móðuna miklu á meðan aðrar prísa sig sælar og líta björtum augum á framtíðina.**

## CHRISTINA APPLEGATE



Greindist með brjóstakrabbamein 2008 og sem betur fer greindist það fljótt þannig að hægt var að stöðva útbreiðsluna. Til að hafa vaðið fyrir neðan sig lét hún fjarlægja bæði brjóst sín og núna er hún laus við meinið. Hún er þekktust fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum Married… with Children.

## PATRICK SWAYZE



Leikarinn, dansarinn og tónlistarmaðurinn, sem sló í gegn í Dirty Dancing, lést fyrir rúmu ári eftir baráttu við krabbamein í brisi. Hann greindist með meinið í janúar 2008 og þurfti á endanum að játa sig sigraðan, 57 ára gamall.

## MICHAEL DOUGLAS



Stutt er síðan leikarinn greindist með krabbamein í hálsi. Hann gengst nú undir geisla- og lyfjameðferð og segir líkurnar 80% á að hann nái fullri heilsu á nýjan leik. Douglas, sem verður 66 ára síðar í mánuðinum, fékk Óskarinn fyrir hlutverk sitt í Wall Street árið 1987.

## DENNIS HOPPER



Leikarinn umdeildi lést á heimili sínu í Los Angeles í maí síðastliðnum af völdum krabbameins í blöðruhálskirtli, 74 ára gamall. Hann var þekktastur fyrir leik sinn í Easy Rider, Apocalypse Now, Blue Velvet og Speed.

## MICHAEL C. HALL



Í janúar síðastliðnum var tilkynnt að Dexter-leikarinn væri að gangast undir meðferð við Hodgkins-krabbameini sem ræðst á ónæmiskerfi fólks. Í febrúar bárust síðan fregnir um að Hall hefði jafnað sig að fullu og væri reiðubúinn til að takast á við Dexter á nýjan leik.





Tölvutek • Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is




Sýnd í Háskólabíói
www.facebook.com/graenaljosid · www.futureofhope.co.uk

græna ljósið



**GAMALT TVÍEYKI** Gunnari Helgasyni gengur ágætlega að leikstýra félaga sínum Felix Bergssyni í Buddy Holly. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Góð stemning í Austurbæ

**Það var ný lykt í loftinu í Austurbæ þegar Fréttablaðið bar að garði til að kíkja á fyrsta rennslið á söngleiknum Buddy Holly. Það er greinilegt að líf er komið í gamla Austurbæjarbíó en áætluð frumsýning á söngleiknum er í byrjun október.**



**GÓÐ TILÞRIF** Ingólfi Þórarinssyni gengur vel að að lagast leikhúslífinu en hann þolir ekki upphitunaræfingar leikara að sögn Gunnars.

„Þetta gengur vonum framar en það er bara vika síðan allur hópurinn hittist í samlestur svo það má segja að allt sé að smella,“ segir Gunnar Helgason leikstjóri brosandi með annað augað á sviðinu þar sem Ingólfur Þórarinsson, sem leikur aðalhlutverkið eða sjálfan Buddy Holly, er að æfa eitt lagið með hljómsveitinni. „Hann er að standa sig mjög vel og má kannski segja framar öllum vonum. Ingó er svona að kynnast þessu leikhúslífi í fyrsta sinn og ég held að honum líki það ágætlega nema hann þolir ekki upphitunaræfingar leikara. Finnst eitthvað hallærislegt að þykjast synda og góla út í loftið til að hita sig upp,“ segir Gunnar og bætir við að Ingó sé nú vanur öðruvísi upphitunaræfingum úr fótboltanum.

Felix Bergsson fer með hlutverk The Big Bopper í sýningunni ásamt öðrum litlum hlutverkum. Gunnar og Felix eru vel þekkt tvíeyki og hafa unnið saman lengi „Það er mjög gaman að fá að leikstýra Felix en ég verð eiginlega að segja að hann er óþekkastur af öllum í hópnum. Þegar ég er að reyna að leikstýra er það hann sem er að pískra. Hann lætur illa að stjórn, allavega minni. Stundum,“ segir Gunnar hlæjandi en Felix ber Gunnari vel söguna „Hann er alveg frábær leikstjóri og þetta er búið að vera mjög skemmtilegt hingað til. Klárir krakkar sem eru mjög góðir.“ alfrun@frettabladid.is

BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| DESPICABLE ME-3D M/ ensku. Tali | kl. 8 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE GHOST WRITER | kl. (1:30bara á sun)- 4 - 10:20 | VIP |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 10:40 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| INCEPTION | kl. 7:20 | VIP |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| THE LAST AIRBENDER | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| STEP UP 3 | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| GOING THE DISTANCE Forsýning | kl. 8 | L |
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| INCEPTION | kl. 10:10 | 12 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 5:50 | 7 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CATS & DOGS-3D ísl tal | kl. 2 - 4 | L |
| STEP UP-3D | kl. 6 - 8 | 7 |
| THE GHOST WRITER | kl. 10 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA ísl tal | kl. 2 - 4 | L |
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 6 | 7 |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| INCEPTION | kl. 10 | 12 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ
HOPAR@SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!
















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER GUYS | kl. 2.50 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE OTHER GUYS LÚXUS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 1* (950 kr.) 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 1* (950 kr.) 3.20 - 5.40 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 1 (650 kr.) 3.20 | L |
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SALT | kl. 10.10 | 14 |
| KARATE KID | kl. 5.20 | L |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 1 (650 kr.) | L |

* Gleraugu seld sér

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu ** Gleraugu innifalin

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER GUYS | kl. 3.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE FUTURE OF HOPE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.30** (1100 kr.) 5.45 | 12 |
| THE HUMAN CENTIPEDE | kl. 10.20 | 18 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SALT | kl. 8 | 14 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 | 12 |
| THE LAST AIRBENDER 2D | kl. 3.20 (650 kr.) 5.30 | 10 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER GUYS | kl. 2 (600 kr.) 6 - 8 - 10 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 2 (900 kr.) 4 - 6 | L |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 8 | L |
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 3.50 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 3D | 2(950 kr), 4 og 6 - ISL TAL | L |
| AULINN ÉG 2D | 2(650 kr), 4 og 6 - ISL TAL | L |
| DESPICABLE ME 3D | 2(950 kr), 4, 8 og 10 - ENSKT TAL | L |
| THE OTHER GUYS | 8 og 10.15 | 12 |
| SCOTT PILGRIM | 5.50 | 12 |
| EXPENDABLES | 8 og 10.15 | 16 |

TILBOÐSVERÐ Í BÍÓ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
















SPARBÍÓ




ÁLF. KL. 1:30 Í 3D OG 2D -
SELF. KL. 2 Í 2D - KEFL. KL. 2 Í 2D




ÁLF. KL. 2 Í 3D OG 2D - KRINGL. KL. 2 Í 3D
SELF. KL. 2 Í 2D - AK KL. 2 Í 3D - KEFL. KL. 2 Í 2D




ÁLF. KL. 1.30 Í 2D
KRINGL. 1:30-3D




## SÝNINGARTÍMAR FÖSTUDAGINN 10. SEPTEMBER TIL SUNNUDAGSINS 12. SEPTEMBER

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | 2D | 3D | SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | 3D | SAMBÍÓIN AKUREYRI | 3D | SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | 2D | SAMBÍÓIN SELFOSSI | 2D |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 10. SEPTEMBER | kl. 4 - 6 - 8 | kl. 4 - 6 - 8 | 10. SEPTEMBER | kl. 4 - 6 - 8 | 10. SEPTEMBER | kl. 6 - 8 | 10. SEPTEMBER | kl. 6 - 8 | 10. SEPTEMBER | kl. 6 - 8 |
| 11.-12. SEPTEMBER | kl. 10 -12 - 2 - 4 - 6 | kl. 10 - 12 - 2 - 4 - 6 - 8 | 11.-12. SEPTEMBER | kl. 12 - 2 - 4 - 6 - 8 | 11.-12. SEPTEMBER | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | 11.-12. SEPTEMBER | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | 11.-12. SEPTEMBER | kl. 2 - 4 - 6 - 8 |
| 13.-16. SEPTEMBER | kl. 6 | kl. 6 - 8 | 13.-16. SEPTEMBER | kl. 6 - 8 | 13.-16. SEPTEMBER | kl. 6 - 8 | 13.-16. SEPTEMBER | kl. 8 | 13.-16. SEPTEMBER | kl. 8 |

| ÍSAFJÖRÐUR | 2D | PATREKSFJÖRÐUR | 2D | SEYÐISFJÖRÐUR | 2D | SAUÐÁRKRÓKUR | 2D | ÓLAFSVÍK | 2D | GRUNDARFJÖRÐUR | 2D |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 10. SEPTEMBER | kl. 8 | | | 10. SEPTEMBER | kl. 6 | | | | |
| 11.-12. SEPTEMBER | kl. 2 - 4 | 12. SEPTEMBER | kl. 4 | 11.-12. SEPTEMBER | kl. 4 | 11.-12. SEPTEMBER | kl. 3 - 5 | 12. SEPTEMBER | kl. 3 | 12. SEPTEMBER | kl. 6 |

FORSALA HAFIN Í BÍÓHÚSUM SAMBÍÓANNA OG Á MIDI.IS

facebook.com/sveppi3D

# sport

sport@frettabladid.is

**6.137** Áhorfendur á Laugardalsvelli í gærkvöldi voru alls 6.137 í fremur hráslagalegu veðri. Þjóðarleikvangurinn tekur 10 þúsund manns í sæti. Á leikinn gegn Norðmönnum í síðustu undankeppni mættu 7.321 en nær uppselt var á leikina gegn Skotlandi og Hollandi. Fæstir sáu eina sigurleik þeirrar undankeppni, 5.527 gegn Makedóníu.

Gylfi Þór Sigurðsson eftir leikinn í gær:

## Veit ekki hvernig Heiðar fór að þessu

**FÓTBOLTI** „Við vorum ekki á tánum í seinni hálfleik og leyfðum þeim að ná yfirhöndinni. Eftir að þeir skoruðu annað markið þá fannst mér við hætta að spila boltanum og byrjuðum að sparka boltanum langt fram sem gekk ekki upp,“ sagði Gylfi Þór Sigurðsson sem átti fínan leik með íslenska liðinu.



Gylfi lagði upp markið sem Heiðar Helguson skoraði laglega. „Þetta var mjög vel klárað hjá Heiðari og ég veit ekki hvernig hann fór að þessu. Ég er mjög ánægður með að vera kominn inn í liðið og reyni að halda mínu sæti.“

Næsti leikur liðsins gegn Danmörku verður að sögn Gylfa afar erfiður. „Það verður mjög skemmtilegur en um leið erfiður leikur. Þeir eru mun betri tæknilega en Norðmennirnir og ljóst að við verðum að leika mun betur á Parken en við gerðum í seinni hálfleik. Við áttum auðvitað að vinna Norðmenn og það var afar þögult inni í klefa eftir leikinn. Við verðum að rífa okkur upp úr þessu og undirbúa okkur fyrir næsta leik.“ - jjk


SJÚKRAÞJÁLFARINN HEILSURÆKT

**Tækjasalur**
Bjartur og vel búinn tækjasalur

**Kvennaleikfimi**
Hressileg leikfimi fyrir konur á besta aldri

**Hópþjálfun fyrir hjarta- og lungnasjúklinga**
Fjölbreytt þjálfun fyrir hjarta- og lungnasjúklinga, eftirlit og fræðsla (hefst 13. september)

**Opið:** mánudaga – föstudaga 8 – 19
laugardaga 9 – 12

**Skráning og nánari upplýsingar í síma 555 4449**

SJÚKRAÞJÁLFARINN EHF
Strandgata 75
220 Hafnarfjörður
www.sjukrathjalfarinn.is




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HVAÐ ER Í GANGI?** Gylfi Þór Sigurðsson, besti maður Íslands í leiknum, bregst við eftir misheppnaða sókn Íslands.

# Íslandi grimmilega refsað

**Þrátt fyrir margt jákvætt í leik íslenska liðsins gegn Noregi í gær stóð íslenska liðið uppi tómhent. Grátleg niðurstaða því íslenska liðið átti meira skilið.**

**FÓTBOLTI** Ísland fékk enga draumabyrjun í undankeppni EM 2012 í gær er Noregur kom í heimsókn í Laugardalinn. Þó svo íslenska liðið hefði lengstum verið betri aðilinn í leiknum sáu Norðmenn um að nýta færin sín og unnu frekar ósanngjarnan sigur, 1-2.

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari kom nokkuð á óvart er hann sýndi nokkurt hugrekki með því að hrista upp í leikmannahópi sínum og taka inn unga og efnilega leikmenn. Þeir komu í stað leikmanna sem margir hverjir hafa verið með áskrift að sæti í íslenska landsliðinu.

Íslenska liðið sem spilaði í gær sýndi mun betri sóknartilburði en í síðustu leikjum. Spilið var allt miklu betra enda vilja þessir ungu og efnilegu strákar spila fótbolta í stað þess að kýla boltanum látlaust fram og vona það besta.

Fyrri hálfleikur var meira og minna eign íslenska liðsins. Það spilaði kraftmikinn fótbolta og pressaði frekar hátt á vellinum. Strákarnir sýndu strax í upphafi að þeir væru klárir í slaginn. Aron og Eggert eignuðu sér miðjuna og þeir Gylfi og Grétar ógnuðu í sífellu upp hægri vænginn. Ekki sami slagkraftur var vinstra megin. Ísland uppskar sanngjarnt mark er Gylfi lék sér að John Arne Riise, lagði boltann í teiginn þar sem Heiðar skoraði með frábæru hælskoti.

Ísland yfir í hálfleik og eins og búast mátti við datt íslenska liðið allt of langt til baka í síðari hálfleik. Eftir aðeins 14 mínútur í síðari hálfleik jafnaði Hangeland með skalla. Hann stökk þá hærra en Gunnleifur markvörður og var með betri stöðu. Korteri fyrir leikslok sneri Abdellaoue síðan Sölva af sér og refsaði grimmilega með því að skora annað mark Noregs.

Það var algjör óþarfi að gefa svona mikið eftir í seinni hálfleik. Ísland var þá með yfirburði á miðjunni og alltaf hættulegra liðið. Strákarnir sköpuðu ekki mikið af opnum færum þó svo tilburðirnir væru ágætir. Ólafur hefði að ósekju mátt skipta fyrr enda sóknarleikurinn ekki eins líflegur í seinni hálfleik.

Það er samt ekki hægt að kvarta mikið eftir þennan leik. Íslensku strákarnir börðust allir sem einn og lögðu sig virkilega fram. Það hefur ekki verið sjálfgefið upp á síðkastið. Gamli góði baráttuandinn sem maður gerir lágmarkskröfu um er kominn aftur. Þess utan var spilið mun betra en í síðustu leikjum. Það má taka margt jákvætt úr þessum leik og ofan á það verður Ólafur að byggja þó svo tapið svíði örugglega.

henry@frettabladid.is

**Ísland 1-2 Noregur**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 6.137 Luca Banti (4)

*1-0 Heiðar Helguson (38.)*
*1-1 Brede Hangeland (59.)*
*1-2 Mohammed Abdellaoue (75.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark): | 9-8 (4-5) |
| Varin skot: | Gunnleifur 3 – Knudsen 3 |
| Horn: | 4-5 |
| Aukaspyrnur fengnar: | 12-12 |
| Rangstöður: | 3-1 |

### Einkunnir íslenska landsliðsins gegn Noregi

**Gunnleifur Gunnleifsson** 7
Var sem fyrr mjög öruggur í öllum sínum aðgerðum. Bjargaði nokkrum sinnum mjög vel úr dauðafærum. Hefði samt átt að gera mun betur í fyrra marki Norðmanna. Athygli vakti að Gunnleifur lék í treyju númer 12 sem gefur til kynna að hann hafi átt að byrja á bekknum ef Árni Gautur væri heill heilsu. Ef það reynist rétt er það skandall enda hefur Gunnleifur staðið sig frábærlega í íslenska markinu.

**Indriði Sigurðsson** 7
Öruggur í öllum sínum varnaraðgerðum og gaf ekki mörg færi á sér. Átti nokkrar ágætar sendingar fyrir en hefði mátt koma oftar upp völlinn og láta reyna meira á sinn góða vinstri fót.

**Kristján Örn Sigurðsson** 7
Öryggið uppmálað í vörninni sem fyrr og klikkar sjaldan í landsleikjum.

**Sölvi Geir Ottesen** 6
Mjög traustur nánast allan leikinn en lét taka sig illilega í bólinu í sigurmarkinu.

**Grétar Rafn Steinsson (76. Arnór Sveinn Aðalsteinsson)** 6
Duglegur að koma upp í fyrri hálfleik en sendingar ekki nógu góðar. Virtist vera bensínlaus í seinni hálfleik sem má líklega rekja til þess að hann er búinn að vera meiddur.

**Aron Einar Gunnarsson** 7
Baráttuglaður og grimmur sem fyrr. Náði ágætlega saman við Eggert en þetta er okkar framtíðar miðjupar. Þeir réðu miðjunni lengi vel og voru sterkir.

**Eggert Gunnþór Jónsson** 7
Yfirvegaður, öruggur á bolta, spilaði einfalt og braut niður sóknir.

**Jóhann Berg Guðmundsson (87. Rúrik Gíslason)** 4
Duglegur að hlaupa en ekkert kom út úr hans aðgerðum. Tók varla mann á og krossarnir allir slakir.

**Veigar Páll Gunnarsson (76. Birkir Bjarnason)** 4
Komst aldrei í takt við leikinn og lítið í boltanum. Vonbrigðaframmistaða.

**Gylfi Þór Sigurðsson** 8
Besti maður íslenska liðsins. Alltaf ógnandi og lagði upp mark Íslands með snilldarbrag. Mikið var að hann fékk tækifæri sem hefði mátt koma fyrr.

**Heiðar Helguson** 7
Vinnusamur sem fyrr og skoraði glæsilegt mark. Lét til sín taka og var síógnandi.


Teikni-samkeppni BARNA

Í tilefni af **Vísindavöku 2010** efnir Rannís til teiknisamkeppni barna ***6-9 ára*** og ***10-12 ára.*** Efni myndanna skal vera ***„Ef ég væri vísindamaður...“*** Myndum skal skila í síðasta lagi 20. september merktar höfundi, aldri, símanúmeri og nafni forráðamanns til Rannís, Laugavegi 13, 101 Reykjavík. **Verðlaun verða veitt á Vísindavöku 24. september 2010.** Nánari upplýsingar á...

...www.rannis.is/visindavaka




Vísinda Vaka
Opið hús!
Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu
Föstudaginn 24. september kl. 17:00 til 22:00

FORLAGIÐ
PEOPLE

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun










# Með þér í ræktinni







**Vertu vinur okkar á Facebook - það borgar sig!**

next

Kringlunni · 551 3200



**FARINN FRÁ FYLKI** Pape Faye var rekinn frá uppeldisfélagi sínu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pape rekinn frá Fylki:

# Hefði ekki átt að gera þetta

**FÓTBOLTI** Framherjinn ungi hjá Fylki, Pape Mamadou Faye, var í gær rekinn frá félaginu. Trúnaðarbrestur er ástæða þess að samningi við leikmanninn var rift.

Hvorki Pape né Þórður Gíslason, formaður meistaraflokksráðs Fylkis, vildu tjá sig um í hverju trúnaðarbresturinn fælist. Þórður sagði þó að hann væri þess eðlis að ekki hefði verið annað hægt en að beita þessi úrræði þó svo það væri þeim vissulega ekki að skapi.

„Ég má ekki tjá mig um ástæður riftunarinnar,“ sagði Pape við Fréttablaðið í gær.

„Það kom mér samt svolítið á óvart að vera rekinn frá félaginu sem ég hef spilað með svo lengi,“ sagði Pape en sér hann eftir því sem hann gerði?

„Já, auðvitað geri ég það. Ég hefði ekki átt að gera þetta.“

Pape er aðeins 19 ára gamall og hann ætlar sér að finna nýtt félag til þess að leika með í framtíðinni. - hbg

Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson eftir tapið gegn Noregi í gær:

# Fínir í fótbolta þegar við þorum

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari var vitanlega ekki ánægður með úrslit leiksins á Laugardalsvelli í gær. Ísland tapaði fyrir Noregi, 2-1, eftir að hafa verið yfir í hálfleik.

„Við spiluðum fínan fyrri hálfleik. Við áttum von á því að Norðmenn myndu koma hærra á okkur og að það yrði meiri barátta í leiknum. En þeir gerðu það ekki, heldur gáfu okkur svæði sem við nýttum okkur vel. Við sýndum og sönnuðum fyrir okkur að við erum fínir í fótbolta og getum spilað ágætlega ef við þorum því.“

Íslenska liðið náði hins vegar ekki að fylgja þessu eftir í síðari hálfleik.

„Það er erfitt að segja hvað klikkaði. Fyrsti hálftíminn í síðari hálfleik var skelfilegur. Við duttum óþarflega mikið til baka og fórum ef til vill í þann leik að reyna að verja forystuna og urðum kannski hræddir. Eftir þennan góða fyrri hálfleik vorum við í fínu færi til að klára leikinn í þeim síðari.“

Hann segir að liðið hefði notað vængina minna í síðari hálfleik. „Í átta af hverjum tíu tilfellum þegar Jói [Jóhann Berg] og Gylfi fengu boltann komu sendingar fyrir markið. En mér fannst Gylfi ekki fá boltann nóg í síðari hálfleik.“

Fyrstu skiptingar íslenska liðsins komu ekki fyrr en eftir að Norðmenn hefðu náð forystu. Spurður hvort Ólafur hefði átt að breyta til fyrr sagði hann einfaldlega: „Kannski, við vitum það aldrei.“

Við tekur ferðalag til Danmerkur hjá íslenska liðinu þar sem liðsins bíður erfitt verkefni hjá Parken á þriðjudaginn.

„Það verður mun erfiðari leikur. Danirnir voru í fríi í kvöld og koma ef til vill ferskari til leiks,“ segir Ólafur. „Þetta verður auðvitað erfitt fyrir okkur og það hefði verið betra að fara út með annaðhvort eitt eða þrjú stig með okkur. Danir eru mun betri í fótbolta en Norðmenn og við verðum að sjá til hvort við eigum einhver brögð á móti þeim.“ - esá



